



Skipulagsstofnun

B.t. Jóhönnu Hrund Einarsdóttur
Borgartúni 7b
150 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um umhverfismatsskýrslu - vindorkugarður í Sólheimum í Dalasýslu

Vegagerðin hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar dags. 1. júlí þar sem óskað er eftir umsögn um umhverfismatsskýrslu fyrirhugaðs vindmyllugarðs í Sólheimum í Dalabyggð. Innsend gögn eru unnin af ERM og COWI fyrir hönd Qair Iceland og inniheldur umhverfismatsskýrslan *Vindorkugarður Sólheimar* ásamt fylgiskjöllum.

Framkvæmdalýsing í umhverfismatsskýrslu

Í umhverfismatsskýrslu og fylgiskjöllum er fjallað um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda: flutningi, uppbyggingu og rekstri vindmyllanna á fjölda umhverfisþátta. Einnig inniheldur skýrslan viðauka varðandi jarðfræði, hljóðvist, gróður- og búsvæðarannsóknir, fuglarannsóknir, menningarminjar, landslagsgreiningu, og mat á sjónrænum áhrifum, líkanmyndir, skuggaflökt, mat á loftlagsbreytingum og kolefnisjafnvægi, kynning á aðferðarfræði við mat á áhrifum einstakra viðfangsefna auk frumathugunar á flutningsleið.

Framkvæmdinni verður skipt í tvo áfanga. Alls stendur til að reisa 29 vindmyllur, 21 í fyrri áfanga og átta vindmyllur í þeim seinni. Uppsett afl við fullan rekstur verður um 209 MW. Turn hverrar vindmyllu er 119 m hár og lengd spaðanna er 81 m. Hámarkhæð vindmyllanna verður því um 200 m.

Helstu framkvæmdaþættir sem tengjast Vegagerðinni

Vegagerðin hefur rýnt gögnin með hliðsjón af ábyrgð stofnunarinnar varðandi þætti sem lúta að umferð um vegi sem eru í umsýsni Vegagerðarinnar, vali á akstursleið, burðarþols, umferðaröryggi o.fl.

Í 3. kafla er framkvæmdalýsing þar sem gerð er grein fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi framkvæmdarinnar, helstu framkvæmdaþáttum og fyrirkomulagi flutninga. Þar undir er umfjöllun um flutningsleið, fjölda ferða og þyngd faratækja og vindmylluhluta. Um er að ræða umfangsmikla flutninga og ekki er sambærileg reynsla af slíkum flutningum á vegakerfið hvað varðar stærð ökutækja, lengd og stærð hluta sem fluttir verða.

Framkvæmdin er staðsett utan Hringvegar, en fram kemur í matsskýrslu að Grundartangahöfn verður líklega nýtt til uppskipunar og verða vindmylluhlutarnir fluttir eftir þjóðvegi frá Grundartangahöfn á framkvæmdasvæði í Sólheimum. Heildarfjarlægðin frá höfn að framkvæmdastað er 130 km.

Samkvæmt töflu 3-4 í umhverfismatsskýrslu *Ferðir ökutækja sem flytja vindmylluhluta* er alls gert ráð fyrir að á framkvæmdatíma verði farnar 210

Síða 1/4

Vegagerðin
Suðurláun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

ferðir með óvenjuleg hlöss í 1. áfanga framkvæmdarinnar (21 vindmylla) og 80 ferðir í 2. áfanga (8 vindmyllur). Mismunandi farartæki verða notuð og keyra þau einnig mishratt, frá 10 – 45 km/klst á jafnsléttu. Ef meðalhraði ökutækja sem geta flutt óvenjuleg hlöss er 25 km/klst á 130 km leiðinni frá höfninni að framkvæmdasvæðinu gæti tekið um 5-6 klst að flytja hvert hläss. Enn fremur verða 29 ferðir með 40 feta flutningavagni.

Ekki kemur fram hver öxulpungi farartækjanna verður, en fram kemur að „vegna óeðlilegrar stærðar og mikillar þyngdar á flutningabílum sem flytja þurfa vindmyllurnar frá höfn að framkvæmdasvæði er nauðsynlegt að fara yfir ástand vegakerfisins á þeim kafla með tilliti til þessara flutninga.“

Áætluð umferð vörubíla tengdum framkvæmdum er kynnt á töflu 7-30, þ.e. fyrir íhluti vindmylla, steinsteypu, malarefni, flutningseldsneytis, vatns og annarra birgða og fjarlæging á úrgangi. Þar kemur fram að miðað við þessa almennu áætlun myndi fyrsta 8 mánaða tímabilið hafa í för með sér um 1.360 ferðir steypubíla, eða að meðaltali 42 á viku, auk flutninga á tækja- og vélarbúnaði fyrir byggingavinnu, malarefni og neysluvörum. Annað 8 mánaða tímabilið myndi hafa í för með sér 231 sendingu af íhlutum vindmylla, eða að meðaltali 7 á viku, auk rekstrarvara. Magn ferða í 2. áfanga yrði minna. Enn fremur er kynnt áætlun um umferð starfsmanna á framkvæmdatíma sem myndu leiða til allt að 300 ferða daglega sem myndu dreifast á vegi frá bæjum í akstursfjarlægð.

Í kafla 7.14.3.2 kemur fram að útbúin verðar umferðarstjórnunaráætlun og hún innleidd í samráði við hagsmunaaðila til að lágmarka áhrif og halda utan um flutninga um vegakerfið vegna verkefnisins.

Flutningsleiðin er að hluta til á Hringveginum, frá Grundartanga í gegnum þéttbýlið í Borgarnesi að vegamótum við Vestfjarðarveg nr. 60. Þaðan er flutningsleiðin á stofnvegi nr. 60 að vegamótum við veg nr. 59. Á Vestfjarðavegi er ein einbreið brú með 4m akbrautarbreidd yfir Haukadalsá. Síðasti hluti flutningsleiðarinnar er á veg nr. 59 sem er í flokki tengivega. Á Laxárdalsvegi (59) eru tvær einbreiðar brýr með 3,35 og 4 m akbrautarbreidd yfir Hólkotsá og Skeggjagil. U.þ.b. 5 km kafla Laxárdalsvegar er malarvegur sem yrði að malbika til að uppfylla kröfur um þungaflutninga.

Í viðauka 01 og viðauka K í umhverfismatsskýrslu er kynntar viðbótarupplýsingar fyrir athugun á flutningaleið að Sólheimum og bent á mögulega flöskuhálsa á flutningsleiðinni frá Grundartanga að framkvæmdastað í Sólheimum. Bent er á nauðsyn tímabundinna breytinga meðfram veginum svo sem tímabundin færsla ljósastaura, skilta og breytinga á vegi, en ekki liggja fyrir niðurstöður greiningar á þörf á færa rafmagnslínur og/eða staura, né liggur fyrir mat á breidd einbreiðrar brúar og breidd og hæð vegriðs m.t.t. fyrirhugaðra flutninga.

Umsögn Vegagerðarinnar

Rýni Vegagerðarinnar lýtur helst að flutningi stórra og þungra vindmylluhluta og áhrif flutninga á þjóðvegi og umferð.

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir helstu stærðum, t.a.m. fjöldi eininga, heildarmagn farms, heildarfjölda ferða, áætlaðan meðalhraða og heildartíma flutninga, en ekki hefur verið unnin úttekt á áhrifum flutninganna á burð og líftíma vegakerfisins né öryggisþætti. Út frá áætluðu steypumagni má að auki gera ráð fyrir nær 2000 ferðum steypubíla og annarra umferðar og er Borgarnes mögulegur uppruni þeirra.

Vegagerðin hefur því ekki rýnt ítarlegri tillögur að leiðarvali, þörf á tímabundnum breytingum á og í nágrenni vegar, né áhrif á burð og öryggi vegakerfisins. Þess má geta að vegarkafar á vegi 59 um Dalasýslu eru nú þegar með takmarkað burðarþol fyrir þá umferð sem þar fer um. Einnig er rétt að geta þess að sótt var um undanþágu til Vegagerðarinnar fyrir þungaflutninga yfir Hólkotsá vegna flutninga 150,8 tonna vindmylluröri með 4,4 m frá Hólmavík að Sólheimum í júní 2021 sem ekki var fallist á.

Fyrir liggur að flutningar vegna byggingu vindorkuvera mun skerða greiðfærni og öryggi umferðar á þjóðvegum vegna stærðar og umfangs ökutækja flutninganna. Mikilvægt er að öryggi annarra vegfarandi verði tryggt á flutningstíma og á milli flutninga. Öryggis- og upplýsingaskilti og aðrar öryggisráðstafanir skulu verði sett í sama horf strax að flutningi loknum.

Óskað er eftir ítarlegri upplýsingum um tilhögun flutninga, t.a.m. fjölda ferða, dreifingu yfir tímabili og hvaða aðgerðir eru áformaðar til að takmarka truflun og skerða öryggi annarra umferðar. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um aðra umferð sem skapast á framkvæmda- og rekstartíma.

Ekki er gerð grein fyrir öðrum kostum varðandi leiðarval í umhverfismatsskýrslu, þ.e. mögulegar staðsetningar fyrir uppskipun vindmylluhluta, en æskilegt er að bornir séu saman kostir um uppskipun í öðrum höfnum sem leiða til styttri flutnings á vegum. Til að geta veitt umsögn á þessu stigi málsins óskar Vegagerðin eftir frekari gögnum um flutninganna, t.a.m. tækniskýrslur og akstursferla flutningsfarartækja.

Vakin er athygli á því að skv. vegalögum nr. 80/2007 þarf heimild Vegagerðarinnar fyrir öllum framkvæmdum innan veghelgunarsvæða. Breidd veghelgunarsvæða er 30 m frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Ef hluti nauðsynlegra framkvæmda vegna flutnings farms kunna að henta til frambúðar, að mati Vegagerðarinnar, skal hönnun og framkvæmd fara fram í samráði við Vegagerðina.

Einnig er vakin athygli á reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja en sækja ber um undanþágu fyrir hvern einstaka flutning stærri og þyngri ökutækjum en reglugerðin segir til um. Sækja skal um undanþágu til Samgöngustofu, og lögregluembættta eftir atvikum, og leitar Samgöngustofa til samþykkis veghaldara. Samþykki Vegagerðarinn lýtur m.a. að aðstæðum til

flutninga hverju sinni, svo sem árstímabundnar breytingar á burðarþoli þegar frost fer úr jörðu.

Ósk um ítarlegri greiningu

Vegagerðin óskar eftir að framkvæmdaaðili vinni ítarlegri greiningu á áhrifum flutninganna og kynni niðurstöður úttektar ásamt tillögum að aðgerðum sem framkvæmdaraðili mun kynna og deila með Vegagerðinni.

Í greiningunni skal koma fram mat á leiðum og tillögur að aðgerðum, eins og til dæmis:

- Aðgengi frá hafnarsvæði að framkvæmdasvæði.
- Ítarlegri upplýsingar um tilhögun þungaflutninga, t.a.m. fjölda ferða á sólahring, umferðarhraða, hvernig ferðir dreifast yfir tímabil og hvaða aðgerðir eru áformaðar til að takmarka truflun á aðra umferð.
- Upplýsingar um áætlaðan líftíma vindorkuveranna og áætlaða þörf á endurnýjun vindmylluhluta sem meðfylgjandi flutningi.
- Upplýsingum um aðra umferð sem framkvæmdir við uppsetningu vindorkugarðsins mun skapa, t.a.m. flutningur vegna bygginga undirstaðna, vegagerðar á framkvæmdasvæði ofl.
- Mat á áhrifum flutninganna á getu samgöngukerfisins til þess að þjóna hlutverki sínu almennt, svo kallað samgöngumat.
- Mikilvægt er að meta þörf á aðgerðum á framkvæmdatíma vegna flutnings vindmylluhluta, svo sem flutning á öryggisskiltum ofl.

Síða 4/4

Allar breytingar innan veghelgunarsvæða, varanlegar eða tímabundnar, eru háðar framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni og skipulag og umsjón framkvæmda í tengslum við aðgerðir skal unnið í samráði við Vegagerðina.

Kostnaður vegna flutnings og framkvæmda tengdum flutningi vegna framkvæmdanna fellur að öllu leyti á framkvæmdaraðila. Þar með talið eru styrkingar á vegum, breiðkanir á vegum, breytingar á vegamótum o.fl. og skal Vegagerðin hafa yfirumsjón með slíkum breytingum á vegakerfinu.

Lagfæringar vegna mögulegs tjóns á innviðum Vegagerðarinnar, sem verður vegna flutningunanna, verður á kostnað framkvæmdaraðila.

Vegagerðin

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Sigurður Friðgeir Friðgeirsson
Sérfræðingur
Tæknideild Vestursvæði

Hólmfríður Bjarnadóttir
Forstöðumaður
Umhverfi og sjálfbærni

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Dalabyggð, 2. október 2024

Varðar: Umsögn Dalabyggðar um umhverfismatsskýrslu um vindorkugarðinn Sólheima

Dalabyggð telur að ágætlega sé gerð fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og helstu umhverfisáhrifum þeirra í umhverfismatsskýrslu.

Framkvæmdalýsing fellur að stærstum hluta að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032, sbr. stefnu um iðnaðarsvæði 17 Vindorkugarð á Sólheimum. Eins og fram kemur í kafla 2.4.2 í umhverfismatsskýrslunni er framkvæmdasvæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði 17 Vindorkugarður á Sólheimum og einnig sem varúðarsvæði VA1: „Varúðarsvæði skilgreint í samræmi við stöðu virkjunarkostsins í rammaáætlun og í samræmi við ákvæði laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.“

Dalabyggð telur að betur mætti gera grein fyrir ákvæðum Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032 um varúðarsvæði VA1 en skipulagsákvæði þess eru svohljóðandi:

„Innan reitsins er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu. Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati.“

Í kafla 11.10 Varúðarsvæði, kemur enn fremur fram:

„Svæði sem skilgreind eru sem iðnaðarsvæði ætluð vindorkugörðum, sbr. kafla 11.6, eru einnig skilgreind sem varúðarsvæði. Á þessum svæðum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu, þar sem þau hafa ekki hlotið umfjöllun í rammaáætlun. Verði svæði sett í nýtingarflokk í rammaáætlun skal viðkomandi varúðarsvæði aflétt í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.“

Forsenda framkvæmdar er því að varúðarsvæði VA1 verði felld út með aðalskipulagsbreytingu.

Dalabyggð leggur hér fram ákveðnar ábendingar og athugasemdir sem það telur mikilvægt að framkvæmdaraðili skoði við áframhaldandi undirbúning þessa umfangsmikla verkefnis.

1. Samræmi við skipulag og opinberar áætlanir

1.3 Rafmagnstengingar innan framkvæmdasvæðis og við flutningsnetið

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að millispennustrengir í jörðu munu tengja vindmyllurnar við stjórnbyggingu og safnstöð á framkvæmdasvæðinu. Gert er ráð fyrir safnstöð og tengivirki í sömu byggingu sem verður við aðkeyrsluna að bænum Sólheimum af Laxárdalsvegi, nálægt núverandi háspennulínu (132 kV Glerárskógarlínu). Fram kemur að Landsnet muni leggja nýja 220 kV loftlínu að safnstöðinni á Sólheimum (staðsett nálægt Glerárskógalínu 1). Tengivirki flutningskerfisins verður bæði tengt með 220 kV og 132 kV við Glerárskógalínu 1, svo hægt verði að reisa vindorkugarðinn

Sólheima í áföngum. Landsnet mun gera nýtt umhverfismat og fara í nýtt leyfisveitingaferli fyrir alla nýja innviði sem eru ekki innan framkvæmdasvæðisins.

Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032

Bent er á að í gildandi Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 er ekki fjallað um áform um nýja 220kV línu um framkvæmdasvæðið <https://www.landsnet.is/utgafa-og-samskipti/ritogskyrslur/kerfisaaetlun-2023-2032/>

Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – raforkuflutningskerfi

- Dalabyggð bendir að í gildandi Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 er aðeins mörkuð stefna um Glerárskógalínu 1 (132kV) og því þarf að þarf að gera grein fyrir nýrri 220 kV háspennulínu í aðalskipulagsbreytingu.

Eins og áður hefur verið nefnt telur Dalabyggð mikilvægt að draga fram þá þætti framkvæmda sem eru í samræmi við Aðalskipulag Dalabyggðar og þá sem krefjast aðalskipulagsbreytingar. Það gefur skýrari sýn á stöðu verkefnis gagnvart núverandi stefnumörkun sveitarfélagsins.

Deiliskipulag

Vinna þarf deiliskipulagsáætlun fyrir virkjunarsvæðið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Leyfi Dalabyggðar:

Þörf er á framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið Dalabyggð veitir (samkvæmt 14. grein skipulagslaga nr. 123/2010). Þörf er á byggingarleyfi frá byggingarfulltrúa Dalabyggðar (samkvæmt 9. grein laga nr. 160/2010 um mannvirki).

2. Umhverfismat

Dalabyggð sendi frá sér umsögn sl. vor varðandi stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Þar kom fram og er ítrekað hér að uppbygging virkjunarkosta í vindorku hérlandis, í sem mestri sátt við náttúru og líffræðilega fjölbreytni, geti orðið ein af grunnstoðum sjálfbærrar orkuöflunar landsins. Til að það sé mögulegt þurfi að taka sérstakt tillit til fugla í íslenskri náttúru, viðkvæmra og einstakra svæða í náttúrunni sem og menningarminja, m.t.t. hljóðrænna og sjónrænna áhrifa.

Dalabyggð telur að umfjöllun um umhverfisáhrif sé ítarleg s.s. kaflar um áskýnd, landslag, samfélag og vistgerðir. Gerð er grein fyrir því hvernig framkvæmdaraðili ætlar að halda raski og umhverfisáhrifum í lágmarki, m.a. með því að staðsetja vindmyllur utan vistfræðilegra mikilvægra svæða og hnikun/færslu aðkomuvegar fram hjá votlendi.

Niðurstöður umhverfismatsins eru settar fram annars vegar fyrir framkvæmdatímann og hins vegar rekstrartímann. Á myndum 7-6 og 7-7 eru tekin saman vægi umhverfisáhrifanna fyrir hvern umhverfispátt sem var til skoðunar.

Á framkvæmdatíma metin **óveruleg** eða **minniháttar** fyrir alla umhverfispætti sem voru metnir. Á rekstrartímanum eru áhrif metin **veruleg** á landslag og áskýnd frá útsýnispunktum innan 10 km frá vindorkugarði og metin **nokkur** á landslag og áskýnd miðað við meiri fjarlægð frá vindorkugarðinum, næturtíma og samlegðaráhrif á ferðamannaleiðum. Allir aðrir umhverfispættir til skoðunar voru taldir verða fyrir **minniháttar eða óverulegum** áhrifum á rekstrartíma vindorkugarðsins (25 ár).

Dalabyggð er með ábendingar um eftirfarandi viðfangsefni umhverfismatsskýrslu:

Fuglar

Möguleg áhrif voru metin með tilliti til taps á búsvæðum, beinum afföllum, raski og tilfærslu á framkvæmdartíma og tilfærslu, áhrifa hindrana og áflugs á vindmyllur á rekstrartíma. Áhrif töldust óveruleg fyrir meirihluta tegunda.

Áhrif á hafarni eru talin eru talin veruleg komi ekki til mótvægisáðgerða. Í umfjöllun kafla 7.10.5.3 *Ránfuglar* kemur fram að á rekstrartíma er reiknað með afföllum um 13-14 hafarna vegna áflugshættu. Stofn hafarna var um það bil 85 pör og um 400 fuglar árið 2020. Í kaflanum segir: „*Þar af leiðandi er spáð að áflugsáhrif án mótvægisáðgerða muni leiða til áhrifa til meðallangs tíma, svæðisbundinna og mögulega á landsvísu, á haförn, sem er talinn hafa háa viðkvæmni/gildi þar sem hann er skráður í hættu á landsvísu. Því er spáð að áhrifin fyrir mótvægisáðgerðir hafi verulegt vægi.*“

Nokkrar mótvægisáðgerðir verða útfærðar á framkvæmdasvæðinu, sérstaklega til að draga úr áhrifum á haförnninn. Á meðal þessara áðgerða er að mála einn spaða á hverri vindmyllu svartan til að fuglar sjái þá betur, en sýnt hefur verið fram á að þetta dragi úr áflugi hafarnar um allt að 70% og dregur líklega úr áflugi annarra tegunda einnig. Á rekstrartíma verður vöktun á afföllum fugla og gripið til áðgerða verði áflug fugla meira en áætlað var. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrifin á fugla, m.a. hafarni, metin minniháttar á rekstrartíma. Að mati Dalabyggðar er árangur mótvægisáðgerða þó alltaf háð talsverðri óvissu.

Dalabyggð vill vísa til umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrsluna, dags. 9. september 2024, þar sem stofnunin telur neikvæð áhrif á hafarni mögulega vanmetin í niðurstöðum umhverfismatsins, sbr. eftirfarandi:

„*Um er að ræða gögn sem eru frá 2019-2021 en Náttúrufræðistofnun hefur safnað meiri gögnum og um fleiri hafarni fyrir árin 2022-2023 sem framkvæmdaaðili hefði getað nýtt sér til að fá enn betri mynd af ferðum ungu hafarnanna. Þau gögn styrkja enn frekar þá niðurstöðu að umferð hafarna um svæðið er töluverð.*“ ... „*Náttúrufræðistofnun telur að þrátt fyrir mikið umfang gagna hefur áhrifamatið, sér í lagi varðandi áflugshættuna, byggst að mestu leyti á takmörkuðum hluta gagnanna og feli mögulega í sér vanmat á áhrifum.*“

- Dalabyggð telur að í ljósi þessarar óvissu um áhrif framkvæmdar á hafarni að rannsaka þurfi betur umferð hafarna á Laxárdalsheiði og við framkvæmdasvæðið og yfir lengra tímabil. Dalabyggð mælist til þess að þeir náttúrufræðingar sem vinna munu frekari fuglarannsóknir geri það í samráði við Náttúrufræðistofnun.

Samfélag

Samkvæmt skýrslu sem gefin var út árið 2019 (Ferðamenn í Dalabyggð 2010-2018) má sjá að um 296 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í eða um Dali árið 2018 og yfir 112 þúsund Íslendingar skv. sömu skýrslu. Ljóst er að umferð hefur aukist all nokkuð um Dalabyggð síðan sú skýrsla var gefin út og er enn að aukast með bættum vegasamgöngum á Vestfjörðum. Rannsóknir á ferðamennsku á Íslandi eru enn sem komið er ófullnægjandi hvað varðar hversu mikið af svæðinu myndi mögulega verða fyrir áhrifum vegna uppsetningar á vindorkugörðum.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir því að verkefnið hafi jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag á svæðinu. Atvinna verði í boði á framkvæmdatíma og við mögulega endurgerð vindorkugarðsins (þ.e. þegar öflugri og skilvirkari vindmyllur sem nýta nýjustu tækni leysa af hólmi eldri gerðir) eða niðurrif. Óbein atvinnutækifæri verða einnig til, því útvega þarf ýmsar vörur og þjónustu úr nágrenninu, svo sem matvæli og byggingarefni. Ekki er búist við að á framkvæmdatíma verði nein neikvæð áhrif á

landbúnað eða ferðamennsku og þar af leiðandi á efnahag á svæðinu. Á rekstrartíma er áætlað að nokkur störf skapist við viðgerðir og viðhald.

- Að mati Dalabyggðar eru áhrif á landbúnað og ferðaþjónustu líklegast vanreiknuð þar sem ekki er hægt að fullyrða um hver viðbrögð ferðamanna sem um svæðið fara sem og neytenda landbúnaðarvara frá svæðinu verði eftir að verkefnið er komið af stað. Eins eru jákvæð áhrif á atvinnulíf líklegast ofreiknuð þar sem ekki er talað um hvaðan vinnuafli á framkvæmdatíma kemur, störf á rekstrartíma líklegast mun færri og ekkert fjallað um það hvort viðgerðir/viðhald sé unnið með utanaðkomandi vinnuafli eða hvort það kalli á stöðuga viðveru og þar með störf fyrir íbúa svæðisins eftir að framkvæmdatíma líkur.

Landslag / ásýnd

Dalabyggð telur umfjöllun um áhrif á landslag og ásýnd ítarlega. Í mati á áhrifum á landslag og ásýnd hefur verið tekið tillit til þess hvort sjónrænir viðtakar, eins og íbúar, vegfarendur og gestir á svæðinu innan 45 km rannsóknarsvæðis, muni finna fyrir verulegri breytingu á útsýni eða sjónrænum þáttum á meðan á rekstri verkefnisins stendur.

Á meðal framkvæmdaþátta verkefnisins eru vindmyllur með turnhæð (hub height) í 119 m og spaða í hæstu stöðu (blade height) í 200 m. Vindmyllur af slíkri stærðargráðu verða sýnilegar í mikilli fjarlægð nema það sé eitthvað sem skyggir á útsýnið að þeim, eins og landslagsþættir eða gróður. Á þessu landsvæði eru slíkir þættir nánast eingöngu landslagsform eða byggð mannvirki, þar sem lítið er um hávaxinn gróður eins og skóglendi og trjábelti.

Umtalsverð áhrif eru talin verða innan tveggja landslagssvæða af þrettán sem skilgreindar eru innan 45 km rannsóknarsvæðisins, þ.e. innan svæðanna Hvammsfjörður – Innfirðir með lágheiðum og Hrútafjörður og Miðfjörður – Innfirðir með lágheiðum. Þessi tvö landslagssvæði verða fyrir beinum áhrifum þar sem framkvæmdasvæðið verður staðsett innan marka þeirra. Öll önnur landslagssvæði eru talin verða fyrir óverulegum landslagsáhrifum, annaðhvort vegna mikillar fjarlægðar frá framkvæmdinni og/eða vegna þess að landslagsþættir skyggja á sýn að henni.

Þegar þróun annarra vindorkugarða í nágrenninu er höfð í huga sýnir athugun á samlegðaráhrifum að aðeins eitt landslagssvæði af 13, Hvammsfjörður – Innfirðir með lágheiðum, er talið verða fyrir verulegum samlegðaráhrifum, og er það vegna þess að nokkrir vindorkugarðar (einn þeirra er þetta verkefni) eru staðsettir innan landslagssvæðisins. Fjögur landslagssvæði, Hrútafjörður og Miðfjörður – Innfirðir með lágheiðum, Vatnsnesfjall – Fjalllendi með inndölum, Arnarvatnsheiði, Tvídægra, Víðidalstunguheiði og Grímsstunguheiði – Hásléttur og Miðfjarðardalir, og Fitjárdalur og Víðidalur – Inndalir eru talin verða fyrir nokkrum samlegðaráhrifum, og er það vegna þess að fjöldi fyrirhugaðra vindorkugarðar (einn þeirra er þetta verkefni) eru sýnilegir innan svæðanna.

Umferð og flutningar

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að aukning umferðar sem tengist verkefninu myndi verða mikil í samanburði við núverandi umferð en myndi þó aðeins leiða af sér tímabundna umferðaraukningu eða tafir. Stór ökutæki myndu valda því að það hægist tímabundið á umferð og að vegir lokuðust. Hins vegar myndu lokanir eða tafir vara í stuttan tíma. Einnig kemur fram að þjóðvegir séu almennt í góðu ástandi; hins vegar gæti slit vegna fjölda þunga og stórra hlassa, eins og þeirra sem tengjast flutningum á vindmylluhlutum og steypu, haft neikvæð áhrif á innviði vega. Með mótvægisáðgerðum, þ.e. tímanlegri endurgerð gatna, viðgerðum og viðhaldi, myndu áhrif á innviði vega verða óveruleg. Umferð vegna reksturs vindorkugarðs mun almennt ekki verða aðgreinanleg frá annarri umferð sem fer um viðkomandi vegi.

- Dalabyggð getur ekki tekið undir að ástand þjóðvega á svæðinu sé almennt í góðu ástandi. Ekki kemur fram hver eigi að standa að baki eða kosta mótvægisáðgerðir vegna þeirra áhrifa sem verða á vegum (slit). Því verður ekki hægt að samþykkja mikla aukningu umferðar og þungaflutninga sem geta haft neikvæð áhrif á innviði vega meðan ekki er skýrt hver eigi að vinna og borga fyrir endurgerð, viðgerðir og viðhald vega og gatna sem kunna að verða fyrir áhrifum.

Að lokum

Dalabyggð tekur undir þá áherslu framkvæmdaraðila að viðhafa ítarlegt umhverfiseftirlit á framkvæmdatíma og vakta fuglalíf og áflugshættu á rekstrartíma sérstaklega með tillit til hafarna.

Þá vill Dalabyggð gjarnan að gert verði grein fyrir hverskonar trygging- eða tryggingargjald verði lagt til hliðar á framkvæmdatíma sem hægt verði að nýta til að fjarlægja mannvirki og línulagnir á virkjunarstaðnum þegar verkefni lýkur til að endurheimta fyrra horf landslags og náttúru eins og kostur er.


Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2024
OS2024070007
Skjalnúmer:

Efni: Vindorkugarður í Sólheimum: Kynning umhverfismatsskýrslu (Mat á umhverfisáhrifum)

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 7. júlí 2024, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um: Vindorkugarður í Sólheimum: Kynning umhverfismatsskýrslu (Mat á umhverfisáhrifum) með vísun til 22. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Í umsögn umsagnaraðila skuli koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisaðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð

Fyrirhugað er að reisa um 209 MW vindorkuver í tveimur áföngum með allt að 29 vindmyllum sem verða allt að 200 metrar á hæð.

Orkustofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrsluna með tilliti til skilyrða sem fram koma í 22. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, þar sem fram kemur að gerð og efni umhverfismatsskýrslu skuli vera í samræmi við matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar um hana og innihalda a.m.k.:

- lýsingu á framkvæmdinni, svo sem um staðsetningu, hönnun og stærð, og aðra þætti framkvæmdarinnar sem máli skipta,
- lýsingu og mat á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum,
- lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar,
- lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og vöktun, eftir því sem við á,
- samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli um upplýsingar í a–d-lið,
- nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu.

Að mati stofnunarinnar inniheldur umhverfismatsskýrsla ofangreind atriði með fullnægjandi hætti.



Í ákvörðun skipulagsstofnunar um matsáætlun kemur fram í 5. tölulið niðurstaðna að í frummatsskýrslu eigi að gera grein fyrir möguleika sem til greina komi til að tengja vindorkuverið við flutningskerfið og hafa samráð við Landsnet. Orkustofnun tekur undir þau sjónarmið Skipulagsstofnunar. Í kafla 7.10.7 í umhverfismatsskýrslu er umfjöllun um það ferli. Orkustofnun mun taka afstöðu til þess við samþykktarferli kerfisáætlunar Landsnets og við vinnslu virkjunarleyfis, komi til þess að sótt verði um það fyrir vindorkugarðinn.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Orkustofnun er heimilt að binda virkjunarleyfi, sem stofnunin gefur út, skilyrðum skv. 5.gr. raforkulaga. Stofnunin bendir á að þar kemur m.a. fram að stofnunin getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

Framkvæmdin er til umfjöllunar í 5.áfanga rammaáætlunar. Skv. ákvæðum 4. til 6. greina laga 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er stjórnvöldum einungis heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í orkunýtingarflokki.

Orkustofnun bendir á að framkvæmdin, sem hefur verið skilgreind af Orkustofnun skv. ákvæðum reglugerðar 530/2014, hefur ekki verið flokkuð í nýtingarflokk rammaáætlunar. Framkvæmdin er enn í meðferð hjá 5. áfanga verkefnisstjórnar rammaáætlunar og hefur þar stöðuna "í skoðun" skv. upplýsingum á heimasíðu ramma.is.

Stofnunin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagða umhverfismatsskýrslu.

Virðingarfyllt, f.h. Orkustofnunar

Rán Jónsdóttir, verkefnastjóri

Sjálfbær auðlindanýting

Rafræn undirskrift

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

3.september 2024
2024-07-6/0.11.2

Efni: Kynning umhverfismatsskýrslu vindorkuvers á Sólheimum. Umsögn Landsnets.

Landsneti barst beiðni um umsögn, dags.1.júlí 2023, vegna kynningar á umhverfismatsskýrslu fyrir vindorkugarð á Sólheimum, mál nr. 852/2024 í Skipulagsgátt.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kafla 3.7.10 í umhverfismatsskýrslunni er fullyrt að safnstöð og tengivirki verði í sömu byggingu, en Landsnet bendir á að slík ákvörðun liggur ekki enn fyrir.

Þá segir einnig að Landsnet muni reisa línu frá Holtavörðuheidi til Sólheima. Landsnet bendir á í þessu samhengi að staðsetning 220 kV tengivirkis hefur ekki endanlega verið ákveðin við Sólheima, auk þess sem umrædd línuframkvæmd er háð mati á umhverfisáhrifum, sem fer fram að undangenginni valkostagreiningu og einnig þarf framkvæmdin að hljóta samþykkt Raforkueftirlitsins sem hluti af framkvæmdaáætlun.

Texti á bls. 236-237 í umhverfismatsskýrslunni, þar sem fjallað er um samlegðaráhrif vindorkugarðsins og flutningskerfisins, lýsir mun betur stöðu þessara mála, sem gerir grein fyrir ekki hafi verið gengið frá fyrirkomulagi tenginga auk fyrirvara sem Landsnet hefur lagt fram vegna þeirra.

Virðingarfyllt,

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Rut Kristinsdóttir

Vindorkugarðurinn Sólheimar. Umsögn heilbrigðiseftirlits

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur farið yfir gögn á skipulagsgátt vegna vindorkugarðs í landi Sólheima í Dalabyggð. Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla unnin af ERM í júní 2024. Áform eru um að reisa 209 MW vindorkugarð í Sólheimum. Fyrri áfangi samanstendur af 21 vindmyllu með uppsettu afli uppá 151 MV og síðari áfangi með átta vindmyllum til viðbótar með uppsettu afli uppá 58 MV. Í skýrslunni eru upplýst um aðra efnispætti framkvæmdar s.s. jarðstrengjanet, vegakerfi innan framkvæmdasvæðis og aðkomuveg fyrir framkvæmdasvæði, tengivirki og viðeigandi mannvirki sem tengjast framkvæmdum og rekstri. Framkvæmdasvæðið er innan 3.208 hektara lands á eystri mörkum sveitarfélagsins Dalabyggðar og liggur í 110m. -253 m.h.y.s.

Framkvæmdarsvæðið er í dag án mannvirkja fyrir utan bæinn Sólheima sem er á áhrifasvæði framkvæmdar. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir eftirfarandi umsögn um framkvæmdina:

2.2. Löggjöf á Íslandi og nauðsynleg leyfi

Ranglega kemur fram að starfsleyfi þurfi frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands þarna á að standa Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Þess skal getið að forsenda starfsleyfis er að starfsemi sé í samræmi við samþykkt skipulag og byggingar í samræmi við samþykktu notkun. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir allt að 150 MW vindorkugarði á Sólheimum á iðnaðarsvæði I-7 sem telur 428,3 ha (kafla 2.4.3). Í kafla 3.8.9 kemur fram að á framkvæmatíma verði 150 tímabundnir starfsmenn. Starfsmannabúðir og mótuneyti eru starfsleyfisskyld hjá heilbrigðiseftirlitinu í samræmi við reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti. Einnig er bent er á að til staðar skal vera starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðiseftirlits-svæði fyrir efnistöku við gerð vega og annarra framkvæmda á svæðinu í samræmi við reglugerð nr. 505/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6.1.7.3 Gæði grunnvatns

Fram kemur í skýrslunni að spaðarnir eru gerðir úr trefjastyrktu epoxy efni. Hæð spaða í efstu stöðu gæti verið 200 m, hæð turns 119 m og lengd spaða 81 m. Gera þarf grein fyrir veðrun á efninu og möguleg áhrif nærliggjandi á beitarland og örplastmengun í grunnvatni. Sömuleiðis getur veðrun á galvaniseruðu járnri haft áhrif á gróður og grunnvatn ef það á við. Eðlilegt er að grunnvatn sé flokkað í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns áður en framkvæmdir hefjast ef til kemur.

Gera þarf grein fyrir gerð og magni afísingarefna mótvægisáðgerðum og mögulegum áhrif á grunnvatn.

6.2.6.1 Straumvötn og kafla 6.2.6.2 Stöðuvötn

Flokka þarf yfirborðsvatn í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 áður en framkvæmdir hefjast, svo unnt sé að meta áhrif framkvæmda á straumvötn og stöðuvötn.

7.11.2. Gildi auðlindar/viðkvæmni viðtaka

Haförn (*Haliaeetus albicilla*) er sjaldgæfur varpfugl á Íslandi. Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands var stofninn metinn sem 80 varppör árið 2018. Þar af verpa 63,5% varppara í Breiðafirði. Þekkt er á norðurlöndum að hafernir lendi í spöðum á vindmyllum og þar sem stofninn er lítill getur fall á fáum einstaklingum valdið miklu tjóni fyrir stofninn. Haförn er friðaður skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Flug hafarna er skráð á framkvæmda-svæðinu.

Áhrif á einstaka umhverfisþætti

Athygli vekur að flest umhverfisáhrif eru metin sem óveruleg, ekki síst á fuglalíf þar sem ferðir þeirra liggja um svæðið.

Þá er framkvæmdin umfangsmikil og mun hafa verulega neikvæð áhrif á náttúruupplifun og verðmæti svæðisins til lengri tíma þar sem víðernum fer fækkandi. Stór hluti þeirra ósnortinna víðerna sem finna má í Evrópu eru staðsett hérlandis og er því mikilvægt að hugað sé að verndun þeirra. Þrátt fyrir fjarlægð frá byggð mun framkvæmdin koma til með að hafa veruleg áhrif á náttúruupplifun almennings sem og ferðafólks víðsvegar á Vesturlandi og víðar.

Fjalla þarf með nákvæmari hætti um efnanotkun og mögulegan leka s.s. hvort notuð eru F gös í rekstrinum og áhættu á að þau geti losnað út í umhverfið. Gæta þarf að farið verði að ákvæðum í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi við geymslu og flutning olíuefna.

Gera þarf hljóðkort sem sýnir dreifingu hljóðstyrks út frá túrbínum.

Gera þarf betur grein fyrir afleiddri umferð vegna framkvæmdanna. Umferð ökutækja er einn stærsti áhættuþáttur vegna mengunar við vatnsveitur. Umferð mun liggja í nágrenni við margar vatnsveitur og þarf að gera grein fyrir þeim.

Með því að færa orku úr eign almennings í hendur einkafyrirtækja er þekkt að verð á raforku mun hækka á kostnað almennings með víðtækum neikvæðum afleiðingum fyrir lífsgæði almennings.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2024
UST202407-032/A.B.
10.05.00

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu - Vindorkugarður á Sólheimum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. júlí sl. þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsskýrslu.

Í erindinu kemur fram að framkvæmdin felst í því að reisa um 209 MW vindorkuver með allt að 29 vindmyllu sem verða mögulega 200 metrar á hæð.

Umhverfisstofnun hefur í umsögnum sínum um vindorkuver bent á að stuðla eigi að fáum en stórum vindorkuverum frekar en fjölda minni og lagt áherslu á að þessi mannvirki verði staðsett á núverandi orkuvinnslusvæðum og/eða í nágrenni við orkufrekan iðnað, þannig að innviðir sem eru til staðar nýtist.¹

Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að óbyggð víðerni hafa fengið mikilvægt vægi í náttúruverndarlögum en eitt af verndarmarkmiðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Í þeim gögnum sem liggja fyrir mun framkvæmdin hafa veruleg áhrif á óbyggð víðerni. Hins vegar kemur ekki fram hver röskun á óbyggðum víðernum verður miðað við þær forsendur sem eru gefnar. Umhverfisstofnun bendir því á að mikilvægt sé að fjallað sé mun ítarlegra um áhrif framkvæmdarinnar á víðerni, en samkvæmt sýnileikakortum mun framkvæmdin hafa áhrif á stóru svæði þar sem áhrifa gætir í allar áttir norður að Hjarðarfelli og Rjúpnafelli, norðaustur að Vatnsnesi og svo suður meðal annars inn á víðerni hálendisins á Arnarvatnsheiði.

Umhverfisstofnun bendir á að við túlkun á hugtakinu *óbyggð víðerni* ber að líta til 19. töluliður 5. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sbr. og 1. gr. laga nr. 43/2020.

Með 1. gr. laga nr. 43/2020 var gerð breyting á skilgreiningu hugtaksins *óbyggð víðerni* á þann veg að orðunum „að jafnaði“ var bætt framan við orðin *í a.m.k. 5 km fjarlægð frá*

¹ https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%c3%b6gn_Umhverfisstofnunar_-_%c3%81form_um_frumvarp_til_laga_um_vindorku.pdf

mannvirkjum [...]. Skilgreiningin á hugtakinu óbyggð víðerni í 19. tölulið 5. gr. laga nr. 60/2013 er eftirleiðis svohljóðandi; Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Varðandi ástæðu breytingarinnar á skilgreiningunni, þá segir í greinargerðinni með frumvarpinu er varð að lögum nr. 43/2020 að eins og ákvæðið var orðað áður gátu mannvirki og önnur tæknileg ummerki í allt að 5 km fjarlægð í einum firði/dal komið í veg fyrir að svæði í næsta firði/dal gæti verið skilgreint sem óbyggð víðerni, þrátt fyrir að landfræðilegar aðstæður væru þannig að mannvirkið sæist ekki frá hinu óbyggða víðerni.

Eins og áður segir er upplifun mikilvægur hluti hugtaksins og í verndargildi óbyggðra víðerna felst því ekki einungis að ummerkja mannsins skuli gæta lítið sem ekkert og að náttúran skuli fá að þróast án álags af mannlegum umsvifum heldur felst verndargildið jafnframt í því að fólk, bæði núlifandi sem og komandi kynslóðir, geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, sbr. 46. gr. náttúruverndarlaganna.

Þó að óbyggð víðerni séu skilgreind sem svæði sem eru að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, þá vill Umhverfisstofnun benda á að sjónræn truflun hlýst af völdum vindorkuvera í margfalt lengri fjarlægð en það .

Sem dæmi má nefna Búrfellslund, þar er fjarlægð vindmylla 19,6 km frá Heklu og 18,3 km frá fjallinu Löðmundi, en engu að síður eru vindmyllurnar mjög áberandi í landslaginu frá báðum svæðum og munu ótvírætt valda sjónrænni truflun sem skerðir óbyggð víðerni umfram þá 5 km sem að jafnaði er miðað við. Sú staðreynd að vindmyllurnar snúast og hafa öryggisljós mun einungis auka á þá sjónrænu truflun sem af þeim hlýst.

Umhverfisstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á óbyggð víðerni geti verið talsverð til verulega neikvæð, en óvissa er um hversu mikið þau munu skerðast út frá þeim forsendum sem gefnar eru og mikilvægt er að það komi skýrt fram í umhverfismati.

Landslag

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að landslag og óbyggð víðerni séu sitthvor umhverfisþátturinn í umhverfismati.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á markmiðum náttúruverndarlaga sem er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Auk þess segir í 3. gr. laganna að varðveita skuli landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.

Landslag er skilgreint í náttúruverndarlögum sem svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta.

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 3.3 þurfi að koma fram að Breiðafjörður sé verndaður vegna landslags. Auk þess eru Hindisvík sem er á náttúruuminjaskrá, en þar er fjölbreytilegt

strandalandslag, Björg og Borgarvirki og Borgarland eru á náttúruminjaskrá vegna landslags í jaðri áhrifasvæðisins, en framkvæmdin mun að öllum líkindum ekki hafa áhrif á þau. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að það er víðsýnt frá Borgarvirki og því þarf að skoða hvort að Vatnsnesfjall skyggi á orkuverið. Fjallað er um þessi svæði og afmörkun sýnd á mynd 6-19.

Í greinargerð kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á landslag séu umtalsverð. Það sem er í dag er óraskað heiðarlandslag með votlendi og fuglalífi verður svæðið raskað iðnaðarsvæði með umfangsmiklum mannvirkjum.

Sjónræn áhrif og myndir

Umhverfisstofnun telur það ágætt að gert sé sýnileikakort og teknar voru ljósmyndir, hins vegar er allt önnur upplifun fólks af því að horfa á kort og mynd en að horfa á raunverulega vindmyllu (mannvirki sem eru 200 metrar á hæð) á staðnum og hins vegar eru vindmyllur á hreyfingu þar sem kort og myndir segja lítið.

Því þarf framkvæmdaraðilinn, að mati Umhverfisstofnunar að leita frekari leiða til að meta og sýna sjónræn áhrif frá vindmyllunum.

Staðsetning myndsvæða

Umhverfisstofnun telur val á myndsvæðum vera ágætt að því leyti að valdir eru helstu áningarstaðir umhverfis iðnaðarsvæðið.

Hins vegar telur stofnunin að það hefði átt að skoða fleiri svæði nær iðnaðarsvæðinu og jafnvel innan þess, sérstaklega norðan við iðnaðarsvæðið þar sem eru skilgreind óbyggð víðerni.

Ásýnd

Umhverfisstofnun telur fjarlægðarviðmið (15 og 45 km) á sýnileikakortum ágæta.

Umhverfisstofnun vill benda framkvæmdaraðila á að hægt væri að líta til matsskýrslu fyrir Búrfellslund² segir á bls. 66 að eftirfarandi viðmið séu notuð við vægiseinkunn fyrir sjónræn áhrif vindmyllanna en þar segir:

- Talsvert neikvæð áhrif 5 - 10 km - Á þessu belti getur verið erfitt að ráða í fjarlægð til vindmyllanna og þar með stærð þeirra. Vindmyllurnar eru áberandi í landslaginu jafnvel þótt lögun þess og gróður dragi sums staðar úr sjónrænum áhrifum.
- Verulega neikvæð áhrif 0 - 5 km - Vindmyllurnar eru ráðandi í umhverfinu og mjög áberandi.

Umhverfisstofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar³ um mat á umhverfisáhrifum frá árinu 2016 varðandi verkefnið þar sem segir að ljóst sé að áhrif á landslag og ásýnd vega þungt við umhverfismat vindorkuvera en um er að ræða stór mannvirki sem eru sýnileg um langan veg.

² [https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1182/B%C3%BArfellslundur_matsskyrsla_%20\(002\).pdf](https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1182/B%C3%BArfellslundur_matsskyrsla_%20(002).pdf)

³ <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1180/201507054.pdf>

Fuglalíf

Framkvæmdasvæðið allt er innan mikilvægs fuglasvæðis á Laxárdalsheiði. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt á varptíma fyrir himbrima og álf.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdaraðilar hafi látið gera ítarlegar rannsóknir á fuglalífi innan framkvæmdarsvæðis. Framkvæmdar hafa verið flugvirknikannanir (sjónarhólskönnun) til að meta áflugshættu. Varp- og útbreiðslukannanir með sniðmælingum, sjálfvirkt myndgreiningarkerfi notað (BirdSentinel), ratsjarmælingar og GPS-GSM merking hafarna skoðaðar. Alls greindust um 35 fuglategundir á svæðinu.

Áhrif vindorkuvers á fuglalíf eru margþætt. Tap verður á búsvæðum fuglanna á framkvæmdarsvæðinu en tap á búsvæðum tegunda ógnar líffræðilegum fjölbreytileika. Þá er talið að tegundir sem þurfa mikil lífssvæði geti hrakist frá búsvæðum sínum við framkvæmdir sem þessar.

Vindorkuverin geta skapað hindrun milli lífssvæða fuglanna (varp-, beitar- og veiðisvæði). Þá getur vindorkuverið virkað sem hindrun á flugleiðum fugla. Getur það valdið því að fuglarnir þurfi að finna sér nýjar farleiðir sem geta verið orkufrekari. Vindorkuver skapa auk þess áflugshættu fyrir fugla sem þurfa að fara um svæðið. Þar geta þættir eins og þéttleiki, staðsetning með tilliti til athafnasvæða og flughegðun fuglanna spilað inn í.⁴

Meðal þeirra tegunda sem greindust í sjónarhólskönnunum er haförn en tegundin er á valista Náttúrufræðistofnunar sem tegund í hættu. Tveir þekktir hreiðurstaðir hafarna eru í innan við 10 km frá framkvæmdasvæðinu en þar hefur haförn sést reglulega í sjónarhólstalningum. Við flugvirkikannanir voru 28 flug skráð, þar af voru 19 flug að hluta til á hæðarsviði 2 sem er það svæði sem skapar hættu á áflugi.

Áflugshættulíkan, er framkvæmdaraðilar létu útbúa, mat líkur á áflugi hafarna á öðru 2. ári mælinga vera 18 fugla á ári, án þess að tekið væri tilliti til forðunartíðni. Forðunartíðni hafarna er almennt talin lægri en flestra annarra fugla og er metin 95%⁵. Miðað við þá forðunartíðni er hætta á árekstri um einn haförn á ári. Í ljósi stofnstærðar hafarnar verður þetta að teljast há tala. Áflugshættulíkan byggt á ofangreindum rannsóknum leiddi í ljós að minni líkur eru á áflugi álfta og himbrima.

Hávaði frá vindmyllum getur haft margþætt áhrif á fuglalíf. Hávaði getu skert getur fugla til að greina óvini og haft áhrif á samskipti fuglanna sín á milli. Þá þurfa fuglarnir að syngja hærra til að yfirvinna hávaðann frá vindorkuverinu.⁶

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að metin séu áhrif hljóðvistar á fuglalíf.

Umhverfisstofnun metur áhrif á fuglalíf neikvæð bæði vegna skerðingar búsvæða og áflugshættu. Stofnunin telur nauðsynlegt að í umhverfismatsskýrslu sé gert grein fyrir mótvægisáðgerðum til að hindra áflug hafarna og annarra fugla. Þannig getur litaval á spöðum til að mynda haft áhrif á áfloghættu. Auk þess væri hægt að skoða hvort

⁴ <https://www.nve.no/energi/energisystem/vindkraft/kunnskapsgrunnlag-om-virkninger-av-vindkraft-paa-land/fugl/>

⁵ [Wind farm impacts on birds - Use of Avoidance Rates in the SNH Wind Farm Collision Risk Model.pdf](#)

⁶ <https://www.nve.no/energi/energisystem/vindkraft/kunnskapsgrunnlag-om-virkninger-av-vindkraft-paa-land/fugl/>

rauntímavöktun sem greinir fugla í áhættufjarlægð og slekkur á einstökum hverflum þegar hætta á áflugi er komin yfir ákveðin mörk væri raunhæfur valkostur.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að innan framkvæmdarsvæðisins votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að koma fram að samkvæmt 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Í 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð segir að á bls. 201 að í tilfelli þessa verkefnis er brýn nauðsyn talin tengjast þörfinni til að auka við endurnýjanlega orkukosti á Vesturlandi og styrkja í kjölfarið þanþol orkukerfisins.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Umhverfisstofnun metur áhrif á votlendi nokkuð neikvæð þar sem rask verður á votlendi við gerð undirstaðna og vegna vegagerðar. Umhverfisstofnun tekur fram að í umhverfismatsskýrslu sé hægt að setja frekari skilyrði um mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis og votlendisgróðurs innan eða á jaðri svæðisins og endurheimt votlendis að framkvæmdatíma liðnum.

Loftslagsmál og líffræðilegur fjölbreytileiki

Í greinargerð er fjallað um aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040. Auk þess er fjallað um uppfærða útgáfu sem kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2040.

Umhverfisstofnun bendir á að aðgerðaráætlunin var uppfærð árið 2024 og væri réttara að vísa til hennar í umhverfismatsskýrslu.

Veðurfarskaflinn leggur mesta áherslu á loftlagsbreytingar, og eru í þar tilvísanir í efni frá árunum 2012-2018. Ef ræða á loftlagsbreytingar væri eðlilegra að vísa í nýjustu skýrslu Vísindanefndar um loftlagsbreytingar (2023), (rwww.loftslagsbreytingar.is). Setja má spurningarmerki við áherslu á loftlagsbreytingar en ekki veðurfar þar sem vindmyllur hafa fremur stuttan líftíma. Að auki er varla hægt að ræða loftlagsbreytingar án þess að setja þær í samhengi við núverandi veðurfar. Mögulega má velta fyrir sér hvort áhrif hlýnunar kynni að valda því að meira af úrkomu að vetri félli sem slydda fremur en snjór og hvort að það kynni að valda meiri ísingarhættu.

Í kafla 6.1.3 sendur: “Loftslagsspár sýna út frá þróun 21. aldarinnar á Íslandi að það stefnir í hlýrri og þurrari vetur með aukinni tíðni og styrk öfgaveðurs”. Svipuð setning er í kafla 6.1.3.3. Þetta er ekki rétt túlkun. Eins og kemur fram í skýrslu Vísindanefndar um loftlagsbreytingar (2023) þá hefur árstíðasveifla úrkomu “tilhneigingu til að breytast á þann veg að úrkoma aukist mest á haustmánuðum en minnst fyrstu mánuði ársins”, kafla 3.2.4.

Kafla 6.1.3.1 ætti eingöngu að fjalla um vind, ekki vindorku enda er vindorka ekki hluti af veðurfari.

Kafla 6.1.3.3 fjallar ekki um úrkomu á svæðinu heldur eingöngu hvernig úrkoma á Íslandi kunni að breytast með loftlagsbreytingum.

Kafla 6.1.3.4 á ekki heima undir yfiraflanum 6.1.3, Veðurfar.

Í kafla 6.1.8.3 er rætt um meðalársúrkomu á svæðinu sem og snjóalög. Þessar upplýsingar heyra undir veðurfarskaflann.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Samgöngustofa vill koma á framfæri að mikilvægi þess farið sé að kröfum laga um loftferðir og reglugerða settum með stoð í þeim, m.a. vegna hugsanlegra hindrana í aðflugsleiðum, merkingu og lýsingu hindrana. Sérstaklega er bent á 186. gr. 1.mgr. loftferðalaga.

Samgöngustofa vekur athygli að 150. gr. 2. mgr. loftferðalaga " Samgöngustofu er heimilt að krefjast þess að hindranir utan svæðis sem skipulagsreglur flugvallar taka yfir sem vegna hæðar eða annarra eiginleika teljast hættulegar flugumferð séu fjarlægðar eða ef við á merktar í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur"

Höfundur: Sigurjón Hreinsson

Sent inn þann: 02.09.2024 , **Fyrir hönd:** Samgöngustofa

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Laxá í Dölum er þekkt laxveiðiá sem er í nágrenni við fyrirhugaðan vindorkugarð. Önnur veiðivötn á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda eru: Gullhamravatn, Selvötn, Laxárvatn, Hólmavatn, Reykjadalur og Eyvindará. Fjallað er um hugsanleg áhrif framkvæmda við byggingu vindmylla og reksturs á lífríki í vatni í fram lagðri umhverfismatsskýrslu.

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir hugsanlegum beinum áhrifum vegna framkvæmda á lífríki í vatni. Eru þau metin staðbundin og tímabundin á framkvæmdatíma. Gerð er grein fyrir mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Fram kemur: „Með fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum verða áhrif á búsvæði í vatni lágmörkuð eins og unnt er, sem leiðir til minni áhrifa á fiska og dýralíf í vatni.“ Fiskistofa telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir mögulegum beinum áhrifum framkvæmda á lífríki í vatni og gerir ekki athugasemd við fram lagða umhverfismatsskýrslu hvað það varðar.

Í umhverfismatsskýrslunni er einnig umfjöllun um hugsanleg áhrif reksturs vindmylla á lífríki fiska. Bent er á að titringur og skuggaflökt geti haft truflandi áhrif, en að gert sé ráð fyrir því að lax venjist sjónrænum áhrifum. Ekki er vísað til rannsókna eða gagna því til stuðnings en vísað til þess að ekki hafi fundist raungögn eða reynslugögn sem sýndu áhrif skuggaflökts á laxfiska. Niðurstaða skýrslunnar er að umfang áhrifa verði hverfandi og áhrifin talin vera óveruleg. Fiskistofa telur þá ályktun byggja á veikum grunni. Ef ekki liggja fyrir rannsóknarniðurstöður sem styrkja þessa ályktun bendir Fiskistofa á að greint verði frá því að óvissa sé um möguleg áhrif.

Jafnframt bendir Fiskistofa á að rekstur vinmylla kann að hafa áhrif á upplifun veiðimanna við Laxá í Dölum, eins og fjallað er um í umhverfismatsskýrslunni, og telur rétt að hugað verði að betur að því. Víkið er að því að vindmyllur geti blasað við veiðimönnum en ekki því hvort hljóð, skuggavarp eða titringur muni geta haft áhrif á upplifun. Fiskistofa bendir á að athygli viðkomandi veiðifélags verði vakin á áformunum og félaginu boðið að veita umsögn vegna áformanna, hafi það ekki verið gert.

Framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sjá nánar: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Höfundur: Guðni Magnús Eiríksson

Sent inn þann: 01.08.2024, **Fyrir hönd:** Fiskistofa



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105Reykjavík

Stykkishólmur, 6. ágúst 2024
MÍ202408-0020/ 6.07 / M.A.S.

Efni: Dalabyggð. Vindorkugarðurinn Sólheimar, nr. 0852/2024: Kynning umhverfismatsskýrslu (Mat á umhverfisáhrifum)

Skipulagsstofnun óskaði, með tölvupósti 2. júlí 2024, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um kynningu á umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs í landi Sólheima í Dalabyggð, nr. 0852/2024.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Qair Iceland áformar að reisa 209 MW vindorkugarð með 29 vindmyllum sem verða allt að 200 m á hæð í landi Sólheima í Dalabyggð. Framkvæmdasvæðið er á 3.208 hektara landi á eystri mörkum sveitarfélagsins Dalabyggðar. Fyrirhugaður vindorkugarður verður þróaður í tveimur áföngum. Fyrri áfangi framkvæmdarinnar (áfangi 1) mun samanstanda af um 21 vindmyllu, með uppsett afl 151 MW. Annar áfangi (áfangi 2) mun samanstanda af um átta vindmyllum til viðbótar, með uppsettu afli upp á 58 MW. Áfangi 1 mun tengjast Glerárskógalínu 1 og fullnýta flutningsgetu hennar. Áfangi 2, auk þess sem eftir mun standa af áfanga 1, mun tengjast tengivirkinu í Hrútatungu, en verður í biðstöðu þar til næg flutningsgeta næst í flutningskerfinu. Eftir uppbyggingu beggja áfanga mun framkvæmdin samanstanda af 29 vindmyllum með uppsettu afli upp á u.þ.b. 209 MW. Aðrir efnispættir framkvæmdarinnar fela í sér jarðstrengjanet, vegakerfi innan framkvæmdasvæðis og aðkomuveg að framkvæmdasvæði, tengivirki og viðeigandi mannvirki sem tengjast framkvæmdum og rekstri.

Fjallað er um menningarminjar í köflum 6.5 og 7.15 í umhverfismatsskýrslu. Þar segir að vettvangskannanir hafi farið fram á athugunarsvæði verkefnisins, framkvæmdar af Fornleifastofnun Íslands yfir tvö tímabil að hausti 2019 og 2021. Markmið þessara rannsókna var að bera kennsl á allar fornleifar og menningarminjar sem gætu orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum vegna verkefnisins og lýsa eðli þeirra, umfangi og viðkvæmni. Til að setja

athugunarsvæðið í sögulegt og fornleifafræðilegt samhengi var 2 km áhrifasvæði út frá fyrirhuguðum mannvirkjum kannað og upplýsingum safnað um þekktar menningarminjar og staði. Athugunarsvæði vettvangskonunnar fyrir menningarminjar, sem gerð er til að tryggja að allir staðir séu kannaðir sem geta orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum, er skilgreint sem svæðið undir fyrirhuguð mannvirki, ásamt 100 m jaðarsvæði umhverfis þau. Við mat á grunnástandi fornleifa og menningarminja voru sex minjar metnar mikið viðkvæmar, sem allar eru vörður, og 22 minjar miðlungs viðkvæmar, þær eru: 17 vörður; 1 garðlag; 2 haugar; 1 rúst; og 1 tóft. 13 menningarminjar voru metnar lítið viðkvæmar, þær eru: 1 haugur; 4 slóðir; 1 örnefni; 2 árþveranir; 3 leiðir/samgönguleiðir; og 2 ritaðar heimildir.

Í umhverfismatsskýrslu eru útlínur og staðsetningu fornleifar sýndar á loftmynd/korti ásamt útlínunum mannvirkja sem fyrirhugað er að reisa. Þannig koma áhrif mannvirkja á fornleifar skýrt fram. Einnig er fjallað um fornleifar á svæðinu og áhrif framkvæmdarinnar á þær og gert grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum vegna fornleifa.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Mínjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Mínjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Mínjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Mínjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnsvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnsvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnsvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

2407035 - Umsagnarbeiðni um vindorkugarðinn Sólheimar.

Vindorkugarðurinn Sólheimar, nr. 0852/2024: Kynning umhverfismatsskýrslu (Mat á umhverfisáhrifum).

Qair Iceland áformar að reisa 209 MW vindorkugarð með 29 vindmyllum sem verða allt að 200 m á hæð í landi Sólheima í Dalabyggð.

Umhverfismat á áhrifum á landslag og ásýnd fyrir vindorkugarðinn Sólheima sýnir að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa veruleg áhrif á landslag og sjónræna ásýnd í Húnaþingi vestra, sérstaklega í nágrenni við Hrútafjörð, Miðfjörð og á lágheiðum. Sjónræn áhrif verða mikil við ákveðnar sjónlínur þar sem vindmyllurnar yrðu sýnilegar.

Það er jákvætt að matið tekur til ýmissa sjónarhorna og veitir innsýn í möguleg áhrif á bæði nær- og fjarlægðarsýn. Þetta hjálpar til við að skilja hvernig framkvæmdin mun hafa áhrif á mismunandi hluta svæðisins og hversu mikil þau áhrif kunna að vera.

Viðfangsefni matsins er að meta neikvæð áhrif og koma með raunhæfar tillögur um mótvægisáðgerðir.

Á heildina litið er umhverfismatið fyrir vindorkugarðinn Sólheima gott og veitir mikilvægar upplýsingar fyrir hagsmunaaðila.

Afgreiðslan var staðfest á 1220. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 8. ágúst 2024.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Matsáætlun fyrir vindorkugarðinn Sólheimar var tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar nr. 255 þann 15. ágúst 2024 og eftirfarandi bókað:

Inngangur:

Afgreiðsla 67. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við matsáætlunar fyrir vindorkugarðinn Sólheimar og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Nefndin leggur áherslu á að gætt sé að umferðaröryggi og að frágangur sé til fyrirmyndar. Samþykkt samhljóða." Málinu fylgir umhverfismatsskýrsla, uppdrættir og viðaukar. Umhverfismatsskýrslan er lögð fyrir fundin, hin gögnin eru aðgengileg í skipulagsgátt og er málið nr. 852/2024.

Niðurstaða:

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við matsáætlunar fyrir vindorkugarðinn Sólheimar.

Samþykkt með 8 atkvæðum (DS,ÞB,EMJ,SÓ,GLE,BB,REJ,SG)

Einn fulltrúi situr hjá (TDH)

Höfundur: Þóra Margrét Júlíusdóttir

Sent inn þann: 16.08.2024 , **Fyrir hönd:** Borgarbyggð

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Sími 433 8500

Kt. 630606-1950

29. ágúst 2024

2407028

Vindorkugarðurinn Sólheimar- Umsagnarbeiðni.

Á 40. fundi umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar-, og landbúnaðarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann 21.8.2024 var gerð eftirfarandi bókun:

Erindi dags. 2. júlí 2024 frá Skipulagsstofnun.

Óskað er eftir umsögn Hvalfjarðarsveitar vegna kynningar umhverfismatsskýrslu (Mats á umhverfisáhrifum) vegna Vindorkugarðsins Sólheimum nr. 0852/2024 en málið er til kynningar í Skipulagsgátt.

Qair Iceland áformar að reisa 209 MW vindorkugarð með 29 vindmyllum sem verða allt að 200 m á hæð. Staðsetning er á Laxárdalsheiði í Dalabyggð. Kynningartími er frá 2.7.2024 til 3.9.2024.

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við umhverfismatið en vill benda á samlegðaráhrif vegna áforma um aðra vindorkugarða á Norðvesturlandi svo sem við Garpsdal, Hróðnýjarstaði, Grjótháls, Múla, Tjörn á Vatnsnesi og fl.

Nefnin bendir jafnframt á að uppskipun og flutningur vindmylluspaða um Grundartangahöfn og Þjóðvegakerfið upp á Laxárdalsheiði er úrlausnarefni framkvæmdaraðila í nánú samstarfi við Grundartangahöfn og Vegagerð og eftir atvikum lögreglu, en hefur ekki áhrif á skipulagsmál sveitarfélags að því að best verður séð. Um er að ræða aukinn flutning á framkvæmdatíma sem mun hafa tímabundin áhrif á aðliggjandi svæði og aðra vegfarendur. Nefndin telur hins vegar að aðstæður í Grundartangahöfn séu góðar en vill þó beina því til framkvæmdaraðila að leitast verði við að tímasetning flutninga verði þannig að þeir hafi sem minnst áhrif á aðra vegfarendur. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

Á 404. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **28.8.2024** var tekið fyrir mál

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir og staðfestir bókun nefndarinnar."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Jökull Helgason

Deildarstjóri Umhverfis- og skipulagsdeildar Hvalfjarðarsveitar
skipulag@hvalfjardarsveit.is

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Akranesi 6.júlí 2024

Það sem ekki er sagt í þessari skýrslu.

Fyrst er rétt að tíunda nokkur atriði er ekki koma fram í skýrslunni. Það er þó ekki tæmandi listi, fjarri því. Ekki kemur fram hver eða hvernig orkan á að nýttast, einungis að hún skal keyrð inn á net Landsnets. Þarna er um að ræða virkjun með uppsett afl upp á 209 MW. Það segir að það magn af orku fer þá inn á netið þegar vindur blæs. Engin orka skilar sér hins vegar þegar lygnir. Þetta mun valda sveiflum á kerfinu sem ekki er gert ráð fyrir að vindorkuverið þurfi að brúa. Enginn kaupir slíka orku og ef Landsvirkjun er ætlað að taka á sig sveiflurnar er ljóst að rekstur virkjana þess verður óhagkvæmari og orkuverð muni hækka. Til samanburðar má nefna að Hrauneyjarfossstöð er með uppsett afl upp á 210MW og samanlagt er uppsett afl Írafossstöðvar, Laxárvirkjana 1, 2 og 3, Ljósafossvirkjunar, Steingrímsstöðvar og Vatnsfellsstöðvar 206,5MW. Þarna er því um mikla orku að ræða sem þetta eina vindorkuver getur framleitt þegar vindur blæs en ekkert ef lygnir. Þá sveiflu telja aðstandendur þessa orkuvers sig ekki bera ábyrgð á eða þurfa að jafna.

Nokkuð er rætt um hugsanlega mengun frá orkuverinu. Þó er ekki minnst einum staf á þá tvo mengunarþætti er alvarlegastir eru, örplastmengun og slepping á sf6 gasi. Örplastmengun frá vindtúrbínunum er þekkt vandamál og alvarlegt. Trefjaplastið þolir illa þá áraun er verður á spöðum þeirra, ekki síst við erfiðari veðuraðstæður eins og hér eru. Því slitna þeir hratt, talið gott ef þeir duga einn áratug, eða innan við helming endingartíma túrbínuna. Þetta er staðreynd sem ekki hefur enn verið fundin lausn á.

Straumrofar eru kældir og einangraðir með sf6 gasi. Við hverja opnun eða lokun þeirra sleppur örlítið af þessu gasi út í andrúmsloftið. Þetta kemur lítið að sök í vatnsaflsvirkjunum, þar sem framleiðsla er stöðug, en er vandamál varðandi vindorkuver. Þar er sífellt verið að opna og loka þessum rofum, eftir því hvernig vindur blæs. Í norðanverðu Þýskalandi, þar sem vindorkuver hafa sprottið upp í miklu mæli, er þegar farið að mælast hækkun á sf6 gasi í andrúmsloftinu. Sf6 gas eða sulfú hexafluoride, er litlaust og lyktarlaust gas sem hefur þann eiginleika að vera einstaklega treg- eða óbrennanlegt. Áhrif þess á andrúmsloftið er 23500 sinnum öflugra en CO2.

Bruni í vindtúrbínu er mál sem erfitt er að taka á. Auðvitað kviknar í vindtúrbínunum, þó við verðum að vona að algengi þess sé ekki jafn svakalegt og hingað til á Íslandi, þar sem ein af hverjum fjörum hafa brunnið. En engu að síður kviknar í þeim. Hjá því verður ekki komist. Þegar slíkt gerist er lítið annað hægt að gera en horfa á úr fjarska og vona að enginn hafi verið staddur uppi í rafalhúsinu er eldurinn kviknaði. Til þessa hafa afleiðingar slíkra bruna verið litlir, aðrir en tap vindorkuversins. Nú er hins vegar farið að vakna spurningar um hvað verður um mengunina, þó einkum eðli hennar, frá slíkum brunum. Þegar trefjaplast brennur verður mikil mengun af glertrefjum. Þessar glertrefjar fjúka með vindinum langar leiðir og lenda að lokum í vistkerfinu. Fyrst í grasinu og síðan þeim skepnum er lifa á því. Nýlega kom upp slíkur bruni í vindtúrbínu í Bandaríkjunum. Bann var lagt á beit skepna á stóru svæði og öll jarðvinnsla og nýting lands bönnuð. Bændur máttu ekki hirða tún sín. Erfitt eða útilokað er að

hreinsa glertrefjar af jörðu og enginn veit hversu langan tíma tekur að losna við þá óværu. Getur tekið aratugi. Á meðan er enginn búskapur á svæði er mengast af þessum sökum. Þá er talið að brunnar glertrefjar séu nánast eins og asbest hvað mannskepnuna varðar, krabbameinsvaldandi.

Skautun.

Það er víða sem hægt er að nefna svokallaða skautun í þessari skýrslu, þar sem sannleikanum er hliðrað eða jafnvel tilraunir til að fela hann. Lítið gert úr því sem ekki hentar en því meira úr því sem "fallegt" er. Og svo eru beinlínis rangfærslur í þessari skýrslu, viljandi eða óviljandi.

Fyrir það fyrsta þá fer framkvæmdarsvæðið yfir sveitarfélagsmörk, samkvæmt öllum kortum er eru í skýrslunni. Nær yfir í Húnaþing vestra. Á einu korti er að auki áhrifasvæðið bæði út fyrir sveitarfélagsmörk sem og framkvæmdamörk. Nú er það svo að Sólheimar eru austasti bær í Laxárdal í Döllum. Jörðin liggur að sveitarfélagsmörkum og bæjunum Laxárdal og Bæ 1 og 2 í Húnaþingi vestra. Eins og áður segir liggur athafnasvæðið og að hluta einnig áhrifasvæðið austur yfir sveitarfélagsmörkin, eða yfir í land Laxárdals og Bæ 1 og 2. Ekkert samráð hefur verið haft við eigendur þessara jarða, einungis einn lélegur fundur, snemma á ferlinu, haldinn til kynningar í nágrennasveitarfélaginu. Samkvæmt byggingareglugerð skal ávallt fá samþykki næstu nágrenna fyrir framkvæmdum. Einu undantekningarnar frá þeirri reglu eru ef girt er á lóða eða landamörkum og girðing er innanvið 180 cm á hæð og ef byggt er svokallað garðhús að hámarki 250cm hátt og er fjær landamerkjum en 3 metrar. Þá þarf ekki slíkt skriflegt leifi. Því er með ólíkindum að hægt skuli vera að byggja fjölda af vindtúrbínum, 200 metra háum, staðsettum nánast á landamerkjum, án samráðs eða samþykkis nágrenna! Það er vandséð að þetta geti staðist lög!

Qair ætlar, samkvæmt skýrslunni, að notast við vindtúrbínur frá fyrirtækinu Vestas, type 162 7,2. Ef farið er inn á heimasíðu þess fyrirtækis er hægt að nálgast allar upplýsingar um þær túrbínur er þeir framleiða, einnig þessa gerð. Þar kemur fram að hávaði frá túrbínunni er sagður vera 105,5 dB, eða svipaður og þegar þyrlla flýgur hjá. Þyrllan flýgur burtu en allar 29 túrbínur vindorkuversins á Laxárdalsheiðinni munu vera fastar þar, með tilheyrandi hávaða dag sem nótt. Í skýrslunni er lítið gert úr þessari mengun, miðað við hvernig heyrast muni í 7 km fjarlægð. Sjálfsagt heyrast þar mun minna, fer þó eftir því hvort vindur blæs af túrbínunum eða ekki. Vindur ber jú hljóð, eins og flestir vita. Þetta breytir þó ekki þeirri staðreynd að á þessu svæði eru nokkur stór og öflug fjárbú sem beita fé á heiðina, enda einstaklega gott beitarlend. Hætt er við að blessaðar ærnar ærist af hávaðanum og komi sér burtum, með alvarlegum afleiðingum fyrir bændur í báðum sveitarfélugunum. Mikið fuglalíf er á svæðinu, eins og kemur fram í skýrslunni og ekki víst að fuglarnir sættist á þennan hávaða. Eitt er þó alveg víst að lítið mun heyrast af þessum hávaða til Reykjavíkur, þar sem ætlunin er að stjórnstöðin fyrir vindorkuverið á að rísa!

Allar skýringarmyndir um hæð og umfang vindtúrbínanna eru rangar. Minna gert úr hæð þeirra og umfangi en ástæða er til. Sem dæmi er mynd sem eignuð er Qair og sýna á stærð vindtúrbínanna miðað við annars vegar Hallgrímskirkjuturn og hins vegar Effeltturnin. Ef við gefum okkur að Hallgrímsturninn sé í réttri hæð á myndinni, 75 metra hár er ljóst að vindtúrbínan sem á að vera 200 metra há er á þeirri mynd ekki

nema 117 metra há og Effeltturninn sem á að vera 300 metra hár hefur lækkað nokkuð verulega, eða niður í 188 metra hæð. Ekki viss um að frökkum myndi líka það. Þetta er einungis eitt dæmi um fölsunina og því spurning hversu mikið er að marka skýrsluna í heild. Ef ekki er hægt að gera eina skýringarmynd í réttum hlutföllum er varla hægt að treysta því að önnur atriði séu samkvæmt raunveruleikanum eða sannleikanum!

Reynt er að gera minna úr undirstöðum en tilefni er til. Gefið í skyn að magn steypu geti verið misjafnt og jafnvel tiltölulega lítið. Undir vindtúrbínu af þeirri stærð er hér um ræðir þarf að minnsta kosti um 1000m³ af steypu, einungis til að halda túrbínunni upppi í öllum veðrum. Meira ef land liggur þannig. 1000m³ er um 2500 tonn, bara undir eina túrbínu. Það gerir 72500 tonn af steypu, plús steypu undir spennahús og stjórnhús. Það verða þá á fimmta þúsund steypubíla sem þurfa að aka um 55km aðra leiðina, 110km í hverri ferð.

Þá er gert ráð fyrir svokölluðum óvenjulegum hlössum, þ.e. hlöss sem ekki rúmast innan umferðarlaga vegna þyngdar eða stærðar. Sagt að 319 ferðir með slíkan farm muni þurfa til. Þarna er þó skekkja. Skýrsluhöfundar gera ráð fyrir að turn túrbínunnar sé fluttur í heilu lagi á staðinn. Það er með öllu útilokað. Spaðarnir eru 81 metri að lengd og eðli málsins samkvæmt verða þeir ekki fluttir öðruvísi en í heilu og þykir nokkuð afrek. 80 metrar eru eins og 6,66 40 feta gámar, enda í enda. Turninn er hins vegar bæði mun lengri, eða 162 metrar, helmingi lengri en spaðinn og að auki margfalt þyngri. Hann verður því klárlega fluttur í pörtum. Hins vegar mætti svo sem parta hann svo mikið niður að flutningurinn teldist löglegur. Það yrðu þá ansi margar ferðir. Vaninn er hins vegar að taka turninn niður í einingar, eins fáar og frekast er hægt og flytja þannig, sem ólöglegan farm.

Nokkuð er rætt um fuglalífið í skýrslunni enda fuglalífið á svæðinu bæði fjölbreytt og mikið. Það sem er kannski athyglisverðast eru ratsjarmælingar af flugi fuglanna. Greinilegt er að mesta flug þeirra er einmitt þar sem ætlunin er að reisa vindtúrbínurnar, minna þar á milli. Örninn sker sig þarna nokkuð úr en hans flug er mest við túrbínur eitt til sex, eða nyrstu og austustu túrbínurnar. Þetta kemur ekki á óvart, enda arnarhreiður þar í grennd. Lítið er gert úr áhrifum vindorkuversins á fuglalíf, þó vissulega það muni verða all verulegt.

Ferðaþjónusta er töluverð á svæðinu, í báðum sveitarfélugum og víst að hún mun að mestu leggjast af. Mikil umferð ferðafólks er bæði um Dalina sem og vestanverðan Hrútafjörð, enda einu landleiðirnar á vestfirði um þá vegi. Þá er mikil umferð ferðafólks um austanverðan Hrútafjörð. Þar liggur leiðin milli norður og suðurlands. Sjónmengun frá vindorkuverinu mun hafa veruleg áhrif á upplifun ferðafólks um alla þessa vegi, ekki kannski jákvæð. Erlendir ferðamenn koma ekki hingað til lands til að sjá vindorkuver. Þeir koma til að njóta óspilltrar náttúru.

Lokaorð.

Vindorkan er með þeim takmörkunum að einungis er hægt að framleiða þar orku þegar vindur blæs. Þess á milli getur framleiðslan farið í núllið. Til að jafna sveiflur frá vindorkunni þarf eitthvað annað, einhverja aðra orkugjafa. Hjá okkur er það vatnsorkan. **Ef við tökum úr almenntri virkni vatnsorkuver til að vega á móti vindorkunni er ljóst að enginn aukning hefur orðið á raforkuframleiðslu hjá okkur, einungis eðlisbreyting til hins verra.** Þá þurfum við að hafa vatnsorkuver sem ekkert framleiðir meðan vindur blæs,

svo vindorkuverið geti selt sína framleiðslu, en kemur svo inn þegar lygnir svo neytendur verði ekki fyrir skakkaföllum. Er þá ekki betra að vera einungis með vatnsorkuverið og hlífa náttúrunni.

Vindorkuver er fjarri því að geta talist hreinorkuver. Er mun nær kolaorku en vatnsorku hvað mengun varðar. Og þá er einungis verið að tala um mengun, ekki áhrifin á dýralífið, sem eru verulega neikvæð. Að byggja vindorkuver þar sem blómlegur landbúnaður er stundaður er svo aftur einhver mesta glópska sem þekkist. Að gera landbúnaðarhéruð með blómlegum landbúnaði nánast óbúanleg. Jafnvel leggja þau í eyði. Hin viðkvæma ferðaþjónusta, sem virðist eiga erfitt við flestar aðstæður, mun alls ekki lifa af vindorkuver í bakgarðinum.

Hvernig framkoman við landeigendur umhverfis fyrirhugað vindorkuver á Laxárdalsheiðinni, er svo sér kapituli. **Þar er sveitarstjórn Dalabyggðar ekki til fyrirmyndar eða sóma!!**

Höfundur: Gunnar Þór Heiðarsson

Sent inn þann: 07.07.2024

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Umsögn Ófeigar

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 01.08.2024

Viðhengi:

- 2.1.Umsögn_Sólheimar_vindorkuver.docx.pdf
- 2.2.ERM assessment WRi.docx
- 2.3.WildlifeResearchInstititeTalladh-a-Bheithe Wind Farm Proposa.pdf

Reykjavík, 1. ágúst 2024.

VINDORKUVER Á LAXÁRDALSHEIÐI umsögn ÓFEIGAR um óbyggð víðerni í umhverfismati ERM fyrir Qair

ÓFEIG, almannahagsmunafélag stofnað 2018 sem starfar einkum á sviði óbyggðra víðerna og þá sér í lagi kortlagningar þeirra, vill gjarna koma á framfæri við Skipulagsstofnun, í samræmi við 23. gr. laga nr. 111/2021, nokkuð alvarlegum athugasemdum um það hve umhverfismatsskýrsla unnin af Environmental Resources Management fyrir Qair er miklum annmörkum háð að því er varðar:

- að **bera kennsl** á þau **óbyggðu víðerni** sem nú eru til staðar, eins og túlka verður það hugtak í samræmi við löggjafarviljann eftir gildistöku laga nr. 60/2013 í nóvember 2015 og síðari breytingalaga, og
- að leggja mat á hver **skerðing** víðerna myndi verða af fyrirhuguðum vindorkuverum á Laxárdalsheiði.

Aðferðafræði umhverfismatsskýrslu hvað varðar óbyggð víðerni er að mati samtakanna algerlega óviðunandi miðað við tilefnið. ÓFEIG óskaði eftir minnisblaði Wildland Research Institute um skýrsluna og er það í viðhengi.

- *Laxárdalsheiði, matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar á henni*

Á www.map.is (undir Ýmis kortagögn > Víðernakort) má sjá að stórt kjarnasvæði óbyggðra víðerna (blár litur) er á Laxárdalsheiði þar sem fyrirhuguð framkvæmd er. Þar kemur fram að blá eru kjarnasvæði, sem eru villtustu víðerni landsins, með örðugu aðgengi og óspilltri náttúru, laus við ummerki mannsins. Fleiri stór kjarnasvæði víðerna eru í grennd, t.d. sunnan Laxárdalsvegar, auk þess sem sjá má hjúpsvæði (græn) utan um kjarnasvæðin, sem eru víðáttumikil víðernasvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert, langt er í næstu akvegi og engin umfangsmikil mannvirki sjást nema úr mikilli fjarlægð. Við blasir að óbyggð víðerni verða að vera sérstakur þáttur umhverfismats fyrir vindorkuver á Laxárdalsheiði.

Í matsáætlun og áliti Skipulagsstofnunar, sem hvorutveggja komu fram á árinu 2020, var þrátt fyrir þetta ekkert minnst á óbyggð víðerni. Á þeim tíma höfðu lög nr. 60/2013 þó verið í gildi um árabíl og svo var einnig um fyrstu landsskipulagsstefnu Íslands, sem afmarkaðist við miðhálandið, svo sem rakið var einnig í málsmæðferð fyrsta og eina vindorkuversins á Íslandi sem farið hefur í gengum ferli umhverfismats til þess, Búrfellslundar, sem verður vikið að síðar í umsögn.

Laxárdalsheiði telst víðerni utan miðhálandis. Stjórnsýsluframkvæmd Skipulagsstofnunar hefur verið að vísa um viðmið varðandi óbyggð víðerni til stefnunnar sem samþykkt var 2016, einnig utan miðhálandis, sjá m.a. ítarlega umfjöllun í áliti Skipulagsstofnunar í umhverfismati virkjunarframkvæmdar á Drangajökulsvíðernum 2017, og það þrátt fyrir að í matsáætlun í því máli og ákvörðun um hana 2015 hafi

víðerni ekki verið nefnd á nafn, ekki frekar en um vindorkuverið kennt við Sólheima sem hér er til umsagnar.

Í maí 2024 samþykkti Alþingi svo nýja landsskipulagsstefnu sem leysti hina eldri af hólmi, sem og aðgerðaráætlun til fimm ára þar sem vernd óbyggðra víðerna kemur við sögu. Stefnan gildir fyrir landið allt.

Álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun um vindorkuver kennt við Sólheima er orðið nærri fjögurra ára gamalt, dagsett 17. september 2020 og líkt og áður segir var þar ekki vikið að óbyggðum víðernum. Í álitum sínum á matsáætlunum vindorkuvera sem síðar eru komin í umhverfismatsferli hefur Skipulagsstofnun þó ávallt lagt áherslu á mat á áhrifum á óbyggð víðerni, sbr. Múlavirkjun, sem sami aðili stendur að og stendur að virkjun á Laxárdalsheiði þar sem segir í álitu:

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir óbyggðum víðernum á áhrifasvæði vindorkuversins og meta áhrif framkvæmdarinnar á þau, þ.m.t. upplifunargildi.

Í álitu stofnunarinnar um matsáætlun annars framkvæmdaraðila um vindorkuver kennt við Brekku er svo sérstakur kafli sem ber heitið *Óbyggð víðerni*, þar sem stofnunin gerir rækilega grein fyrir sjónarmiðum um mat á óbyggðum víðernum í sambandi við vindorkuver.

Það sama á við um álit Skipulagsstofnunar frá júní í fyrra í máli sama framkvæmdaraðila og stendur að umhverfismati því sem hér er til umsagnar, Qair, sem hugðist þá heldur ekki leggja mat á óbyggð víðerni; í umhverfismati vindorkuvers að Grímsstöðum í Meðallandi. Skipulagsstofnun var á öndverðri skoðun.

Í álitu Skipulagsstofnunar á matsáætlun annars framkvæmdaraðila vindorkuvers á Fljótsdalsheiði, Klausturseli, kemur það sama fram og það á einnig við um nýjasta álituð, sem er frá liðnum mánuði, um áform um orkuver kennt við Grjótháls við Holtavörðuheiði. Í öllum síðustu álitum hefur m.a. verið vísað á ritrýnda grein í alþjóðlega tímaritinu Land undir yfirskriftinni „*New Approaches to Modelling Wilderness Quality in Iceland*“. Víðernakortlagningu skv. þeirri alþjóðlega viðurkenndu aðferðarfræði er finna má á map.is og áður er lýst.

ÓFEIG telur af framansögðu alveg ljóst að í umhverfismati ERM fyrir Qair þarf að vera fullburða mat á óbyggðum víðernum; bæði lýsing á grunnástandi, miðað við gildandi löggjöf, og ætlaða skerðingu þess. Ella hefur umhverfismat ekki farið fram.

- *Engin vísun í það lagalega verndarmarkmið að standa vörð um óbyggð víðerni*

Það er lykilatriði í áhrifamati fyrir vindorkuver á Íslandi, að fyrir liggi hvort og þá hve mikið þau muni skerða þau óbyggðu víðerni sem fyrir eru; á svæðis- og landsvísu, enda er það að standa vörð um óbyggð víðerni eitt verndarmarkmiða laga nr. 60/2013, sbr. e-liður 3. gr. laganna. Umhverfismatsskýrsla ERM og viðaukar hennar nefna þó aldrei á nafn þetta verndarmarkmið laganna, og sýnist vankunnáttu um íslenska löggjöf um að kenna.

- *Óbyggð víðerni eru ekki sérstaklega metin í umhverfismatsskýrslu og ekki byggt á gildandi lögum*

Í umhverfismatsskýrslunni virðist byggt á því að óbyggð víðerni séu ekki annað og meira en þáttur í landslagi og hin 301 blaðsíðna skýrsla hefur ekki að geyma neitt sérstakt mat á óbyggðum víðernum og skerðingu þeirra. Óbyggð víðerni virðast einungis vera notuð til að meta *gildi landslagsheilda*. Sú aðferð er ekki viðurkennd í stjórnsýsluframkvæmd á Íslandi, líkt og dregið er á í umsögn þessari. Í Töflu 6-16 í

umhverfismatsskýrslu eru listuð það sem sögð eru óbyggð víðerni innan rannsóknarsvæðis, án tilvísunar í réttan lagatexta, án tilvísunar til verndarmarkmiða 3. gr. náttúruverndarlaga eða byggt á vísindalegum grunni sbr. 8. gr. laganna hvað þá tilvísun nýjustu lögskýringargagna um mikilvægi alþjóðlega viðurkenndrar aðferðarfræði, sbr. breytingalög nr. 43/2020, 6. gr.

Á Mynd 6-47 á bls. 162 í skýrslunni eru sýnd víðernasvæði sem ekki eiga við rök að styðjast, svo sem rakið verður, og þau svæðin sögð vera grunnástand. Í kafla 6.6.4 í skýrslunni er rangur texti birtur af skilgreiningu óbyggðra víðerna í lögum, og ekki tekið tillit til breytingalaga nr. 6/2021 sem breyttu 19. tölulið 5. gr. þeirra. Nánar verður fjallað um þetta í kaflanum sem hér fer á eftir.

Sjöundi kafli skýrslunnar hefur að geyma sjálft matið á áhrifum framkvæmdar. Í kafla 7.13 er hinsvegar látið við það sitja að vísa til Viðauka F, sem fjallar um landslagsgreiningu. Sá viðauki er um landslag, en leggur ekkert mat á óbyggð víðerni sem slík.

Eins og fyrr er vikið að, hefur umhverfismat vindorkuvers ekki farið fram á Íslandi nema á Búrfellslundi, en matsáætlun hans er orðin 10 ára gömul. Þrátt fyrir að ákvörðun um matsáætlun fyrir þá framkvæmd skv. þágildandi lögum um umhverfismat framkvæmda hafi átt sér stað fyrir gildistöku núgildandi náttúruverndarlaga, þá setti Skipulagsstofnun í áliti sínu fram viðmið, eftir gildistöku laga nr. 60/2013, sem eru í fullu gildi, m.a. sjá bls. 18 í áliti stofnunarinnar þar sem alveg ljóst er að ætluð „rýrnun víðerna“ þarf að koma fram í umhverfismati, og það sama á við um víðerni utan sem innan miðhálendis enda njóta víðerni sömu verndar að lögum innan sem utan þess:

Víðerni

Í nýjum náttúruverndarlögum eru sett fram verndarmarkmið um landslag og víðerni, þar sem m.a. er stefnt að varðveislu landslags sem er sérstætt eða sérstaklega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis, auk þess sem standa skal vörð um óbyggð víðerni landsins.

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem Alþingi samþykkti í mars 2016, skal sérkennum hálendisins og náttúrugæðum viðhaldið meðal annars með verndun víðerna og landslagsheilda. Meiriháttar mannvirkjagerð skal beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálendisins. Við **umhverfismat framkvæmda** á miðhálendinu skal lagt mat á áhrif framkvæmda á víðerni og **hve mikil rýrnun**, eða eftir atvikum endurheimt, verður á víðernum. (okkar áherslubreyting)

Samkvæmt stjórnsýsluframkvæmd er þannig ljóst, að í umhverfismat vindorkuvera þarf að leggja mat á hver áhrif þeirra yrðu á víðerni, og þess er krafist að áhrifin séu *mælanleg*.

- Nánar um framsetningu óbyggðra víðerna í Viðauka F

Í Viðauka F er gengið út frá því í töflu F5-2 á bls. 15 til 16 að um sé að ræða sex tiltekin víðernasvæði, sem við fyrstu sýn virðast fundin upp í ranni ERM, því þau vísa ekki til neinnar heimildar eða viðmiðunar eða neins konar vísindalegra gagna.

Í undirkafla 4.2 í Viðauka F er á bls. 15 sagt að skilgreining sem notuð sé hafi verið gefin út af Háskóla Íslands árið 2021. Skilgreiningin er hinsvegar í lögum, og HÍ hefur enga lagaheimild til að breyta henni. Ekki er skýrt hvað átt er við og engrar heimildar er getið í gögnunum það séð verði. Sýnast svæðin sem sýnd eru á Mynd F4 helst eiga sér samsvörun í korti sem Umhverfisstofnun gerði árið 2009 á grunni laga nr. 44/1999, en þar er um að ræða kort sem aldrei var gefið út eða gert aðgengilegt almenningi og hlaut ekki neins konar opinbera stöðu eða lagalega viðurkenningu. Kort ERM eiga sér a.m.k. enga stoð í lögum og sýnast byggð á

einföldum fjarlægðarviðmiðum frá vegum og öðrum mannvirkjun, en ekki byggja á neinum öðrum þáttum lagaskilgreiningar óbyggðra víðerna.

Framsett víðerni eru þannig ekki kortlögð í samræmi við gildandi lög, eins og þau verða skýrð með hefðbundnum lögskýringaraðferðum. Með lögum nr. 6/2021 voru lögfest ákvæði sem breyttu lögum nr. 60/2013 að því er varðar kortlagningu víðerna. Eftir gildistöku þeirra breytingarlaga er enginn vafi á því að við kortlagningu óbyggðra víðerna á Íslandi ber að miða við „alþjóðlega viðurkennda aðferðarfræði“ eins og það er orðað í lögskýringargögnum og það er af löggjafanum talið „mikilvægt“ að svo sé.¹ Ekkert er það séð verður alþjóðlega viðurkennt við það ófullkomna kort sem notast er við í Viðauka F, án neinnar tilvísunar í heimild, sjá Mynd F5 í viðaukanum.

Kaflí 4.2 í Viðauka F ber heitið Óbyggð víðerni. Þar kemur fram að mat fór ekki fram á skerðingu þeirri sem framkvæmdin hefði á óbyggðum víðernum á svæðis- eða landsvísu, heldur eru óbyggð víðerni talin vera:

„einn þeirra þátta sem gefa landslagi aukið gildi“ og

„innifalin í mat á grunnástandi landslags“.

Óbyggð víðerni hafa hinsvegar skv. íslenskum lögum og stjórnsýsluframkvæmd ekki einungis „**mikið** landslagsgildi“ eins og vísað er til í undirkafla 4.2 í Viðauka F, heldur eru þau sjálfstætt viðfang og merkingarbær langt út fyrir landslagsgildi. Það, að óbyggð víðerni eru ekki metin sjálfstætt, er eins og fyrr segir alls ekki í samræmi við íslensk lög eða venjur í umhverfismati. Í þessu felst megingalli umhverfismats ERM að því er varðar óbyggð víðerni.

Óbyggð víðerni er sérstakt verndarandlag og hafa sjálfstæða merkingu, sem hefur allt í senn líffræðilega, jarðfræðilega og samfélagslega vidd, auk táknaðs gildis. Um þetta vísast til lögskýringargagna með ákvæði 46. gr. laga nr. 60/2013, skilgreiningar IUCN og fræðilegrar umfjöllunar sbr. Cyril F. Kormos (ed.): *A Handbook on International Wilderness Law and Policy*, 2008, bls. 21. Víðernalöggjöf hefur það markmið að vernda villta náttúru, dýr og náttúruleg ferli á tilteknu svæði, vegna náttúrunnar sjálfrar og fyrir komandi kynslóðir manna, og að tryggja vistkerfi, sbr. einnig skilgreining IUCN á víðernasvæðum, lb, í þýðingu Hvítbókar um náttúruvernd (2011):

... venjulega stór land- eða hafsvæði sem eru lítt eða ekki mótuð af manninum og haldið hafa sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta. Verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra.

Hin takmarkaða umfjöllun umhverfismatsins um óbyggð víðerni sem lýst hefur verið, er óháð öllu framansögðu þar sem hún styðst við algerlega ónothæfa forsendu sem höfundur Viðauka F gefur sér, eins og henni er lýst m.a. í undirkafla 4.2 og með kortlagningu sem byggir á lágmarksfjarlægð frá uppbyggðum vegum og loftlínum (5 km) og öðrum mannvirkjum að því er virðist, 3 til 5 km eftir stærð þeirra, líkt og sýnist vera staðreyndin með þau skástrikuðu svæði sem kölluð eru óbyggð víðerni og sýnd eru á kortum á Myndum F4, F5 og F6, en þau eru ekki í samræmi við íslensk lög eins og túlka verður þau með vísan til lögskýringargagna, meðal annars að kortlagning óbyggðra víðerna verði að byggjast á alþjóðlega viðurkenndri aðferðarfræði.

¹ Sjá athugasemdir með 6. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 6/2021: „**Mikilvægt er að kortlagningin byggist á alþjóðlega viðurkenndri aðferðarfræði og að horft verði til 46. gr. laganna í því sambandi, sem fjallar um friðlýsingarflokkinn óbyggð víðerni.**“

Kafli 4.5 í Viðauka F ber heitið **Mat á áhrifum** og hefst á bls. 24. Í hinu ófullkomna mati á áhrifum að því hér varðar óbyggð víðerni, sýnist einkum vera litið til þess hvort sjálf 200 metra há mannvirkin séu innan þess sem ERM skilgreinir sem eitt sex víðernasvæða, líkt og vindorkuverin geti ekki haft áhrif á víðerni sem næst þeim liggja. A.m.k. er engin leið að greina það, t.d. af Töflu F5-6 sem nær að því er virðist yfir bls. 50 til 52 í Viðauka F, og ber heitið **Mat á óbyggðu víðerni**, hvaða raunverulegu áhrif þessi mannvirki hafi til skerðingar á óbyggðum víðernum. Þessi tafla er lítt skiljanleg í heild sinni og ekki sér þess stað að nokkurs staðar sé gerð neins konar tilraun til að magnsetja skerðingu víðerna sem yrði af mannvirkjunum, sem er þó það sem umhverfismat gengur út á; hve mikil og hve alvarleg eru áhrifin?

Mat á áhrifum framkvæmdar á óbyggð víðerni hefur því ekki farið fram. Kafli 4.5 í Viðauka F felur ekki í sér neitt slíkt mat.

- *Mat á óbyggðum víðernum ekki gert af þar til hæfum sérfræðingum*

Eins og kunnugt er, ber framkvæmdaraðila að fela þar til hæfum sérfræðingum að gera umhverfismat. Þetta er lögfest í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 þar sem segir:

Framkvæmdaraðili skal tryggja að umhverfismatið sé unnið af til þess hæfum sérfræðingum.

Skilyrði um hæfan sérfræðing virðist ekki vera uppfyllt varðandi óbyggð víðerni í umhverfismatsskýrslu ERM fyrir Qair. Eins og hér kemur fram vantar í skýrsluna mat á óbyggðum víðernum, forsendur eru byggðar á röngum lagagrundvelli að því takmarkaða leyti sem óbyggð víðerni koma við sögu, þ.e. sem þáttur í mati á landslagi í Viðauka F.

Viðauki F ber heitið „Landslagsgreining og mat á sjónrænum áhrifum“ og er eini staðurinn þar sem óbyggð víðerni koma við sögu í yfir 1.000 síðna gögnum umhverfismats. Viðauki þessi er sagður saminn af John Flannery sem sýnist vera breskur landfræðingur. Ekki kemur fram að sérfræðingurinn hafi neina þjálfun í mati á óbyggðum víðernum, hvorki af alþjóðlegum né innlendum vettvangi, og ekki kemur fram hvort og þá hver með sérþekkingu á Íslandi eða óbyggðum víðernum hafi komið að samningu viðaukans með Flannery.

Um kröfur til aðferðarfræði má vísa til áðurnefnds álits Skipulagsstofnunar frá 2016 hvað varðar frummatsskýrslu í umhverfismati Búrfellslundar, en þar segir m.a. á bls. 19:

Í matsskýrslu Landsvirkjunar er farin sú leið að afmarka óbyggð víðerni sem svæði sem eru að lágmarki 25 km² og í 5 km fjarlægð frá mannvirkjum án tillits til landforma og metin áhrif á þau þeirra sem eru í innan við 25 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Skipulagsstofnun telur að þessi nálgun hafi í för með sér að áhrif framkvæmdarinnar á óbyggð víðerni séu vanmetin og líkur séu á að framkvæmdin hafi meiri áhrif til skerðingar á óbyggðum víðernum en niðurstöður matsskýrslu Landsvirkjunar gefa til kynna.

- *Heimildir*

Eins og áður er fram komið virðist engin rannsókn á óbyggðum víðernum hafa verið gerð á vegum ERM. Skv. undirkafla 2.6 á bls. 5 í Viðauka F eru engar heimildir tilgreindar sem snerta óbyggð víðerni.

- *Fyrsta umhverfismatsskýrsla vindorkuvers í gildistíð gildandi umhverfismatslaga og náttúruverndarákvæða um óbyggð víðerni*

Þessi umsögn ÓFEIGAR er um allra fyrstu umhverfismatsskýrslu skv. lögum nr. 111/2021 sem gerð er fyrir vindorkuver á Íslandi. Ein önnur skýrsla hefur verið gerð, það er vegna s.k. Búrfellslundar, en sú laut eldri lögum og má segja að hún sé barn síns tíma að því er varðar mat á víðernaskerðingu, enda voru aðferðir á þeim tíma (fyrir tæpum áratug) til að meta tilvist og skerðingu víðerna ekki komin á það þekkingarstig sem nú er, og vísað er til í niðurstöðu ÓFEIGAR hér fyrir neðan. Auk þess breyttust lög nr. 60/2013 bæði 2020 og 2021 að því er óbyggð víðerni varðar.

Mikilvægt er, að Skipulagsstofnun setji þau viðmið í umhverfismati vindorkuvera sem eru í samræmi við íslenska löggjöf, eins og hún er í dag. Annars heldur umhverfismat áfram að vera verulegum annmörkum háð.

- Niðurstaða

Umhverfismatsskýrsla gerir ekki grein fyrir grunnástandi þess svæðis sem verður fyrir áhrifum af framkvæmd að því er varðar óbyggð víðerni, sé tekið mið af gildandi íslenskum lögum og lögskýringargögnum, bæði með lögum nr. 60/2013 og breytingarlögum á þeim nr. 43/202 og 6/2021, sem bæði breyttu lagákvæðunum um óbyggð víðerni. Umhverfismatsskýrslan stenst því ekki 22. laga nr. 111/2021.

Umhverfisskýrsla sýnist ekki gerð af hæfum sérfræðingi í skilningi 22 gr. laga nr. 111/2021.

Umhverfisskýrsla metur ekki hver skerðing framkvæmdar hefði yrði á óbyggðum víðernum Íslands, hvorki í flatarmáli né hlutfalli, hvort sem er svæðisbundið eða á landsvísu. Hún er því ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 111/2021 og stjórnarsýsluframkvæmd.

Fyrir liggur aðferðarfræði á alþjóðavísu um kortlagningu óbyggðra víðerna. Aðferðarfræði við að meta skerðingu vindorkuvera á víðernagæði er þekkt og aðgengileg, sbr. m.a. sú ritrýnda grein um alþjóðlega viðurkennda aðferðarfræði sem Skipulagsstofnun hefur margoft vísað til í áliti á matsáætlunum undanfarin ár þar sem óbyggð víðerni koma við sögu, en einnig þau kort sem aðgengileg eru á map.is byggð á sömu aðferðarfræði og fjallað hefur verið um hér að framan.

Alþjóðleg aðferðarafræði við kortlagningu víðerna hefur verið heimfærð til samræmis við íslenska löggjöf og aðstæður í ritrýndum gögnum, sjá [Land 2023](#), og í fjölda skýrslna sem eru vel kynntar hérlandis. Auk þess sýna tvær skýrslur, birtar 2019 og 2021, aðferðarfræði við mat á áhrifum tveggja mismunandi framkvæmda/ákvæðana til skerðingar á óbyggðum víðernum, og hafa þær verið vel kynntar og aðgengilegar öllum um árabil sbr. skýrslan **Hvalá Power Plant. Proposal Review of impacts on wilderness - Mapping the impact of the proposed Hvalá Power Plant on the wilderness of the Drangajökull Peninsula**, frá 2019², og skýrslan **Vonarskarð 4x4 Hypothetical Access Route. Review of impacts on wilderness**, frá 2021³. Hvor um sig lýsa aðferðarfræði við að meta hve mikið óbyggð víðerni skv. íslenskum náttúruverndarlögum myndu hafa skerst vegna tveggja ólíkra ákvæðana.

Auk ofangreindra tveggja dæma af Íslandi, bendir ÓFEIG á að aðferðarfræðin við að meta áhrif vindorkuvera á víðernagæði í Skotlandi hefur verið vel þekkt í áratug, en víðerni í skilningi IUCN fyrirfinnast þar ekki, einungis „wild land“ og „wildness“, sjá hjálagða skýrslu um hver áhrif vindorkuvers sem þar var áformað, *Talladh-a-Bheithe Wind Farm*, með 24 vindmyllum, 125 metra háum, sem unnin var fyrir John

² Sjá [Rafhlaðan - Hvalá power plant proposal : review of impacts on wilderness : a report \(rafhladan.is\)](#)

³ Sjá [Vonarskarð-Report-v1.7.pdf \(wildlandresearch.org\)](#)

Muir sjóðinn, byggð á kortlagningu Scottish National Heritage á „wild land“. Niðurstaðan var að tæpir 10 ha af slíku landi í nágrenninu, eða rúm 8%, myndu tapast.

Umhverfisskýrsla um vindorkuver á Laxárdalsheiði stenst samkvæmt framansögðu hvorki ákvæði laga nr. 111/2021 né ákvæði laga nr. 60/2013, þ.e. 8. gr. sbr. 7. gr. um vísindalegan grunn ákvarðana né lögfestu meginregluna í 10. gr. s.l. um heildarmat eftir vistkerfisnálgun, að því er lýtur að óbyggðum víðernum, sbr. einnig verndarmarkmið laganna í 3. gr. um að standa vörð um þau sem áður er vísað til í þessari umsögn.

Stjórn ÓFEIGAR,

Ólafur Hauksson,
almannatengill,
stjórnarmaður.

Sif Konráðsdóttir,
lögmaður,
formaður.

Snæbjörn Guðmundsson,
jarðfræðingur,
stjórnarmaður.

Viðhengi:

- SÓLHEIMAR WIND POWER PLANT AT LAXÁRDALSHEÍÐI. Wildland Research Institute's assessment of ERM's environmental assessment on uninhabited wilderness areas.
- Talladh-a-Bheithe wild land report WRi August 2014.

SÓLHEIMAR WIND POWER PLANT AT LAXÁRDALSHEÍÐI

Wildland Research Institute's assessment of ERM's environmental assessment on uninhabited wilderness areas

Uninhabited wilderness

Uninhabited wilderness areas (the Icelandic legal term: óbyggð víðerni) are key characteristics of many parts of Icelandic landscapes including large areas of the Central Highlands. The Post-2020 Global Biodiversity Framework of the Convention on Biological Diversity places "retaining wilderness areas" as the first of 21 action-oriented targets for 2030¹. Previous studies for the European Union Wilderness Register have shown that Iceland retains approximately 43 percent of Europe's top one percent wildest areas². Recent work for the Central Highlands and for Iceland as a whole shows significant areas of uninhabited wilderness meeting both the definitions from IUCN Category 1b Wilderness³ and Wild Europe Working Definition⁴.

Wildland Research Institute

- Heildarstefnu um vindorkuvirkjanir frá löggjafasamkundu þjóðarinnar þar sem náttúra og framtíðarfólk eru hagaðilar við borðið. Mati og meðmælum frá náttúruverndarsamtökum og náttúruvísindamönnum fremur en hlutdrægum verkfræðistofum sem bíða verkefnanna og fyrst og síðast ættu slíkar ákvarðanir að byggja á ábyrgri stefnu stjórnvalda til framtíðar sem byggir á náttúruvernd, samfélagsvernd og sameign orkuinnviða þjóðar sem varðar ekki síst þjóðaröryggi.



Tímapjófnaður, lýðræðishalli og takmörkuð aðkoma almennings

Aðkoma almennings að öfgakenndum stóriðjuáformum í vindorkuer með þeim hætti að reglubundið í nokkur ár hefur einstaklingum og félagasamtökum verið boðið uppá að lesa langar og mis vel skrifaðar þjónustuskýrslur þar sem stóriðjuáform í heimasveitum fólks eru reiknuð, teiknuð og fegruð – langar söluskýrslur sem ætlaðar eru til að ýta áformum áfram í gegnum sjálfvirknikennt leyfisveitingaferli. Þessar skýrslur eru gerðar og greiddar af hagsmunaaðilum . Lýðræðishallinn er gríðarlegur þar sem almenningur þarf ítrekað að leggjast yfir græðgisáform utanaðkomandi afla, kynna sér í þaula og skrifa umsagnir sem hafa svo sáralítið vægi við hlið löngu skýrslugerðarinnar sem verkfræðistofur framleiða á færibandi eftir skólauppskriftum til þess að þjónusta fjármagnið sem greiðir launin og keyrir stofur og verk áfram. Og við lesum áfram nýjar öfgahugmyndir um náttúrunið - hugsum, tölum, skrifum í eigin tíma og fjármagni - og þessi öfgahugmynd sem hér liggur á borðinu er jafn afleit og þegar hún var kynnt í upphafi, ef ekki afleitari, sökum allra handa umhverfisáhrifa.

A scenic landscape featuring a river flowing through a valley. The river is characterized by a rocky bed and white water rapids. The surrounding hills are covered in lush green grass, and the sky is overcast. The text "Náttúran hefur ekki rödd" is overlaid on the lower left portion of the image.

Náttúran hefur ekki rödd

Stóra spurningin sem við erum krafín um er siðferðileg:

Hvað eigum við hér og nú af löndum framtíðarfólksins til ráðstöfunnar og hvers erum við að gæta þessa litlu stund sem er okkar líftími ?

Aðalskipulag í þágu náttúru og framtíðar:

Það er ástæða fyrir því að samfélag friðar svæði. Það er viðspyrna og viðnám við ásælni í ósnortin auðæfi framtíðar, lönd sem við sem lifum litla stund hér og nú, eigum í raun ekki en vökum yfir fyrir framtíðarfólkið. Þess vegna verndum við flóa, vatnabúskap og vistkerfi. Þess vegna verndum við landnámskjarr og birki. Við verndum það ekki til að blettafriða svo við eigum sýnishorn fyrir komandi kynslóðir að skoða á girtum blettum innan um stóriðju og orkuver. Heldur verndum við svo komandi kynslóðir eigi áfram heiðalandið ósnortið, samfelldu flóana og vistkerfið allt með haferni, heiðagæs, himbrima og lífríki.

Það yrði afdrifarík niðurstaða til framtíðar og fyrir framtíðina ef yfirvöld endurskilgreindu þessa sveit sem iðnaðarsvæði um ókomna tíð.



Stóriðjudraumar í vindorku fjalla ekki um orkuskort, loftslagsmál eða framlag til stuðnings samfélagi og umhverfi. Og ekki um hagsmuni íbúa og landeigenda.

Bleiki fíllinn í stofunni er græðgi einstaklinga og jafnvel manna sem aldrei munu koma á fyrirhugaða iðnaðarsvæðið. Græðgi er böf heimsins og byggir á skjótfengnum gróða og því að eins gróði sé óhjákvæmilega annars tap. Í þessu tilfelli að erlend stórfyrirtæki með íslenska húskarla komist í peningaáskrift af raforkuneti almennings, fái uppbótarorku frá almenningi og fyrirgreiðslu hins opinbera til þess að selja einkavædda raforku í sérlegri og nýstofnaðri raforkukauphöll.

ROOM

**PLEASE
IGNORE
THE PINK
ELEPHANT
IN THE ROOM**

• • THANK YOU • •



Rammaáætlun

- Það er hvorki forsvaranlegt né faglegt að raða einu einasta vindorkuveri í orkunýtingarflokk á meðan ekki er til heildræn stefna um nýtingu vindorku í landinu. Eðlilegast er að hugmyndir um vindorkuver verði settar í biðflokk á meðan sú vinna fer fram.
- Alþingi verður að taka af allan vafa um gildissvið laga um orkunýtingu og náttúruvernd þegar kemur að vindorkuverum.
- Það eru nóturleg vinnubrögð að opinber stofnun krefji almenning hvað eftir annað um skýrslur og skoðanir á sturluðum og öfgakenndum áætlunum allskyns erlendra og innlendra lukkuriddara þegar enginn heildræn stefna í málaflokknum liggur fyrir með lagasetningu.

Vindorkugarð

- Wind turbine
 - Travel region
 - Ring road
 - Road
- Relative visibility
- Low
 - High

*Assumed observer height
*Theoretical blade tip height

Ný könnun á vindorku í Svíþjóð, sem beinist að því hvernig vindorkuver í landinu standa sig fjárhagslega, sýnir að vindorkan er allt annað en arðbær iðnaður.

Þátturinn „Kaldar staðreyndir“ hjá TV4 hefur fengið aðgang að hluta af upplýsingum í gagnagrunni sænskra vindorkufyrirtækja sem fræðimenn í Jönköping tóku saman. Upplýsingarnar sýna, að stór hluti vindmylla landsins er í eigu fyrirtækja sem eru á barmi gjaldþrots. Christian Sandström, lektor, hjá alþjóða viðskiptaháskólanum í **Jönköping segir við TV4:**

„Almennt séð á stór hluti iðnaðarins við fjárhagsvanda að etja.“

Yfir 1000 vindmyllur í gjaldþrota fyrirtækjum.

Gagnagrunnurinn inniheldur upplýsingar um öll helstu vindorkufyrirtæki í Svíþjóð frá árinu 2010 og af alls um 5.200 vindmyllum landsins eru um 3.500 í gagnagrunninum. Að sögn Christian Sandström er talið að minnsta kosti 1.000 vindmyllur séu í gjaldþrota vindorkuverum. Ein ástæðan fyrir minni arðsemi er sögð vera hröð stækkun samfara því, að raforkuverð lækkar þegar mörg vindorkuver framleiða rafmagn samtímis.

Kínverska ríkið hirðir peningana

Samkvæmt TV4 á kínverska ríkið, gegnum dótturfyrirtæki, vindorkufyrirtækið Markbygden Ett fyrir utan Piteå.

Fyrirtækið er eitt hið stærsta sinnar tegundar með 179

vindorkuver í Svíþjóð. Nýlega sótti fyrirtækið um

greiðslustöðvun en rannsakendur TV4 komust að því að

fyrirtækið hafði flutt háar fjárhæðir áður til eignarfélagsins

North pole vindkraft holding AB.

SVIKAMYLLUR OG SVEITIN SITUR EFTIR MEÐ SKAÐANN

Vindorkuskandalar Skandinavíu- sporin hræða



Það er ekki orkuskortur í landinu en það er ríkir orkuóreiða og orkusóun

Íslensk samfélag þarf heilstæða stefnu og sýn í raforkumálum – almenningur getur ekki hlaupið endalaust á milli matsáætlana til að bútabjarga náttúru og samfélögum. Það þarf þjóðarsátt um forgangsröðun orkukosta- sátt um náttúru- og mannvernd sem gengur út á grænvöxt til framtíðar en ekki óendanlegan og óseðjandi hagvöxt.

Áður en hlaupið er á eftir öllum skýrslum einkafyrirtækja sem ásælast orkuauðlindir Íslands þarf að endurskoða raforkuframleiðslu, sölu og raforkunotkun í landinu í ljósi nýrra tíma á landsvísu og heimsvísu. Í stað þess að elta skyndigróðadrauma erlendra stórfyrirtækja og húskarla þeirra sem hafa enga staðbundna samfélagshagsmuni og enga samfélagsvitun eða náttúruverndarábyrgð, hvorki heima hjá sér né í öðrum löndum.





SAMEIGNIN-OKKAR er hið einstaka víðáttumikla íslenska heiðaland



*EYÐINGIN og epoxy-úðun:
BISPHENOL A-ÖRPLASTIÐ sem
veldur ófrjósemi í lífríkinu mun eyðast
út í lífríkið.*

Hér er mynd af vindmylluspaða eftir aðeins þrjú ár í notkun. Þetta slit er óumflýjanlegt þegar ysta brún spaðans snýst á allt að 290km hraða gegnum loftið. Plastið lætur smám saman undan þegar dropar og ryk skella á því á þessum hraða. Svo dreifist örplastið með vindinum um heiðar og vötn. Þá þarf að smyrja spaðana reglubundið til að endurnýja plastefnið og um leið úðunina.

Hér á landi vantar alls ekki meira rafmagn og síst af öllu mengandi plast frá ljótum og háværum vindmyllum.



Raunveruleikinn í nábýli við vindorkuver í nágrannalöndunum:

Græna lygin:

Það er ekkert grænt við sambylið við stóriðju í vindorku – ekkert grænt fyrir náttúru og lífríki, mannlega tilvist og alla aðra atvinnustarfssemi í sveitinni.

Ljósáreiti um nætur, alvarleg ógn við fuglalíf, örplastmengun við tæringu spaða, sjónmengun og hljóðmengun, óafturkræf röskun á heiðalandi ...

Mengun-áreiti- innrás





Vetrarstöðvar




Varpstöðvar

**ÍSLENSKI HAFÖRNINN-
Vesturland og Vestfirðir eru stóra
búsvæðið**



Ferðir
hafarnarins

Við búum á Galapagos norðursins og eigum að standa vörð um fugla- og náttúrulíf, heiðalandið og stærstu ótrufluðu víðerni Evrópu. Hér er kort af vef Náttúrufræðistofnunar Íslands sem sýnir ferðir ungra hafarna haustið 2022. Það er merkilegt að sjá hve víða þeir hafa farið á þessu tveggja mánaða tímabili þótt Vesturlandið og Vestfirðirnir séu þeirra stóru ferðasvæði. Þau svæði sem vindorkurisarnir ásælast nú harðast fyrir vindorkuverin eru á aðal umferðarsvæði arnarins -Hvalfjörður, Borgarfjörður, Dalabyggð, Reykhólasveit. Arnarvarpið 2022 var lélegt í samanburði við mörg undanfarin ár. Maðurinn þrengir æ meir að náttúrunni. Við ættum að vera að gefa í en ekki eftir í land- og náttúruvernd.



Ferðir 19 ungra arna 1. september til 31. október 2022. Ungar frá árinu 2022 eru þó ekki með enda enn á æskuóðulum.



OG NÁTTÚRAN GREIÐIR ALLTAF GJALDIÐ FYRIR GRÆÐGINA



GRÆNA LYGIN- GRÁA LAUSNIN



LISTIN AÐ STELA HUGTÖKUM:

Hvað er græn orka?



Það þarf að minnsta kosti tvö þúsund tonn af steypu og stáli undir hverja vindtúrbínu, að ógleymdum vegalagningum í ósnortnu landi og vegauppbýggingu til að koma stóriðjunni út í náttúruna.





Er hægt að tala um græna orku um leið og ekki er tekið á orkusóun og orkuóreiðu?



Sveinulf Vågene

Hvernig Norðmenn voru blektir til að byggja vindorkuver



Norski orkuráðgjafinn Sveinulf Vågene skrifar um reynslu Norðmanna af byggingu vindorkuvera. Þar í landi hafa svæði sem jafnast á við 84 þúsund fótboltavelli verið lögð undir slíka starfsemi.

Ef við gætum lært
á mistökum annarra
þjóða ...



▲ **Vopnaðir dýnamíti** Frá Bjerkreimsklynga vindorkuverinu í Rogalandi í Noregi. Takið eftir að vegurinn liggur upp á tind hæsta fjallsins fyrir miðju myndarinnar. Vindmyllur eru settar efst í fjöllin og hæðirnar þar sem sprengt er fyrir söfnunarsvæði sem jafnast á við hálfan fótboltavöll.

Vindkraft-anlegg senker verdien på boliger betydelig

Norsk rannsókn sem náði yfir 12 ára tímabil og 250.000 eignir sýnir að verð fasteigna lækkar verulega þegar vindorkuver rísa í sjónamáli.



– SSB hadde et spennende studentstipend der man kunne skrive for forskningsavdelingen på SSB. En av problemstillingene de ønsket å få skrevet om var dette. De hadde hatt en del forskningsprosjekter rundt vindkraft og konflikter som kan oppstå, og dette var en av tingene de ikke hadde hatt tid til å se på, forteller Andersen til Nettavisen.

– Jeg har brukt data på over 230.000 boligtransaksjoner over en tolv års periode. Så har jeg brukt forskjellige modeller til å prøve å estimere hva priseffekten er på å bo i nærheten av et vindkraftverk, sammenlignet med å ikke



Hva' har i dog gjort...?!

Vi har reddet planeten...!

NET
ZERO

Andel

Motvind Denmark

SAMMEN vil vi stoppe galskaben...



Johannes
Laake

AÐ VERNDA NÁTTÚRU

Samkvæmt milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna í loftslagsmálum er verndun náttúru næst áhrifamesta aðgerðin sem sem jarðarbúar geta gripið til gegn loftslagsvánni. Ísland hlýtur að spila þar eitt af stóru hlutverkunum í veröldinni. Samt tala ráðamenn um að brjóta land, ryðja náttúru fyrir hin svokölluðu grænu orkuskipti sem valdablokkir hafa gripið á lofti og tileinkað sér til að auka áfram neyslu og gróða. Og náttúran blæðir.



“
Making peace
with **nature** is the
defining task of
the 21st century.”



Við höfumst svo ólíkt að. Sumir brjóta land, aðrir friða og rækta land. Það er ójafnt gefið þegar sjálfvirkar peningamaskínur eru ræstar til að berja áfram risaverkefni. Enginn heldur á heildarsýninni og allir eru í raun aðeins að huga að eigin afkomu litla stund. Þá þurfa einstaklingar sífellt að fara af stað, aftur og aftur, og berjast í eigin tíma og fjármagni fyrir tilvistinni og fyrir stóru myndinni.

Það er mikill lýðræðishalli og því verða þessar glærur ekki fleiri þótt þær gætu orðið að heilli bók og mörgum bindum um náttúru, mannlíf, græna framtíð og græðgi og um fyrirferð mannskepnunnar. Svo ekki sé minnst á siðfræði og heimspeki sem er svo ábótavant í framkvæmdageiranum. Náttúra verður að eiga sér málsvara í sveitarstjórnnum og hjá löggjafanum. Hún verður að eiga aðild að öllum samtölum. Svo mikið skuldam við framtíðarfólkinu.

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Það má aldrei koma upp þessum rellum, við megum ekki missa landið okkar í hendur einhverra gróðapunga. Munum hvað varð um kvótan eigum eftir að náq honum til baka með góðu eða illu.

Höfundur: Egill Kolbeinsson

Sent inn þann: 30.08.2024

Veðifélag Laxdæla (VL) gerir eftirfarandi fyrirvara við auglýst umhverfismat á Vindmyllugarðinn Sólheimar í Dalasýslu

Gerðar eru athugasemdir við að framkvæmdasvæðið er vatnasvæði Laxár í Dölum og mjög mikilvægt er að skýr skilyrði gagnvart framkvæmdaaðila um mengunarvarnir af öllu tagi bæði varðandi mengunarslys á framkvæmdatíma og á rekstrartíma, verði af þessum framkvæmdum. Jafnframt er stjórn VL huginn yfir því gríðarlega jarðraski sem fylgja þessum framkvæmdum bæði vegna vegagerðar og byggingu á undirstöðum. Hvergi er bent á hvaðan jarðefni í þessa framkvæmd koma og bendir stjórn á að þessi framkvæmd er öll á vatnasvæði Laxár í Dölum.

Jafnframt gerir VL athugasemdir og setur spurningar um hvort skuggamyndun sem getur orðið af snúningi spaða, geti haft áhrif á laxagöngur og eins hvort hljóðmengun geti haft áhrif á laxagöngur. VL hefur vegna þessara áformuðu framkvæmda gert athugasemdir og fyrirspurnir hvað þessi atriði varðar og ekki fengið nein svör.

Laxá í Dölum er ein stærsta laxveiðiá á landinu og er ein af tíu aflahæstu ám landsins hvað veidda laxa á stöng varðar og hagsmunir landeiganda því augljóslega miklir svo og mikilvægi þess að hlúð sé að villta norðuratlandshafslaxastofninum eins og mögulegt er, en eins og öllum er kunnugt um, er stofninum ógnað af manngerðum ástæðum og því að mati VL óþarfi að stuðla að því að bæta við ógnunum.

VL ítrekar áhyggjur sínar hvað þessi atriði varðar.

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Athugasemdir og spurningar frá eftirfarandi:

Snorri Gústafsson (Hjallholt), Sigrún Rut Ragnarsdóttir (Hjallholt) og Jóhann Ragnarsson (Laxárdalur 3)

Höfundur: Snorri Gústafsson

Sent inn þann: 02.09.2024

Viðhengi:

12.1.Inngangur.pdf

12.2.Umsögn_vindorkugarður_Sólheimar.pdf

Inngangur

Í meðfylgjandi skjali má finna spurningar og athugasemdir varðandi umhverfismatsskýrslu um fyrirhugaðan vindorkugarð á Sólheimum. Dökku reitirnir innihalda texta sem tekinn er beint úr skýrslunni og fyrir neðan reitina eru spurningar og/eða athugasemdir.

Mikilvæg gögn vantar til þess að hægt sé að átta sig á umfangi áhrifa sem þessi fyrirhugaða framkvæmd getur valdið. Þá aðallega gögn varðandi jarðtæknilegar athuganir og vatnajarðfræðirannsóknir. Oft er sagt í skýrslunni að áhrifin séu viss en enn eigi eftir að framkvæma vissar athuganir. Þegar kemur að leyfisveitingu fyrir vindorkugarða er umhverfismatsskýrsla mjög mikilvægur partur. Ætti því ekki öllum rannsóknnum að vera lokið og ekki vera að búast við vissum niðurstöðum? Er hægt að meta áhrif þessara framkvæmdar?

Einnig er vert að taka fram að hvergi er minnst á örplastmengun frá fyrirhuguðum vindmyllum. Hvaða svæði gætu orðið fyrir örplastmengun?

Varðandi heimildirnar í skýrslunni. Dæmi eru um í skýrslunni að vitnað sé í heimildir en aðeins tekin ein staðreynd sem styður þessa framkvæmd en ekki bent á hina þættina sem minnst var á í sömu heimild. Einnig voru titlar heimildanna oft þýddir yfir á íslensku sem gerði það að verkum að erfitt og jafnvel ómögulegt var að finna heimildarnar. Réttara hefði verið að hafa titlana á upphaflega tungumálinu svo hægt sé að finna og lesa heimildarnar. Einnig voru tilvik þar sem vitlaust var farið með heimildir. Staðreynd var sett fram og vísað í heimildir sem voru í raun ekki upphaflega heimildin sem sýndi fram á þá staðreynd (sjá viðhengi).

Mikilvægt er að benda á að íbúar Húnaþings vestra hafa aðeins fengið einn fund árið 2021. Því má vera að margar athugasemdir og spurningar í viðhenginu séu fremur auðsvaranlegar en þar sem íbúar Húnaþings vestra hafa ekki fengið upplýsingar varðandi þessa framkvæmd fyrr en þetta umhverfismat var sett á Skipulagsgátt og ekki fengið tækifæri á að ræða við framkvæmdaraðila er þetta eina leiðin til að fá svör.

Eins og margoft er bent á í viðhenginu er ekki hægt að réttlæta eyðileggingu verndaðs votlendis með loforði um að bæta nú þegar framræst votlendi annarstaðar á landinu. Það á fyrst og fremst að vernda ósnortið votlendi. Til þess eru náttúruverndarlög.

Ekki er hægt að réttlæta þessa framkvæmd sem brýna nauðsyn, þótt framkvæmdaraðilar vilji meina annað, þar sem þessi orka fer ekki til almennings heldur mun þessi orka knýja áfram vetnisframleiðslu við Grundartangahöfn, sem mun vera í eigu framkvæmdaraðila í þessari framkvæmd.

Það kemur fram í umhverfismatsskýrslunni að fyrirhuguð framkvæmd er háð leyfum Dalabyggðar. En einnig er minnst á að áhrifa- og framkvæmdarsvæðið er í Húnaþingi vestra, ásamt því að meiri sjónmengun er fyrir íbúa Húnaþings vestra en Dalabyggðar. Hins vegar er þessi fyrirhugaða framkvæmd ekki háð leyfi frá Húnaþingi vestra né að haldnir séu reglubundnir fundir með íbúum þess varðandi framvindu fyrirhugaðs verkefnis.

Mjög svipuð staða er uppi varðandi Búrfellslund. Svo virðist vera að ekki allar reglugerðir séu komnar fram þegar kemur að vindorkugörðum.

Stóra spurningin er hins vegar sú að hvort hagstætt sé fyrir umhverfi og samfélag að umhverfismatsskýrsla sé í höndum framkvæmdaraðila sem hefur mikinn fjárhagslegan ávinning á fyrirhugaðri framkvæmd. Ætti ekki að hafa óháða aðila sem fara í umhverfismatið frekar en framkvæmdaraðilann sjálfan?

Endurheimt votlendis á ekki að vera mótvægisáðgerð fyrir eyðileggingu ósnortins votlendis.

Snorri Gústafsson (Hjallholt), Sigrún Rut Ragnarsdóttir (Hjallholt) og Jóhann Ragnarsson (Laxárdalur 3)

Athugasemdir og spurningar varðandi umhverfismatsskýrslu

Mynd 1-1 Framkvæmdasvæði

bls. 2

Myndin sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði og þar er sýnt að Laxárdalsheiðin er ekki með bundið slitlag. Þetta er gömul mynd, nú hefur sá hluti vegarins sem er í Húnaþingi vestra verið klæddur með bundnu slitlagi.

Einnig sést vel á myndinni hversu áberandi fyrirhugaðar vindmyllur eru á sveitafélagsmörkum. En þrátt fyrir það fá íbúar Húnaþings vestra ekki upplýsingar varðandi fyrirhugaða framkvæmd. Telja má það verulega óábyrgt að hægt sé að setja upp fyrirhugaðan vindorkugarð við landamerki við aðra sveitabæi sem er í öðru sveitarfélagi og íbúar þess sem munu hugsanlega verða fyrir áhrifum, beinum og óbeinum, ekki fá að vita neitt varðandi fyrirhugaða framkvæmd og ekki fá að spyrja þeirra spurninga sem þeir hafa.

2.2 Löggjöf á Íslandi og nauðsynleg leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er háð eftirfarandi leyfum:

■ Þörf er á framkvæmdarleyfi sem sveitarfélagið Dalabyggð veitir (samkvæmt 14. grein skipulagslaga nr. 123/2010).

■ Þörf er á byggingarleyfi frá byggingarfulltrúa Dalabyggðar (samkvæmt 9. grein laga nr. 160/2010 um mannvirki).

bls. 7

Hér stendur að þörf sé á framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið Dalabyggð veitir. Það að hægt verði að byggja fyrirhugaðan vindorkugarð á sveitafélagsmörkum án þess að nálæg sveitarfélög fái eitthvað um það að segja ásamt landeigendum sem eiga landamörk að framkvæmdarsvæðinu.

Mikilvægt er að benda á að hluti framkvæmda- og áhrifasvæði er í Húnaþingi vestra. Er því ekki þörf á leyfi frá Húnaþingi vestra?

2.4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Markmið 2.5 í núverandi landsskipulagsstefnu vísar til orkumannvirkja og öruggar afhendingar raforku í sátt við náttúru og umhverfi. Markmiðið er að með áætlanagerð verði hægt að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni að leiðarljósi. Að auki gefa áætlanirnar kost á uppbyggingu flutningslína til að tryggja öruggan flutning raforku. Fyrirhugaður vindorkugarður framleiðir endurnýjanlega orku og samræmist því markmiðum landsskipulagsstefnunnar.

Unnin var viðauki við landsskipulagsstefnu árið 2021 en Alþingi á enn eftir að samþykkja hana. Viðaukinn fjallar um eftirfarandi þrjá málaflokka:

e. Loftslagsmiðað skipulag

f. Staðarmótun og landslagsvernd

g. Heilsuvæna byggð og landnotkun

Í kafla 6.3 í viðaukanum er fjallað um markmið um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag. Ekki hefur verið lögð lokahönd á kaflann vegna mögulegra breytinga á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (sjáið kafla 2.4.5 hér á eftir).

bls. 8-9

Ekki er hægt að telja þennan fyrirhugaða vindorkugarð vera í sátt við náttúru og umhverfi. Seinna í skýrslunni er ritað að flest vötn og tjarnir innan landamarka Sólheima, framkvæmdarsvæðið, falla undir 61. gr. Náttúruverndarlaga um sérstaka vernd. Einnig eru margar vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi. Hvernig samræmist það markmiðum landsskipulagsstefnunnar þar sem þetta á að vera gert í sátt við náttúru og umhverfi?

Einnig er nefndur viðauki sem Alþingi hefur ekki samþykkt. Hvernig er hægt að gefa út leyfi fyrir fyrirhugaða vindorkugarða þegar Alþingi hefur ekki samþykkt alla hluta landsskipulagsstefnunnar?

Einnig má telja það virkilega óábyrgt að gefa út umhverfismatsskýrslu með kafla sem fjallar um markmið um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag sem ekki er búið að klára vegna mögulegra breytinga á lögum. Hvernig er hægt að gefa út matsskýrslu sem hefur ekki verið fullkláruð og sérstaklega þar sem nýting vindorku í sátt við umhverfi og samfélag spila stóran þátt í umhverfismatsskýrslu?

2.4.3 Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

Við hönnun og útfærslu skal leitast við að staðsetja vindmyllur, lagnir og vegi þannig að votlendi haldist sem mest óskert og að beitiland nýtist sem best. Á framkvæmdatíma skal sérstaklega gæta að meðhöndlun mengandi efna s.s. olíu vegna nálægðar við Laxá og önnur viðkvæm vistkerfi. Í deiliskipulagi skal setja fram skilmála þess efnis. Halda skal öllu raski í lágmarki og eftir því sem kostur er skal endurnýta svarðlag við frágang og aðlaga land að óröskuðu landi. Ef votlendi tapast skal endurheimta sambærilega stærð votlendis innan sveitarfélagsins. Efni til slóða og mannvirkjagerðar skal eftir því sem kostur er tekið innan skilgreinds iðnaðarsvæðis, svo sem úr uppgrefti.

bls. 9

Talið er að verðmæti á hektara sé meira fyrir votlendi, læki og ár en fyrir nokkurt annað landsvæði (Dodds & Whiles, 2020, bls. 9). Talið er að endurheimt votlendi komi ekki í stað þess að vernda votlendisvistkerfi sem eru ósnortin. Fyrsta og fremst á að vernda það votlendi sem til er frekar en að endurheimta í takt við það sem er eyðilagt (USEPA, 2000).

Sagt er að ef votlendi tapast skal endurheimta sambærilega stærð votlendis innan sveitarfélagsins. Það mun ekki bæta upp fyrir það mikilvæga votlendisvistkerfi sem er á Laxárdalsheiði. Einnig virðast framkvæmdaraðilar ekki vera að skoða svæði innan sveitarfélagsins til endurheimtar heldur um allt land. Er verið að brjóta gegn aðalskipulagi Dalabyggðar?

3.2 Rökstuðningur framkvæmdar

Ísland býr yfir gnægð endurnýjanlegra orkulinda (t.d. vatns- og jarðhitaorku) vegna sérstakrar landlegu og jarðfræðilegra eiginleika. Ísland er leiðandi í sjálfbærri orkuframleiðslu með yfir 99% af heildarraforku landsins upprunna frá vatnsafl og jarðhita. Hins vegar hefur nýting á nýjum orkugjöfum verið takmörkuð og ekki í samræmi við aukna orkuþörf. Þörf er á aukinni orkuframleiðslu svo að stækkandi samfélag og iðnaður séu sjálfbær, ásamt því að styðja við orkuskipti í samgöngum.

Hingað til hefur nýting vindorku verið afar lítil á Íslandi. Mörg verkefni hafa verið fyrirhuguð en helsta hindrunin er skortur á lagaramma fyrir málaflokkinn og tímafrekt leyfisveitingarferli. Virkjun vindorku er hagkvæmur og samkeppnishæfur kostur í landinu sem mun auka orkuöryggi og vaxtartækifæri.

Meginþorri raforku hérlandis kemur frá vatnsafl og eru miðlunarlónin nýtt sem raforkugeymar. Vindorka er spilar mjög vel saman með vatnsorku þar sem hægt er að spara vatnið í lónunum meðan vindar blása. Gera má ráð fyrir því að núverandi eigandi lónanna, líkt og komið hefur fram ítrekað í erindum, skýrslum og greinargerðum, og svo framtíðaeigendur lóna muni óska eftir þessu samspili.

Á ársfundi Landsnets þann 24. mars 2023¹⁴ kom fram að „hægt yrði að taka á móti 2500 MW í sveigjanlegri framleiðslu eins og vindorku“. Var þar jafnframt sagt að vindorka gæti orðið ein af stöðum orkuframleiðslu landsins. Einnig að „Nauðsynlegt er að tengja notendur sem geta notað sveiflukennda orku, eins og rafeldsneytisframleiðendur, iðnaðarstarfsemi eða jafnvel heimili. Þessir aðilar geta þá hagað notkun eftir framboði og nýtt sér aðstæður til dæmis þegar framboð er mikið og þar af leiðandi lægra verð.“ Ákallið er skýrt, þörfin er rík og innviðir reiðubúnir til móttöku.

bls. 12-13

Minnst er á aukna orkuþörf fyrir stækkandi samfélag og svo iðnaður væri sjálfbær, ásamt því að styðja við orkuskipti í samgöngum. Ekki er minnst á að fyrirhugaður vindorkugarður á að framleiða orku fyrir vetnisframleiðslu við Grundartangahöfn sem mun vera í eigu Qair, framkvæmdaraðilans í þessu fyrirhugaða verkefni. Þar sem kaflinn ber heitið Rökstuðningur framkvæmdar, ætti ekki að minnast á það að orkan fari ekki í orkuskipti í samgöngum eða fyrir orkuþörf stækkandi samfélags heldur í fyrirtæki í eigu Qair sem er staðsett utan Dalabyggðar?

Minnst er á að helsta hindrunin er skortur á lagaramma fyrir málaflökkinn og tímafrekt leyfisveitingarferli. Ætti þá ekki að bíða með leyfisveitingar á fyrirhuguðum vindorkugörðum þegar ekki er komin lagarammi í kringum svona stórar og langvarandi framkvæmdir? Ekki er hughreystandi að framkvæmdaraðili nefni það að leyfisveitingarferlið sé tímafrekt. Þetta er allt nýtt fyrir íslenskt lagaferli og samfélag. Frekar að gera þetta rétt heldur en að leyfa eitthvað og síðan sjá áhrif þess seinna. Nefna má sjóldi í því samhengi. Það þarf að setja lög og reglur áður en farið er í svona stóra framkvæmd sem hefur áhrif á stórt svæði og samfélagið þar í kring.

Nefnt er að vindorka geti spilað mjög vel saman með vatnsorku. Hvernig er það rökstuðningur fyrir þessa fyrirhuguðu framkvæmd? Ættu þá ekki vindmyllur að vera við vatnslón þar sem innviðir eru meira til staðar og hægt er að spila meira með samspil vatns- og vindorku?

Vitnað er nákvæmlega í setningu þar sem nefnt er að nauðsynlegt er að tengja notendur sem geta notað sveiflukennda orku við vindorkuver. Ólíklegt er að sú hugsun á bak við þessa setningu sé sú að notendur eigi að setja upp sína eigin vindorkugarða til að framleiða orku fyrir sín eigin fyrirtæki og líta út fyrir að fyrirhugaður vindorkugarður sé í þágu samfélagsins þegar orkan fer úr sveitarfélaginu þar sem hún er framleidd. Ef stór fyrirtæki vilja nýta vindorku til orkumyndunar í sín fyrirtæki, ætti þá ekki að setja vindmyllurnar við hlið fyrirtækisins?

Sagt er að ákallið sé skýrt, þörfin rík og innviðir reiðubúnir til móttöku. Ákallið er skýrt til framkvæmdaraðila í þessum fyrirhugaða vindorkugarði þar sem þeir munu aðeins fá hagnað en umhverfið og samfélagið í kring tapa. Þörfin er rík fyrir samfélagið en hér er fyrirtæki að framleiða orku fyrir sig og ekki senda hana beint til samfélagsins. Einnig virðist ekki koma mikið af störfum úr þessari fyrirhuguðu framkvæmd svo að samfélagið í kring mun ekki græða mikið á þessari framkvæmd eins og framkvæmdaraðilar vilja meina. Síðast er nefnt að innviðir séu reiðubúnir til móttöku en svo er ekki. Þar sem margir aðilar hafa hug á að setja upp vindorkugarða þarf að hafa í huga að ef allir fá þau leyfi eru innviðir ekki reiðubúnir. Einnig eru innviðir ekki til staðar á Laxárdalsheiði fyrir þessa fyrirhuguðu framkvæmd. Ekki má gleyma því að lagaramminn er ekki reiðubúinn fyrir uppsetningu vindorkugarða.

3.3 Staðsetning framkvæmdar

Meginbyggðarkjarni sveitarfélagsins Dalabyggðar, Búðardalur, er um 23 km vestur af framkvæmdasvæðinu. Næsta þorp við framkvæmdina, Borðeyri, er í um það bil 10 km fjarlægð í austur. Laxárdalsvegur, vegur 59, liggur í gegnum þetta svæði og tengir saman Búðardal og Borðeyri. Sjá má staðsetningu framkvæmdasvæðis á Mynd 1-1.

bls. 13

Ekki er minnst á það að Borðeyri sé í öðru sveitarfélagi, Húnaþingi vestra. Það sveitarfélag og íbúar þess virðast ekki eiga rétt á að fá upplýsingar varðandi þessa fyrirhuguðu framkvæmd og spyrja þeirra spurninga sem þeir eiga rétt á að fá svör við. En sveitarfélagið sem fær upplýsingar og á rétt á fundum er Dalabyggð og meginbyggðarkjarni þess er Búðardalur sem er í 23km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Rétt er að benda á að Borðeyri er í 10km fjarlægð en næsta lögbýli í Húnaþingi vestra er í um 7 km fjarlægð. Eiga íbúar Húnaþings vestra ekki rétt á svörum og upplýsingum varðandi þessa fyrirhuguðu framkvæmd?

Tafla 3-2 Helstu framkvæmdarþættir

Undirstaða hvernar vindmyllu verður u.þ.b. 16 til 30 m að þvermáli

Kranaplön verða að vera við hverja vindmyllu

Til viðbótar við aðalplanið verður hliðarsvæði fyrir krana sem samanstendur af sléttuðu svæði fyrir tímabundna geymslu á kranasamstæðum og vindmyllublöðum. Gengið er frá svæðinu eftir að vindmyllur hafa verið reistar.

Flatarmál svæðis sem fer undir kranaplan, geymslusvæði fyrir spaða og hliðarsvæði fyrir krana verður 1,3 ha fyrir hverja vindmyllu, þar af er gert ráð fyrir 0,14 ha kranapalli.

Tengiveganetið á framkvæmdasvæðinu mun samstanda af u.þ.b. 15,6km af nýjum vegum og 3,5 km af styrktum vegum.

Tengivegir á framkvæmdasvæðinu verða u.þ.b 5 m breiðir.

bls. 20-21

Hér er mikilvægt að benda á að heiti töflunnar er Helstu framkvæmdarþættir. Ekkert af eftirfarandi staðreyndum sem eru hér fyrir ofan eru sýndar á líkanmyndum, hvorki í umhverfismatsskýrslunni né viðauka G. Ekki aðeins mun vera sjónmengun af fyrirhuguðum vindmyllum heldur einnig af tengivegum. Ættu þeir ekki einnig að vera teiknaðir á líkanmyndir? Mikilvægt er að líkanmyndirnar sýni sem best sjónmengunina þar sem verið er að tala um svæði sem er fjölfarið af bílaumferð og útivistarfólki, og nálægt byggð.

3.6.1 Yfirlit framkvæmdar

Áætlað er að þörf sé á u.þ.b. 47,4 hekturum lands á byggingatímabilinu, sem felur í sér bæði tímabundin og varanleg mannvirki. Þannig felur svæðið einnig í sér önnur svæði utan við framkvæmdarþætti og mannvirki sem valda munu beinu raski. Tímabundnu svæði verða eingöngu notuð meðan á byggingaframkvæmdum stendur og verður komið í fyrra horf eftir þær eða þegar starfsemi hefst. Áætlað er að varanlegt fótspor framkvæmdarinnar eftir að byggingaframkvæmdum lýkur verði u.þ.b. 15 hektarar. Finna má frekari upplýsingar um rask og fótspor framkvæmdarinnar í kafla 3.8.11.1.

bls. 21

Sagt er að þau svæði sem verða aðeins tímabundið notuð á meðan fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum stendur verði komið í fyrra horf. Þegar verið er að tala um framkvæmd í votlendi og viðkæmum búsvæðum er ólíklegt að koma þeim aftur í sama horf. Er framkvæmdaraðili að setja fram staðhæfingu sem hefur ekki stoð við raunveruleikann? Eru þetta innantóm loforð sem ættu ekki að vera sett fram í umhverfismatsskýrslu þar sem engar sannanir eru settar fram og ekki er sýnt fram á hvernig framkvæmdaraðili ætlar að endurheimta svæðið?

3.6.2 Skipulag framkvæmdar

Mögulegt er að staðsetning vindmylla hníkist eitthvað til þegar kemur að uppsetningu þeirra ef í ljós kemur að jarðgrunnur sé óhentugur á tilteknum stað.

bls. 21

Hvernig er hægt að setja fram umhverfismatsskýrslu þegar ekki er búið að kanna hvort jarðgrunnur sé óhentugur á þeim stað þar sem fyrirhugað er að setja vindmyllur? Ef þeir aðilar sem hafa ákveðið staðsetningu fyrirhugaðra vindmylla hafa ekki tekið tillit til jarðgrunnsins, hvernig ákváðu þeir núverandi staðsetningu? Það segir sig svolítið sjálft að ef byggja á vindmyllur í votlendi sé ekki mjög hentugur jarðgrunnur til staðar. Hvernig er hægt að gera sér grein fyrir sjónmengun þessara fyrirhugaða vindorkugarðs þegar líkanmyndirnar sýna ekki allan jarðveginn sem verður fjarlægður og það að hugsanlega munu staðsetningar vindmyllana breytast?

3.7.1 Vindmyllur

Endanlegt útlit fer eftir því hvaða gerðir vindmylla verða á endanum valdar og verða fáanlegar við kaup á þeim og verða þær valdar með það í huga að hámarka endurnýjanlega orku á framkvæmdasvæði. Eins og hins vegar hefur verið nefnt áður verður hámarkshæð spaða þeirra vindmylla sem verða fyrir valinu um 200 m, sem eru efri mörk umhverfislegra, samfélagslegra og skipulagstengdra þátta sem fjallað er um í þessari umhverfismatsskýrslu.

bls. 23

Er ekki búið að velja hvaða vindmyllur verða settar í fyrirhuguðum vindorkugarði? Hvernig er þá hægt að segja um t.d. hljóðvist þeirra? Þær verða valdar með það í huga að hámarka endurnýjanlega orku á framkvæmdarsvæði, en ekki í tilliti til umhverfis, samfélags og dýralífs í kringum fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis? Af hverju er verið að setja upp 200m háar vindmyllur? Eru það ekki þær stærstu sem eru fyrirhugaðar hér á Íslandi, á svæði sem er verndað votlendi og í alþjóðlega mikilvægu varpsvæði fyrir álfir og himbrima?

3.7.2 Hönnun og öryggi vindmylla

Hámarkshæð spaða fyrirhugaðra vindmylla er um 200 m. Í Ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2019 um lýsingu og merkingu hindrana, segir í, 6. grein, að vindmyllur sem eru 150 m eða hærri skuli merktar með lit og hindranaljósum samkvæmt 11.-13. gr. Að auki hefur verið haft samráð við Samgöngustofu um að minnka áhrif ljóss en tryggja þó öryggi. Því gerir núverandi hönnun framkvæmdarinnar ráð fyrir lýsingu á vindmyllunum á hornum vindorkugarðsins og á þeirri vindmyllu sem stendur hæst í landi. Eitt ljós (með tæknilýsingum sem eru í samræmi við ákvörðun nr. 1/2019) verður sett á vélarhús hvernar þessara vindmylla. Þessi ljós blikka samtímis og verða hvít á daginn og rauð að nóttu til.

bls. 26

Mun einnig vera ljósmengun af vindmyllunum? Ef hugað er af samfélaginu sem mun búa í nálægð við fyrirhugaðar vindmyllur, væri þá ekki skynsamlegra að hafa þær í 150m hæð til að koma í veg fyrir auka sjónmengun eins og ljósmengun? Einnig er mikilvægt að benda á að fyrirhugaðar vindmyllur eru staðsettar hátt í landinu og á opnu svæði sem gerir það að verkum að bæði eru þær hættulegri fyrir flugumferð á svæðinu og að það eykur sjón- og ljósmengun fyrir samfélagið í kring.

3.7.3 Flutningur vindmylla að framkvæmdasvæði

Vegna óeðlilegrar stærðar og mikillar þyngdar á flutningabílum sem flytja þurfa vindmyllurnar frá höfn að framkvæmdasvæði er nauðsynlegt að fara yfir ástand vegakerfisins á þeim kafla með tilliti til þessara flutninga. Unnin hefur verið frumathugun á leiðum frá mismunandi höfnum sem gætu hentað til flutninga og má sjá í viðauka K.

Æskilegast er að skipa vindmyllum og fylgihlutum þeirra upp frá höfninni við Grundartanga og keyra þeim þaðan að framkvæmdasvæði um fyrirliggjandi vegakerfi, um Þjóðvegi 1, 60 og 59 (130 km), eins og sýnt er á Mynd 3-7.

Ráðist verður í mat á aðgengi (þar á meðal beygjuferilsgreiningu, athugun á ástandi vegakerfis og staðsetningu skilta) fyrir æskilega flutningsleið á síðari stigum verkefnisins. Í því mati verða skilgreindir allir hlutar vegakerfis eða umferðarinnviða (skilti o.þ.h.) sem kalla á breytingar eða endurbætur til að auðvelda aðgengi fyrir flutninga af þessu tagi frá höfn að framkvæmdasvæði.

bls. 26

Ef ekki er hægt að landa fyrirhuguðum vindmyllum nær fyrirhugaða framkvæmdarsvæðinu og því þurfa fara í gegnum mikið ferli og hafa mikil áhrif á veginnviði landsins, væri ekki hentugra að byggja vindmyllur nær svæðum þar sem hægt er að landa öllum efniviðum og tækjum og ekki hamla mikilvæga innviði? Einnig má benda á að framkvæmdaraðilinn vill flytja orkuna aftur til

baka í Grundartangahöfn vegna fyrirhugaðrar vetnisframleiðslu fyrirtækisins. Væri ekki auðveldara að setja fyrirhugaðan vindorkugarð við Grundartanga?

Af hverju verður ráðist í mat á aðgengi fyrir æskilega flutningsleið á síðari stigum verkefnisins? Það mætti telja sem mjög mikilvægan part af verkefninu að koma fyrirhuguðum vindmyllum á fyrirhugaðan framkvæmdarstað. Hvað ef það kemur í ljós að ekki verður hægt að landa og flytja fyrirhugaðar vindmyllur frá Grundartanga og búið verður að gefa grænt ljós á þessa umhverfismatsskýrslu? Mun aðkomuleiðinni verða breytt og ekki skilyrði að því yrði upplýst eða/og farið í einhverskonar mat? Hverskonar breytingar eða endurbætur er verið að tala um?

3.7.4 Tengivegir innan framkvæmdasvæðis

Alls verður þörf á u.þ.b. 19,1 km af tengivegum á framkvæmdasvæði (nýjir vegir og núverandi vegir sem verða styrktir). Notast verður við vegi sem fljóta á yfirborði þar sem þarf, hins vegar þar sem dýpi á fast er grunnt og hönnun leyfir verður fyllt upp með efni.

bls. 28

Hvernig eru vegir sem fljóta á yfirborðinu? Er búið að teikna upp hvar tengivegir mun fljóta á yfirborðinu og hvar aðrir verða fylltir upp með efni? Það hlýtur að skipta máli varðandi magn efnis sem þarf í vegagerð og þá hvort nóg efni er til í fyrirhugaða framkvæmd.

3.7.6 Undirstöður vindmylla

Vindmyllurnar verða reistar á steiptum undirstöðum. Sjá má mynd af dæmigerðri undirstöðu vindmyllu eins og þeirra sem á að reisa að Sólheimum á Mynd 3-8. Áætlað er að þvermál undirstaða vindmyllna verði á bilinu 16 til 30 m; lokahönnun á undirstöðunum (þ.e. nákvæmt umfang, dýpt og styrkingarkröfur) verður ákveðin að loknum jarðtæknilegum athugunum áður en framkvæmdir hefjast.

bls. 28

Hvernig er hægt að gefa út í umhverfismatsskýrslu með þær upplýsingar að þvermál undirstaðanna verði á bilinu 16 til 30 metrar? Það að ekki sé búið að hanna undirstöðurnar þegar kemur að umhverfinu hlýtur að teljast virkilega óvenjulegt þar sem þetta er gífurlega stórt bil og erfitt að átta sig á hversu mikið þessar fyrirhuguðu framkvæmdir munu hafa áhrif á umhverfið. Hvernig er hægt að gefa leyfi á framkvæmd sem hefur ekki aflað jarðtæknilegar upplýsingar og hefur í raun ekki hugmynd hvort fyrirhugaðar staðsetningar muni í raun vera mögulegar þegar kemur að 200m vindmyllum? Hvað ef jarðvegurinn er mjög óhentugur, hvað verður gert þá? Hvað er átt með styrkingarkröfur? Af hverju er ekki búið að fara í jarðtæknilegar athuganir og af hverju þarf að gera það rétt áður en framkvæmdir hefjast? Væri ekki hægt að segja það sama varðandi fugla- og gróðurfarsgögnin, það er að segja að það verði gert áður en framkvæmdir hefjast?

3.7.7 Kranaplön

Við hverja vindmyllu þarf plan sem liggur að undirstöðum vindmyllunnar sem veitir traustan grunn sem kranar geta hvílt á þegar verið er að reisa vindmylluna.

Undirlag kranaplanssvæðis mun samanstanda af mól. Að auki verða minni tímabundin hliðarsvæði sem eru nauðsynleg fyrir samsetningu á aðalkranabómunni og „spáðastautunum“ sem eru nauðsynlegir fyrir geymslu á vindmylluspöðunum.

Sjá má dæmigerða tilhögun kranaplans á Mynd 3-9. Hins vegar mun endanleg tilhögun plansins fara eftir aðferðinni við að reisa kranana og nákvæmum tæknilýsingum þeirra sem verktakinn sem sér um að reisa kranana velur. Kranaplönin verða nægilega slétt og með viðeigandi burðargetu fyrir geymslu á vindmylluhlutum og starfsemi krana. Kranaplönin munu standa út rekstrartíma framkvæmdar og notuð við viðhald og niðurrif.

bls. 28-29

Er vitað hversu mikið af mól þarf í hvert kranaplanssvæði eða er það einnig ekki nákvæmlega vitað þar sem ekki er búið að afla jarðtæknilegra upplýsinga? Hvers vegna þarf geymslupláss fyrir vindmylluspaðana? Þannig er í raun ekki vitað hvernig kranaplanið verður, er það þá varðandi stærð? Þá er ekki vitað hversu mikið efni þarf í hverja undirstöðu og heldur ekki hversu mikið af jarðvegi yrði fjarlægð fyrir hvert plan. Er þá hægt að segja til um hversu mikið af ha af jarðveg fer undir framkvæmdarsvæðið þegar ekki er vitað hvernig kranaplönin verða? Einnig væri gott að sýna hvernig undirstaða fyrir vindmyllur er byggð í votlendi þar sem mikið er af vökva og mjúkum varðvegi. Mun það hafa áhrif á myndun kranaplananna?

3.7.8 Geymslusvæði fyrir spaða

Geymslusvæði fyrir spaða liggja að kranaplönunum, eins og sýnt er á Mynd 3-2. Geymslusvæði fyrir spaða eru u.þ.b. 20 m x 82 m að stærð.

Yfirborðslag jarðvegs verður fjarlægð af fyrirhuguðum geymslusvæðum og lögð við jaðarinn þannig að hægt verði að nýta yfirborðslagið aftur við frágang svæðisins. Svæðið verður svo hulið með jarðgrind og ofan á henni þjappað malarefni. Þykkt þess fer eftir undirlagi og burðargetu.

Að framkvæmdum loknum verður geymslusvæði fyrir spaða komið í fyrra horf að fullu.

bls. 29

Mynd 3-2 sýnir þetta ekki mjög vel. Væri hægt að setja upp líkanmynd eða mynd frá öðrum framkvæmdum, eins og var gert fyrir mynd 3-9? Þegar talað er um að yfirborðslag jarðvegs yrði fjarlægð, hversu mikið væri það? Það að þykkt malarefnis sé ekki vitað og að það fari eftir undirlagi og burðargetu, er það út af því ekki hefur verið farið í könnun á jarðvegi? Hér er enn og aftur talað um að komið verður svæðinu í fyrra horf að fullu og ekki eru færð rök fyrir því. Hvernig er hægt að halda því fram þegar ekki eru til jarðtæknilegar upplýsingar varðandi framkvæmdarsvæðið?

3.7.10 Safnstöð raforku og tenging við flutningsnetið

Lýsingu verður haldið í lágmarki og mun takmarkast við vinnusvæði eingöngu. Öll uppsett lýsing mun uppfylla kröfur um heilbrigði og öryggi. Lýsing mun lýsa niður og tengjast tímamælum og hreyfiskynjurum þannig að ljósmengun sé haldið í lágmarki.

bls. 29

Mun þetta vera borið undir þá íbúa sem búa í nágrenni við framkvæmdarsvæðið, óháð því í hvaða sveitarfélagi íbúarnir búa?

3.8.1 Almennar aðferðir við uppbyggingu

Endurheimt framkvæmdasvæðis og stjórnun búsvæða verða útfærð eftir að uppbyggingu lýkur og meðan á rekstri stendur.

bls. 30

Af hverju er ekki farið í endurheimt búsvæða áður en fyrirhuguð uppbygging hefst þar sem framkvæmdaraðilinn vill meina að hann viti hversu mikið votlendi mun eyðileggjast við fyrirhugaða framkvæmd? Er hægt að taka framkvæmdaraðila á orðinu sem sýnir ekki fram á neinar staðreyndir um að þetta sé í raun hægt? Aftur er mikilvægt að benda á að endurheimt votlendis á ekki að vera mótvægisáðgerð fyrir eyðileggingu votlendis. Verndun votlendisvistkerfa á að vera markmið okkar allra þar sem við vitum hversu mikilvæg vistkerfi þetta eru.

3.8.2 Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdatíminn verði um 32 mánuðir samtals:

- Apr-nóv 2025 - jarðvinna 1. áfanga hefst (21 vindmylla í norðurhluta framkvæmdasvæðis)
- Apr-nóv 2026 - afhending og uppsetning á vindmyllum fyrir 1. áfanga
- Apr-nóv 2026 - jarðvinna 2. áfanga hefst (8 vindmyllur í suðurhluta framkvæmdasvæðis)
- Apr-nóv 2027 - afhending og uppsetning á vindmyllum fyrir 2. áfanga

Lokalengd áætlunarinnar fer eftir árstíðabundinni vinnu og veðurskilyrðum. Sumarmánuðirnir eru hagstæðari fyrir byggingaframkvæmdir vegna þess að lengri dagsbirta leyfir lengri vinnudaga. Yfirleitt eru sumarmánuðirnir einnig þurrari sem auðveldar framgang byggingaframkvæmda og dregur úr því að laust efni (t.d. leðja o.fl.) frá framkvæmdasvæði berist á vegi utan framkvæmdasvæðisins, þó hjólaþvottaaðstaða verði sett upp við aðalaðkeyrslu/útkeyrslu framkvæmdasvæðisins, ef við á. Votviðri getur flækt byggingaframkvæmdir í votlendi, þrátt fyrir að hægt sé að draga úr þessum vandkvæðum með „stöðvunarreglum“, ef við á.

Veður, einkum vindur, hefur mikil áhrif á tímasetningar byggingaframkvæmda. Kranavinna er almennt takmörkuð í miklum vindi (>9 m/s) og af öryggisástæðum verður forðast að reisa vindmyllur við slík veðurskilyrði; raunveruleg skilyrði verða skoðuð sem hluti af kranaáætlun. Þegar hella á steypu í undirstöður fyrir vindmyllur í köldu veðri (4°C) verður að taka tillit til veðurskilyrða.

Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum munu einnig verða notaðar til upplýsinga fyrir áætlun á byggingaframkvæmdum (t.d. ef það telst nauðsynlegt að takmarka ákveðnar byggingaframkvæmdir meðan á fengitíma eða hreiðurgerð fugla stendur eða á hrygningartímabili fiska stendur í vatnsföllum á staðnum). Ef stöðva þarf framkvæmdir í lengri tíma verða ráðstafanir gerðar til að tryggja öryggi svæðisins.

Þar sem mögulegt er munu byggingaframkvæmdir fara fram á sama tíma (þannig að heildarlengd byggingaráætlunar sé lágmarkuð), þó að þær verði heilt yfir í þeirri röð sem útlistað hefur verið. Ennfremur verður áföngum framkvæmda hagað þannig að verkfræðivinna muni halda áfram á mismunandi hlutum framkvæmdasvæðisins, á meðan verið er að reisa vindmyllur. Endurheimt framkvæmdasvæðisins verður áætluð og framkvæmd á sama tíma og byggingavinna svo hægt sé að endurheimta þau svæði sem hróflað hefur verið við eins fljótt og auðið er.

bls. 30-31

Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni er sagt að framkvæmdatíminn hefjist árið 2025 en vitnað er í að upphafs dagssetning byggingaframkvæmdarinnar muni fara eftir því hvenær samþykki fæst og hvenær raforkunetið verður tiltækt. Er grófleg dagsetning vituð? Mikilvægt væri að vita hvenær þessi framkvæmdatími var ákveðinn því ekki fengu íbúar Húnaþings vestra neinar upplýsingar varðandi þessa fyrirhuguðu framkvæmd fyrir en hún kom nú inn á Skipulagsgátt.is. Það þýðir að þegar loks voru veittar upplýsingar til þeirra íbúa sem verða fyrir beinum og óbeinum áhrifum fyrirhugaðs vindorkugarðs er minna en ár í upphaf framkvæmdatímans.

Það að dagsbirta leyfi lengri vinnudaga þýðir einnig að hljóðmengun og annar ágangur mun vera lengri á daginn. Mun það þá ekki hafa meiri áhrif á samfélagið í kringum framkvæmdasvæðið? Ef mikið votviðri getur flækt byggingaframkvæmdir, væri kannski ákjósanlegt að byggja vindorkugarð annarsstaðar en í votlendi? Hvað er átt við þegar talað er um „stöðvunarreglur“ og af hverju eru settar gæsalappir utan um það orð?

Er ekki komin nákvæmari áætlun á byggingaframkvæmdum? Ef sagt er að framkvæmdatíminn sé frá apríl til nóvember, hvernig mun fengitími eða hreiðurgerð fugla og hrygningartímabil fiska hafa áhrif á það bil? Einnig, hvernig mun það hafa áhrif á heildar framkvæmdatímann?

Hvað er átt með þegar ritað er að framkvæmdinni verður hagað þannig að verkfræðivinna muni halda áfram á mismunandi hlutum framkvæmdasvæðisins á meðan verið er að reisa vindmyllur? Hvaða verkfræðivinna þarf að vera unnin á sama tíma og verið er að framkvæmda? Ætti ekki allri verkfræðivinnu að vera lokið áður en farið verður í fyrirhugaða framkvæmd?

Enn og aftur er talað um endurheimt framkvæmdasvæðisins. Hér er sagt að hún verði áætluð og framkvæmd á sama tíma og byggingavinnan svo hægt sé að endurheimta þau svæði eins fljótt og hægt er. En á sömu blaðsíðu er sagt að endurheimt framkvæmdasvæðisins verði útfærð eftir að uppbyggingu lýkur og á meðan rekstri stendur. Hér er komin mótsögn, hvort er rétt? Enn og aftur er ekki hægt að segja að svæðið verði endurheimt eftir svona mikið rask. Þetta verður aldrei aftur ósnortið votlendi.

3.8.3 Vegir að svæði og innan framkvæmdasvæðis

Tengivegir verða u.þ.b. 5 m breiðir með 0,5 m fláa sitt hvorum megin, sem fer þó eftir undirlagi á hverjum stað. Hönnun veganna miðar að því að þeir hafi nægilegan radíus svo hægt sé að snúa við vinnuvélum, en einnig að þeir hafi nægilegan burð fyrir þær vélar og tæki sem fara um þá. Snúningssvæði eru hluti af hönnuninni eftir þörfum til að gera ráð fyrir að ökutæki með mikinn öxulþunga og kranar geti beygt þegar verið er að flytja vindmyllur og setja þær upp. Þar sem því er viðkomandi eru snúningssvæði tengd kranaplönunum til að lágmarka landtöku og rask þar sem það er hægt.

Gert er ráð fyrir að tengivegir verði byggðir með „skæringarhönnun“. Yfirborðslag jarðvegs er fjarlæggt niður á viðeigandi klöpp eða jarðlagaflot sem hægt er að byggja veginn á. Vegurinn er byggður á lagi af jarðvegsdúk þar sem mulið grjót er lagt og því þjappað niður á dýpt sem fer eftir undirlagi og svæðislýsingu. Almennt verður yfirborð vegar í sömu eða svipaðri hæð og aðliggjandi umhverfi.

Jarðvegur sem er grafinn upp verður geymdur við eða nálægt vegunum á undirlagi sem hæfir geymslu efna, þ.e. tiltölulega þurrt og flatt. Endurheimt mun svo fara fram eftir því sem vegagerðinni fleytir fram, eins og hægt er.

Tengivegir munu standa áfram eftir að framkvæmdum er lokið og verða þeir nýttir við viðhald og viðgerðavinnu á rekstartíma.

Allir tengivegir munu hafa öflugt afrennsliskerfi, þar á meðal rásir sem liggja samhliða vegunum, öðrum megin eða báðum megin. Vegurinn verður hannaður þannig að hann halli að afrennslirásunum til að koma í veg fyrir að yfirborðsvatn safnist upp og vegurinn verði eins og árfarvegur. Grjóthleðslustíflur og annars konar vatnssöfnunarþrær verða notaðar í afrennslirásunum tengivega til að hjálpa til við að stjórna framræsluhraða vatns og draga úr setmyndun, einkum í mikilli vætutíð/þíðu. Notast verður við eins gegndræpt efni og mögulegt er í gerð veganna til að fyrirbyggja að yfirborðsvatn safnist upp.

Ræsi fyrir verða sett upp með reglulegu millibili til að koma í veg fyrir flóð eða ofálag á afrennslirásir og til að viðhalda náttúrulegum vatnssöfnunarþróum. Einnig verða steiptir klossar og pyttir til að verja enda lagnanna.

bls. 31-32

Sagt er að tengivegir verði u.þ.b. 5m breiðir með 0,5m fláa sitt hvorum megin en það fer eftir undirlagi á hverjum stað. Ef undirlagi er slæmt getur þá þurft að gera breiðari veg eða meiri fláa? Hér er enn og aftur verið að sýna hversu mikilvægt væri að fara í jarðvegsrannsókn fyrir umhverfismatsskýrslu þar sem erfitt er að segja um hversu mikil áhrif þetta hefur og hversu mikið svæði mun fara undir framkvæmdirnar.

Hversu mikið af yfirborðslagi jarðvegsins þarf að fjarlægja? Hvernig er hægt að setja til um rask ef ekki er vitað hvort þurfi að fjarlægja 50cm eða 2 metra til að leggja tengivegina? Einnig er ekki hægt að gera ráð fyrir hversu mikið mulið grjót þarf til þess að byggja veginn ef ekki er vitað hversu mikinn jarðveg þarf að fjarlægja. Af hverju er vegurinn byggður á lagi af jarðvegsdúk og hvernig getur þessi jarðvegsdúkur haft áhrif á umhverfið í kring?

Jarðvegurinn sem er fjarlægður á að vera geymdur við eða nálægt vegunum. Munu því vera hólar af jarðvegi við hvern veg? Ef svo er þarf að teikna það inn á líkanmyndirnar, ásamt vegunum, til að hægt sé að meta sjónmengunina. Hvernig endurheimt á að fara fram eftir því sem vegagerðinni fleytir fram? Ef tengivegir eiga að standa áfram, hvers vegna mun jarðvegurinn sem var grafinn upp vera geymdur og af hverju að geyma hann við veginn?

Síðan er útskýrt hvernig öflugt afrennslikerfi mun vera sett upp til að stjórna framræsluhraða vatns og draga úr setmyndun, fyrirbyggja að yfirborðsvatn safnist upp og hvernig steiptir klossar og pyttir verða settir til að verja enda lagnanna. Þetta sýnir hversu mikið vatn getur tapast úr votlendinu á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Það er verið að ræsta fram votlendi og þegar það er gert er ekki hægt að fá það aftur í sama horf né hægt að bæta það upp með endurheimt annarstaðar. Fyrirhuguð framkvæmd á að standa í 25+ ár og líkurnar á því að þetta svæði muni fara í sama horf eftir rekstur fyrirhugaðs vindorkugarðs eru engar.

Einnig þarf að benda á að miklar líkur eru á því að þessi fyrirhugaða framkvæmd muni hafa áhrif á mun stærra svæði en gefið er út í þessari skýrslu. Svæðið sem getur orðið fyrir áhrifum eru votlendi, vötn og tjarnir við framkvæmdarsvæðið. Þau svæði geta verið í Húnaþingi vestra og ekki er búið að gefa þeim landeigendum, sem eiga land við framkvæmdarsvæðið sem getur orðið fyrir áhrifum, tækifæri á að tjá sig né fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi framkvæmdina. Ber framkvæmdaraðila ekki skilda til þess?

3.8.4 Undirstöður vindmylla

Bygging á undirstöðum vindmylla mun fela í sér gröft niður að burðarjarðlögum eða berggrunni. Mold og gróður sem er fjarlægður verður lagður ofan á óhróflaða jörðina í kring þar til þörf er á honum við endurheimt svæðisins.

Burðarjarðlög eða berggrunnur verða sléttuð og steypuþrífalag sett yfir áður en stálstyrkt steypulag er sett niður. Dýptin á greftrinum mun líklega vera u.þ.b. 3 - 4 m en það fer eftir dýpt burðarjarðlagsins eða berggrunnsins, hliðarnar verða hamraðar til að tryggja að þær séu stöðugar meðan á byggingarvinnu stendur. Áætlað er að hver undirstaða verði steipt úr a.m.k. 500 m³ af steypu, sem jafngildir u.þ.b. 15.000 m³ fyrir undirstöður allra vindmyllanna (endanlegt magn verður ljóst eftir að jarðgrunnsathugun lýkur).

Ofan á steypulaginu verður svo steiptur standur en á hann verður vindmylluturninn svo festur. Sjá má ljósmynd af dæmigerðri undirstöðu vindmyllu á Mynd 3-8, en undirstöður fyrirhugaðra vindmylla verða að öllum líkindum mjög svipaðar þessari. Uppgrafna svæðið verður svo fyllt með þjöppuðum lögum af flokkuðu efni úr upprunalega greftrinum og mold sett ofan á. Nákvæm smáatriði hvernar undirstöðu verða breytileg á framkvæmdarsvæði þar sem undirlag er mismunandi. Ráðist verður í ítarlega jarðgrunnsathugun áður en byggingarvinna hefst svo kröfur hvernar undirstöðu liggi ljóst fyrir.

Á meðan gryfja fyrir undirstöðunum er opin (vanalega í 1 til 2 mánuði) verður að halda vatni frá henni svo hægt sé að byggja styrkta steypugrunninn. Innstreymi vatns getur orðið úr jörðu (frá opnu yfirborði), vegna yfirborðsvatns og vegna regns. Þyngdaraflsfrárennsli verður nýtt við gröft fyrir undirstöðum þar sem skilyrði á svæðinu leyfa. Sé það ekki hægt verður notast við dælur. Losun á vatni úr gryfju mun heyra undir aðferðalýsingu sem samþykkt er af umhverfisstjóra byggingaframkvæmda (Environmental Clerk of Works, ECoW). Þar sem nauðsynlegt er verða settar upp settjarnir, hreinsunarstöðvar og jaðarspildur til að fjarlægja set úr vatni sem dælt er. Ekkert vatn úr gryfjum verður losað beint í árfarvegi.

bls. 32

Ef geyma á mold og gróður munu þá ekki vera stórir hólar við hverja fyrirhugaða vindmyllu? Er þessi óhróflaða jörð sem þessi mold og gróður fer á talin inn í hektara fjöldann sem sagður er verða fyrir áhrifum af þessari fyrirhuguðu framkvæmd? Aftur er minnst á endurheimt svæðisins sem hefur enga stoð við raunveruleikann né er vitnað í heimildir.

Sagt er að dýptin á greftrinum mun líklega vera u.þ.b. 3-4 metrar en það fer eftir dýpt burðarjarðlagsins eða berggrunnsins. Er í raun er engin leið að vita hversu mikið þarf að grafa þar sem ekki er búið að fara í jarðgrunnsathugun? Það sýnir sig aftur og aftur hversu mikilvægt er að vita upplýsingar varðandi jarðveginn til að gera sér grein fyrir hversu mikið þarf að eyðileggja vistkerfið til að koma niður einni fyrirhugaðri vindmyllu. Hvað verður gert ef það þarf að grafa meira en 3-4 metra, er bara grafið eins djúpt og þarf?

Hver er heimildin fyrir því að það þurfi a.m.k. 500m³ af steypu í hverja undirstöðu?

Til að setja magn steypu í samhengi: í hverja undirstöðu á að fara minnst 500 m³ sem jafngildir u.þ.b. 15 flutningagámum (20 feta) en í heildina á fyrirhugaðri framkvæmd á að fara minnst 15.000 m³ sem jafngildir u.þ.b. 6 fullum ólympískum sundlaugum eða 455 flutningagámar (20 feta).

Talað er um að flytja eigi steypu frá Borgarnesi. Það er í um 130km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ef reikna má með því að hver steypubíll taki 8 m³ eru þetta 62,5 ferðir á hverja fyrirhugaða undirstöðu, í heildina 15.500 km. Ef tekið er heildar kílómetrafjöldi fyrir allar undirstöður munu vera eknir 362.500 km. Er gert ráð fyrir þessum akstri í umhverfismatsskýrslu?

Að segja að nákvæm smáatriði hvernar undirstöð verða breytilegar þar sem undirlag er mismunandi má telja sem ekki gott orðalag í umhverfismatsskýrslu. Ástæðan fyrir því að framkvæmdaraðilar vita ekki smáatriðin er sú að ekki er búið að fara í mikilvægar jarðgrunnsathuganir sem eru mjög mikilvægar til að átta sig á umfangi fyrirhugaðar framkvæmdar. Ef fara á í ítarlega jarðgrunnsathugun áður en byggingarvinna hefst væri ekki hægt að kanna það núna áður en þessi skýrsla var skrifuð í stað þess að gera ráð fyrir bestu aðstæðum?

Halda á gryfjunni opinni í 1 til 2 mánuði. Á þessu svæði eru margar kindur sem ganga á fjall að sumri, í fyrirhuguðum framkvæmdarglugga. Munu þessar gryfjur vera dauðagildirur fyrir kindur og lömb eða verða gerðar einhverjar ráðstafanir? Sagt er að ekkert vatn mun vera losað beint í árfarvegi, mun því vera dælt á bíla og því keyrt burt?

3.8.7 Rafmagnstengingar á framkvæmdasvæðinu

Nákvæmar tæknilýsingar fyrir byggingarvinnu og gröft á skurðum fyrir raflagnir fer eftir undirlaginu á hverjum stað en yfirleitt verða strengir lagðir í skurði sem eru u.þ.b. 1,5 m djúpir og 1,5 breiðir. Til að draga sem mest úr jarðraski verða strengir settir niður innan vegbeltis tengivega á framkvæmdasvæðinu. Við val á uppsetningu verður miðað við að sem minnst rask verði á votlendi, bæði við uppsetningu og eftir hana.

Allur skurðargröftur verður afgirtur og merktur greinilega. Flutningar á rafstrengjum verður samræmdur við almenna umferð. Söfnun, geymsla og endurnýting á afskornum strengjum og úrgangi frá endabúnaði verður kerfisbundin og öll förgun mun fara fram á viðeigandi hátt.

bls. 34

Skurðirnir sem verða u.þ.b. 1,5m djúpir og 1,5 breiðir og vitnað er í að þetta er ekki staðfest dýpi og breidd þar sem ekki er búið að fara í jarðefnafræðilega úttekt. Hér er enn og aftur verið að sýna að ekki er í raun hægt að segja um umfang fyrirhugaðs framkvæmdar þar sem ekki er búið að fara í mikilvægar rannsóknir. Gætu skurðirnir þurft að vera mun breiðari og/eða dýpri?

Sagt er að framkvæmdaraðilinn ætli að gera sem minnst rask á votlendi en mikilvægt er að benda á að allar fyrirhugaðar vindmyllur eru staðsettar í votlendi og ef minnst 1,5x1,5m skurður verður lagður í gegnum þá mun það þurrka upp votlendið og ekki verður hægt að endurheimta þau, hvað þá eftir 25+ ár. Hvað er átt með því að skurðirnir verði afgirtir og merktir greinilega?

3.8.9 Vinnuafli

Á því 32 mánaða byggingatímabili sem búist er við því að meginþungi framkvæmda verði, er áætlað að það verði um 150 tímabundnir starfsmenn að störfum á framkvæmdasvæðinu. Vinna á svæðinu mun líklega verða takmörkuð yfir vetrarmánuðina (desember - febrúar) vegna kulda og myrkurs. Stefnt er að því, í samráði við Dalabyggð og nálæg sveitarfélög, að ráða eins marga starfsmenn og mögulegt er af nærliggjandi svæði.

bls. 35

Þessi rísa stóra fyrirhugaða framkvæmd mun aðeins mynda 150 tímabundin störf og aðeins fáeinir fastar stöður yfir allan fyrirhugaðan rekstur (25+ ár). Einnig er mikilvægt að benda á að

orkan sem verður framleidd fer úr Dalabyggð í vetnisframleiðslu við Grundartangahöfn þar sem raunverulegu störfun munu líklegast vera staðsett.

Hér er sagt að stefnt verði að því að vera í samráði við Dalabyggð og nálæg sveitarfélög til að ráða starfsmenn eins og mögulegt er. Mikilvægt er að benda á að ekki hafa framkvæmdaraðilar rætt við íbúa Húnaþings vestra nema einu sinni árið 2021. Hvað ef ekki er hægt að ráða alla starfsmenn fyrir fyrirhugaða framkvæmd frá nálægum sveitarfélögum, hvað verður gert?

Tafla 3-6 Yfirlit yfir væntanlega landtöku fyrir starfsemi framkvæmdarinnar

Svæði fyrir starfsemi vindmylla (áætlað að 50% þess svæðis sem fer undir byggingaplan og geymslusvæði verði endurheimt)*

**Verið er að skoða annan kost, þ.e. að færa rekstrar- og viðhaldsskrifstofu í nærliggjandi þorp, Borðeyri, en það mun draga enn frekar úr varanlegri landtöku.*

bls. 38

Aftur er minnst á endurheimt svæðis sem mun aldrei fara í sama horf.

Þarna er minnst á að færa rekstrar- og viðhaldsskrifstofu á Borðeyri. Hefur þetta verið rætt við íbúa Húnaþings vestra? Hefur þetta verið rætt við Dalabyggð? Hvernig geta framkvæmdaraðilar réttlætt það að byggja fyrirhugaðan vindorkugarð sem mun ekki búa til mikið af störfum og að þau fáu störf sem myndist verði staðsett í öðru sveitarfélagi en því sem verið er að byggja í?

3.8.11.1 Notkun auðlinda

Í heildina er því áætlað að þörf verði á um 150.000 m³ af malarefni. Það efni sem verður til við uppgröft vegna undirstaðna innan svæðis getur nýst til framkvæmda. Verkfræðiteymi verkefnisins hefur komist að þeirri niðurstöðu að nóg af efni fáiist úr greftri á svæðinu, það nægir líklega fyrir byggingarframkvæmdirnar og þar því ólíklega að sækja meira efni utan svæðis.

Frekari jarðgrunnsathuganir munu þó fara fram áður en byggingarframkvæmdir hefjast til að ganga úr skugga um gæði og magn þess efnis sem er að finna á framkvæmdasvæðinu. Sé þörf á meira efni verður það sótt í námu sem er utan framkvæmdasvæðisins en nálægt því (þ.e. til að takmarka umferð). Þrjár opnar námur eru nú þegar staðsettar meðfram Laxárdalsvegi og eru þær í minna en 10 km fjarlægð frá svæðinu: Selhöfði (nr. 22865), Haugur (nr. 17398) og Svartifoss (nr. 17415).

Þörf er á 60 tonnum af stáli fyrir turn og styrkingar í undirstöðu hvernar vindmyllu. Í heildina verður þörf á um 1.740 tonnum af stáli til að setja upp vindmyllurnar sem verða 29 talsins. Þörf er á um 900 tonnum af kopar fyrir jarðstrengi.

bls. 39

Sagt er að þörf verði á 150.000 m³ af malarefni. Líklega er hér verið að gefa lágmarkstölu þar sem ekki hefur verið farið í jarðgrunnsathugun. Hvernig getur verkfræðiteymi verkefnisins komist að þeirri niðurstöðu að nóg af efni fáiist úr greftri á svæðinu þegar ekki hefur verið farið í jarðgrunnsathuganir? Svo er ritað í næstu setningu að nauðsynlegt er að fara í frekari jarðgrunnsathuganir til að gagna úr skugga um gæði og magn þess efnis sem er á svæðinu. Hvernig er þá hægt að segja í setningunni á undan að nóg af efni fáiist? Hversu mikið efni er í þessum þrem námum? Hvað ef þörf er á meira efni sem ekki er hægt að fá úr þessum þrem námum?

Ef ekki er hægt að notast við efnið sem fengið er í uppgreftri vegna undirstaða og vegagerðar, hafa framkvæmdaraðilinn gert ráð fyrir hugsanlegum flutningi malarefnis úr námunum sem nefndar eru? Ef þyrfti að flytja þessa 150.000 m³ af malarefni alla úr námunum eru þetta sirka 12.000 ferðir á vörubílum eftir þjóðvegnum. Það þýðir 240.000km akstur á malarefni.

Ef áætlað er að „trailer“ taki 25 tonn eru 100 ferðir til að flytja stál og kopar.

3.8.11.2 Útblástur

Dreifing ryks stafar af ýmsum aðgerðum, s.s. uppgreftri og flutningi á efni (hleðsla og afferming). Því verður umferð ökutækja (á malarvegum) takmörkuð með því að fylgja góðum starfsháttum.

bls. 40

Rykmengun getur einnig verið mikil þegar mikið er af þurru, haugsettu moldarefni. Hvaða ráðstafanir hafa framkvæmdaraðilar?

Seinna í skýrslunni er minnst á hugsanlegar sprengingar til að losa um klappir. Hér er ekki minnst á dreifingu ryks sem stafar gæti stafað af hugsanlegum sprengingum. Myndi það ekki mynda mikið ryk og hafa áhrif á umhverfið í kring?

3.9.1 Tímaáætlun

Vindorkugarðurinn er hannaður til að vera starfræktur í um 25 ár.

Um leið og hann er starfhæfur mun eftirlit og stýring vindmylla fara fram í fjarstýrðu stjórnherbergi utan svæðis.

bls. 42

Hér er sagt að um leið og fyrirhugaður vindorkugarður verði starfhæfur mun eftirlit og stýring vindmyllanna fara fram í fjarstýrðu stjórnherbergi utan svæðis. Í skýrslunni er hins vegar sagt að starfsmaður eigi að fara í reglubundið eftirlit um svæðið. Þegar talað er um fjarstýrt stjórnherbergi utan svæðis, er það í Dalabyggð, annarstaðar á Íslandi eða utan landsteinanna?

3.9.2 Viðhald vindmylla

Öruggur aðgangur að framkvæmdinni er nauðsynlegur allt árið um kring. Snjócoma getur orðið á framkvæmdasvæðinu og því getur þurft að hreinsa snjó með viðeigandi snjóruðningstækjum. Ef aðgangur að framkvæmdasvæðinu er takmarkaður í slæmu veðri er einnig hægt að fjarstýra vindmyllunum ef það þarf að slökkva á þeim.

bls. 42

Hafa verið gerðir útreikningar varðandi hugsanlegan snjómokstur á framkvæmdasvæðinu? Mun þetta ekki hafa hugsanleg áhrif á íbúa nálægt framkvæmdarsvæðinu, svo sem hávaða- og ljósmengun? Hvernig gæti það haft áhrif á þá fugla sem hafa vetursetur á Íslandi?

3.9.4 Vinnuafli

Rekstur vindorkugarðs krefst 10-15 starfsmanna til að sinna verkum eins og:

- reglulegu fjareftirlit með starfsemi vindmyllanna
- áætluðu og óvæntu viðhaldi á íhlutum vindmyllanna og
- áætluðu og óvæntu viðhaldi á vegakerfi, traustu undirlagi, byggingum og rafbúnaði (t.d. jarðstrengjum eða tengivirkjum).

Flestar daglegar athafnir fara fram utan svæðis í gegnum tölvukerfi og krefjast fámenns starfsliðs. Af og til þarf líklega að sinna viðhaldi og viðgerðum á framkvæmdasvæðinu.

Meðan á rekstri stendur er gert ráð fyrir því að ráðnir verði átta til tíu starfsmenn til að sinna eftirliti og fyrirbyggjandi viðhaldi. Að auki verða tveir til fjórir viðgerðarmenn ráðnir af framleiðanda vindmyllanna til að sinna árlegu viðhaldi.

bls. 42-43

Hversu margir af þessum 10-15 starfsmenn munu vera búsettir og starfa í Dalabyggð, eða yfirhöfuð á Íslandi? Þessir tveir til fjórir viðgerðarmenn sem eru ráðnir af framleiðanda vindmyllanna til að sinna árlegu viðhaldi, verða þeir búsettir á Íslandi eða er þeim flogið til landsins? Hversu margir munu vera ráðnir í fullt starf og búsettir og borga útsvar til Dalabyggðar?

3.9.5 Umferð

Meðan á rekstri stendur mun umferð takmarkast við ökutæki sem sinna viðhaldi og ferðum starfsmanna um framkvæmdasvæðið.

bls. 43

Er hægt að greina frá því hversu margar ferðir þetta gætu verið? Erfitt er fyrir íbúa nærri framkvæmdarsvæðinu að gera sér grein fyrir áhrifum umferðarinnar ef ekki er gefið nánari lýsingu.

3.10 Endurnýjun eða niðurrif framkvæmdar

Ef ákveðið verður að ráðast í niðurrif framkvæmdarinnar, verður útbúin áætlun fyrir niðurrif og frágang svæðisins og skilað inn til viðeigandi stjórnvalda áður en niðurrif hefst. Lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs verður fylgt við niðurrif. Þar sem nákvæm áætlun fyrir niðurrif verður ekki til taks fyrr en eftir mörg ár er ekki lagt ítarlegt mat á þetta stig verkefnisins. Yfirlit yfir líklegar niðurrifsaðgerðir má sjá í töflu 3-7. Til nánari útskýringar verður íhlutum vindmylla sem hafa verið teknar í sundur hlaðið á vörubíla til flutnings á endurvinnslu- eða förgunarstöðvar. Flutningurinn mun fylgja staðbundnum reglugerðum og öryggisstöðlum.

bls. 43

Einhvern tímann mun þurfa að ráðast í einhverskonar niðurrif, eftir 25 ár+ sama hvað. Hvernig er hægt að setja upp fyrirhugaðan vindorkugarð með enga áætlun fyrir niðurrif og frágang? Hér á undan hefur oft verið sagt að endurheimt mun fara fram eftir að fyrirhuguðum rekstri sé lokið, en hvernig er hægt að gefa það út ef ekki hefur verið búin til áætlun fyrir niðurrif og frágang svæðisins? Af hverju er ekki nákvæm áætlun fyrir niðurrif til taks fyrr en eftir mörg ár? Af hverju ekki að bíða með þessa umhverfismatsskýrslu fyrr en búin er að ákveða áætlun fyrir niðurrif? Hvernig er hægt að meta hversu mikil áhrif þessi fyrirhugaða framkvæmd hefur á umhverfið þegar aðeins er gefið út yfirlit yfir líklegar niðurrifsaðgerðir?

Hefur framkvæmdaraðili lagt fram tryggingar svo tryggt sé að það til sé fjármagn til niðurrifs og endurheimts landsins eftir 25+ ár?

Tafla 3-7 Yfirlit yfir niðurrifsaðgerðir

Endurvinnsla á vindmylluhlutum eftir niðurrif minnkar umhverfisáhrif niðurrifsferlisins og stuðlar að sjálfbærni. Vindmyllur eru settar saman úr ýmsum efnum, þ.á.m. stáli, kopar, áli, glertrefjaefni²⁹ o.fl. sem er hægt að fjarlægja og endurnota í ýmsum iðnaði. Ath: Í dag er hægt að endurvinna ~85-90%^{30,31} af heildarþyngd hvernar vindmyllu og út frá tækniþróun má gera ráð fyrir að þetta hlutfall muni hækka með tímanum.

Qair Iceland mun gefa landeiganda kost á að halda tengivegum innan svæðis (ef vilji er fyrir hendi). Ef ekki þá verða vegir fjarlægðir og náttúrulegt landslag endurheimt.

Eftir að innviðir hafa verið fjarlægðir verður svæðið endurheimt og komið eins nálægt náttúrulegu ástandi og hægt er eða fundin önnur not fyrir það. Þetta getur falið í sér að endurflokka landið, gróðursetja tegundir sem finnast á svæðinu og taka á jarðvegsmengun ef hún er til staðar.

bls. 44

Sagt er í neðanmálsgrein að fyrstu vinmyllurnar sem voru teknar niður á Íslandi, staðsettar í Þykkvabæ, voru fluttar til Danmerkur til endurvinnslu. Hversu græn er endurvinnslan ef flytja þarf spaðana til landsins á sérstökum báti, flytja þá innanlands á sérstökum bíl og síðan flytja efnið eftir reksturinn til endurvinnslu utan landssteinanna?

Heimild 30 og 31 eru notaðar til að vitna í að hægt sé að endurvinna um 85-90% af heildarþyngd hvernar vindmyllu. Í heimild 30 er vitnað í aðrar heimildir, þrjár aðrar greinar, að hægt sé að endurnýja 80-90% af vindmyllunum. Heimild 31 ritdómur eða umsögn (e. review) og þar er vitnað í eina heimild að hægt sé að endurvinna 85-90% vindmyllanna. Hér er verið að vitna rangt í

heimildir þar sem nauðsynlegt er að vitna í upphaflegu rannsóknina sem sýndi fram á að hægt sé að endurvinnna um 85-90% vindmylla frekar en að vitna í greinar sem eru að vitna í aðrar greinar. Einnig er mikilvægt að benda á að heimild 31 vitnar í greinar sem benda til þess að blandan af efnum í vindmylluspöðunum geri það erfitt fyrir að endurvinnna þá og er það orkufrekt ferli.

Hér gefur framkvæmdaraðili fram að landeigandi má halda tengivegum innan svæðis ef sá aðili hefur áhuga á því. Þá mun það svæði ekki vera endurheimt eins og búið er að ýja að. Hvað er átt með því að finna önnur not fyrir svæðið ef ekki er hægt að endurheimta það?

Á ekki að vinna á jarðvegsmengun um leið og hún finnst?

3.10 Endurnýjun eða niðurrif framkvæmdar

Niðurrif framkvæmdarinnar mun auka umferð tengda starfsfólki, sundurtöku vindmylla og flutningi á efni frá framkvæmdasvæðinu ásamt nauðsynlegum tímabundnum eða varanlegum endurbótum á vegakerfi til að auðvelda þá starfsemi. Gert er ráð fyrir því að áhrif vegna niðurrifs framkvæmdarinnar verði svipuð í eðli og mikilvægi og þau áhrif sem tíunduð eru á framkvæmdatíma verkefnis, nema yfir styttra tímabil (3 mánuðir).

bls. 44

Erfitt er að gera ráð fyrir áhrifum niðurrifsins ef ekki hefur verið búið að ljúka áætlanargerð fyrir niðurrif. Er raunhæft að gefa út að niðurrifið taki aðeins 3 mánuði?

4.1 Yfirlit

Ráðist var í staðarvalsathugun í upphafi til að skilgreina svæði sem hæfðu vindorkugarðinum, tengivirki og tengingum við flutningskerfið. Upphaflegur fjöldi svæða var svo skorinn niður eftir því sem grunngögn og skilgreining verkefnis urðu ítarlegri og eftir stóð fyrirhugað framkvæmdasvæði að Sólheimum. Þetta ferli má sjá á Mynd 4-1.

Þegar æskilegt svæði hafði verið skilgreint fór fram bestun á útliti og hönnun framkvæmdarinnar, með upplýsingum frá tæknilegu mati annarra valkosta og mati á umhverfisáhrifum sem fór fram á sama tíma. Framkvæmdin sem lýst er í kafla 3 og fjallað er um í þessu umhverfismati er bestuð hönnun.

bls. 45

Benda þarf á að ekki hefur verið farið í jarðgrunnsathugun. Hvernig getur jarðgrunnsathugun haft áhrif á bestu hönnunina?

4.2 Núllkostur

Vert er að geta þess að Qair Iceland hyggst þróa aðstöðu fyrir vistvæna vetnisframleiðslu við Grundartangahöfn og eru fleiri staðsetningar fyrir vetnisframleiðslu fyrirhugaðar um allt land. Rafmagn frá vindorkugarðinum í landi Sólheima og öðrum verkefnum endurnýjanlegrar orku, þar á meðal öðrum verkefnum Qair Iceland, mun verða nýtt við vistvæna vetnisframleiðslu. Framleiðsla vetnis í fyrirhugaðri aðstöðu á Grundartanga mun verða mikilvægur þáttur fyrir Ísland í að ná sínum markmiðum.

bls. 46

Sú staðreynd að Qair Iceland ætli að nota rafmagnið frá þessum fyrirhugaða vindorkugarði muni vera nýtt við vetnisframleiðslu við Grundartangahöfn er virkilega mikilvæg. Fyrirhugaða orkan sem framleidd fer ekki til íbúa í nágrenni við framkvæmdarsvæðið né sveitarfélaganna sem vera fyrir beinum og óbeinum áhrifum þessara framkvæmdar. Þessi orka mun ekki nýtast í að rafmagnsvæða íslenska bílaflokkann né bæta orkuöryggi þjóðarinnar þar sem þessi orka fer öll í fyrirhugað fyrirtæki í öðru sveitarfélagi. Sagt er að Qair Iceland hyggst þróa aðstöðu fyrir vetnisframleiðslu við Grundartangahöfn og fleiri staðsetningar fyrirhugaðar um allt land. Mun vera farið í fyrirhugaða framkvæmd, ef leyfi fæst, áður en búið er að staðfesta þessa fyrirhuguðu vetnisframleiðslu? Hvað gerir þessa vetnisframleiðslu vistvæna? Er vistvænt að þurrka og eyða

votlendi til þess að búa til orku fyrir vetnisframleiðslu? Ef rafmagn þarf fyrir vetnisframleiðslu í Grundartanga og ef þarf að flytja allt fyrir þessa fyrirhugaða vindorkugarð frá Grundartanga, væri ekki umhverfisvænna og ódýrara að byggja vindorkuver nærri Grundartanga? Ef það er hentugt fyrir eigendur vatnsorkuvera að hafa vindmyllur við lónin, væri ekki hentugt að hafa vindmyllur við hliðina á vetnisframleiðslunni?

4.2 Núllkostur

Eins og áður var nefnt í kafla 3.2, hefur nýting á nýjum orkugjöfum verið takmörkuð og ekki í samræmi við aukna orkuþörf. Auk þeirrar áskorunar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, ásamt því á sama tíma að mæta aukinni orkuþörf, fela helstu markmið núverandi orkustefnu Íslands einnig í sér að gera orkukerfið fjölbreyttara, öruggara og óháðara áhrifum frá utanaðkomandi mörkuðum. Virkjun vindorku er hagkvæmur, kolefnissnauður og samkeppnishæfur kostur á Íslandi sem mun auka orkuöryggi og vaxtartækifæri, sem og koma á fjölbreyttara orkukerfi. Framleiðsla á orku með vindi mun verða hluti af orkublöndunni svo hægt sé að stuðla að því að ná hinum margvíslegu markmiðum og takmörkum landsins. Þegar ávinningur þess að koma á nýjum endurnýjanlegum orkugjöfum eins og fjallað er um hér að ofan, var sá möguleiki að halda ekki áfram með þróunina ekki íhugaður frekar. Ástæður þess að Sólheimasvæðið er viðeigandi staðsetning fyrir þróun vindorkugarðs eru útlistaðar í kafla 4.3.

bls. 46

Hvernig er hægt að segja að virkjun vindorku sé hagkvæmur, kolefnissnauður og samkeppnishæfur kostur á Íslandi sem mun auka orkuöryggi og vaxtartækifæri? Þessi fyrirhugaði vindorkugarður á að vera staðsettur í Dalabyggð til að framleiða orku fyrir fyrirtæki í Grundartanga, þar sem störfín munu vera. Hvernig er þetta hagkvæmt? Það að segja að virkja vindorku sé kolefnissnauður kostur er mjög langt frá sannleikanum. Það þarf að flytja inn alla hluta vindmyllanna að utan með sérstökum skipum, flytja þarf inn allar vélar fyrir flutning og uppsetningu og fyrirhugað er að þurrka upp votlendi sem bindur kolefni. Erfitt er að segja að þessi fyrirhugaði vindorkugarður sé samkeppnishæfur ef framkvæmdaraðilinn er að búa til orku fyrir sjálfan sig og er að stefna að því að byggja upp fleiri vindorkugarða fyrir sjálfan sig.

Tafla 4-1 Valkostir framkvæmdar sem voru skoðaðir

bls. 47

Fyrsti valkostur skráður er sagður sauð austur af bújörðinni Sólheimum. Var fyrsti valkostur fyrir fyrirhugaðan vindorkugarð í Sólheimum utan Sólheimalands?

4.3 Val á framkvæmdasvæði

Við mat á fyrsta valkosti er svæðið metið hagstætt fyrir uppsetningu vindorkugarðs. Það er staðsett nær tengivirkinu að Hrutatungu og auðvelt aðgengi er um Laxárdalsveg. Hins vegar er aðgengi innan svæðisins ekki eins þróað og í öðrum valkosti. Nálægðin við samfélög austan við þetta svæði myndi gera vindmyllurnar ögn sýnilegri, ennfremur er meira votlendi á þessu svæði en á svæðinu í öðrum valkosti. Minni hæð yfir sjávarmáli gerir það einnig að verkum að þessi kostur er ekki eins hagstæður og annar valkosturinn.

Annar valkostur var valinn sem æskilegt svæði þar sem það bauð upp á stórt landsvæði þar sem vindur er oftast mikill á afskekktu svæði, fjarri byggðum svæðum. Svæðið býr einnig að góðu aðgengi við núverandi vegakerfi og er með tengingu við flutningskerfi sem er nægilega nálægt.

Þriðji valkosturinn (fyrirhuguð framkvæmd) nýtir sama landsvæði og annar valkosturinn en með hentugri gerð og uppsetningu vindmylla. Vindmyllan sem verið er að íhuga fyrir þriðja valkostinn er jafngild V162 7.2 MW. Hún er 200 m há og turnhæð er 119 m. Þessi vindmylla var valin þar sem hún er öflugasta og hentugasta vindmyllan sem fánleg er fyrir Sólheimasvæðið. Ef framleiðslugeta vindorkugarðs er aukin er hægt að framleiða meira af rafmagni þrátt fyrir að það landsvæði sem vindorkugarðurinn nær yfir sé það sama og landtakan svipuð.

bls. 47

Af hverju gerir minni hæð yfir sjávarmáli það að verkum að þetta er ekki eins hagstæður kostur og annar valkostur?

Annar og þriðji valkostur er á sama stað en munurinn á milli þeirra er að fyrirhugaðar vindmyllur fyrir valkost þrjú (fyrirhuguð framkvæmd) eru mun stærri. Sagt er að ástæðan fyrir valinu á þessari gerð vindmylla er að hún er öflugasta og hentugasta vindmyllan sem fáanleg er fyrir Sólheimasvæðið. Hvað gerir hana hentuga, fyrir utan það að geta framleitt meira rafmagn? Flestir myndu lesa þetta þannig að framkvæmdaraðilar og landeigendur hafi valið stærri vindmyllur fyrir þetta fyrirhugaða verkefni þar sem þær framleiða meira rafmagn og skila fyrr inn hagnaði. En ekki hefur verið tekið tillit til þess að hugsanlega þarf minna landsvæði fyrir minni vindmyllur og því minna rask. Ekki hefur verið tekið tillit til þess að minni sjónmengun verður af minni vindmyllum fyrir íbúa næst framkvæmdarsvæðinu. Ekki var tekið tillit til þess að til þess að geta haft svona stórar vindmyllur þarf að hafa ljós á hverri vindmyllu til að minnka áhættu á áflugum flugvéla. Er því sjónmengun af vindmyllunum í björtu og í myrkri?

Hér er sýnt að framkvæmdaraðilar og landeigendur eru aðeins að hugsa um sinn eigin hagnað fremur en íbúanna og áhrif þess sem þessi fyrirhugaði vindorkugarður mun skapa á umhverfið.

4.4 Útlit og hönnun framkvæmdar

Uppröðun vindmyllanna hefur verið ákvörðuð út frá tæknilegu mati sem hefur farið fram í þróunarferlinu, þar á meðal mati á umhverfisáhrifum, til að skera úr um möguleg svæði og staðsetningar til að staðsetja vindmyllur þannig að raforkuframleiðsla sé hámarkuð en áhrif á umhverfið og hættur í framkvæmdinni séu lágmarkaðar. Sjá má fyrirhugaða uppröðun vindmylla á Mynd 3-2.

bls. 48

Ekki er hægt að lesa í mat á umhverfisáhrifum þar sem ekki er búið að fara í jarðgrunnsathugun og ekki er hægt að segja í raun hversu mikil umhverfisáhrif verða af þessari fyrirhuguðu framkvæmd.

Einnig má benda á það að seinna kom í ljós að meira votlendi var til staðar en gögn sögðu til um og voru fyrirhugaðar vindmyllur færðar. Ekki er bent á það hér.

Tafla 4-3 Sjónræn samanburðarathugun á valkostum

bls. 51-52

Ritað er undir töfluna að lítils háttar misræmi væri á milli myndefnisins frá 2020 og núverandi skipulags þar sem annar framleiðsluhugbúnaður var notaður. Hvernig misræmi er það?

Einnig er mikilvægt að minnast á að þessi sjónarhorn sem sýnd eru í viðauka G eru ekki með tengivegum, undirstöðum og kranaplönunum við vindmyllurnar og því er þetta ekki að gefa heildarsýn á framkvæmdarsvæðið. Væri ekki nauðsynlegt að hafa það á líkanmyndunum?

4.5 Val á vindmyllutækni

Eins og áður sagði verða þær vindmyllur sem verið er að skoða fyrir framkvæmdina um 200 m háar og turnhæð um 119 m. Þessi vindmylla var valin sem grundvöllur þessa umhverfismats þar sem hún er öflugasta og hentugasta vindmyllan sem fáanleg er fyrir Sólheimasvæðið. Hins vegar er vindmyllutækni í stöðugri þróun og við framkvæmdina verður notast við skilvirkustu tæknina sem er í boði fyrir framkvæmdarsvæðið meðan á byggingaframkvæmdum stendur. Endanleg gerð vindmylla sem verður fyrir valinu mun því ráðast síðar í hönnunarferlinu. Framkvæmdaraðilinn mun tryggja að sú gerð sem fyrir valinu verður muni ekki auka þau áhrif sem fjallað er um í mati á umhverfisáhrifum.

bls. 53

Munu íbúar í nágrenni við framkvæmdarsvæðið fá að vita hvenær endanleg gerð vindmylla verður ákveðin. Hvernig er hægt að gefa út umhverfismatsskýrslu þegar ekki er búið að staðfesta gerð vindmyllanna?

5.1 Yfirlit

Þátttaka hagsmunaaðila er lykilatriði í umhverfismati. Tilgangurinn með þátttöku hagsmunaaðila er að auðvelda þátttöku í ákvörðunarferli framkvæmdarinnar og að búa til vettvang þar sem aðilar geta skipst á skoðunum til að upplýsa um hönnun verkefnisins, skilgreiningu á mögulegum áhrifum og mótvægisaðgerðir þar að lútandi. Ferlið felur í sér að deila upplýsingum og þekkingu, skilja áhyggjur annarra og mynda tengsl, sem gerir hagsmunaaðilum kleift að skilja áhættupætti, áhrif og tækifæri samfara framkvæmdinni sem til staðar eru til að ná fram viðunandi niðurstöðum.

Þátttaka hagsmunaaðila er virkt ferli til að miðla upplýsingum milli framkvæmdaraðila framkvæmdarinnar og þeirra sem gætu haft áhrif á framkvæmdina eða orðið fyrir áhrifum frá framkvæmdinni. Tengsl við hagsmunaaðila eiga að vera til staðar frá fyrstu stigum framkvæmdarinnar og þau eru mikilvæg fyrir góða áhættustjórnun og afhendingu framkvæmdar.

bls. 55

Hverjir eru hagsmunaaðilar? Telja má að íbúar sem búa mjög nærri fyrirhugaðri framkvæmd og landeigendur sem eiga land við framkvæmdarsvæðið, og verða mjög líklega fyrir áhrifum þess, vera hagsmunaaðila. Íbúar Húnaþings vestra, þá sérstaklega þeir íbúar sem myndu hafa vindmyllur í bakgarðinum hjá sér hafa ekki fengið allar þær upplýsingar sem talið er nauðsynlegt. Einnig sést það á því að aðeins hafa íbúar Húnaþings vestra fengið einn fund árið 2021. Einnig er mikilvægt að benda á hér að ekki er minnst á að framkvæmdaraðilinn ætli að útbúa ferli fyrir kvartanir en það á að koma síðar í þróunarferlinu áður en framkvæmdir hefjast. Af hverju er það ekki setja skilyrði að ferli kvartana og spurninga sé sett á frá byrjun í stað þess að fyrirhuguð framkvæmd komist í gegn með umhverfismatsskýrslu án þess að íbúar nærri fá að segja sína skoðun eða fá að spyrja spurninga.

5.2 Kröfur og staðlar

Til viðbótar við íslensk lagaákvæði um þátttöku umsagnaraðila í mati á umhverfisáhrifum, verður alþjóðlegum stöðlum (þ.e. Miðbaugsreglurnar og IFC-staðla um afköst) einnig fylgt í Sólheimaverkefninu. Á meðal viðeigandi Miðbaugsreglna sem endurspeglar eru í IFC-kröfunum eru:

- Regla 5: Þátttaka hagsmunaaðila
- Regla 6: Ferli vegna kvartana, og
- Regla 10: Upplýsingagjöf og gagnsæi.

bls. 56

Er hægt að segja að framkvæmdaraðilar hafa veitt öllum hagsmunaaðilum þátttöku í umræðum varðandi þessa fyrirhuguðu framkvæmd? Ekki hefur verið sett af stað ferli vegna kvartana og hvernig er hægt að setja fram umhverfismatsskýrslu þegar ekki hefur verið sett af stað ferli vegna kvartana? Er það brot á reglu 6 í Miðbaugsreglunum? Hvað er átt við þegar verið er að tala um upplýsingagjöf og gagnsæi? Íbúar í Húnaþingi vestra hafa ekki fengið neinar upplýsingar varðandi þessa fyrirhuguðu framkvæmd í mörg ár og er lítið gagnsæi.

5.3 Þátttaka hagsmunaaðila í mati á umhverfisáhrifum

Qair Iceland, framkvæmdaraðilinn, hóf þátttöku hagsmunaaðila fyrir Sólheimaverkefnið snemma í þróunarferlinu árið 2018. Staða hagsmunaaðila var kortlögð sem hluti af matsáætlunarferli og eftirfarandi hópar hagsmunaaðila og tengsl þeirra við framkvæmdina voru skilgreind (sjá Vindorkugarður - Tillaga að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum - 28. nóvember 2019):

- Opinberar stofnanir
- Sveitarfélög og aðrar staðbundnar stofnanir og
- Samfélög/bújarðir sem verða fyrir áhrifum frá framkvæmd.

Samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana hefur Qair verið í sambandi við hagsmunaaðila í umhverfismatsferlinu. Sjá má yfirlit yfir þátttöku hagsmunaaðila í umhverfismatsferlinu til dagsins í dag í töflu 5-1.

bls. 57

Mikilvægt er að benda á að aðeins einn fundur hefur verið haldinn fyrir íbúa Húnaþingi vestra og það var árið 2021. Líklegt er að miklar breytingar hafa orðið á þessari fyrirhuguðu framkvæmd á þeim tíma. Mikilvægt hefði verið að halda íbúafund áður en þessi umhverfismatsskýrsla kom út til að gefa bújörðum sem verða fyrir áhrifum frá framkvæmdinni tækifæri á að spyrja sinna spurninga.

Tafla 5-1 Þátttaka hagsmunaaðila í mati á umhverfisáhrifum til dagsins í dag

Eftir söfnun grunnupplýsinga, módelreikninga (t.d. áflugshætta fugla, skuggaflökt) og eftir að drög að umhverfismati og mótvægisáðgerðum (þ.e. þetta skjal) hafa verið gerð, er skýrsla með mati á umhverfisáhrifum lögð fyrir Skipulagsstofnun til að ljúka opinberu ferli þar sem stofnunin auglýsir eftir almennum athugasemdum við skýrsluna í sex vikur. Þær athugasemdir sem berast Skipulagsstofnun á þessum sex vikum verða áframsendar á framkvæmdaraðila, sem mun bregðast við athugasemdum og senda aftur til Skipulagsstofnunar. Á þessu sex vikna tímabili heldur framkvæmdaraðili einnig fundi, bæði á landsvísu, fyrir nærliggjandi byggðarlög og fyrir næstu nágretta, til að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri við hagsmunaaðila:

- Uppfærslur varðandi eðli, umfang og tilgang framkvæmdarinnar
- Niðurstaða umhverfismats birt, þ. á m. greining á áhrifum og tillögur að mótvægisáðgerðum
- Ferli vegna kvartana og samskiptaupplýsingar fyrirtækisins

bls. 57-58

Minnst er á að eftir söfnun grunnupplýsinga, módelreikninga (t.d. áflugshætta fugla, skuggaflökt) og eftir drög að umhverfismati og mótvægisáðgerðum (þ.e. þetta skjal) er skýrsla með mati á umhverfisáhrifum lögð fyrir Skipulagsstofnun til að ljúka opinberu ferli þar sem stofnunin auglýsir eftir athugasemdum við skýrsluna í sex vikur. Hér er mikilvægt að benda á að ekki eru sýndir módelreikningar fyrir hljóðmengun. Eðlilegt hefði verið er að birta módelreikninga fyrir hljóðmengun, sérstaklega þar sem mikið er af veiðivötnum sem verða fyrir áhrifum þess sem eru ekki í eigu landeiganda Sólheima. Einnig má benda á að skuggaflökt mun falla á veiðivötn utan framkvæmdarsvæðis og í landi Húnaþings vestra. Hefur verið rætt við viðeigandi landeigendur varðandi skuggaflökt og hljóðmengun á veiðivötn og áhrif þess?

Þær athugasemdir sem berast Skipulagsstofnun á þessum sex vikum munu vera áframsendar á framkvæmdaraðila sem mun bregðast við athugasemdum og senda aftur til Skipulagsstofnunar. Fá þeir aðilar sem sendu inn spurningar svör? Munu svörin og útskýringar koma til þeirra einstaklinga áður en Skipulagsstofnun tekur sína ákvörðun?

Einnig má benda á að aldrei á þessum sex vikna tímabili hélt framkvæmdaraðilinn fund í Húnaþingi vestra. Það hefði verið hægt að minnsta kosti að benda íbúum Húnaþings vestra á íbúafundinn sem var haldinn í Dalabyggð, en það var ekki gert.

5.4 Ferli vegna kvartana

Með því að greina og bregðast við öllum kvörtunum má leggja grunn að og efla jákvæð samskipti milli framkvæmdaraðila og hagsmunaaðila framkvæmdarinnar. Ferli vegna kvartana gefur hagsmunaaðilum vettvang til að taka þátt í framkvæmdinni og koma með athugasemdir sínar í gegnum ferlið, og nýtist einnig til að leysa úr deilum til þess að lágmarka áhættu vegna ágreinings sem getur seinkað framkvæmdinni og leitt til aukins kostnaðar.

Hagsmunaaðilar geta eins og er haft samband við framkvæmdateymið í gegnum tölvupóst. Ferli vegna kvartana verður komið á síðar í þróunarferlinu áður en framkvæmdir hefjast.

bls. 59

Sagt er að hagsmunaaðilar geti haft samband við framkvæmdateymið í gegnum tölvupóst. Hefur það netfang verið gefið út til íbúa Húnaþings vestra?

Mynd 6-1 áhrifasvæði framkvæmdar fyrir náttúrulegt umhverfi

bls. 61

Á þessari mynd má sjá hvernig áhrifasvæði framkvæmdarinnar fer yfir sveitarfélagsmörk. Ættu íbúar Húnaþings vestra ekki meiri rétt á að vita meira varðandi framkvæmdina þegar þetta hefur áhrif á þeirra sveitarfélag? Hér má sjá hvernig landeigendur Sólheima veita erlendu fyrirtæki leyfi á þeirra landi en landið liggur í raun í báðum sveitarfélögum en aðeins Dalabyggð þarf að veita leyfi fyrir byggingunni. Einnig má benda á að áhrifasvæði framkvæmdarinnar fer út fyrir framkvæmdarsvæðið. Fer áhrifasvæðið yfir á landareign annarra landeiganda?

6.1.3.1 Vindhraði

Framreiknaður meðalvindhraði í 100 m hæð er 10,14 m/s á svæðinu.

bls. 62

Mikilvægt er að benda á að kranavinnan er almennt takmörkuð í miklum vindi sem er skilgreindur sem meiri en 9 m/s og af öryggisástæðum verður að forðast að reisa vindmyllur við slík veðurskilyrði. Er búið að taka mið af þessu í framkvæmdaráætlun?

6.1.3.4 Losun gróðurhúsalofttegunda og endurnýjanleg orka

Að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda er nauðsynlegt til að forðast óafturkræfan skaða sem hlýst af áhrifum loftslagsbreytinga. „Þegar kemur að hækkunum á meðalhita á heimsvísu skiptir hvert brot af gráðu máli“ kom fram í nýlegu riti sem birtir greiningar á vegum Global Carbon Budget 2018.

bls. 63

Er búið að reikna út kolefnissporið fyrir flutninginn á öllu sem þarf fyrir þessa fyrirhuguðu framkvæmd? Þegar horft er til alls, mun þessi framkvæmd geta verið kölluð vistvæn orka?

6.1.7.3 Gæði grunnvatns

Nákvæmari gæði grunnvatns á framkvæmdasvæðinu eru óþekkt en verða athuguð áður en áður en framkvæmdir hefjast. Tryggt verður að ástand grunnvatnsins versni ekki vegna framkvæmda eða reksturs vindorkugarðsins.

bls. 72

Í neðanmálsgrein er sagt að ekki var talið nauðsynlegt að taka grunnvatnssýni vegna verkefnis af þessu tagi með svo takmarkað fótspor mannvirkja og þar sem eru mjög fáir grunnvatnsnotendur í næsta nágrenni. Mikilvæg er að benda hér á að fyrirhugað framkvæmdarsvæði er í votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd. Er þá ekki mjög mikilvægt að kanna gæði grunnvatns á framkvæmdasvæðinu? Hver eru rökin fyrir því að ekki þurfi að kanna gæði grunnvatns?

6.1.8.1 Eiginleikar yfirborðsvatns

Gæði yfirborðsvatns á framkvæmdasvæðinu eru óþekkt en áður en framkvæmdir hefjast verður grunnástand þess kannað. Tryggt verður að ástand yfirborðsvatnsins versni ekki vegna framkvæmda eða reksturs vindorkugarðsins.

bls. 78

Hvernig verður ástand yfirborðsvatnsins tryggt svo það versni ekki vegna framkvæmda eða reksturs fyrirhugaðs vindorkugarðs?

6.1.8.2 Votlendissvæði og vernd

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 (3. mgr. 61. gr.) kemur fram að eftirtaldar jarðminjar og vistgerðir (sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sömu laga) séu háðar sérstakri vernd og eigi ekki að raska nema brýna nauðsyn beri til:

■ Votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar og rústamýrar 20.000 m² að stærð (2 ha) eða stærri, stöðuvötn og tjarnir 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur (1. mgr.)

■ Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim (2. mgr.)

Mynd 6-9 og Mynd 6-10 sýna votlendi, stöðuvötn og tjarnir innan framkvæmdasvæðisins samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og könnun á vettvangi. Flest vötn og tjarnir innan landamarka Sólheima eru 1.000 m² að flatarmáli eða stærri og falla því undir 61. gr. Náttúruverndarlaga um sérstaka vernd.

Mynd 6-9 sýnir einnig staðsetningu fossa sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Einn foss, Hvítfoss, er stuttu sunnan við mörk framkvæmdasvæðis.

bls. 78-79

Er hægt að réttlæta fyrirhugaðan vindorkugarð sem brýna nauðsyn þegar verið er að framleiða orku fyrir hugsanlega vetnisframleiðslu við Grundartanga? Hér er ekki verið að hugsa um að auka orkuöryggi Íslendinga heldur fyrirtæki að hugsa um sjálft sig.

Mynd 6-9 Gerð yfirborðsvatns innan framkvæmdasvæðis

bls. 80

Eru vötnin á mynd 6-9 sem hafa merkt heiti skilgreind sem vötn sem falla undir sérstaka vernd? Ef svo er má benda á að Reyðarvatn og Steinsvötn eru ekki innan framkvæmdarsvæðisins og einnig ekki í eigu landeigendanna. Hefur verið rætt við landeigendur Reyðarvatns og Steinsvatna um möguleg áhrif sem gætu stafað af fyrirhuguðum vindorkugarði? Það virðist ekki vera búið að merkja staðsetningu fossa inn á mynd 6-9.

Mynd 6-10 Votlendissvæði innan framkvæmdasvæðis

bls. 81

Þegar verið er að íhuga framkvæmdir í votlendi, er nóg að greina aðeins votlendið innan þess sem framkvæmdaraðilar skilgreina sem athugunarsvæði búsvæðis? Hvað er það sem ákvarðar stærð athugunarsvæðisins?

Þessi mynd sýnir hversu mikið ósnortið votlendi er á Laxárdalsheiði og það vistkerfi mun aldrei verða aftur eins þrátt fyrir að framkvæmdaraðilinn vilji meina það, með engar staðreyndir til að styðja það.

6.1.9 Loftgæði

Framkvæmdasvæðið er staðsett í rólegu og tiltölulega afskekktu dreifbýli. Svæðið er gróið og staðsett í þeim hluta Íslands þar sem lítið er um jarðvegseyðingu og tilheyrandi svifryksmengun. Eina uppspretta losunar í lofti sem getur haft áhrif á staðbundin loftgæði er frá ökutækjum sem fara um Laxárdalsveg (R59) sem liggur í gegnum framkvæmdasvæðið. Hins vegar fara fá ökutæki um þennan veg; meðalumferð allt árið er 150 ökutæki á dag. Vegna landgerðar og fárra uppspretta losunar eru staðbundin loftgæði á framkvæmdasvæðinu talin tiltölulega óspillt.

bls. 83

Ef svæðið er gróið og staðsett í þeim hluta Íslands þar sem lítið er um jarðvegseyðingu ætti ekki láta svona svæði í friði frá svona stórra framkvæmd? Benda má á frétt á mbl.is þar sem Bjarni Benediktsson segir að plan er um að vindorkugarðar séu fyrst og fremst á röskuðum og afmörkuðum svæðum (Egill Aaron Ægisson, 2024). Hvernig er hægt að staðfesta þessa umhverfismatsskýrslu áður en þetta „plan“ hefur verið sett fyrir Alþingi og ákvörðun tekin varðandi það?

6.1.10 Hljóðvist

Nálægasti viðkvæmi hljóðviðtakinn við framkvæmdasvæðið er bærinn Sólheimar, en íbúarnir þar eru landeigendur verkefnissvæðisins. Næsti viðtaki er um það bil 4,5 km frá nálægustu vindmyllu; og vegna þeirrar fjarlægðar eru líkurnar á að sá viðtaki verði fyrir áhrifum vegna hljóðvistar taldar afar litlar, og það sama á við önnur hóbýli sem eru ennþá lengra í burtu.

Umhverfishljóðstig var mælt á Sólheimum; milli kl. 13:42 fimmtudaginn 12.09.2019 og kl. 12:42 mánudaginn 30.09.2019.

bls. 83

Hver er næsti viðtaki? Hvernig er hægt að segja að fjarlægðin 4,5km sé nóg til þess að ekki voru sýndar módelreikningar fyrir hljóðvist? Mikið er af veiðivötnum í nágrenni við framkvæmdasvæðið og því er mjög mikilvægt að vita hversu mikil hljóðmengun mun verða við þessi vötn, sem einhver eru utan framkvæmdarsvæðis og ekki í eigu landeiganda Sólheima. Einnig er mikilvægt að vita hversu mikil hljóðmengun mun hugsanlega vera á svæðum sem er ekki í eigu landeiganda Sólheima.

Af hverju var aðeins tekið umhverfishljóðstig í september 2019? Í viðauka þar sem fjallað er um hljóðvist var sagt að mikil umhverfishljóð voru á bænum. Af hverju ekki að taka umhverfishljóðstig oftari yfir fleiri árstíðir? Ætti ekki einnig að hafa verið tekið umhverfishljóðstig á fleiri stöðum en bara við Sólheima? Ætti ekki að taka einnig við þau lögheimili nærri framkvæmdarsvæðinu í Húnaþingi vestra?

6.2.2 Áhrifasvæði og athugunarsvæði

Fyrir líffræðilegan fjölbreytileika á landi eru könnuð búsvæði og tegundir og athugunarsvæðið er skilgreint sem svæði framkvæmdanna, þ.e. grunnflötur mannvirkja ásamt 100 m jaðarsvæði umhverfis þau. Rannsóknarsvæði fyrir vatnavistkerfi nær yfir vatnasvið Laxár í Dölum og vötn og tjarnir innan framkvæmdasvæðisins. Þegar horft er til verndarsvæða fer hins vegar fram skrifborðsrannsókn sem nær allt að 15 km út fyrir rannsóknarsvæði.

bls. 86

Hvers vegna nær rannsóknarsvæðið fyrir vatnavistkerfi bara yfir vötn og tjarnir innan framkvæmdasvæðisins? Vötn og tjarnir utan rannsóknarsvæðisins myndu verða fyrir áhrifum þessara fyrirhuguðu framkvæmda, svo sem skuggavarp og titringur. Af hverju nær rannsóknarsvæðið ekki einnig fyrir vötn og laxveiðiár sem einnig geta orðið fyrir áhrifum í Húnaþingi vestra?

Hvað er skrifborðsrannsókn og í hverju fellst hún?

Mynd 6-14 Vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins, við fyrirhuguð mannvirki ásamt 100 m jaðarsvæði – skv. vistgerðakorti NÍ

bls. 89

Þessi mynd sýnir hversu mikið svæði hefur mjög hátt og hátt verndargildi. Hafa þarf samt í huga að þegar farið var í vettvangsrannsókn á vistgerðum kom í ljós að meira svæði var með mjög hátt og hátt verndargildi, mynd 6-15. Hvernig er hægt að færa rök fyrir þessari fyrirhuguðu framkvæmd þegar sést hversu mikið af framkvæmdarsvæðinu er með mjög hátt eða hátt verndargildi?

6.2.4.3 Útbreiðsla votlendis

Innan framkvæmdasvæðisins eru nokkur votlendissvæði sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd 77 (sjá kafla 6.3). Mynd 6-16 sýnir votlendissvæði stærri en 2 ha skv. vettvangskonun og skv. vistgerðakortlagningu NÍ. Vettvangskonunin leiddi í ljós að á norður- og austurluta framkvæmdasvæðisins eru fleiri votlendissvæði stærri en 2 ha en vistgerðaflokkun NÍ gerir ráð fyrir.

bls. 90

Væri því ekki nauðsynlegt að fara í frekari rannsóknir á stærra svæði til að meta raunverulega allt framkvæmdarsvæðið en ekki bara athugunarsvæði búsvæða?

6.2.6.3 Sérstök vernd í náttúruverndarlögum

Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, eru tiltekin vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. lögnum. Þessum vistkerfum og jarðminjum skal ekki raska nema brýna nauðsyn beri til samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar. Innan framkvæmdasvæðisins að Sólheimum eru bæði votlendissvæði, vötn og tjarnir sem njóta sérstakrar verndar. Einn foss er einnig skammt frá, sunnan við svæðið.

bls. 99

Er hægt að færa rök fyrir því að þessi fyrirhugaða framkvæmd þar sem erlendur aðili er að framleiða orku fyrir sitt eigið fyrirtæki, sem er staðsett annar staðar á landinu, sé brýn nauðsyn? Er þessi orka þess virði að eyðileggja land sem fellur undir náttúruverndarlög um sérstaka vernd?

6.2.7.3 Mikilvægt svæði vegna fugla og líffræðilegrar fjölbreytni

*Framkvæmdasvæðið er staðsett á Laxárdalsheiði sem er mikilvægt svæði vegna fugla og líffræðilegrar fjölbreytni, svæðið er alþjóðlega mikilvægt á varptíma fyrir himbrima (*Gavia immer*) (5% af íslenska varpstofninum) og álf (Cygnus cygnus) (1,8% af íslenska varpstofninum).*

bls. 99

Hvernig er hægt að færa rök fyrir eyðileggingu á búsvæði og vistkerfi á svæði sem hefur alþjóðlegt mikilvægi á varptíma fyrir himbrima og álfir? Hér er verið að tala um svæði, framkvæmdarsvæði, sem hefur gífurlega mikið af vernduðum og alþjóðlega mikilvægum svæðum. Einnig má benda á að framkvæmdasvæðið er mitt í svæðinu sem er flokkað alþjóðlega mikilvægt upp á Laxárdalsheiði. Hefur það ekki mjög mikil áhrif að þetta sé í miðju alþjóðlega mikilvæga svæðinu? Af hverju vill Qair Iceland byggja fyrirhugaðan vindorkugarð á þessu svæði þar sem það er augljóslega mjög mikilvæg fuglasvæði og hlýtur til mikillar verndar?

6.3.2.2 Flugvirknikannanir

Mánaðarlegar mælingar voru gerðar á tímabilinu maí 2019 – nóvember 2019, apríl – október 2020 og apríl – maí 2021. Kannanir voru ekki gerðar á veturna vegna lítillar dagsbirtu, veðurskilyrða og væntanlegum litlum fjölda og fjölbreytileika fugla á verkefnissvæðinu yfir veturinn.

Fyrirkomulagi sjónarhólskannananna var breytt á meðan söfnun grunnupplýsinga stóð til að koma til móts við athugasemdir frá Náttúrufræðistofnun Íslands við gerð matsáætlunar og til að endurspeglar breytingar á fyrirhugaðri hönnun verkefnisins. Umfang sjónarhólskannananna yfir allan gagnaöflunartímann er sett fram í viðauka D.

bls. 102

Er hægt að segja að kannanir hafi ekki verið gerðar á veturnar vegna væntanlegs lítils fjölda og fjölbreytileika fugla? Ef svona staðhæfing er sett fram, þarf ekki að vera heimild? Er ekki möguleiki á að gögnin séu óáreiðanleg ef þeim var safnað frá 2019 til 2021 þegar miklar breytingar geta verið á stofnum fuglategundanna sem er að finna á svæðinu? Nefna má að arnarstofninn er að stækka og útbreiðsla hans einnig og að stofn fálka virðist vera minni. Fálkastofninn hefur ekki verið minni frá upphafi vöktunar á árinu 1981 og að varpstofn fálka á Norðausturlandi hefur minnkað um 45% frá 2019 (Ómar Friðriksson, 2024). Gæti því ekki verið að fálkastofn Norðvesturlands verði mikilvægari og varpsvæðin innan þess ættu að vera vernduð? Þyrfti því ekki að uppfæra útreikningana fyrir áflug fálka á fyrirhugaðan vindorkugarð?

Hvenær var fyrirkomulagi sjónarhólskannananna breytt? Hversu mikið var fyrirkomulaginu breytt? Hér gæti verið óáreiðanleiki í gögnum sem gæti skekkt niðurstöðurnar. Af hverju var ekki rætt fyrst við Náttúrufræðistofnun Íslands áður en farið var í sjónarhólskannanirnar.

Hversu mikið eða lítið er fuglaflug miðað við annarsstaðar í heiminum? Sem fyrirtæki sem hefur sett áður upp vindmyllur og hefur flugvirknikannanir frá öðrum verkefnum væri gott að sjá samanburð.

6.4.1 Yfirlit

Í þessum kafla er áhrifasvæði fyrir samfélagslega þætti skilgreint og núverandi ástandi og einkennum lýst innan athugunarsvæðis fyrir þessa þætti. Ferlið fólst í að afla upplýsinga og gagna af opinberum vefsíðum og öðrum áreiðanlegum heimildum. Einnig fengust ýmsar upplýsingar með samskiptum við starfsfólk sveitarfélagsins Dalabyggðar og aðra hagsmunaaðila.

bls. 132

Voru fengnar upplýsingar frá hagsmunaaðilum úr Húnaþingi vestra?

6.4.2 Áhrifasvæði og athugunarsvæði

Verkefnið er að mestu staðsett innan sveitarfélagsins Dalabyggðar á Vesturlandi. Að auki er austasti hluti þess innan sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Dalabyggð og tvö aðliggjandi sveitarfélög, Strandabyggð og Reykhólahreppur, hafa sett fram sameiginlega stefnu í svæðisskipulagi sem samþykkt var í maí 2018. Samfélagslegt áhrifasvæði fyrir verkefnið nær því til þessara fjögurra sveitarfélaga, eins og sýnt er á Mynd 6-36.

bls. 132

Hér er staðfest að austasti hluti framkvæmdasvæðisins er innan sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Benda má á að aðeins einn íbúafundur hefur verið haldinn fyrir íbúa Húnaþings vestra. Þarf ekki að fá leyfi frá Húnaþingi vestra fyrir framkvæmdinni? Mun Húnaþing vestra fá fjárhagslegan hagnað af þessari fyrirhuguðu framkvæmd? Eiga íbúar Húnaþings vestra ekki rétt á meiri upplýsingagjöf og fundum þar sem framkvæmdin er innan sveitarfélagsins?

Áhugavert er að benda á staðsetningu Búrfellslundar í þessu samhengi. Framkvæmda- og áhrifasvæði Búrfellslundar er í tveim sveitarfélögum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. Hins vegar hefur ekki verið sótt um að setja Búrfellslund í skipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjórnin gagnrýnir stjórnvöld fyrir að hafa ekki lokið stefnumörkun um uppbyggingu vindorkuvera. Bent er á að sveitarfélög á áhrifasvæði Búrfellslundar muni sitja uppi með öll neikvæðu umhverfisáhrifin og nærsamfélagið í sveitarfélögunum situr uppi með fjárhagslega tapið. Einnig mun sú orka sem framleidd er af Búrfellslundi verða flutt út af svæðinu (Ólafur E. Jóhannsson, 2024). Líkindi eru á milli Búrfellslundar og fyrirhugaðs vindorkugarðs á Sólheimum. Hver er ástæðan fyrir því að tveir fyrirhugaðir vindorkugarðar eru byggðir á sveitarfélagsmörkum? Vilja sveitarfélögin ekki hafa fyrirhugaða vindorkugarða fyrir augunum á sér og leyfa frekar staðsetningu á sveitarfélagsmökum? Ef svo er gert, þarf ekki að fá leyfi nágranna sveitarfélaga og þá sérstaklega þegar framkvæmda- og áhrifasvæðið er innan þess sveitarfélags?

6.4.10.1 Vegir og umferð

Laxárdalsvegur er um 36 km langur og liggur um Laxárdal, þar á meðal jörðina Sólheima, og tengir Búðardal í Hvammsfirði við Borðeyri í Hrútafirði. Vegurinn er tvær akreinar með bundnu slitlagi að hluta og malaryfirborði að hluta. Viðhald Vegagerðarinnar á veginum stendur yfir og á að vera lokið 2023. Á áætlun er að malbika þann hluta sem enn er með malaryfirborði. Vegir nr. 60 og 68 eru tveggja akreina vegir með bundnu slitlagi. Vegir nr. 59, 60 og 68 eru allir með mjóar og ómalbikaðar vegaxlir.

bls. 139

Benda má á að búið er að klæða þann hluta vegarins sem er í Húnaþingi vestra. Aðeins á eftir að klæða þann hluta vegarins sem er staðsettur í Dalabyggð.

6.4.11.1 Yfirlit yfir svæðið

Ein helsta niðurstaða áfangastaðaáætlunarinnar fyrir Dalabyggð, var að mikilvægasta aðdráttarafl svæðisins eru Íslendingasögurnar, landslag og náttúrufar. Dalabyggð, og Vesturland almennt, er mikilvægt útivistarsvæði með fjölmörgum sögu- og menningarsvæðum, minjum og vinsælum náttúrustöðum. Dalabyggð, og einkum Dalir, á sér ríka landnámssögu frá 9. og 10. öld og margar sögur tengjast þessu svæði.

bls. 143

Er búið að fara meta og rannsaka áhrif þessara fyrirhuguðu framkvæmdar á landslag og náttúrufar þegar horft er til ferðaþjónustu og afþreyingar?

6.4.11.1 Yfirlit yfir svæðið

Framkvæmdasvæði vindorkugarðsins er afskekkt og ekki staðsett á svokölluðum „heitum reit“ fyrir ferðamenn. Samkvæmt samantekt um ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018, er áætlað að 57.000 erlendir ferðamenn hafi heimsótt Dalabyggð árið 2010 og var fjöldinn kominn í 296.000 árið 2018. Samkvæmt sömu heimild var meðalvalartími árið 2018 í Dalabyggð 1,2 nætur og háannatími er frá maí til október. Ferðaþjónusta og frístundaaðstaða Dalabyggðar er sýnd á Mynd 6-39.

bls. 143

Hér er ekki bent á að þessi fyrirhugaði vindorkugarður er mjög áberandi frá þjóðvegi 1. Bæði frá Hrútafirði og frá Holtavörðuheidi. Væri ekki nauðsynlegt að hafa tölur varðandi það einnig?

Mynd 6-45 Fræðilegur sýnileiki vindmyllunafa

bls. 158

Þessi mynd sýnir hversu gífurlega sjónmengun er af þessum fyrirhugaða vindmyllugarði. Einnig er mikilvægt að benda á hversu áberandi vindmyllurnar eru fyrir íbúa Húnapings vestra.

6.6.2.1 Framkvæmdasvæðið

Landslag í nágrenni framkvæmdasvæðisins er frekar hæðótt og einkennist af opnu landslagi með miklu víðsýni frá hæðum til allra átta og fjallasýn í fjarska. Úr dældum og dölum er útsýni takmarkaðra. Lítil ummerki eru um búsetu eða aðra innviði þar sem aðeins sjást stöku mannvirki á stangli og raflínur sem liggja þvert yfir opið landslagið.

bls. 160

Er góð staðsetning fyrir fyrirhugaðan vindmyllugarð á svæði sem hefur opið landslag? Það hlýtur að gera það að verkum að það verður meiri sjónmengun af fyrirhuguðum vindmyllum.

6.6.5.1 Núverandi sjónrænt gildi innan rannsóknarsvæðis

Sýnileiki framkvæmdasvæðisins er aðallega í suðvestur- og norðausturáttir sem er svæði landslagsvæðanna Hvammsfjörður og Hrútafjörður og Miðfjörður – Innfirðir með lágheiðum. Sýnileiki er einnig mikill til suðausturs við framkvæmdasvæði yfir Hrútafjörð og Miðfjörð og svo þar áfram til háheiðanna.

bls. 167

Er verið hér að segja að mesti sýnileiki sé í Húnaþingi vestra? Hvernig er hægt að setja upp fyrirhugaðan vindorkugarð á sveitafélagsmörkum en sveitarfélagið sem verður fyrir mestri sjónmengun og íbúar þess fá ekkert að segja um framkvæmdina?

6.6.5.1 Núverandi sjónrænt gildi innan rannsóknarsvæðis (Byggð og íbúar sem sjónrænir viðtakar)

Íbúar sem sjónrænir viðtakar eru staðsettir á víð og dreif um rannsóknarsvæðið. Byggð svæði er aðeins að finna við helstu vegi og við sjávarsíðuna. Tvö byggð svæði eru innan við 20 km frá framkvæmdasvæðinu og það eru Borðeyri í um 8,5 km til austurs, og Staður í um 11 km til suðausturs. Nokkur hús eru á Reykjum, þar á meðal Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna. Þau hús eru staðsett við Hrútafjörð í um 12 km fjarlægð til norðausturs

bls. 168

Hér er mikilvægt að benda á að aðeins er fjallað um staði og íbúa í Húnaþingi vestra. Enn og aftur er mikilvægt að benda á að aðeins einn íbúafundur hefur verið haldin varðandi þessa fyrirhuguð framkvæmd og það var árið 2021. Hvað er átt við þegar talað er um byggð svæði? Mætti ekki flokka lögbýli sem byggð svæði? Því má nefna að lögbýli eru mun nær framkvæmdasvæðinu en gefið er hér til kynna.

Eiga íbúar Húnapings vestra ekki rétt á að fá rétt á að setjast niður með framkvæmdaraðilum og fá svör?

Tafla 6-17 Sjónarhorn innan rannsóknarsvæðisins

bls. 169-173

Gefin eru 17 sjónarhorn. Af þessum 17 sjónarhornum eru 10 flokkuð með gildið miðlungs-hátt, 4 miðlungs-lágt, 2 miðlungs og 1 hátt. Hvernig er þetta samanborið við önnur fyrirhuguð vindorkuver á Íslandi? Hvernig var hvert sjónarhorn valið?

Mynd 6-48 Vindorkugarðar sem teknir eru til greina í mati á samlegðaráhrifum

bls. 176

Eru einhverjir af þessum fyrirhuguðu vindorkugörðum einnig með Qair Iceland sem framkvæmdaraðila? Eru einhverjir af þessum fyrirhuguðu vindorkugörðum sem munu aðeins framleiða orku fyrir vetnisframleiðslu við Grundartangahöfn sem er í eigu Qair Iceland?

7.2.3 Mat á vægi áhrifa

Mat á áhrifum sem kynnt er í umhverfismatsskýrslunni mun byggja á mati umhverfismatsteymis, matið er unnið í samræmi við það sem kveðið er á um í lögum um umhverfismat, eftir góðum starfsvenjum og með samráði við hagsmunaaðila. Þar sem ákveðnir staðlar eru ekki tiltækir eða veita ófullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta vægi, mun matið taka mið af umfangi áhrifanna, gæðum og mikilvægi eða næmi viðkomandi umhverfispáttar eða viðtaka.

bls. 179

Hverjir eru í umhverfismatsteyminu og á vegum hvers fyrirtækis eru þær/þeir/pau? Ekki er vitnað í lög um umhverfimat sem á að vinna í samræmi við. Hver er ástæðan fyrir því? Hvað eru góðar starfsvenjur? Þegar sagt er í samráði við hagsmunaaðila, eru íbúar Húnapings vestra og landeigendur þess sem munu verða fyrir beinum og óbeinum áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum taldir með í því? Hvaða ákveðnu staðlar eru ekki tiltækir eða veita ófullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta vægið?

7.2.3 Mat á vægi áhrifa

Umfang og gæði/mikilvægi/viðkvæmni viðtaka eru skoðuð saman til að meta vægi áhrifa og hvort þau eru umtalsverð eða ekki, ef þau eru metin umtalsverð er þeim gefin vægiseinkunn (skilgreind sem minniháttar, nokkur eða veruleg). Áhrif sem flokkast sem óveruleg eru meðal annars þau sem eru lítil eða tímabundin og þau sem eru innan marka náttúrulegra umhverfis- og samfélagsbreytinga. Þessi hugmyndafræði er sýnd með skýrum hætti á Mynd 7-2. Engin lögbundin eða samþykkt skilgreining á vægi er fyrir hendi en að því er varðar þetta mat er lögð til eftirfarandi skilgreining:

Áhrif eru metin umtalsverð ef, þau ein og sér eða sameiginlega með öðrum áhrifum, valda breytingu frá grunnástandi þannig að þörf verði á mótvægisáðgerðum.

bls. 179

Hér er ekki vitnað í neinar heimildir. Hefur vægi áhrifa ekki verið metið á svona hátt áður? Ef það er engin lögbundin eða samþykkt skilgreining á vægi ætti þá að vera að samþykkja umhverfismatsskýrslur? Ætti ekki að ákveða hvernig á að búa til umhverfismatsskýrslur fyrir fyrirhugaða vindorkugarða áður en gefin eru leyfi fyrir þeim?

7.2.6 Óvissa

Jafnvel þó endanleg framkvæmdalýsing liggi fyrir og umhverfi sé óbreytilegt, getur enn verið óvissa í spám um áhrif og afleiðingar þeirra á umhverfispætti og viðtaka. Hægt er að spá fyrir með mismunandi aðferðum, allt frá eigindlegu mati og mati sérfræðinga til megindlegra aðferða (t.d. hljóðvistarlíkanagerð). Nákvæmni spár fer eftir aðferðum sem notaðar eru og gæðum inntaksgagna fyrir verkefnið og umhverfið. Þar sem óvissa er í mati á áhrifum er notuð íhaldssöm (þ.e. raunhæft versta tilfelli) nálgun við mat á líklegum eftirstandandi áhrifum með mótvægisáðgerðum sem þróaðar eru í samræmi við það. Til að sannreyna spár og taka á óvissusvæðum eru lagðar til vöktunaráætlanir vegna nokkurra hugsanlegra áhrifa.

bls. 181

Hér er fyrst bent á að óvissa getur verið í niðurstöðum og í spám um áhrif og afleiðingar þeirra á umhverfispætti og viðtaka. Minnst á hljóðvistarlíkanagerð, en mikilvægt er að benda á að framkvæmdaraðilinn sýndi ekki hljóðvistarlíkan. Var búið til hljóðvistarlíkan?

7.3.2 Kolefnisjöfnun

Mat var gert til að áætla jafnvægi af heildarkolefnissparnaði og -tapi á líftíma framkvæmdarinnar, og til að reikna út samsvarandi „endurgreiðslutímabil“ kolefnis.

Samkvæmt útreikningum mun koltvísýringsútblastur sem kemur til vegna framkvæmdarinnar jafnast út innan u.þ.b. 0,9 ára en stuðst var við líkan sem skosk yfirvöld þróðu sérstaklega fyrir kolefnisútreikninga vindorkugarða. Sparnaður koltvísýringsútblasturs fyrir lengri starfstíma (eins og er er miðað við 25 ár) er því hreinn ávinningur verkefnisins við að draga úr loftslagsbreytingum.

Samkvæmt matinu er hægt að flokka framkvæmdina, sem stórt orkuver með uppsett afl um 209 MW, sem verkefni með „staðbundið“ mikilvægi, og að það muni, ásamt annarri endurnýjanlegri orkuþróun, styrkja markmið Íslands um að draga úr kolefnislosun og ná fram losunarmarkmiðum varðandi gróðurhúsalofttegundir.

bls. 182

Sagt er að sparnaður koltvísýringsútblasturs fyrir lengri starfstíma sé því hreinn ávinningur verkefnisins við að draga úr loftslagsbreytingum. Er búið að kanna hversu mikið votlendið sem er á framkvæmdasvæðinu er að binda kolefni? Ef hætt er með rekstur eftir 25+ ár og votlendið mun ekki komast í sama horf og því ekki binda kolefni eins og það gerði mun þá hafa neikvæð áhrif til lengri tíma, lengi eftir að rekstri er hætt.

7.4.2 Gildi umhverfisþáttar

Eins og lýst er í kafla 6.1.5 eru mójörð og svartjörð mikils metnar jarðvegsgerðir og eru vistfræðilega og vatnafræðilega mikilvægar vegna mikils magns kolefnis í þeim og mikillar vatnsheldni. Jarðvegurinn er frjór og grunnt er á vatnsæð sem er nauðsynleg fyrir grunnrennsli áa. Þýft yfirborðið gerir votjörð og brúnjörð mjög viðkvæma fyrir veðrun.

bls. 182-183

Ætti ekki frekar að einblína á svæði fyrir fyrirhugaða vindorkugarða sem eru ekki eins verðmæt og ekki eins gróin, frjó, mikils metin, vatnafræðilega mikilvæg vegna mikils magns kolefnis og mikillar vatnsheldni? Er til hentugri jarðvegur fyrir vindorkugarða hér á Íslandi?

7.4.3 Framkvæmdir – Jarðvegsþjöppun og tap á jarðvegsbindandigróðri

Framkvæmdir (t.d. jöfnun jarðvegs og uppgröftur) og innleiðing á staðbundum regnvatnslausnum (t.d. ræsi og frárennisskurðir meðfram vegum) gæti breytt mynstri yfirborðsrennslis með því að beina náttúrulegu frárennsli yfir á ný svæði og auka afrennslismagn á staðnum.

bls. 183

Hvernig munu staðbundnar regnvatnslausnir og frárennisskurðir hafa áhrif á votlendið í kring? Hversu stórt svæði votlendis utan framkvæmdarsvæðisins gæti orðið fyrir áhrifum þess? Þegar sagt er að beina yrði náttúrulegu frárennsli yfir á ný svæði og auka afrennslismagnið á staðnum, hvað er átt við? Hvernig mun það hafa áhrif á vötnin og tjarnirnar í kring, sem njóta sérstakar verndar?

7.4.3.1 Mótvægis-/stjórnunarráðstafanir

Yfirborðslög sem verða fjarlægð í framkvæmdum verða geymd og borin á aftur við uppgræðslu. Röskuð svæði verða endurheimt eins fljótt og auðið er og ef það næst ekki verður notast við jarðvegsdúka.

Rofvörnum verður beitt í samræmi við viðeigandi íslenska staðla. Lausnum eins og jarðvegsdúkum, fyrirhleðslum úr leir og stíflum verður beitt nálægt röskuðum svæðum.

Við framkvæmdir verður haft auga með óstöðugum brekkum og staðbundnum þáttum sem geta valdið óstöðugleika í halla (svo sem grunnvatnsskilyrði, úrkomu, bratta í brekkum og halla jarðlaga) á framkvæmdasvæðinu. Einnig verður forðast að mynda of miklar brekkur við uppgröft og sprengingar. Sérstök byggingartækni verður notuð þar sem við á, á svæðum í miklum halla, lausum jarðvegi og straumrásum.

bls. 183

Hver er ástæðan fyrir jarðvegsdúknum og hversu lengi verður hann á raskaða svæðinu?

Rofvarnirnar sem hugsanlega verður beitt verður í samræmi við viðeigandi íslenska staðla. Er heimild fyrir þessa viðeigandi íslensku staðla?

Hér er fyrst minnst á sprengingar í umhverfismatsskýrslunni. Ætti það ekki að vera inn í hljóðvistarmódelinu? Ættu íbúar í nágrenni við framkvæmdasvæðið að vita af hugsanlegum sprengingum og af hættum þeirra? Gæti stafað mengun frá sprengiefni?

Tafla 7-2 Samantekt á áhrifum: Þjöppun jarðvegs og tap á jarðvegsbindandi gróðri

bls. 184

Tímabilið er skráð til skammtíma og varanlegt en athugasemdin sem er skráð er að þetta varir aðeins út framkvæmdatímann en útskýrir ekki nánar af hverju einnig var skráð varanlegt tímabil. Hvernig munu varanlegu áhrifin lýsa sér?

Framkvæmdaraðilinn vill meina að stærðargráðan sé staðbundin en segir síðan að áhrif takmarkist við fótspor verkefnisins og næsta nágrenni. Þegar talað er um næsta nágrenni, á það við um land sem er í eigu annara landeiganda? Hvaða áhrif gætu þetta haft á næsta nágrenni?

Framkvæmdaraðilinn segir að tíðnin sé með hléum en á sér stað við mikla ársíðabundna úrkomu. Væri ekki hægt að flokka mikla ártíðabundna úrkomu sem stöðugt?

Þessi fyrirhugaða framkvæmd á sér stað í mjög viðkvæmu votlendi sem fellur undir náttúruverndarlög og framkvæmdaraðilinn segir að viðkvæmni viðtaka sem lítil til miðlungs. Ætti ekki að flokka viðkvæmni viðtakans sem mikillar?

Er hægt að færa rök fyrir því að vægi sé talið óverulegt þegar verið er að fjarlægja jarðvegsbindandi gróður í vernduðu votlendi og með vistgerðir sem hafa mjög hátt – hátt verndargildi?

7.4.4.1 Mótvægis-/stjórnunarráðstafanir

Rekstraraðilar munu þróa áætlun um stjórnun hættulegra efna sem fjallar um geymslu, notkun, flutning og förgun hvers hættulegs efnis sem gert er ráð fyrir að verði notað á staðnum. Áætlunin mun auðkenna öll hættuleg efni sem verða notuð, geymd eða flutt á staðnum. Það mun koma á skoðunaraðferðum, geymslukröfum, takmörkunum á geymslumagni, birgðaeftirliti, hættulausum staðgönguvörum og förgun umframefna. Áætlunin mun einnig skilgreina kröfur um tilkynningar til neyðarviðbragðsaðila og innihalda neyðarviðbragðsáætlanir.

bls. 184

Ætti framkvæmdaraðilinn ekki að vera búinn að gera áætlun varðandi stjórnun hættulegra efna?

Tafla 7-3 Samantekt á áhrifum: Staðbundin jarðvegsmengun*bls. 185*

Tímabilið er skráð til skammtíma og varanlegt en útskýringar segja að það eigi aðeins að vara út framkvæmdatímann. Hvernig munu varanlegu áhrifin lýsa sér?

Aftur er ritað um stærðargráðuna sem staðbundna en segja að það sé framkvæmdasvæðið og næsta nágrenni. Hvernig mun næsta nágrenni verða fyrir áhrifum af staðbundinni jarðvegsmengun?

Vægið er skráð sem óverulegt. Verið er að framkvæma í mjög viðkvæmum viðtaka, vernduðu votlendi, og ef jarðvegsmengun yrði (sama hversu stutt hún varir) myndi það hafa mikil áhrif á umhverfið í kring. Ætti vægið ekki að vera skráð sem nokkuð ef jarðvegsmengun yrði?

Mynd 7-3 Viðkvæmur jarðvegur við framkvæmdahluta*bls. 186*

Hér er sýnt þann hluta framkvæmdasvæðisins sem mun fara fram á viðkvæmum jarðvegi. Hversu mikill hluti framkvæmdarsvæðisins er í viðkvæmum jarðvegi? Ætti ekki að setja inn línurnar til að sýna heildar athugunarsvæðið? Hvernig er hægt að flokka viðtaka fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sem lítill og miðlungs?

7.5.3 Framkvæmdir – Breytingar á frárennsli og yfirborðsvatnsrennsli

Náttúrulegt yfirborðsvatn og rennisliskerfi grunnvatns gætu hugsanlega orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum. Rennsli yfirborðsvatns má beina innan og utan svæðisins með aðkomuvegakerfi eða regnvatnsstýringarkerfum. Uppgröftur eða efnistaka á jarðefni getur breytt yfirborðsflæði og grunnvatnsrennsli.

bls. 187

Hvar mun rennsli yfirborðsvatns enda? Hversu mikil áhrif mun þetta hafa á verndaða votlendið á framkvæmdarsvæðinu? Er framkvæmdarsvæðið ekki á vatnaskilum við vötn og ár sem eru beggja megin við sýslumörk? Getur framkvæmdaraðilinn tryggt að framkvæmdin hafi ekki áhrif á núverandi vatnaumhverfi utan framkvæmda- og áhrifasvæðis?

7.5.3 Framkvæmdir – Breytingar á frárennsli og yfirborðsvatnsrennsli

Framkvæmdir gætu breytt samspili yfirborðsvatna og grunnvatns á svæðinu í kerfum þar sem auðlindirnar tvær eru vatnafræðilega tengdar. Við þessar aðstæður gæti vatnsvinnsla úr einni uppsprettu haft áhrif á hina uppsprettuna.

Að sama skapi gæti breyting á vatnsgæðum einnar uppsprettu haft áhrif á vatnsgæði annarra uppspretta sem liggja neðar í landi. Áhrifa gæti einnig orðið vart ef skil í vatnafari rofna við byggingarstarfsemi (t.d. uppgröftur, sprengingar, skurðir) og leið myndast í kjölfarið milli yfirborðslóns og grunnvatnsæðar eða milli tveggja vatnsæða. Áhrifin myndu fara eftir vatnafari á svæðinu en þetta gæti leitt til þess að vatnssuppspretta tæmist eða að vatn fari að flæða á nýjum svæðum.

Að auki gætu regnvatnsstýringarkerfi og önnur starfsemi sem breytir jarðvegsyfirborði haft áhrif á síun grunnvatns sem og viðbragðstíma nærliggjandi yfirborðslóns.

bls. 187

Þegar talað er um að vatnsgæði annarra uppspretta sem liggja neðar í landinu gætu orðið fyrir áhrifum, er verið að tala um uppsprettur í eigu annara en landeiganda Sólheima? Ef svo er, er búið að ræða við þá landeigendur sem gætu misst uppsprettur sínar?

Gætu breytingar á uppsprettum haft áhrif á vatnasvið veiðivatna í landi Húnaþings vestra? Hefur verið rætt við landeigendur varðandi hugsanlegar breytingar á vatnafari þeirra veiðivatna?

7.5.3.1 Mótvægis-/stjórnunarráðstafanir

Yfirborðslög sem verða fjarlægð í framkvæmdum verða geymd og borin á aftur við uppgræðslu. Röskuð svæði verða endurheimtueins fljótt og auðið er og ef það næst ekki verður notast við jaðrvegsdúka.

Við framkvæmdir verður forðast að búa til of miklar brekkur við uppgröft og sprengingar. Sérstök byggingartækni verður notuð þar sem við á á svæðum með bröttum hlíðum, berskjölduðum jarðvegi og straumrásum.

Rekstraraðilar munu öðlast skýran skilning á vatnajarðfræði svæðisins. Svæði fyrir losun og endurhleðslu grunnvatns og hugsanleg tengsl þeirra við yfirborðsvatnshlot verða skilgreind.

Til að draga úr líkum á að mengun berist í vatnsæðar verður fylgst grannt með fyrirhuguðum framkvæmdum nálægt svæðum sem veita vatni til vatnsæða. Það gæti verið þörf á rannsóknarvinnu til að ákvarða hvaðan vatn berst til vatnsæða á svæðinu.

Núverandi frárennsliskerfi verður ekki breytt, sérstaklega á viðkvæmum svæðum eins og berskjölduðum jarðvegi eða bröttum brekkum. Við gerð vaða verða ræsi eða vatnsflutningar fyrir tímabundna og varanlega vegi hönnuð eftir gildandi stöðlum, eða til að mæta afrennsli frá 10 ára stormi ef það eru engir staðlar til að fylgja.

Notkun skordýraeiturs verður takmörkuð eins og hægt er og miðar við engin þrávirk, óhreyfanleg efni og verður aðeins beitt í samræmi við leiðbeiningar og skilyrði leyfis og ákvæða um notkun á landi og í vatni.

bls. 188

Hvernig yfirborðslög er verið að ræða um?

Hvernig sérstök byggingartækni myndi verða notuð á svæðum með bröttum hlíðum, berskjölduðum jarðvegi og straumrásum?

Af hverju hafa rekstraraðilar/framkvæmdaraðilar ekki öðlast skýran skilning á vatnajarðfræði svæðisins nú þegar? Þegar verið er að framkvæma í vernduðu votlendi, ætti ekki að leggja áherslu á að skilja vatnajarðfræðina til að meta umhverfisáhrifin sem fyrirhuguð framkvæmd gæti haft?

Gæti verið þörf á rannsóknarvinnu til að ákvarða hvaðan vatn berst til vatnsæða á svæðinu? Er ekki nauðsynlegt að skilja vatnafræðina á svæðinu?

Hvernig mun núverandi frárennsliskerfi ekki breytast við svona stóra fyrirhugaða framkvæmd?

Verður notast við skordýraeitur? Af hverju ætti að notast við skordýraeitur í tengslum við þessa fyrirhuguðu framkvæmd? Hvernig getur það haft áhrif á t.d. vatnalíf ef verið er að eitra fyrir skordýrum?

Tafla 7-4 Samantekt á áhrifum: Breytingar á frárennsli og yfirborðsvatnsrennsli meðan á framkvæmdum stendur

bls. 189

Aftur er stærðargráðan skráð sem staðbundin en sagt í athugasemd að það muni hafa áhrif á næsta nágreppi. Ef möguleiki er á að uppsprettur neðar í landinu verði fyrir áhrifum frá framkvæmdinni, ætti ekki að skrá stærðargráðuna sem svæðisbundna?

Hvernig er hægt að skrá viðtakann sem líðið viðkvæman þegar verið er að vinna í vernduðu votlendi og vistgerðum með mjög hátt til hátt verndargildi?

Hvernig er hægt að vinna með mótvægisáðgerðir í ástandi sem er stöðugt?

Einnig er mikilvægt að benda á að í töflu 7-2 er tíðnin skráð “með hléum” en athugasemdin er “Á sér stað við mikla árstíðabundna úrkomu.” en í töflu 7-4 er skráð tíðni sem “stöðugt” og nákvæmlega sama athugasemd „Á sér stað við mikla árstíðabundna úrkomu.“. Af hverju er ekki sama tíðni skráð ef athugasemdin er sú sama?

7.5.4.1 Mótvægis-/stjórnunarráðstafanir

Uppgröftur verður framkvæmdur á þurrari tímabilum eins og kostur er til að koma í veg fyrir söfnun eða rennsli óhreins eða mengaðs vatns um svæðið.

Uppgröftur á lóðinni verður gerður í áföngum til að takmarka opin uppgraftarsvæði. Eftir að uppgreftri lýkur verður jörð endurheimt eins fljótt og auðið er til að takmarka óvarinn jarðveg á lóðinni.

bls. 190

En ef ekki verða mikil þurrka tímabil þegar fyrirhuguð framkvæmd á að eiga sér stað? Hvernig áhrif getur það haft?

Hvernig á að endurheimta jörðina sem búið er að eyðileggja?

Tafla 7-5 Samantekt á áhrifum: Leki vegna óhapps sem veldur yfirborðsvatnsmengun

bls. 190-191

Talið er að varanleiki sé til skammtíma, aðeins út framkvæmdatímann, en einnig er talað um að skipta þurfi um olía í girkassa vindmyllanna og er þá sérhannaður tankbíll fluttur á svæðið. Það er þá utan framkvæmdatímann. Ætti þá ekki að flokka varanleikann sem langtíma?

Hver eru rök þess að viðkvæmni viðtaka sem lítil? Ekki er nóg að segja að viðtakinn er lítið næmur þar sem viðbragðsráðstafanir við leka munu stöðva og stjórna leka eins og best verður á kosið.

7.5.5 Rekstur – Breytingar á frárennsli og yfirborðsvatnsrennsli

Uppbygging þess jarðvegs sem verður endurheimtur verður önnur en uppbygging þess jarðvegs sem er nú þegar á svæðinu. Þetta getur breytt rennslisleiðum vatns.

bls. 191

Þannig að svæðið mun ekki verða endurheimt? Það mun aldrei fara í sama ástand og það var í. Hvernig getur framkvæmdaraðili gefið út þá staðreynd aftur og aftur að framkvæmdasvæðið muni verða endurheimt en hér er bent á að jarðvegurinn muni vera annar og að það geti breytt rennslisleiðum vatns og því breytt vistkerfinu?

7.5.5.1 Mótvægis-/stjórnunarráðstafanir

Ekki margt mun koma í veg fyrir starfsemi á svæðinu á rekstartíma vindorkugarðsins. Hins vegar verður áfram þörf á að sinna reglubundnu viðhaldi eða óvæntum viðgerðum á vindmyllunum og þurfa þá viðgerðarmenn aðgengi að svæðinu. Á rekstartíma verður góðum vinnuaðferðum beitt. Ráðstafanir til að vernda jarðveginn og jarðfræðilegt umhverfi verða gerðar með því að fræða alla starfsmenn á svæðinu.

Notuð verður súlfatþolin steypa af viðeigandi samsetningu.

bls. 192

Efitt er að átta sig á fyrstu setningunni í þessari málsgrein. Hvað er átt með þessari setningu?

Þegar kemur að notkun súlfatþolinnar steypu, hver er sú viðeigandi samsetning? Er til heimild fyrir þessari samsetningu?

Tafla 7-6 Samantekt á áhrifum: Breytingar á frárennsli og yfirborðsvatnsrennsli á rekstartíma

bls. 192-193

Aftur er stærðargráðan skráð staðbundin en í athugasemdinni er skráð næsta nágrenni. Ætti það þá ekki að vera flokkað sem svæðisbundin?

Hér er tíðnin skráð með hléum en í athugasemdinni er skráð að þetta eigi sér stað við mikla árstíðabundna úrkomu. Í töflu 7-4 er sama athugasemd en þá er skráð stöðugt. Af hverju er hér skráð með hléum en í töflu 7-4 skráð stöðugt?

Hvernig getur tímabilið verið til langtíma en að umfangið sé hverfandi?

Aftur er næmni viðtaka skráð lítið og einnig er skráð að ólíklegt sé að verulegt afrennsli af slóðum berist í vatnsrásir. Hins vegar hefur ekki verið farið í rannsóknir á vatnafræðinni á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Hvernig er hægt að segja að ólíklegt sé að afrennsli fari í vatnsrásir ef það hefur ekki verið rannsakað?

7.6.2 Gildi umhverfispáttar/Viðkvæmni viðtaka

Verkefnið er staðsett í rólegu og tiltölulega afskekktu dreifbýli. Næsti næmi viðtakinn við framkvæmdina er bújörðin Sólheimar, en íbúi þar er landeigandi framkvæmdasvæðis. Næsti viðtaki er um það bil 4,5 km frá nálægasta vindmyllustæði. Viðkvæmni er því talin lítil.

bls. 195

Hver er þessi næsti viðtaki?

7.6.3 Framkvæmdir – Losun af völdum undirbúnings og byggingaframkvæmda

Stærsta uppspretta losunar sem hefur áhrif á loftgæði verður ryk frá byggingarstarfsemi, þar með talið frá umferð. Hins vegar eru byggingarsvæði (þ.e. vindmyllustæði og aðkomuleiðir) innan framkvæmdasvæðisins takmörkuð og dreifð um svæðið, framkvæmdir verða staðbundnar og til skamms tíma, svo umfang áhrifanna er talið lítið.

bls. 195

Framkvæmdirnar eru sagðar eiga fara fram í apríl til nóvember yfir þrjú ár. Hvernig er hægt að segja losun af völdum undirbúnings og byggingaframkvæmda sé aðeins til skamms tíma? Af hverju er ekki sett upp tafla um vægi áhrifa fyrir loftgæði? Eru þetta ekki mikilvægar upplýsingar fyrir íbúa og landeigendur sem eru í nálægð við fyrirhugað framkvæmdarsvæði?

7.7.1 Umfang matsins (Hljóðvist)

Talið var ólíklegt að hljóð muni berast frá flutningslínunni af völdum vindgnauðs eða af rafrænum uppruna og hefur það því ekki verið metið frekar í þessari greiningu.

bls. 196

Er nóg að það sé talið ólíklegt og því ekki metið frekar í þessari greiningu? Er hljóðvist ekki eitthvað sem er nauðsynlegt fyrir umhverfismatsskýrslu fyrir fyrirhugaða vindorkugarða?

7.7.2 Gildi umhverfispátta/Viðkvæmni viðtaka

Hugsanlegir viðkvæmir viðtakar hafa verið auðkenndir með viðeigandi kortlagningu, loftmyndum og þátttöku hagsmunaaðila. Næsti viðkvæmi viðtakinn við verkefnið er bærinn Sólheimar, en íbúi hans er landeigandinn. Næsti viðtaki er um það bil 4,5 km frá næstu vindmyllu.

Tekið skal fram að á hönnunarstigi framkvæmdarinnar var skipulagið háð vettvangsathugun og skimunarmati sem miðar að því að greina nauðsynlega fjarlægð milli vindmylla og næsta hljóðnæma viðtaka (þ.e. íbúa á Sólheimum), til að forðast eða lágmarka veruleg áhrif af völdum hávaða.

bls. 196

Hefur verið talað við hugsanlega viðkvæma viðtaka og þeir upplýstir um möguleg áhrif af hljóðmengun frá fyrirhugaðri vindorkugarði? Hefur verið haft samband við viðkvæma viðtaka í Húnaþingi vestra?

7.7.3 Framkvæmdir – Hljóðvist frá undirbúningi lóðar og frá framkvæmdum

Hljóð frá byggingartækjum mun auka bakgrunnshljóð í nálægð við vinnusvæði. Umfang áhrifa vegna hljóðvistar mun ráðast af fjölda og gerðum búnaðar sem notaður er, notkunartíma og fjarlægðum milli byggingartækja og svæðum viðkvæmum fyrir hljóði. Á meðan á framkvæmdum stendur verður hljóð hins vegar tímabundið og takmarkað við þann tíma sem starfsemi búnaðar á vinnustöðum stendur yfir.

bls. 196

Af hverju er þetta ekki rannsakað betur og sett upp í mynd?

7.7.3.1 Mótvægis-/stjórnunaraðgerðir

Íbúum í nærliggjandi byggð verða veittar upplýsingar um sprengingar.

bls. 196

Munu íbúar Húnaþings vestra vera látnir vita af fyrirhuguðum framkvæmdum? Verða allir látnir vita óháð í hvaða sveitarfélagi íbúarnir eru í?

7.7.3.2 Vægi áhrifa

Byggingarframkvæmdir munu vara í takmarkaðan tíma, verða bundnar við vinnutíma sem tilgreindur er í íslenskum leiðbeiningum og enn frekar stjórnað með því að beita góðum starfsvenjum til að tryggja að áhrif framkvæmda á hljóðvist verði óveruleg.

Hljóðmatið í heild sinni er sett fram sem tæknilýsing í viðauka B.

bls. 197

Er heimild fyrir þessum íslensku leiðbeiningum? Ætti ekki að setja upp líkan um hugsanlega hljóðmengun sem verður við byggingarframkvæmdir? Byggingarframkvæmdir eru skipulagðar frá apríl til nóvember yfir þrjú ár.

7.7.4 Rekstur – Hljóðvist frá rekstri vindmylla

Rekstur vindmyllanna getur valdið hávaða fyrir nálæga íbúa. Til þess að leggja mat á hljóðvist frá vindmyllum var gerð rannsókn með hljóðvistarlíkönum sem tók mið af staðsetningu vindmylla, stærð vindmylla, tækniforskriftum (t.d. gerð vindmylla) og hljóðafslútsstreymisferli byggða á gögnum frá framleiðanda.

Matið á hljóðvist í heild sinni er sett fram sem tæknilýsing í viðauka B.

bls. 197

Hvaða íbúar gætu orðið fyrir hljóðmengun frá rekstri vindmyllanna? Ekki hefur verið sýnt fram á þessi hljóðvistarlíkön og tækniforskriftum.

7.7.4.2 Vægi áhrifa

Hljóð frá rekstri hefur verið metið í samræmi við reglugerð um hávaða nr. 724/2008 og eftir alþjóðlegum leiðbeiningum um góða starfshætti sem sérstaklega taka fyrir hljóð frá vindmyllum. Sýnt hefur verið fram á að verkefnið getur starfað í samræmi við tilgreind mörk á hverjum tíma og ekki er gert ráð fyrir samlegðaráhrifum. Áhrif hljóðs frá rekstri eru því óveruleg.

Hljóð sem myndast við niðurrif verksins verður líklega svipaðs eðlis og hljóð sem myndast við framkvæmdir. Niðurrifstími verður þó styttri en framkvæmdatími. Öllum lögum, leiðbeiningum og bestu starfsvenjum sem gilda við niðurrif verður fylgt til að tryggja að áhrifin verði óveruleg.

bls. 197

Hvernig er hægt að segja að vægi hljóðmengunar sé óveruleg þegar ekki hefur verið sýnt fram á hljóðvistarlíkön? Verið er að tala um hljóðmengun næstu 25+ árin, hvernig er hægt að telja það sem óveruleg áhrif? Svo virðist vera að lítið sé sýnt af gögnum varðandi hljóðvist sem er stór

áhrifabáttur vindorkugarða. Er ekki nauðsynlegt að gefa út öll líkön og gögn varðandi hljóðvist þegar kemur að umhverfismatsskýrslu fyrir fyrirhugaða vindorkugarða?

7.8.2. Gildi umhverfispáttar/Viðkvæmni viðtaka

Votlendissvæði á Íslandi sem þekja meira en 2 ha njótasérstakrar verndar samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013157. Votlendissvæði sem eru stærri en 2 ha að stærð og vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands eru talin vera með háa viðkvæmni/gildi. Allar aðrar vistgerðir eru taldar vera lítið viðkvæmar/hafa lágt gildi.

bls. 198

Hversu hlutfallslega mikið af vernduðu votlendi á Íslandi sem hlýtur vernd af 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013157? er að finna á Laxárdalsheiði? Hversu hlutfallslega mikið af þessu verndaða votlendi er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði?

7.8.3 Innbyggðar mótvægisáðgerðir

Staðsetningar vindmylla og aðkomuvega hafa verið valdar og staðsettar af nákvæmni til að forðast votlendisvistgerðir eftir því sem við verður komið.

bls. 198

Hér er sagt að staðsetning vindmyllana hafa verið valdar af nákvæmni til að forðast votlendisvistgerðir. Hins vegar er búið að segja í þessari skýrslu að þegar farið verður í jarðgrunnsathugun verður hugsanlega að færa vindmyllurnar á hentugra svæði fyrir undirstöður. Hvernig er þá hægt að segja að þær séu staðsettar af nákvæmni þegar ekki hefur verið farið í jarðgrunnsathuganir og því enn möguleiki að þær munu færast? Munu vindmyllurnar þá hugsanlega verða færðar í votlendisvistgerðir sem eru með mikið verndargildi?

7.8.3 Innbyggðar mótvægisáðgerðir

Í tengslum við það að færa vindmyllur og aðkomuvegi til að forðast viðkvæmar vistgerðir, voru staðsetningar allra vindmylla og aðkomuvega yfirfarnar á milli uppræðana L011 (útfærsla 2) og L017 (endanleg uppröðun) (sjá kafla 4, undirkafla 4.4). Í þessu ferli voru fjórtán vindmyllur færðar til að sneiða alveg hjá votlendi eða minnka áhrif þeirra á votlendi. Aðrar vindmyllur voru annað hvort ekki á svæðum með viðkvæmum vistgerðum eða var ekki hægt að færa vegna tæknilegra eða umhverfistengdra ástæða.

bls. 198

Eru því einhverjar vindmyllur í viðkvæmum vistgerðum þar sem ekki var hægt að færa þær vegna tæknilegra eða umhverfistengdra ástæðna? Ætti ekki frekar að sleppa þeim í skipulaginu?

Tafla 7-7 Vistgerðir innan svæðis sem fer undir innviði verkefnisins og 100 m jaðarsvæðis umhverfis þá samkvæmt könnun á vistgerðum

bls. 198

Er skynsamlegt að horfa á svæði sem tapast varanalega og tapast „tímabundið“ í sitt hvoru lagi? Búið er að benda á að viss svæði munu líklega ekki komast í sama ástand og þau voru í áður og því er ekki raunhæft að horfa á þetta í sitthvoru lagi þegar ekki er vitað hversu mikið af þessum „tímabundnu“ svæðum munu endurheimtast í sama ástand.

7.8.4 Framkvæmdir – rask á gróðri sem leiðir til taps á vistgerðum og tegundum

Áætlað er að vegna uppbyggingar innviða verkefnisins tapist 13,84 ha af vistgerðum varanlega og 4,36 ha tímabundið vegna geymslusvæða fyrir vindmylluspaða og vegna aðstöðu verktaka. Við uppsetningu vindmylla gæti tímabundið rask orðið meira, en umfang þess mun fara eftir skilyrðum við hverja vindmyllu.

Um 3,53 ha gras- og mólendis með hátt verndargildi munu tapast varanlega og 1,22 ha munu raskast tímabundið. Forðast hefur verið að raska votlendi eins og hægt er en 3,39 ha votlendis með mjög hátt verndargildi mun tapast varanlega og 0,78 ha munu tapast tímabundið.

Einnig geta breytingar á vatnafari yfirborðs- eða grunnvatns haft óbein áhrif á votlendi, s.s. ef afrennslisrásir eða rennslisleiðir yfirborðsvatns stíflast.

Þó votlendi yfir 2 ha að flatarmáli njóti strangrar verndar virðist það vera að finna víða um svæðið, eins og ljóst er út frá kortlagningu úr fjarkönnun sem gefur góða hugmynd um útbreiðslu votlendis á svæðinu. Þar af leiðandi myndu jafnvel óbein áhrif aðeins hafa áhrif á lítinn hluta þess votlendis á svæðinu sem er yfir 2 ha að flatarmáli.

bls. 199

Hvernig geta skilyrðin við hverja vindmyllu verið mismunandi?

Er hægt að tala um að eitthvað votlendi muni tapast tímabundið þar sem í dag er vitað að votlendi mun mjög ólíklega fara í sama far eftir að því hefur verið breytt?

Hversu mikið votlendi utan framkvæmdarsvæðisins mun verða fyrir hugsanlegum óbeinum áhrifum?

Er búið að rannsaka hversu mikil áhrif þessar breytingar á vatnafari hafa á votlendi á Laxárdalsheiði? Hversu langt geta þessi óbeinu áhrif á votlendi náð?

Þrátt fyrir að mikið af votlendi sem njóti strangrar verndar sé að finna víða um svæðið þýðir ekki að hægt sé að réttlæta þessa fyrirhuguðu framkvæmd. Í náttúruverndarlögum segir að ekki eigi að raska vernduðu landi nema brýna nauðsyn beri til, vilja framkvæmdaraðilar að það eigi ekki við hér þar sem nóg er til af votlendi sem njóti strangrar verndar?

Tafla 7-8 Samantekt á áhrifum: Rask á gróðri sem leiðir til taps á vistgerðum og tegundum

bls. 200

Varanleikinn er skráður tímabundinn og til langtíma. Ekki eru færð rök fyrir tímabundna varanleikanum, hver er ástæðan? Verður ekki tap á vistgerðum utan við aðkomuvegi, staðsetningar vindmylla, safnstöð raforku, kapalskurði, vinnubúðir og svæði undir efni?

Einnig er vert að minnast á að það er sagt að ef landeigandi vill halda vegum eftir að vindorku framleiðsla hættir og því er ekki hægt að segja að vanaleiki sé aðeins til langtíma ef eigandinn kys að halda vegunum.

Í tíðninni er sagt stöðugt og að tap á vistgerðum mun vara út líftíma verkefnisins. Hví er þá ekki sagt að varanleiki sé varanlegur?

Hví er umfangið skráð lítið? Sagt er að lítið af gróðri sé til staðar en búið er að sýna hversu mikið af vistgerðum eru með mjög hátt eða hátt verndargildi. Hvernig er því hægt að réttlæta að umfangið sé lítið?

7.8.4.1 Mótvægis-/stjórnunaraðgerðir

Við hönnun vindorkugarðsins hefur verið forðast að staðsetja undirstöður vindmylla og aðkomuvegi innan verndarsvæða votlendis og vatnsrása þar sem því hefur verið við komið, með tilliti til hagkvæmni vindorkugarðsins og verkfræðilegra þátta.

Lagðir verða slóðar innan svæðisins eins fljótt og auðið er og forðast verður að ökutæki á svæðinu ferðist utan þessara slóða til að takmarka þjöppun og röskun á jarðvegi og gróðri.

bls. 201

Hvort er vægið mikilvægara fyrir framkvæmdaraðilana: verndarsvæði votlendis og vatnsrása eða hagkvæmni vindorkugarðsins og verkfræðilegra þátta?

Ef vandamál koma upp varðandi lagningu slóða, munu ökutæki ferðast utan slóðanna?

7.8.4.2 Vægi áhrifa

Aðgerðirnar tengjast endurheimt raskaðra votlendissvæða eða myndunar nýrra votlendissvæða. Qair hefur þegar fundið mögulegt verkefni tengt endurheimt votlendis, þar sem hægt væri að endurheimta votlendi sem er illa farið og framræst að hluta til. Val á svæðum til að endurheimta verður á endanum ákveðið í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélag sem hluti af umræðu og samkomulagi um skilyrði fyrir framkvæmdinni. Qair stefnir á að endurheimta jafn mikið votlendi og mun tapast varanlega vegna framkvæmda eða um 3,4 ha.

bls. 201

Eins og fyrr hefur komið fram hafa rannsóknir sýnt að betra er að vernda núverandi og óraskað votlendi frekar heldur en að endurheimta svæði sem nú þegar hefur verið raskað þar sem þau munu aldrei ná sér aftur á strik. Einnig er vert að benda á að Dalabyggð lagði áherslu á að ef votlendi yrði raskað ætti að endurheimta innan sveitarfélagsins. Er Qair að spá í svæðum fyrir endurheimt utan Dalabyggðar? Hversu mikil endurheimt er á votlendi á svæðu sem eru illa farin? Hvað með votlendi sem gæti tapast vegna óbeinna áhrifa í landi Húnaþings vestra?

7.8.4.2 Vægi áhrifa

Votlendisvistgerðir yfir 2 ha að flatarmáli njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og forðast ber að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Í tilfelli þessa verkefnis er brýn nauðsyn talin tengjast þörfinni til að auka við endurnýjanlega orkukosti á Vesturlandi og styrkja í kjölfarið þanþol orkukerfisins.

bls. 201

Hér er framkvæmdaraðili að segja að brýn nauðsyn sé að framleiða orku fyrir sjálfan sig sem verður öll flutt úr sveitarfélaginu. Hvað er átt með að styrkja þanþol orkukerfisins? Hér yrði brotið gegn náttúruverndarlögum í Dalabyggð til þess að flytja orku og mynda störf utan sveitarfélagsins. Ætti ekki að minnast á ástæðu framkvæmdaraðila fyrir þessari framkvæmd í þessu samhengi?

Tafla 7-9 Samantekt á áhrifum: Hreyfingar ökutækja og byggingarstarfsemi sem leiðir til beinna affalla dýrategunda

bls. 202

Stærðargráðan er staðbundin en framkvæmdaraðilinn ritar um nærumhverfi. Er það í landi annara landeiganda en Sólheima?

Hvernig er hægt að segja að umfang sé hverfandi þegar tíðnin er stöðug?

Tafla 7-10 Samantekt á áhrifum: Innflutningur á ágengum framandi tegundum

bls. 203-204

Stærðargráðan bendir til að þetta geti haft áhrif á land í nágrenni við framkvæmdasvæðið. Hafa landeigendur sem gætu orðið fyrir áhrifum verið látnir vita?

Tafla 7-11 Samantekt á mati á áhrifum: Leki vegna óhapps sem leiðir til niðurbrots vistgerða

bls. 204

Stærðargráðan getur verið yfir á annarra manna lönd. Hafa þeir landeigendur fengið upplýsingar varðandi þetta?

Ef leki verður, getur umfang þess ekki orðið mikið?

Tafla 7-12 Samantekt á áhrifum: Tilvist byggingarstarfsmanna, virkni og hljóðvist sem veldur truflun á dýrategundum

bls. 205-206

Vilja framkvæmdaraðilar meina að sjaldgæfar truflanir muni verða á rekstartíma vindorkugarðsins og því aðeins í skammtíma en titringur, hljóð og skuggaflókt frá vindmyllunum vera varanlegt í 25+ ár og lífverur í nágrenninu mun verða fyrir áhrifum?

Aftur er fjallað um nágrenni við byggingarsvæðið, er það þá svæði landeigenda sem eiga landamæri við Sólheimaland?

Sagt er að viðkvæmni viðtaka sé lítil og skrifað er „Ástæðan er að búsvæði og meirihluti tegunda á svæðinu eru algengar og útbreiddar á Laxárdalsheiði.“ Mikilvægt er að benda á að framkvæmdarsvæðið er stórt svæði af Laxárdalsheiði og inn á miðju svæðinu. Hefur það ekki mikil áhrif á viðtakann?

Tafla 7-13 Samantekt á áhrifum á líffræðilegan fjölbreytileika á landi

bls. 206

Framkvæmdaraðilinn vilja meina að innflutningur á ágengum framandi tegundum sé óverulegt en það ætti að vera skráð öðruvísi þar sem votlendi er skráð með háa viðkvæmni/gildi.

Tafla 7-14 Samantekt á áhrifum: rask á gróðri sem leiðir til áhrifa á vatnabúsvæði og tegundir

bls. 207-208

Varanleikinn er skráður til skammtíma. Er það raunhæft þar sem áhrif eru varanleg yfir rekstartímann? Hvernig er hægt að segja að búsvæðið mun líklega ná aftur sama ástandi eftir að framkvæmdum er lokið án staðreynda? Benda á endurheimt vatna á Mýrum eftir framræslu og stíflumyndun. Þar hafa vötn verið endurheimt og eftir langan tíma eru vötnin langt frá því að vera komin í sama ástand og áður og ekki er hægt að segja að þau vötn munu ná því. Ætti varanleikinn því ekki að vera skráður til langtíma?

Er hægt að segja að stærðargráðan mun vera staðbundin þar sem þetta mun mjög líklega hafa áhrif á Laxá í Dölum og er sú á ekki innan framkvæmdasvæðisins?

Tíðnin er ekki með hléum þar sem eitthvað af búsvæðinu mun vera raskað eða lokað af og mun það því vera stöðugt.

Ekki er minnst á í viðkvæmni viðtaka og í vægi að vatnavistgerðir, lækir, tjarnir og votlendi sem lífríkið stólar á og eru stærri en 2 ha eru talin hafa mjög háa viðkvæmni/gildi og að Laxárvatn (44,5 ha), Hólmavatn (57,5 ha) og Nesjavatn (21,3 ha) eru öll stærri en 2 ha.

7.9.4.1 Mótivægis-/stjórnunaraðgerðir

Vistfræðingur mun fylgjast með framkvæmdum. Vistfræðingurinn mun hafa samband við hina ýmsu umhverfisráðgjafa sem munu hafa aðkomu að verkefninu. Viðkomandi verður viðurkenndur vistfræðingur með þekkingu á svæðinu og mun hafa vald til að stöðva verk ef þörf krefur.

bls. 208

Á vegum hvers fyrirtækis/stofnunar verður þessi vistfræðingur?

7.9.4.2 Vægi áhrifa

Með fyrirhuguðum mótivægisáðgerðum verða áhrif á búsvæði í vatni lágmörkuð eins og unnt er, sem leiðir til minni áhrifa á fiska og dýralíf í vatni. Talið er að eftirstandandi áhrif verði óveruleg fyrir alla viðtaka fiska og dýralífs í vatni.

bls. 209

Hver eru þessi eftirstandandi áhrif? Hvernig er hægt að telja að áhrif verði óveruleg þegar ekki er búið að fara í vatnafræðilegar rannsóknir né jarðgrunnssathuganir á svæðinu?

Tafla 7-15 Samantekt á áhrifum: Leki vegna óhapps sem leiðir til hnignunar á lífríki í vatni

bls. 209

Í viðkvæmni viðtaka er skráð lítið og skrifað er í athugasemd að atlantshafslax, urriði og bleikja eru talin hafa miðlungs viðkvæmni/gildi sem er rangt þar sem skrifað er ofar að atlantshafslax er með háa viðkvæmni/gildi og einnig eru Laxárvatn, Hólmavatn og Nesjavatn talin hafa mjög háa viðkvæmni/gildi. Ætti því viðkvæmni viðtaka ekki frekar að vera mikil?

7.9.6 Rekstur – Virkni og hljóðvist sem veldur tegundum vatnadýra truflunum

Skuggaflökt getur átt sér stað undir vissum kringumstæðum þegar skuggi vindmylluspaða fer yfir lítið rými (eins og glugga), sem dregur úr styrk ljóssins í stutta stund og veldur því að flökt sést. Líkur á áhrifunum og tímalengd þeirra ræðst af ýmsum þáttum, þar á meðal veðurskilyrðum (svo sem skýjahulu), landfræðilegri staðsetningu, árstíma og tíma dags, fjarlægðum vindmylla frá viðtaka, vindmylluhæð og þvermál snúnings spaðanna og staðbundnu landslagi auk skimunarpátta. Þar sem skugginn varpast yfir mun stærra svæði fyrir lax (svo sem á eða stöðuvatn, frekar en glugga) er mun ólíklegra að skuggavarpíð valdi „flöktandi“ áhrifum og myndi vera líkara hlut sem hreyfist yfir svæðinu. Vitað er að lax er viðkvæmur fyrir hreyfingum og gæti verið næmur fyrir truflunum á því svæði sem skuggar frá vindmyllum sem snúast gætu fallið. Líkangerð gefur til kynna að skuggar náiað hámarki 1,62 km frá vindmyllu.

Laxastofnar yrðu viðkvæmastir fyrir áhrifum á hrygningartímanum þegar þeir safnast saman í opnum lækjum með viðeigandi undirlagi. Stóran hluta tiltekins árs verða veðurskilyrði þannig að skuggar myndu ekki valda skuggaflökti og á þeim tímabilum sem laxastofnar væru viðkvæmir fyrir áhrifunum, þ.e. á hrygningartímabilinu, eru mjög löng myrkurtímabil. Í dagsbirtu mun skýjahula styttu þau tímabil sem skuggaflökt gæti átt sér stað á. Að auki er gert ráð fyrir að lax venjist sjónrænum áhrifum eða skuggaflökti. Þess vegna er spáð að áhrifin verði hverfandi og áhrifin ekki marktæk.

bls. 210

Ætti ekki að sýna skuggaflökts líkanið í þessum kafla?

Er hægt að gera ráð fyrir því að stóran hluta tiltekins árs verða veðurskilyrði þannig að laxastofnar verði ekki fyrir áhrifum af skuggaflökti? Er hægt að gera ráð fyrir því að skýjahula stytti þau tímabil sem skuggaflökt gæti átt sér stað? Er hægt að gera ráð fyrir því að laxinn venjist sjónrænum áhrifum eða skuggaflökti? Eru til heimildir varðandi það?

Tafla 7-16 Samantekt á áhrifum: Rekstrarvirkni og hljóð sem veldur fisktegundum truflunum

bls. 211

Tímalengd er skráð sem tímabundin og skammtíma. Ætti það ekki að vera flokkað til langstíma þar sem hljóðið frá vindmyllunum mun alltaf heyrast og hafa áhrif á fiskana í 25+ ár?

Stærðargráðan er sögð vera staðbundin og að áhrif verða í næsta nágrenni við vindmyllurnar. Þýðir það að fiskar í öðrum vötnum sem eru í nálægð við vindmyllurnar í landi landeiganda í Húnaþingi vestra muni verða fyrir áhrifum? Ef svo er, ber framkvæmdaraðilum að láta þá landeigendur vita?

Umfangið er skráð hverfandi. Er það raunhæft þar sem tíðnin er stöðug yfir langan tíma?

Tafla 7-17 Samantekt á áhrifum á fiska og vatnalíf

bls. 211

Er rétt að vægi fyrir framkvæmdina verði óverulegt þar sem Laxárvatn, Hólmavatn og Nesjavatn eru talin hafa mjög háa viðkvæmni/gildi? Svipað má segja um vægið fyrir rekstur.

7.10.1.1 Gildi umhverfisþáttar/Viðkvæmni viðtaka

Að því er Sólheimaverkefnið varðar snýr þetta fyrst og fremst að álfum sem er ein lykiltegund mikilvægra fuglasvæðisins (e. important birds area) (IBA) og lykilsvæðis líffræðilegs fjölbreytileika (e. key biodiversity area) (KBA) á Laxárdalsheiði, sem og vaðfuglategundum sem verpa á svæðinu og koma fyrir í tiltölulega miklum þéttleika á framkvæmdasvæðinu, en eru ekki eru metnar í hættu og eru ekki meðal þeirra tegunda sem gera svæðið að alþjóðlega mikilvægu fulgasvæði.

bls. 212

Af hverju eru vaðfuglategundirnar ekki metnar í hættu?

7.10.1.2 Innfelldar mótvægisáðgerðir

vindmyllur hafa verið staðsettar í 500 m fjarlægð frá nefndum vatnasvæðum sem vatnafuglar nota á varptíma og 350 m frá minni vatnasvæðum, þannig var hægt að draga úr truflun á varp vatnafugla;

Haldið hefur verið um 2 km breiðum gangi á milli nyrðri- og syðri vindmyllupyrpinganna til að hleypa fuglum austur-vestur og öfugt eftir Laxárdal/Þjóðvegi 59

bls. 212

Þegar verið er að tala um 200m háar vindmyllur, er 350-500m fjarlægð frá mikilvægum vatnasvæðum á Laxárdalsheiði nóg? Af hverju var valið 350-500m fjarlægð frekar en eitthvað annað?

Er hægt að segja að 2 km breiður gangur sé mótvægisáðgerð þar sem Þjóðvegur 59 liggur þar í gegn og ekki var möguleiki á að setja vindmyllur þar. Ef það hefði ekki verið vegur, hefðu vindmyllur verið settar á þetta svæði?

7.10.2.1 Brúsar

Markmið í hönnun framkvæmdaþátta er að halda 500 m fjarlægð frá varpvötnum himbrima og að minnsta kosti 350 m fjarlægð frá varptjörnum lóms, til að forðast að valda truflun á þeim tjörnum. Þar af leiðandi verður ekki beint tap á varpsvæðum brúsa við framkvæmdir. Möguleiki er á óbeinum áhrifum vegna afrennslis frá byggingarstarfsemi sem fer í varpvötn. Hins vegar er spáð að með því að fylgja umhverfisstjórnunaráætlun verkefnisins (CEMP) verði óbein áhrif á vatnasvæði óveruleg.

bls. 213

Er heimild fyrir því að 350-500m fjarlægð muni ekki valda miklum truflunum fyrir himbrima? Er hægt að koma fram með þá staðreynd að ekki verður beint tap á varpsvæðum brúsa við framkvæmdina?

7.10.2.2 Andfuglar

Staðfest var að tíu andfuglategundir verpi á vötnum innan verkefnissvæðisins. Hreiður þessara tegunda voru annað hvort á eða innan jaðars vatnasvæða, á svæðum sem verða ekki fyrir beinum áhrifum vegna innviða verkefnisins. Því er ekki spáð tapi á varpstöðum eða ungum vegna búsvæðahreinsunar og framkvæmda. Möguleiki er á óbeinum áhrifum vegna afrennslis frá byggingarstarfsemi sem fer í varpvatn. Hins vegar er spáð að með því að fylgja umhverfisstjórnunaráætlun verkefnisins verði óbein áhrif á vatnasvæði óveruleg.

bls. 213

Hvernig er hægt að koma með þá staðreynd að vatnasvæðin verða ekki fyrir beinum áhrifum vegna innviða verkefnisins þegar ekki hefur verið farið í jarðgrunnsathugun né vatnafræðilegarannsóknir?

7.10.2.3 Ránfuglar

Smyrill og fálki voru skráðir í fáeinum tilvikum við grunnrannsóknir (fimm og tvö flug í áðurnefndri röð) og spáð er að áhrif á þessar tegundir vegna taps á búsvæði við framkvæmdir séu óveruleg.

Í innan við 10 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu eru tvö óðöl hafarna. Tuttugu og átta flug voru skráð í könnunum á flugvirkni, þar sem flug var skráð á milli apríl og október og meirihluti fluganna voru skráð á milli maí og september. Flug var mest norðan við framkvæmdasvæðið (sjá Mynd 6-23).

GPS merkingargögn fyrir haförn benda einnig til þess að haförn noti framkvæmdasvæðið. Flug innan framkvæmdasvæðisins er þó hlutfallslega minna en utan svæðisins, einkum fyrir norðan og vestan.

Varppör hafarna halda landsvæði, þar sem ungir fuglar fara oft víða áður en þeir bera kennsl á eigin landsvæði. Svæðisstærð er mismunandi, svæðisstærðir í Býskalandi eru á bilinu 6–392 km² og með unga sem vitað er að eru í yfir 200 km fjarlægð frá varpstöðum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við verkefnið muni leiða til varanlegs taps á u.þ.b. 14 ha búsvæði sem haförn gæti komið til með að nýta til veiða. GPS gögnin bentu til þess að svæði norðan og vestan við framkvæmdasvæðið gætu verið mikilvægari fæðuöflunarsvæði fyrir haförn. Fyrirliggjandi rannsóknir á svæðisstærðum og þar af leiðandi hugsanlegum fæðuöflunarsvæðum benda til þess að búsvæðið sem glatast myndi vera mjög lítið hlutfall af tiltæku fæðusvæðinu og að fuglar myndu leita sér fæðu á öðrum hentugum og nálægum svæðum á framkvæmdatíma. Þar af leiðandi eru áhrif taps á búsvæðum á hafernimetin sem lítil umfangs og vægi nokkuð.

bls. 213-214

Var tekið tillit til þess að fálkastofninn hefur verið að hrynja í stofnmati?

Er hægt að tengja þessi flug sem voru norðan við framkvæmdasvæðið við óðal? Og hef svo er, ætti staðsetning vindmyllanna ekki að taka mið af því, ásamt verndun votlendis og verndargildi vistgerða?

Eru ekki til heimildir varðandi dreifingu ungra hafarna á Íslandi? Í stað þess að vitna í grein frá Vestur-Skotlandi.

Hvað er átt með þegar minnst er á hlutfall af tiltæknu fæðusvæði?

7.10.2.4 Máfar, kríur og kjóar

Kjóar, kríur og þrjár máfategundir (hettumáfur, stormmáfur og svartbakur) voru skráðar verpa á framkvæmdasvæðinu við grunnrannsóknir. Svartbakur, hettumáfur, stormmáfur og kría sáust öll við varp á vatnasvæðum. Því er ekki spáð að varpstaðir eða ungar tapist vegna búsvæðahreinsunar og framkvæmda. Möguleiki er á óbeinum áhrifum vegna afrennslis frá byggingarstarfsemi sem fer í varpvötn. Hins vegar er spáð að með því að fylgja umhverfisstjórnunaráætlun verkefnisins verði óbein áhrif á vatnasvæði óveruleg og því engin áhrif á máfa, kríur og kjóa vegna áhrifa á vatnasvæði.

Kjói var skráður verpa á staðnum með mælisniðum, með þéttleika 0,6 varppör/km². Framkvæmdir við verkefnið geta leitt til þess að hreiður eða ungar tapist beint ásamt u.þ.b. 14 ha af búsvæði, sem jafngildir búsvæði sem gæti framfleytt <1 pari miðað við útreiknaðan varppéttleika. Í raun og veru er líklegt að fuglar nýti sér önnur hentug búsvæði innan eða í nágrenni við framkvæmdasvæðið. Áætlað hefur verið að kjóastofninn á Laxárdalsheiði samanstandi af 183 pörum. Hugsanleg áhrif búsvæðamissis fyrir <1 par og mögulegs beins taps á litlum fjölda hreiðra eða unga við framkvæmdir eru því talin vera lítil umfangs og staðbundin og vægi áhrifa nokkuð vegna möguleika á afföllum unga og þar sem kjói er talinn vera í hættu samkvæmt íslenskrí vátlistaflokkun.

Kría var skráð við varp á vatnasvæðum og, aðeins árið 2019, í litlu sambúi norðan við verkefnissvæðið. Hreiður á og við vötn verða ekki fyrir beinum áhrifum af framkvæmdum. Möguleiki er á að kríur sem verpa í sambúum fjarri vatnasvæðum missi búsvæði eða hreiður og unga. Varpsambú fjarri vötnum var skráð norðan við framkvæmasvæðið árið 2019 en var ekki til staðar árið 2020. Þekkt er að kríur noti mismunandi varpstöðvar og að stofnstærð og staðsetningar eru breytilegar eftir árstíðum. Líklegt er að kríur nýti sér hentug búsvæði sem er mikið af á framkvæmdasvæðinu og í næsta nágrenni. Möguleg áhrif á kríur vegna taps á búsvæðum eru því talin vera lítil umfangs og óveruleg.

bls. 214

Hvað er átt með þegar sagt er „Því er ekki spáð að varpstaðir eða ungar tapist vegna búsvæðahreinsunar og framkvæmda“? Hver er ástæðan fyrir því að ekki er spáð að varpstaðir eða ungar tapist? Í málsgreinunum neðar segir síðan að möguleiki er að fuglar missi búsvæði eða hreiður og unga sína. Er þetta ekki mótsögn?

Hvernig er hægt að gera ráð fyrir því að kjóinn nýti sér önnur hentugri búsvæði innan eða í nágrenni við framkvæmdasvæðið?

Er hægt að taka mark á gögnum sem eru aðeins frá 2019? Hversu marktæk voru gögnin?

7.10.2.5 Rjúpur

Rjúpur voru skráðar á framkvæmdasvæðinu á tímabilinu apríl til október, með hámarki skráninga í maí og júní. Varppéttleiki var áætlaður 2,7 pör/km². Vegna framkvæmda munu u.þ.b. 14 ha af hugsanlegu varp- og fæðuöflunarsvæði glatast varanlega og lítill fjöldi varpstaða gæti hugsanlega tapast vegna rasks á búsvæðum. Áætlað er að stofninn innan Laxárdalsheiðar samanstandi af 884 pörum. Umfang áhrifanna er talið lítið miðað við fjölda para og hverfandi miðað við heildarfjölda á Íslandi. Því er spáð að áhrifin verði óveruleg á staðbundnum skala.

bls. 214

Hvernig var áætlað stofnstærð fyrir rjúpur innan Laxárdalsheiðar og hvenær?

Tafla 7-20 Samantekt á áhrifum: Gróðurhreinsun sem veldur raski á búsvæðum og tilfærslu fugla
bls. 216

Sagt er að stærðargráðan sé staðbundin og svæðisbundin. Ættu íbúar svæðanna sem hugsanlega verða fyrir áhrifum af raski á búsvæðum og tilfærslu fugla ekki að fá upplýsingar varðandi það?

Í tíðni segja framkvæmdaraðilar að þetta sé aðeins eitt atvik og að gróðurhreinsun mun eiga sér stað einu sinni á meðan framkvæmdum stendur, en áhrifin munu ná yfir líftíma verkefnisins. Ætti það þá ekki að vera flokkað sem stöðugt?

Umfang og vægi ætti ekki að taka tillit til hvernar og einnar tegundar heldur alls í heildina. Miðað við magn fugla og fuglategunda og mikilvægi búsvæðisins ætti umfangið að vera mikið og vægi verulegt.

7.10.2.8 Mótvægisaðgerðir

Gerðar verða úttektir áður en framkvæmdir hefjast í þeim tilgangi að uppfæra grunnupplýsingar um athæfi varpfugla innan afmarkaðs framkvæmdasvæðis.

bls. 216

Hvernig er hægt að gefa út umhverfismat þegar enn er verið að afla gagna?

7.10.2.8 Mótvægisaðgerðir

Undirbúningur lóðar og gróðurhreinsun munu hefjast í mars og apríl og þá verða hentug varpsvæði fjarlægð af framkvæmdasvæðinu áður en varp hefst á svæðinu. Á varptímanum verður enginn gróður hærri en 10 cm á framkvæmdasvæðinu til koma í veg fyrir að fuglar sem verpa á jörðinni laðist að svæðinu. Við úttektir sem farið verður í áður en framkvæmdir hefjast verða afmörkuð svæði sem talið er líklegt að varpfuglar laðist að, þau svæði verða heimsótt reglulega til að viðhalda truflun og koma í veg fyrir að fuglar geri sér hreiður á þeim.

Ef gróðurhreinsun fer fram á varptímanum mun það vera undir eftirliti vistfræðings (ECoW) til að forðast eyðingu hreiðra með eggjum í.

Ef þörf krefur verða gerðar frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir hreiðurgerð (t.d. fuglahræður eins og flugdrekar). Notkun þeirra verður ákvörðuð af vistfræðingi.

Varnarsvæði verður sett upp í kringum öll auðkennd hreiður sem haldið verður við þar til varptilrauninni er lokið og/eða ungfuglar hafa yfirgefið hreiðrið.

Í samræmi við verkefnaáætlun um endurheimt búsvæða, verða búsvæði á svæðum sem raskast aðeins tímabundið við framkvæmdir endurheimt eftir að framkvæmdum lýkur til að endurheimta þau búsvæði sem eru hentug fyrir varpfugla.

bls. 216

Ekki var minnst á að einstaklingar munu heimsækja svæði reglulega til að viðhalda truflun á framkvæmdartímanum þegar farið var yfir þau áhrif sem fuglarnir geta orðið fyrir á framkvæmdartímanum. Hvernig mun vera komið í veg fyrir að enginn gróður verði hærri en 10cm á framkvæmdasvæðinu? Mun gróður verða sleginn? Það svæði þar sem gróður má ekki vera hærri en 10cm, er það utan athugunarsvæðisins fyrir vistgerðirnar?

En ef það er hreiður með eggjum í? Hvað verður gert?

Verið er að leggja mjög mikið á sig til að koma í veg fyrir að fuglar séu að verpa. Væri ekki hentugra að byggja fyrirhugaðan vindmyllugarð á svæði þar sem ekki er mikið fuglavarp og á svæði sem ekki er alþjóðlega mikilvægt á varptíma?

Hvernig mun varnarsvæðið hafa áhrif á fyrirhugaða framkvæmd? Hvernig mun varnarsvæðið hafa áhrif á fuglanna?

Hvernig svæði þyrfti að endurheimta og hvernig mun vera farið að þeirri fyrirhuguðu endurheimt?

7.10.3 Framkvæmdir – Starfsemi, hávaði og nærvera starfsmanna sem truflar fugla

Framkvæmdir við verkefnið gætu valdið staðbundinni röskun fyrir fugla á svæðinu og í nánasta umhverfi þess. Sumar fuglategundir kunna að halda sig í fjarlægð frá byggingarframkvæmdunum og gætu því verið undanskildar frá varp- og fæðuöflunarsvæðum um tíma. Nákvæm stærð svæðis þar sem áhrifa mun gæta er líklega háð tegundum.

bls. 217

Hvað er skilgreint sem nánasta umhverfi? Hvaða fuglategundir kunna að halda sig í fjarlægð? Eru heimildir fyrir því?

7.10.3.1 Brúsar

Vitað er að brúsar eru næmir fyrir truflunum á varpvötnum, þó að vísbendingar séu um að þeir verpi nálægt vegum og byggingum án þess að neitt fari úrskaiðis á Íslandi og í Skotlandi. Rannsókn sem gerð var á truflunarfjarlægð ýmissa tegunda í Skotlandi veitir gagnlegar upplýsingar um hugsanleg áhrif truflana.¹⁶² Fræðigreinin sem vísað er í í rannsókninni segir að flestir lómar hafi sýnt merki um kyrrstöðuröskun (aukna aðgætni) í um 300 – 500 m fjarlægð. Hins vegar sýndu sumir fuglar engin merki um truflun, jafnvel í beinni sjónlínu og í návígi (um 50 – 100 m). Virk röskun (hreyfa sig eða fljúga burt) var álíka líkleg á stóru bili fjarlægða, á milli um 10 m og 300 m. Breytileiki í viðbrögðum áhorfanda í sýn gæti að hluta hafa tengst varpstigi eða stærð vatns en það var líka augljóst að það var töluverður munur á einstökum fuglum (sem kann að hafa stafað að minnsta kosti að hluta til af fyrri reynslu af truflunum). Himbrimi verpir venjulega á stærri vötnum og sýnir minni tilhneigingu til að bregðast við truflunum með því að taka á flug.

bls. 217

Ekki er tekið fram að heimild 162 hafi verið framkvæmd með því að ganga að fuglinum og tengdist rannsóknin ekki vindmyllum. Einnig virðast þessi gögn koma úr ógreindri rannsókn og ekki eru mjög ýtarlegar útskýringar varðandi rannsóknina að finna.

Hinar rannsóknirnar sem vitnað er í er væntanlega verið að skoða hvenær fuglinn flýgur upp ef maður nálgast en hér erum við að tala um 200m há mannvirki sem gætu verið í 25+ ár eða stórvirkar vinnuvélar. Er það samanburðar hæft að bera þessa heimild við fyrirhugaðan vindmyllugarð?

Tafla 7-22 Samantekt á áhrifum: Starfsemi, hávaði og nærvera starfsmanna sem truflar fugla

bls. 221-222

Varanleikinn er skráður til skammtíma á meðan framkvæmdum stendur. Ef starfsmaður þarf að sinna viðhaldi oft á hverju ári sem mun trufla fuglanna væri ekki hægt að telja varanleikann til langtíma? Sagt er í mælikvarða að „Viðkvæmustu tegundirnar geta orðið fyrir truflunum innan framkvæmdasvæðisins og að 1 km í kringum það“. Þýðir það að truflanir munu verða inn á landi Húnaþings vestra?

Ætti tíðnin ekki að vera skráð stöðug þar sem viðhald er á hverju ári sem mun valda truflun?

7.10.3.8 Mótvægisaðgerðir

Hreiðurflekar fyrir brúsa verða settir upp á hentugum vatnasvæðum, helst í allt að 2 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu til að ýta undir farsælt varp brúsa utan framkvæmdasvæðisins og bæta framleiðni fyrir lóm og himbrima. Flekar verða reglulega skoðaðir og skipt út eftir þörfum áður en varptímabilið hefst á tveggja ára fresti á rekstrartíma verkefnisins.

bls. 222

Eru framkvæmdaraðilar að fara setja upp hreiðurfleka utan framkvæmdarsvæðisins á landi landeiganda í Húnaþingi vestra?

7.10.4 Rekstrartími – Flutnings- og hindrunaráhrif

Fuglar geta upplifað truflun vegna véla, þ.e. vegna nærveru þeirra og hvers kyns hreyfinga og hávaða sem þeim fylgir. Þeir truflast einnig af mannlegri nærveru sem tengist viðhaldi þessara mannvirkja. Þetta gæti leitt til þess að sumir fuglar haldi sig í fjarlægð frá vindmyllunum og forðist svæðið eða leiti annarra svæða. Takmarkaðar upplýsingar eru til um vöktun fugla í tengslum við vindorkugarða.

bls. 222

Hvernig er hægt að segja að það gæti leitt til þess að fuglar haldi sig fjarri þegar takmarkaðar upplýsingar eru til um vöktun?

7.10.4 Rekstrartími – Flutnings- og hindrunaráhrif

„Umsagnir eftir Percival (2000)⁽¹⁷²⁾ og Langston & Pullan (2003)⁽¹⁷³⁾ um vöktunarrannsóknir við starfandi vindorkugarð á hálendum svæðum, benda til þess að margir fuglar verði ekki fyrir miklum áhrifum af vindmyllunum. Gill o.fl. (1996)⁽¹⁷⁴⁾ og Percival (1998; 2000)⁽¹⁷⁵⁾⁽¹⁷⁶⁾ benda til þess að varpfuglar, þar á meðal vaðfuglar, séu aðeins útilokaðir frá svæðum allt að 300 m frá vindmyllum og rannsóknir Pearce-Higgins o.fl. hafa sýnt að þó að sumir fuglar flytjist frá starfandi vindorkugörðum, eru áhrifin yfirleitt minni en við framkvæmdir⁽¹⁷⁷⁾.

bls. 222-223

Eru ekki til nýlegri rannsóknir? Hvað voru þetta háar vindmyllur í þessum heimildum? Hvernig búsvæði voru á þessum svæðum? Er hægt að bera saman fyrirhugaðan vindmyllugarð á Laxárdalsheiði við þessar heimildir?

7.10.4.1 Brúsar

Fuglar sem ferðast að ströndinni í ætisleit munu líklega fljúga fyrir ofan eða í kringum vindorkugarðinn, annað hvort nýta ganginn milli norður- og suðurhópa vindmylla eða fljúga alveg í kringum vindmyllurnar. Að öðrum kosti geta fuglar náð hæð til að ferðast til strandarinnar í hæð, hegðun sem sést oft hjá fuglum sem yfirgefa varpvötn.

bls. 223

Mætti ekki líka segja að fuglinn geti flogið á vindmyllurnar?

7.10.4.3 Ránfuglar

Við grunnrannsóknir var haförn skráður á verkefnissvæðinu á tímabilinu apríl til október og GPS merkingargögn benda til einhvers fjölda fluga sem skarast við framkvæmdasvæðið og umfangsmikillar flugvirkni norðan og vestan við svæðið.

bls. 224

Er ekki til hentugra svæði fyrir fyrirhugaðan vindorkugarð þar sem ekki er eins mikilvægt svæði fyrir haferni?

7.10.4.3 Ránfuglar

Þrátt fyrir að sumar tegundir virðist forðast vindorkugarða, fannst ekki marktækur munur við vöktun á heildarflugvirkni hafarna innan og utan svæðis vindorkugarðs í starfandi vindorkugarði í Noregi⁽¹⁸⁴⁾. Að sama skapi voru niðurstöður rannsóknar á Edinbane og Ben Aketil vindorkugörðunum í Skotlandi að engar vísbendingar væru um að hafernir flyttust á brott af völdum vindorkugarða á rannsóknarstaðnum⁽¹⁸⁵⁾. Rannsóknir á varpárangri hafarnar í tengslum við nálægð við vindorkuverkefni bentu til þess að tilvist vindorkugarða innan varpsvæða kom ekki í veg fyrir varptilraunir, en leiddi hins vegar til minni varpárangurs, þetta tengist líklega aukinni áflugshættu fullorðinna fugla (sjá kafla 7.7.5).

Miðað við fyrirliggjandi vöktunarniðurstöður frá starfræktum vindorkugörðum í öðrum Norður Evrópulöndum er gert ráð fyrir að flutningarhafarnar frá verkefnasvæðinu verði hverfandi umfangs og áhrif þess óveruleg.

bls. 224

Í þessum heimildum sem notast var við, eru framkvæmdar- og rekstrarsvæðin sambærileg við fyrirhugað svæði? Eru vindmyllurnar af svipaðri stærð og fyrirhugaðar vindmyllur fyrir þetta verkefni?

Tafla 7-24 Samantekt á áhrifum: Flutningar fugla frá vindorkugarðssvæðinu meðan á rekstri stendur

bls. 226-227

Varanleiki er skráður til langtíma. En þar sem vistkerfið mun ekki koma til baka í sama far og það er í ætti varanleikinn frekar að vera varanlegur.

Stærðargráðan mun ná yfir stórt svæði. Ættu landeigendur ekki að fá upplýsingar varðandi hugsanleg áhrif þess?

Umfangið er mikið þar sem verið er að tala um verulegar breytingar sem geta orðið á svæði utan framkvæmdarsvæðis og miklar breytingar geta orðið í útbreiðslu fugla og samkeppni á milli þeirra. Er þetta eins klippt og skorið og framkvæmdaraðilinn vilja láta þetta lýta út?

7.10.4.8 Mótvægisáðgerðir

Verkefnið mun einnig fela í sér áðgerðir til að bæta varpsvæði vaðfugla og vatnafugla, þessar áðgerðir verða hluti af áætlun um eflingu votlendis sem miðar að endurheimt og myndun votlendisbúsvæða utan við verkefnasvæðið.

bls. 227

Það á ekki að réttlæta eyðileggingu verndaðs votlendis með loforði um að bæta framræst votlendi annarstaðar á landinu. Sérstaklega því það mun aldrei komast í sama horf og ekki leysa mikilvæg þess búsvæði sem er að finna á Laxárdalsheiði. Það á fyrst og fremst að vernda ósnortið votlendi.

7.10.5 Rekstrartími – Rekstur vindmylla sem leiðir til affalla við áflug

Þegar vindorkugarður hefur verið reistur getur hann haft áhrif á fuglastofna með því að valda auknum afföllum vegna áflugs fugla á vindmyllur eða mannvirki tengd þeim. Nokkrir þættir hafa áhrif á áflugshættu, þar á meðal:

notkun lýsingar á vindmyllum sem getur laðað fugla að þeim á nóttunni;

bls. 227

Af hverju að hafa vindmyllurnar svona háar þannig það þurfi að hafa ljós á þeim sem mun laða að fuglana?

7.10.5 Rekstrartími – Rekstur vindmylla sem leiðir til affalla við áflug

Hætta á auknum afföllum fugla frá vindorkugörðum og áhrifin sem slíkur fjöldi affalla gæti haft á fuglastofna hefur leitt til þess að líkön hafa verið þróuð til að hjálpa til við að spá fyrir um hættuna á áflugi fugla⁽¹⁹¹⁾. Eins og með öll “gagnaháð” stærðfræðilíkön gefa niðurstöðurnar vísbendingu um hver líkleg áhætta er, frekar en endanlega yfirlýsingu um hvað mun gerast. Áflugshættulíkan hefur verið búið til fyrir verkefnið, byggt á SNH líkaninu⁽¹⁹²⁾, til að reyna að spá fyrir um áflugshættu fyrir tegundir sem eru á verndarlista og eru taldar upp í töflu 6-10, eða fyrir algengari tegundir þar sem nægjanlegur fjöldi flugferða með hættu á áflugi er til að gefa til kynna möguleika á verulegum áhrifum áflugs.

bls. 228

Í heimild 191 er sagt að þegar kemur að því að teikna upp flug fugla þarf mikla vettvangskunnáttu sem þarf að öðlast yfir mörg ár. Hversu mikla reynslu hafa þær/þeir/þau sem teiknuðu upp flugferlana í vinnu sem tengist uppsetningu vindmylla? Einnig segir heimildin að marktækni gagnanna byggist mikið á vettvangskunnáttu þeirra sem framkvæma rannsóknina. Erfitt er að meta dánartíðni fugla út frá teiknuðum flugferlum og því er mjög mikilvægt að notast við ratsjá til að skrá hugsanlega árekstra.

Heimildin (191) er skráð í prentun en hún virðist hafa verið prentuð 2007 og tilvísa ætti í hana á eftirfarandi hátt:

Band, W., Madders, M. and Whitfield, D.P. (2007) Developing Field and Analytical Methods to Assess Avian Collision Risk at Wind Farms. In: De Lucas, M., Janss, G. and Ferrer, M., Eds., Birds and Wind Power, Quercus Editions, Madrid, 259-275. www.quercus.pt

Þegar kemur að heimild 192 eru einnig mikilvægir þættir sem ekki var minnst á. Tiltækar upplýsingar um hvort fuglar forðist vindmyllurnar eru takmarkaðar og tengjast þær umhverfinu og loftslagsskilyrðum. Ef notast er við þetta líkan í aðstæðum sem eru frábrugðnar skoskum aðstæðum og fuglategundir á svæðinu eru ekki algengar í Skotlandi geta niðurstöður verið óáreiðanlegar. Einnig er erfitt að safna gögnum fyrir svona líkön. Var spáð í þessu þegar notast var við þessa gerð líkana? Ætti ekki að minnast á þetta í umhverfismatsskýrslunni?

Einnig var heimild 192 birt árið 2000. Eru ekki til nýrri rannsóknir fyrir svipuð líkön? Er þetta líkan notað þegar verið er að rannsaka fyrir fyrirhuguð vindorkugarða annarstaðar í heiminum í dag?

7.10.5 Rekstrartími – Rekstur vindmylla sem leiðir til affalla við áflug

Þar sem enginn eða mjög lítil fjöldi fluga í hugsanlegri áflugshættuhæð var skráður við grunnrannsóknir, er því spáð að hættan á áflugi sé nægilega lág til að ekki þurfi nákvæma líkangerð. Áflugshættulíkan var unnið fyrir þau tímabil sem fuglar eru til staðar á framkvæmdasvæðinu. Komu- og varptímar farfuglategunda til Íslands voru fengnir úr bókinni Íslenskur fuglavísir (Hilmarsson, 2011). Skrár yfir viðveru fugla úr flugvirknikönnunum voru einnig notaðar til að velja dagsetningarnar sem áflugshættulíkan var unnið fyrir, varúðar var gætt þar sem munur var á dagsætningum skráðum í fuglavísinum og gögnum úr könnunum.

bls. 228

Hvað er metið sem mjög lítill fjöldi fluga í hugsanlegri áflugshættuhæð? Verið er að leggja fram umhverfismatsskýrslu fyrir fyrirhugaðan vindorkugarð í svæði sem er í miðju alþjóðlegu mikilvægu varpsvæði, í vernduðu votlendi, í kringum vernduð vötn og tjarnir og á svæði sem hefur tvö arnaróðöl í minna en 10km fjarlægð frá framkvæmdarsvæðinu. Ætti ekki að leggja fram nákvæma líkanagerð sama hvað?

EKKI fannst heimildin sem tengd á að vera við þessa tilvísun (Hilmarsson, 2011).

7.10.5.1 Brúsar

Sýnt hefur verið fram á að brúsar forðast mjög vindorkugarða á landi. Í vindorkugarði í Noregi reyndist lómur, sem áður hafði orpið á svæði vindurkugarðsins, forðast hann alveg eftir að hann var tekinn í notkun⁽¹⁹³⁾, sem gefur til kynna að áflugshætta sé lækkuð með því að fuglar forðist vindorkugarðinn á stórum skala. Bæði himbrimi og lómur voru skráðir fljúga í hugsanlegri áflugshæð við grunnrannsóknir.

bls. 228

Varðandi heimild 193. Vindmyllurnar eru staðsettar niðri við sjó en ekki upp á hálendi. Eyjan sjálf er 16-19km í þvermál og því ekki eins stórt svæði fyrir fugla að vera á og ekki eins stórt vistkerfi eins og votlendið á Laxárdalsheiði. Er hægt að bera þessi tvö svæði saman?

Rannsakaður var fjöldi para frá 1999-2004 og 2007. Árið 2000 voru 3 af tíu pörum að reyna að unga út á svæðinu sem yrði undir framkvæmdarsvæðinu. Árið 2001 voru 2 af 20. Engin pör voru fundin meðan verið var að framkvæma. Nálægðasta par með unga við vindmyllurnar árið 2007 var sirka 2km frá vindmyllunum. Það þýðir að svæði sem fuglinn gat notað innan svæðisins var ekki notað eftir að vindmyllurnar voru settar upp. Væri því ekki hægt að færa rök fyrir því að vindmyllurnar munu hafa áhrif á fuglanna?

Ekki sást flug fuglanna á vindmyllu svæðinu og því væri hægt að segja að þau forðist ekki vindmyllurnar heldur þau forðast óhentugt og ekki búlegt búsvæði. Búið er að minnka búsvæði fuglanna.

Rannsóknin var framkvæmd árið 2007, fyrsta árið eftir framkvæmdir og þá var útungunarhlutfall 0,15 ungi á par. Fyrir framkvæmd og á meðan framkvæmd var framkvæmd var 0,42 ungar á par. Höfundar heimildarinnar vildu skrifa það á það að ungi á par er breytilegt hlutfall. Hins vegar má benda á að ekki var að finna hlutfall unga á par fyrir framkvæmd.

Í þessari rannsókn var rannsakað út fyrir framkvæmdarsvæðið til að sjá hversu mikilvægt framkvæmdarsvæðið er. Það hefur ekki verið gert fyrir þessa skýrslu. Mun það vera gert?

Einnig var bent á að vindmyllurnar eru ekki á svæði sem fuglarnir fljúga yfir þegar verið er að fara á milli vatna og út í sjó eins og gert er í fæðuleit. Telja má að brúsar á Laxárdalsheiði fljúgi um framkvæmdarsvæðið á leið til sjávar og aftur upp á heiði og eru því brúsar á þessu framkvæmdarsvæði í meiri hættu en þessi heimild getur sýnt fram á.

Sagt er í rannsókninni að það sé verulegur möguleiki að fuglarnir séu að forðast svæðið yfir höfuð. Hvernig getur það haft áhrif stofnstærð himbrima á Laxárdalsheiði?

Sagt er í rannsókninni að ekki sé hægt að segja út frá gögnunum að fuglarnir hafi verið að forðast vindmyllurnar eða að þeir hafi kosið frekar að fljúga annað í fæðuöflun.

Þessi rannsókn er frá 2007. Eru ekki til nýlegri rannsóknir?

Einnig er sagt í þessari heimild að ekki er hægt að segja að engin fugl hafi flogið á vindmyllurnar þar sem er mjög erfitt að gera grein fyrir því. Þar sem er nær ómögulegt að týna upp og telja nákvæmlega alla þá fugla sem flugu á.

7.10.5 Rekstrartími – Rekstur vindmylla sem leiðir til affalla við áflug

Á fyrirhuguðum starfstíma verkefnisins er spáð afföllum 1-2 álfra og 4-7 heiðagæsa vegna áflugs út frá líkani sem byggir á reglulegu flugi. Fyrir heiðagæsa, að því gefnu að meirihluti flugvirkinnar eigi sér stað á fartíma, er spáð 1-2 áflugum á ári. Þegar tekið er tilliti stæðar svæðisbundinna stofna og stofna á landsvísi beggja tegunda eru þessi áhrif talin óveruleg.

Rjúpur voru skráðar við grunnrannsóknir, þó var ekkert flug skráð í hugsanlegri áflugshættuhæð. Önnur vindmylluverkefni á norðlægum breiddargráðum hafa gefið vísbendingar um að víðirjúpan, sem er náskyld,

sé næm fyrir áflugi við möstur vindmylla, sérstaklega á vorin og á veturna þegar skortur á dagsbirtu og snjór gera það að verkum að erfitt er að greina hvítu vindmyllumöstrin ⁽¹⁹⁷⁾.

Leiðbeiningar Scottish Natural Heritage (SNH) mæla með 98% forðunarhlutfalli fyrir jaðrakan. Með því að nota þetta forðunarhlutfall er spáð fyrir áflugshættu upp á 0,02 áflug á ári (0,01 áflug á ári fyrir 1. ár og 0,03 áflug á ári fyrir 2. ár). Þetta jafngildir einum fugli á hverjum 50 árum. Ef miðað er við sólarhringsflugvirkni verða ekki marktækar breytingar á spá um affallatíðni, hún helst í 0,02 áflug á ári.

Í umsögn við tillögu að matsáætlun verkefnisins óskaði Náttúrufræðistofnun Íslands eftir frekari rannsóknum á áhrifum greinanleika minni tegunda á hugsanleg áhrif verkefnisins, á grundvelli þess að erfiðara verður að greina smærri tegundir í meiri fjarlægð frá fuglafræðingum sem sinna sjónarhólsrannsóknum. Fyrir vikið voru áflug í varúðarskyni rannsökuð með minna útsýni fyrir smærri vaðfuglategundir. Þetta hefur í för með sér meiri þéttleika fluga og því hærri spá í áflugsmati. Þetta aukalega varúðar áflugshættulíkan var gert fyrir lóupræl með 500m útsýni, og fyrir heiðlóu og hrossagauk með 1 km útsýni.

Reglulega mældist snjótittlingur í litlum mæli í grunnrannsóknum á tímabilinu apríl til nóvember. Fjögur þessara fluga voru í áflugshættuhæð. Snjótittlingar dvelja á Íslandi allt árið um kring og verpa frá miðjum maí og fram í miðjan ágúst. Gögn úr sjónarhólsrannsóknum frá öllu árinu voru notuð í áflugshættulíkan (sjá viðauka D).

Hrafn var reglulega skráður í nokkru mæli við grunnrannsóknir á tímabilinu apríl til nóvember. Áttatíu og níu þessara flugferða voru í áflugshættuhæð. Hrafnar dvelja á Íslandi allt árið um kring og verpa milli apríl og miðs júní. Gögn úr sjónarhólsrannsóknum frá öllu árinu voru notuð í áflugshættulíkan (sjá viðauka D). Leiðbeiningar SNH mæla með 98% forðunarhlutfalli fyrir hrafn. Með því að nota þetta forðunarhlutfall er spáð fyrir um áflugshættu upp á 0,41 áflug á ári (0,30 áflug á ári fyrir ár 1 og 0,51 áflug á ári fyrir ár 2). Þetta jafngildir einum fugli á 2ja ára fresti. Hrafnastofninn var áætlaður um 2.000 fuglar árið 1985 (Skarphéðinsson o.fl., 2016) og er missir eins fugls á tveggja ára fresti talið fela í sér áhrif sem eru hverfandi umfangs og óveruleg á svæðis- og landsvísu.

Sem hluti af rannsóknum sem miða að því að innleiða endurbætur á mótvægisáðgerðum eftir byggingu í vindorkugarði í Noregi, reyndust stakir svartmálaðir spaðar á vindmyllum draga úr áflugum um 70% samanborið við ómálaðar vindmyllur ⁽¹⁹⁸⁾. Með fyrirvara um samkomulag við leyfisveitendur verður einn spaði á hverri vindmyllu innan vindorkugarðsins málaður svartur til að draga úr áflugsáhrifum. Með notkun svartra spaða er einnig líklegt að vindmyllur verði betur sýnilegar fyrir aðrar tegundir, sem dregur einnig úr dauða vegna áflugs hjá öðrum tegundum.

Áflugsforðunarkerfi sem nemur fugla og flugleiðir þeirra verður notað í verkefninu, kerfið nemur flug þar sem áflugshætta er mikil og slekkur á þeim vindmyllum sem gæti verið flogið á til að minnka líkur á áflugi. Tiltæk kerfi verða skoðuð og í samráði við Náttúrufræðistofnun og Skipulagsstofnun verður besta tiltæka nálgun á að slökkva á vindmyllum þegar mest hættu er á áflugi valin.

Neðstu 10 m vindmyllumastra verða málaðir í lit sem sker sig úr (ekki hvítum) til að auka sýnileika fyrir lágflugstegundir við slæmt skyggni eða yfir vetrartímann.

Farið verður í rekstrarvöktun sem felur í sér eftirfarandi vöktunarráðstafanir. Samið verður um endanlega rekstrarvöktunaráætlun við Náttúrufræðistofnun Íslands og sett fram í rekstrarvöktunaráætlun (OMP) fyrir verkefnið.

Fylgst verður með hræum á meðan á rekstri stendur. Leitarsvæði og tíðni verða sett fram í rekstrarvöktunaráætlun en ætti að minnsta kosti að ná yfir fyrstu tvö starfsárin. Eftirlit með hræum ætti að fela í sér kvörðun fyrir bæði skilvirkni leitar og fjarlægingu af völdum hrææta.

Vöktun mun hefjast á fyrsta ári eftir að fyrsta vindmyllan er reist.

Niðurstöður vöktunar á rekstri verða notaðar fyrir aðlaganlegu umsjónaraðferðina sem verður notið í verkefninu og er lýst í umhverfisstjórnunaráætlun verkefnisins. Gripið verður til frekari mótvægisáðgerði ef skráð affallatíðni verður hærri en hefur verið áætlað.

Sýnt hefur verið fram á að sjálfvirk stöðvunarkefi dragi úr áflugum hafarna á vindorkusvæðum í Þýskalandi. bls. 227-235

Af hverju er aðeins skoðað hvern fugl fyrir sig í hvert sinn?

Hvaða er átt við með svæðisbundnum stofni af álftum og heiðagæsum? Frá hvaða ári eru þessar stofnstærðir? Hvaðan voru gögn varðandi stofnstærðir fengnar?

Fálkastofninn hefur minnkað síðan þetta var útreiknað. Hvernig mun það hafa áhrif á umhverfismatið?

Er hægt að segja að lítill fjöldi hafarna hafi verið skráður þegar flugin voru nítján og að staðsetning vindmyllanna er mjög nálægt virkum óðölum? Við hvað er verið að meta að nítján flug sé lítill fjöldi?

Varðandi heimild 197. Þessi rannsókn er um vindmyllur við strandlengju Noregs. Er hægt að bera það svæði við fyrirhugað framkvæmdarsvæði á Laxárdalsheiði? Einnig má benda á að vindmyllurnar í þessari heimild voru 110metra háar en ekki 200m háar. Munu fyrirhuguðu vindmyllur á Laxárdalsheiði vera breiðari en þær sem eru í heimild 197 og því meiri líkur á því að rjúpur fljúgi á vindmyllurnar á þessu fyrirhugaða framkvæmdarsvæði?

Minnst er á leiðbeiningar Scottish Natural Heritage (SNH) en ekki vitnað í þær og því engin heimild?

Oft er vitnað í stofntölur fugla og oft ekki tilgreint frá hvaða ári það var reiknað?

Hvernig hafði þessi frekari rannsókn sem Náttúrufræðistofnun Íslands óskaði eftir áhrif á gögnin sem hafði nú þegar verið safnað?

Þegar skoðað var áflugshættu snjótittlinga og hrafna var minnst á að gögn úr sjónarhólsrannsóknnum frá öllu árinu voru notuð í áflugshættulíkan. Var aðeins notast við eitt ár? Er það marktækt?

Sagt er að hrafnastofninn hafi verið áætlaður um 2.000 fuglar árið 1985 og vitnað í (Skarphéðinsson o.fl., 2016). Af hverju er verið að nota stofnstærð hrafna árið 1985 í grein sem var birt 2016? Einnig fannst ekki heimildin fyrir þessa tilvísun í (Skarphéðinsson o.fl., 2016). Mikið ver vitnað í þessa heimild og því ekki ásættanlegt að geta ekki fengið upplýsingar varðandi heimildina.

Varðandi heimild 198. Þessi rannsókn var framkvæmd á vindmyllur við strandlengju Noregs. Er hægt að bera það saman við votlendi upp á láglandisheiði? Hæðsti punktur í þessari rannsókn var í 69 metra hæð yfir sjávarmáli. Sagt var í heimildinni að farið hafi verið í reglulegar ferðir til að kanna fjölda fuglahræja en hvergi sagt hversu reglulegar ferðirnar voru. Það þarf að fara virkilega reglulega til að vera á undan rándýrum sem fjarlægja hræin. Þetta er fyrsta rannsóknin sem kannar þetta og er það því mjög marktækt? Ætti ekki að tilgreina það í umhverfismatsskýrslunni? Aðeins voru notaðar 4 vindmyllur sem voru ómálaðar og 4 vindmyllur sem voru málaðar og því ekki mjög stórt úrtak. Það er einnig ritað í heimildinni að passa verður að vera varkár hvað álykta megí af tilrauninni miðað við takmarkaðan fjölda vindmylla. Hvergi er minnst á þetta í umhverfismatsskýrslunni. Margar spurningar voru einnig settar fram í þessari rannsókn og þörf væri á fleiri rannsóknum og langtímarannsóknum til að svara þeim. Hefði ekki átt að minnast á það í umhverfismatsskýrslunni? Einnig var bent á að stofninn á svæðinu varð fyrir áhrifum vindmyllanna áður en spaðarnir voru málaðir og því gætu verið færri ernir að fljúga yfir svæðið en áður og því getur það haft áhrif á rannsóknirnar. Á næstu árum mun vera farið í endurmat á stofnstærðinni á þessu svæði sem rannsakað var. Sagt er í rannsókninni að dauf birtuskilyrði geti takmarkað virkni þess að mála einn spaðann dökkan, þetta er enn óljóst. Þar sem dimm skilyrði eru á Íslandi og á heiðum getur þetta haft áhrif á þessa mótvægisaðgerð. Ætti ekki að minnast á það umhverfismatsskýrslunni?

Minnst er á áflugsforðunarkerfi sem nemur fugla og flugleiðir þeirra og getur slökkt á þeim vindmyllum sem gæti verið flogið á til að minnka líkur á áflugum. Er það staðfest að þetta kerfi yrði á fyrirhuguðum vindmyllum? Er þetta tæknilega framkvæmanlegt? Ef fugl er numinn í t.d. 50 metra fjarlægð, er hægt að stöðva vindmyllurnar í tæka tíð?

Fyrirhugaðar vindmyllurnar mun vera málaðar í öðrum lit til að auka sýnileika fyrir fugla. Mun það ekki einnig auka sýnileika fyrir þá sem ferðast um Laxárdalsheiði og þá sem búa í miklu návígi við fyrirhugaðar vindmyllur?

Af hverju er ekki búið að búa til rekstrarvöktun?

Þegar verið er að fylgjast með hræjum þarf að fara mjög reglulega svo marktæk gögn fást. Hver er tíðnin sem framkvæmdaraðilinn er að íhuga? Af hverju á bara að vera með rekstrarvöktunaráætlun í minnsta kosti fyrstu tvö starfsárin?

Af hverju er ekki hafin vöktun fyrir fyrstu vindmyllu þar sem hægt er þá að bera saman fyrir og eftir uppsetningu. Er talið marktækt að notast við gögn sem fengin voru 2019-2021 ef setja á vindmyllur upp 2025?

Hverjar eru hugmyndirnar um frekari mótvægisáðgerðir ef skráð affallatíðni verður hærri en hefur verið áætlað?

Engin heimild er skráð fyrir staðhæfingunni um að sjálfvirka stöðvunarkerfið dragi úr áflugum hafarna á vindorkusvæðum í Þýskalandi. Er ekki nauðsyn að sýna fram á þessa staðhæfingu með heimild?

Tafla 7-25 Samantekt á mati á áhrifum: Rekstur vindmylla sem leiðir til affalla við áflug

bls. 233-234

Í mælikvarða er skrifað „Flutningur mun eiga sér stað í grennd við rekstrarsvæðið, þar sem mismunandi tegundir sýna mismunandi tilhneigingu til flutninga. Tilfærsla mun hafa áhrif á mismunandi fjölda fugla eða fuglapara, allt eftir tegundum.“ Eru þetta áhrif sem þarf að rannsaka og ræða frekar en ekki bara setja inn í eina töflu?

Í tíðni er ekkert skráð en þau skrifa að áflug eigi sér stað með hléum á meðan rekstri stendur. Hvernig er hægt að skilgreina áflug fugla við rekstur vindmyllanna aðeins með hléum, væri það ekki frekar stöðugt?

Umfangið ætti einnig að vera skráð mikið þar sem verið er að tala um mikilvægt votlendisbúsvæði og einnig alþjóðlega mikilvægt á varptíma fyrir himbrima og álfir ásamt því að vera staðsett mjög nálægt arnaróðölum og á miklu flugsvæði. Hvernig er hægt að segja að vægið geti verið verulegt en aðeins mun tíðnin vera með hléum og að umfangið sé hverfandi til miðlungs?

7.10.7 Mat á samlegðaráhrifum

Áform eru uppi um sex aðra vindorkugarða á Norðvesturlandi, við Garpsdal, Hróðnýjarstaði, Grjótháls, Múla, Tjörn á Vatnsnesi og Brekku. Staðsetningar þessara vindorkugarða og fjarlægð þeirra frá vindorkugarðinum sem hér er til umfjöllunar má sjá á mynd 6-47. Við gerð þessarar umhverfismatsskýrslu var ekki búið að gefa út umhverfismatsskýrslu fyrir neinn þessara vindorkugarða. Fjarlægð vindorkugarðanna að framkvæmdasvæðinu eru eftirfarandi:

bls. 235

Nú hefur verið sett fram umhverfismatsskýrsla fyrir Garpsdal. Hefði ekki verið hægt að skrifa stutta umsögn og setja sem viðhengi?

7.10.7 Mat á samlegðaráhrifum

Haförn hefur nokkuð takmarkað útbreiðslusvæði á Íslandi, varp takmarkast við Norðvesturland og vetrarfuglar fara aðeins lengra inn á Suðvesturland og skarast svæðið sem þeir fara um við fimm þeirra vindorkugarða sem eru teknir til athugunar í þessu mati á samlegðaráhrifum (allir nema Tjörn sem er staðsett austan við það svæði sem núverandi hafarnastofn fer um). Fyrir mótvægis- og stjórnumaraðgerðir er gert er ráð fyrir að vindorkugarðurinn að Sólheimum geti haft veruleg áhrif á haförn en að með mótvægisáðgerðum verði vægi þeirra minnkað niður í minniháttar, einnig hafa frekari aðlaganlegar áðgerðir verið skilgreindar til að draga úr áhrifum og styðja við margvíslegar verndarráðstafanir (sjá kafla 7.10.5 og kafla 7.11). Gögn sem fengust með GPS-merkingum (sett fram í lokuðum viðauka) sýna tiltölulega litla virkni hafarna við hina vindorkugarðana sunnan við Sólheima (Grjótháls, Múli og Brekka), flugvirkni suður af Sólheimum er að mestu bundin við strönd Snæfellsness. GPS gögnin benda til þess að haförn sé bæði á svæðum við Garpsdal og Hróðnýjarstaði en að virkni sé lítil við báða staðina miðað við á aðliggjandi búsvæðum. Mikilvægt er að hafa í huga að hingað til hafa GPS-merkingar að mestu verið gerðar á ungfuglum úr ákveðnum hreiðrum og að fyrirliggjandi GPS-gögn endurspeglar því að mestu svæði þar sem sumir ungfuglar finnast, en fugla frá öðrum varpsvæðum og fullorðna fugla er að finna á stærra svæði. Þar af leiðandi er ekki hægt að ákvarða samlegðaráhrif án niðurstaðna staðbundinnar vöktunar og mats.

bls. 236

Þannig hefur fyrirhugað framkvæmdarsvæði Sólheima mestu virkni hafarna miðað við hin svæðin? Eru það þá ekki vindorkugarðar sem ætti frekar að leggja meiri áherslu á þar sem þau virðast vera hentugri þegar kemur að svona viðkvæmri tegund og tegund sem hefur litla stofnstærð? Ef svona margir vindorkugarðar eru á svæði sem er mikilvægt fyrir haförnninn, ætti þá ekki setja af stað strax staðbundna vöktun og mat til þess að hægt sé að ákvarða samlegðaráhrif þessara vindorkuvera áður en leyfi fyrir þau eru gefin út?

7.10.7 Mat á samlegðaráhrifum

Mælt er með því að gert verði endurbætt mat á samlegðaráhrifum þegar niðurstöður fuglarannsóknna fyrir alla staðina liggja fyrir, til að leggja mat á öll þau áhrif sem geta orðið út frá staðbundinni grunnagnasöfnun og mati á áhrifum.

Í leiðbeiningum um bestu starfsvenjur (NatureScot, 2018) er einnig mælt því að samlegðaráhrif með annarskonar verkefnum, öðrum en vindorkuverkefnum, séu tekin til athugunar, m.a. raflínur og tengingar við flutningskerfið. Meðal þekktra áhrifa tengdum raflínunum eru afföll vegna áflugs á línurnar, afföll vegna rafstuðs og flutningur frá búsvæðum meðfram raflínunum.

Landsnet mun ákveða hvernig tengingu við flutningskerfið verður háttað og sjá um hönnun hennar. Í kjölfar samráðs á milli Landsnets og Qair er líklegast á þessu stigi verkefnisins að tengingin muni fara fram í tveimur hlutum. Safnstöðin mun tengjast tengivirki flutningskerfisins, sem æskilegt væri að tengdist flutningskerfi landsins í gegnum háspennulínur sem eru þegar til staðar á milli aðveitustöðva að Glerárskógum og Hrútatungu. Í seinni hluta tengingarinnar gæti Landsnet tengt vindorkugarðinn við nýju safnstöðina á Holtavörðuheiði með nýrri 220 kV loftlínu. Tekið skal fram að þessi útfærsla er á frumstigi og Landsnet mun gera nýtt umhverfismat og fara í nýtt leyfisveitingaferli fyrir alla nýja innviði sem eru ekki innan framkvæmdasvæðisins. Á þessu stigi hefur Landsnet ekki ákveðið línuleiðina.

bls. 236-237

Hvernig er hægt að meta áhrif vindorkuvers Sólheima ef ekki er hægt að kanna hver áhrifin verða ef öll vindorkuverin fara upp?

Er byrjað að meta þau áhrif sem geta stafað af raflínunum og tengingum við flutningskerfið? Hvernig er hægt að vita hvernig þessi framkvæmd hefur áhrif á umhverfið þegar ekki er búið að ákveða, meta og rannsaka mikilvæga þætti sem tengjast framkvæmdinni?

Hvernig er hægt að setja þessi áform á næsta stig þegar ekki er ennþá komin leið fyrir rafmagnnið að fara áfram. Í skýrslunni er sagt að fyrstu vindmyllur fari upp árið 2025. Verður það gert ef ekki

er komin lína og ekki er búið að kanna áhrif hennar á umhverfið? Hafa þarf í huga að til þess að flytja rafmagnið frá Sólheimum þarf að taka yfir land frá landeigendum í Húnaþingi vestra, íbúar sem hafa ekki fengið að setjast niður með framkvæmdaraðilum og vita því ekkert um þessa framkvæmd þar til þessi skýrsla kom inn á Skipulagsgátt.

7.11.2 Gildi auðlindar/Viðkvæmni viðtaka

Mikilvæga svæðið fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og mikilvæga fuglasvæðið (KBA/IBA) Laxárdalsheiði styður mikilvæga álfra- og himbrimastofna á landsvísi. Báðar tegundirnar flokkast sem ekki í hættu (Least concern – LC) samkvæmt valista Alþjóðlega náttúruverndarsamtakanna (IUCN), þar sem himbrimi er talinn vera í nokkurri hættu (Vulnerable – VU) á landsvísi og álfur (Least concern – LC) á landsvísi. Báðar tegundirnar eru taldar hafa miðlungs viðkvæmni/gildi. Sjálft KBA/IBA á Laxárdalsheiði er talið hafa háa viðkvæmni/gildi.

bls. 240

Ef svæðið sem fyrirhugað framkvæmdarsvæði er á er talið hafa háa viðkvæmni/gildi, ætti yfir höfuð að vera íhugað fyrirhugaðan vindmyllugarð?

7.11.3 Samantekt um áhrif verndarsvæðis

Við framkvæmdir tapast 13,84 ha búsvæðis varanlega eins og fram kemur í kafla 7.8. Þetta jafngildir 0,02% af heildarflatarmáli KBA/IBA á Laxárdalsheiðinni. Vegna þess að mjög lítið svæði KBA/IBA verður fyrir áhrifum, er beint tap á búsvæði talið óverulegt. Líklega munu framkvæmdir og vindmyllurnar sjálfar valda sumum tegundum, á stærra svæði en bara fótspori verkefnisins, truflun eða því að þær flytji sig yfir á önnur svæði. Ef gert er ráð fyrir að tegundir muni flytjast af svæði sem nær um 500 m frá fótspori verkefnisins, þá er það 1,404 ha svæði, um 2,5% alþjóðlega mikilvæga fuglasvæðisins. Svæðið er þó aðeins flokkað sem mikilvægt fuglasvæði fyrir tvær tegundir, himbrima og álfur.

bls. 240

Ekki er minnst á að háa viðkvæmna/gildið á Laxárdalsheiði er vegna mikilvægs votlendis. Þegar verið er að hafa áhrif á marga ha. af votlendi hefur það ekki aðeins áhrif á það svæði heldur mun það teygja anga sína út fyrir það svæði. Hefur það ekki verið rannsakað? Ekki verður hægt að tala um Laxárdalsheiði sem ósnortið votlendisvistkerfi ef þessi fyrirhugaða framkvæmd verður leyfð og það mun aldrei ná sér ef þessi fyrirhugaða framkvæmd verður. Mjög mikilvægt búsvæði mun tapast og ekki verður hægt að ná því til baka og ekki hægt að bæta upp fyrir það annarstaðar. Vernda á ósnortin votlendi, ekki eyðileggja þau og reyna að bæta þau eftir að skaðinn er skeður. Endurheimt votlendi mun aldrei standa sig eins og vera samanburðarhæft við ósnortið votlendi eins finna má á Laxárdalsheiði.

7.11.3 Samantekt um áhrif verndarsvæðis

Ákveðið verður hvaða aðgerðir verða innleiddar í samráði við viðeigandi yfirvöld, s.s. Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, viðeigandi sveitarfélag og Náttúrufræðistofnun Íslands sem hluti af samráði og samkomulagi um skilyrði framkvæmdarinnar, en það gætu verið aðgerðir eins og;

- endurheimt votlendisvistgerða til að styðja við varp vaðfuglategunda;
- uppsetning hreiðurfleka/eyja fyrir himbrima og álfur;
- umsjón með núverandi votlendi til að til að auka hentugleika fyrir himbrima og álfur;
- merking raflína á svæðum innan mikilvæga fuglasvæðisins Laxárdalsheiði, þar sem vitað er af aukinni áflugshættu; og
- samantekt á nýjustu gögnum úr rannsóknum á stofnum himbrima og álfar innan mikilvæga fuglasvæðisins Laxárdalsheiði.

bls. 241

Ekki er hægt að endurheimta votlendisvistgerðir til að bæta upp fyrir ósnortið votlendi.

Mun uppsetning hreiðurfleka/eyja vera utan framkvæmdasvæðisins og á svæði sem landeigendur vita ekki um þessa framkvæmd?

Hvernig merking myndi vera á raflínunni og hver er virki þess?

Er verið að afla gagna um himbrima og álftrir innan Laxárdalsheiði? Það eru mun fleiri tegundir sem hafa mikilvægi fyrir Laxárdalsheiði og það verður að skoða svæðið sem heild en ekki bara framkvæmdarsvæði vs. allt landið.

7.12.3.2 Næmni viðtaka

Rannsóknir eru ófullnægjandi í tengslum við hversu mikil áhrif vindorkugarðar hafa á ferðamennsku. Sem dæmi má nefna að í einni rannsókn sögðu 42% ferðamanna sem ferðuðust til Íslands að það að sjá vindorkugarð nálægt ferðamannastað hefði jákvæð áhrif á skynjun þeirra á svæðinu, en 42% sögðu einnig að það myndi hafa neikvæð áhrif á skynjun þeirra en 16% vissu það ekki²⁰⁶. Út frá niðurstöðum þeirrar rannsóknar virðist sem samþykki ferðamanna á vindorkugörðum fari eftir staðsetningu þeirra. Nokkrir svarenda rannsóknarinnar sögðu að það myndi eyðileggja fallegan stað á íslenska hálendinu eða að tilvist vindorkugarða gæti haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra af þekktum ferðamannastað eins og Bláa lóninu. Hins vegar var einnig bent á að þeir sem tóku þátt í rannsókninni gætu sætt sig betur við vindorkugarð ef hann væri á afskekktu svæði eða svæði sem er ekki í viðkvæmu landslagi eða er í byggð. Í ljósi þess að verkefnið er á afskekktu svæði, sem ekki er innan hálendismarka, er raunhæft að gera ráð fyrir að einhverjir þessara ferðamanna muni samþykkja eða laga sig að verkefninu.

bls. 242

Þarf þá ekki að fara í frekari rannsóknir áður en leyfi fyrir vindorkugarði er gefið út, sérstaklega á svæði sem er jafn áberandi og Laxárdalsheiði?

Í heimild 206 var ekki minnst á að fyrirhugað framkvæmdarsvæði væri á vernduðu svæði og mikilvægu fuglasvæði. Einnig voru sýndar í rannsókninni 10 vindmyllur sem annað hvort voru staðsettar við Bláa lónið eða við Akranes. Hvorug staðsetningin er samanburðarhæf við Laxárdalsheiði. Þessi rannsókn var framkvæmd í 2013. Eru ekki til nýlegri rannsóknir?

Benda má einnig að í heimild 206 var sagt að markmið Landsvirkjunar væru:

1. Upplýsa almenning betur og fyrr um fyrirhugaðar framkvæmdir
2. Að eiga upplýst og faglegt samtal
3. Vertu í forystu í umhverfismálum og vertu gagnrýnni

Mætti Qair taka sér Landsvirkjun til fyrirmyndar þegar kemur að því að vinna með samfélagi og umhverfi?

Benda má að í rannsókninni voru þeir Íslendingar sem svöruðu þessari rannsókn 1% á norðurlandi vestra og 3% á vesturlandi.

Í þessari rannsókn eru nefndir fjórir helstu ókostir vindmylla: skuggavarp, áhrif á fugla, hávaði og sjónmengun. Benda má einnig á að í þessar umhverfismatsskýrslu voru lítil sem engin gögn sýnd varðandi hávaða þegar kemur að öðrum en landeigendum framkvæmdasvæðisins. Þarf það ekki að vera til staðar í umhverfismatsskýrslu?

Einnig sögðu 95,8% að það væri mikilvægt að ræða við íbúa sem búa nálægt vindmyllum. Kannski hefðu framkvæmdaraðilar betur átt að lesa þær heimildir sem þeir vitna í og fara eftir öllum niðurstöðum í stað þess að taka aðeins það sem þeim finnst henta.

Einnig er gott að benda á að í heildina kláruðu 333 íslendingar rannsóknina og 43 útlendingar. Útlendingarúrtakið er ekki mjög stórt en framkvæmdaraðilar vilja túlka það fyrir því að þessi fáeinu hugsanlegu ferðamenn mundu samþykkja þeirra framkvæmd. Er það raunhæft?

7.12.3.2 Næmni viðtaka

Í rannsókn frá árinu 2021 (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl.)²⁰⁷ var fjallað um viðhorf ferðamanna til uppbyggingar vindorugarða á Íslandi. Tekin voru viðtöl við 47 aðila í ferðaþjónustu á Íslandi þar sem að hluta var stuðst við fyrirfram gefnar spurningar. Spurt var um viðhorf til fimm vindorkukosta sem verið hafa í undirbúningi um nokkurt skeið þ.e. Sólheima, Garpsdal, Vindheima, Alviðru og Búrfellslund.

Sem hluti af rannsókninni voru borin kennsl á eiginleika fyrirhuguðu vindorkugarðanna fimm. Samkvæmt rannsókninni eru „mjög takmarkaðir“ ferðamannastaðir í nágrenni Sólheima og hafa þeir „mjög lítið notagildi“ fyrir ferðamennsku og útivist. Þetta helst í hendur við mat á viðkvæmni viðtaka (þ.e. tilvist ferðamannastaða og stig ferðamennsku og útivistar) sem er sett fram í þessari skýrslu.

Á mynd 7-5 má sjá hvernig þessir aðilar mátu áhrif þessara vindorkugarða á náttúruferðamennsku. Af þeim fimm framkvæmdum sem spurt var um, komu valkostir að Sólheimum og Garpsdal best út. Aðspurðir töldu sýnileika vindmylla allra valkosta vera mikinn, nema í tilviki Vindheima. Í tilviki Sólheima og Garpsdals er náttúruferðamennska talin vera lítil, sem samræmist þeim niðurstöðum sem fram koma í þessari umhverfismatsskýrslu. Aðspurðir töldu umdeilanlegt hvort um væri að ræða óspillta náttúru á svæðinu sem og hvort þörf væri á meiri orku.

bls. 243

Sagt er í greininni að Garpsdalur og Sólheimar séu utan helstu ferðavega „main travel routes“, og að fáir túristar muni ferðast framhjá þeim. Benda má á að vindmyllur við Sólheima myndu sjást frá Þjóðvegi 1 af Holtavörðuheidi, austanverðum Hrútafirði og ofan af Hrútafjarðarhálsi. Telja má þetta sem mikla ferðamannavegi og mætti þá segja að hér hafi verið farið með rangt mál?

Var þátttakendum bent á að vistkerfið sem fyrirhugaðar Sólheimavindmyllur myndu standa á væru með hátt verndurnargildi?

7.14.3.1 Áhrif á umferðarvirkni

Framkvæmdir munu krefjast flutnings efnis á framkvæmdasvæðið, þar á meðal íhluta vindmylla frá höfninni á Grundartanga, malarefnis frá staðbundnum námum, steinsteypu frá framleiðslustöðvum og annarra birgða frá óþekktum stöðum. Tafla 7-30 gefur upp magn áætlaðrar umferðar vörubíla verkefnisins á 32 mánaða framkvæmdarferlinu (kafla 3.8.2). Mynd 3-4 í kafla 3.7.2 sýnir staðsetningu lóðarinnar miðað við Grundartangahöfn (og steypustöðvar).

bls. 248

Er ekki búið að skipuleggja allt varðandi framkvæmdina?

Tafla 7-30 Áætluð umferð vörubíla tengd framkvæmdum

bls. 248

Tölurnar sem framkvæmdaraðilinn er að gefa fram varðandi þá keyrslu sem framkvæmdin krefst sýnir svart á hvítu hversu virkilega óumhverfisvæn þessi framkvæmd mun verða. Hafa þarf einnig í huga að þetta er ef allt gengur samkvæmt áætlun þannig í raun er þetta minnsti mögulegi akstur. Er gert ráð fyrir í þessum útreikningum að ekki er nægt vatn fyrir starfsmenn á svæðinu? Ef ekki gæti þá bæst við fjöldi ferða í flutning á vatni? Ef ekki er nægt efni á svæðinu fyrir byggingu á fyrirhuguðum vindmyllum, munu bæstast við ferðir?

7.14.3.1 Áhrif á umferðarvirkni

Meðal íhluta vindmylla væru mjög stórir hlutar (spaðar, masturshlutar, vélarhús og spennubreytar) sem krefjast stórra ökutækja. Flutningur á uppsetningarbúnaði vindmylla (krana) myndi einnig krefjast ferða stórra ökutækja. Unnin hefur verið rannsókn á leiðinni frá Grundartangahöfn að framkvæmdasvæðinu, sem notuð yrði til að taka á móti íhlutum vindmylla, rannsóknina er að finna í viðauka K. Niðurstaða rannsóknarinnar er að fjölmargir staðir meðfram leiðinni hindra flutning nauðsynlegs farms.²¹⁰ Tímabundið fyrirkomulag á stórum flutningum myndi fela í sér að ljósastaurar og skilti yrðu fjarlægð og ef til

vill raflínum lyft. Á sumum stöðum þyrfti að malbika axlir til að bera þyngd stórra ökutækja. Vörubílarnir myndu nota báðar akreinar við ákveðnar beygjur og gatnamót, sem krefjast tímabundinnar lokunar vega fyrir aðra umferð. Þar sem ekki er þörf á lokunum á vegum myndu stórir vörubílar hreyfast hægar en venjuleg umferð, sem leiðir til tímabundinna umferðartafa.

bls. 249

Hví ekki finna landsvæði nær Grundartanga til að minnka þessi svakalegu áhrif sem verða ef þetta er eins og líst er?

7.14.5.2 Mótvægis-/stjórnunaraðgerðir

Farið verður yfir öryggisáhættu vegna umferðar sem myndast á framkvæmdatíma verkefnisins, eins og lagt er fram í samgöngustjórnunaráætluninni. Fara yfir flutningstíma, tilkynningar til nærliggjandi samfélaga, merkingar, fræðslu og aðrar ráðstafanir til að lágmarka hættu.

bls. 252

Er ekki hægt að gera það fyrir framkvæmdina og eru þetta ekki upplýsingar sem eiga að vera með í umhverfismatsskýrslu?

Tafla 7-34 Samantekt um mat á áhrifum: Áhrif reksturs verkefnis á samgöngur

bls. 254

Ætti varanleikinn ekki frekar að segja til langtíma þegar verið er að tala um 25+ ár? Ef heimsóknir munu eiga sér stað daglega eða vikulega yfir 25+ ár, er ekki hægt að segja að tíðnin sé frekar stöðug?

Tafla 7-39 Líkur á bilun á vindmyllu²¹⁴

bls. 261

EKKI fannst greinin sem vísað er í tilvísun 214. Erfitt er að finna hana þar sem búið var að þýða titilinn.

Tafla 7-40 Líkur á dauðsföllum vegna áhrifa frá broti af stórri ($\geq 2,3\text{MW}$) vindmyllu samanborið við aðra samfélagsáhættu²¹⁵

bls. 261

EKKI fannst greinin sem vísað er í tilvísun 215. Erfitt að finna hana þar sem búið var að þýða titilinn.

7.16.5 Ískast

Í köldi veðri getur ís safnast á yfirborði spaða og kastast af þegar vindmyllur eru í gangi. Ef ekki er hugað nægilega vel að þessu við hönnun svæðis og val á hentugum búnaði getur þetta skapað hættu fyrir fólk sem er í nágrenni við vindmyllur.

bls. 262

Er búið að upplýsa íbúa sem stunda útvist nærri framkvæmdarsvæðinu um hættur sem geta skapast? Munu þessar hættur aðeins vera kynntar Dalabyggð þar sem svo virðist að það þurfi eingöngu þar sem vindmyllurnar séu staðsettar í Dalabyggð þrátt fyrir að þær séu á sýslumörkum við Húnaþing vestra, er engin þörf á að veita þeim íbúum upplýsingar?

8.4.1 Hlutverk og ábyrgð

Qair Iceland mun ráða upplýsingafulltrúa til starfa. Upplýsingafulltrúi mun bera ábyrgð á kvörtunum og halda utan um kvartanaskráningar og leysa úr þeim með stuðningi frá yfirmanni ÖHU og verkefnisstjóra. Upplýsingafulltrúi mun einnig bera ábyrgð á samskiptum milli framkvæmdaraðilans og óopinberra hagsmunaaðila, t.d. aðila í samfélaginu á staðnum. Upplýsingafulltrúi mun heyra undir fulltrúa öryggis-, heilsu- og umhverfismála (ÖHU-fulltrúa).

bls. 266

Er komin upplýsingafulltrúi? Því ef svo er væri gott að fá upplýsingar um þann einstakling svo íbúar í Húnaþingi vestra og þeir sem munu búa við og verða fyrir áhrifum af fyrirhuguðum vindmyllunum geti fengið að ræða þetta verkefni. Hefði ekki átt að hafa upplýsingafulltrúa frá upphafi ferlisins?

8.4.4 Skýrslugjöf og endurskoðun

Í framkvæmdinni verður þróuð og innleidd áætlun um skýrslugerð á öllum stigum líftíma framkvæmdarinnar. Nauðsynlegt er að tilnefna starfsfólk svo hægt sé að fylgja áætluninni að fullu, þar á meðal að leggja fram skýrslur á réttum tíma og nægilega ítarlega. Skýrslugjöf mun fela í sér að viðhalda atvikaskráningu og stöðuskýrslu fyrir ÖHU (vikulega, mánaðarlega, ársfjórðungslega, hálfárslega, árlega o.s.frv.).

bls. 268

Er ekki hægt að þróa áætlunina um skýrslugerð strax og það myndi vera partur af þessari umhverfismatsskýrslu?

8.4.7 Innri skýrslugjöf og samskipti

Niðurstöður skoðunar og úttekta, ásamt úrbótaáætlun þeirra, skulu reglulega tilkynntar til yfirstjórnar til umfjöllunar hennar. Þeim skal líka miðlað á meðal starfsfólksins sem vinnur við framkvæmdina. Eftirfarandi samskiptaleiðir skulu teknar upp til að viðhalda opnum samskiptum á milli starfsfólksins og yfirmanna varðandi málefni ÖHU:

- Upplýsingafundir teymis
- Fundir vinnuhópa á framkvæmdasvæði
- Verkmiðaðar leiðbeiningar og
- Fundir með hagsmunaaðilum.

bls. 269

Þegar verið er að tala um fundi með hagsmunaaðilum, eru íbúar Húnaþings vestra og þeir sem munu finna fyrir áhrifum frá þessu fyrirhugaða verkefni taldir með?

8.4.9 Framkvæmdaáætlanir

Í umhverfismatsferli hafa verið skilgreindar áætlanir (og stefnur) sem verða útbúnar af Qair Iceland og völdum verktökum, áður en framkvæmdir hefjast, sem hluti af samþættu ESMMP kerfi. Samræma má þessar áætlanir þar sem það á við:

- Byggingarstjórnunaráætlun
- Vatns- og fráveitustjórnunaráætlun
- Áætlun fyrir meðhöndlun úrgangs
- Umferðarstjórnunaráætlun
- Viðbúnaðar- og viðbragðsáætlun við neyðarástandi
- Ferli vegna óvæntra uppgötvana
- Siðareglur starfsfólks
- Áætlun fyrir endurheimt búsvæða
- Áætlun fyrir þátttöku hagsmunaaðila (þar á meðal ferli vegna kvartana)
- Mannauðsstefna og stjórnunaráætlun (þar á meðal ferli vegna kvartana starfsmanna og innlend innkaupstefna)

■ Öryggismálaáætlun og

■ Stjórnunaráætlun fyrir vinnubúðir (þar á meðal hreinlæti matvæla).

bls. 269

Þegar kemur að umhverfismatsferli og að setja fram umhverfismatsskýrslu og ekki vera búin að búa til áætlun fyrir endurheimt búsvæða, eins og þeir vilja meina að sé hægt, mætti telja óábyrgt. Hvernig er hægt að segja að eitthvað verði gert þegar ekki er almennileg sönnun og áætlanir fyrir því? Einnig að áætlun fyrir þátttöku hagsmunaaðila (þar á meðal ferli vegna kvartana) sé ekki komið af stað heldur er enn verið að vinna í því má telja virkilega óábyrgt, sérstaklega að íbúar sem munu finna fyrir áhrifum fyrirhugaðra vindmylla fái engar upplýsingar og fá ekki að segja sína skoðun og fá að spyrja framkvæmdaraðila spurninga.

Tafla 8-1 Yfirlit yfir skuldbindingar og aðgerðir mats á umhverfisáhrifum

bls. 271-286

Ábyrgðaraðili er starfsmaður Qair, sem er hagsmunaaðili.

Sannprófunaraðferð er sjónskoðun á framkvæmdatíma og hver er sá sem framkvæmir þessa skoðun, hver er hæfni hans og hefur hann hagsmuna að gæta?

Hver er sá sem gefur út skilyrði um skýrslugerðina?

Þegar kemur að hljóðvist af rekstri stendur að möguleg áhrif munu aðeins vera til eina íbúans sem verður fyrir áhrifum. Er ekki gert ráð fyrir útivist á svæðinu? Mun það þá ekki hafa áhrif á aðra en landeigandann? Hví er aðeins horft til íbúðarhúsa en ekki alls svæðisins þegar verið er að meta hljóðvist? Það stóð einnig að landeigandinn hefur fjárhagslega hagsmuni af framkvæmdinni. Mun þá yfir höfuð vera kannað hversu mikil áhrif hljóðvistin í raun hefur ef framkvæmdaraðilar og landeigendur vilja meina að engin verði fyrir áhrifum nema þeir sem græða á framkvæmdinni.

Sagt er að vindmyllurnar verða málaðar í gráhvítu en á samatíma á að hafa einn spaði málaðan svarta og neðstu 10m á vindmyllurturni verða málaðir í andstæðulit (ekki hvítum). Hér er ekkert samhengi.

Sagt er að eftirlit verði með dýrahæjum á meðan á rekstri stendur. Framkvæmdaraðilinn ætlar hins vegar aðeins að láta eftirlitið standa yfir á fyrstu tveim árum rekstrar hið minnsta. Af hverju bara fyrstu árin? Hvernig er leitarsvæðið og tíðnin? Fuglar geta særst og flogið úr framkvæmdarsvæðinu og dáið þar. Vargar geta verið á undan í hræin ef tíðnin er ekki nægilega oft.

Heimildaskrá

Dodds, W.K. & Whiles M.R. (2020). *Freshwater Ecology: Concepts and Environmental Applications of Limnology*. Academic Press.

Egill Aaron Ægisson. (2024, 21. ágúst). *Vill vindorkugarða á afmörkuðum svæðum*. Morgunblaðið.
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/08/21/vill_vindorkugarda_a_afmorkudum_svae_dum/

Ólafur E. Jóhannsson. (2024, 15. ágúst). *Segjast sitja uppi með neikvæð áhrif*. Morgunblaðið.
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/08/15/segjast_sitja_uppi_med_neikvaed_ahrif/

Ómar Friðriksson. (2024, 8. ágúst). *Hrun orðið í stofnstærð fálka*. Morgunblaðið.
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/08/22/hrun_ordid_i_stofnstaerd_falka/

USEPA. (2000). *Principles for the Ecological Restoration of Aquatic Resources (EPA841-F-00-003)*. Office of Water (4501F), United States Environmental Protection Agency, Washington, DC.

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Fyrir ekki svo löngu síðan var sú spurning borin upp við mig heima á bæjarstæði mínu af hverju ég byði ekki uppá einhverskonar ferðaþjónustu. Ég svaraði viðkomandi og spurði í leiðinni af hverju hún spurði. Útsýnið var svarið, að horfa hérna út Húnaflóann og inn Miðfjörðinn, sjá Tröllakirkju bera við himininn og sólsetrið að kveldi yfir sumartímann.

Já, þar sem maður hefur búið á þessari jörð (með hléum) sl. 46 ár að þá eru þessi þættir orðnir samdauna hjá manni svona dags daglega en jú þetta útsýni er til staðar og verður vonandi áfram án þess að upp rísi 25 vindmyllur sem munu skaða þá sýn. Við sem búum í Húnaþingi vestra munum dags daglega horfa uppá þessa sjónmengun og verður hún mun meira áberandi í okkar sveitarfélagi (þá sérstaklega í Hrútafirðinum) en í Dalabyggð.

Ég get líka talað af reynslu sem ferðaþjónustuaðili þar sem ég starfaði á Hótel Eddu Laugarbakka í nokkur sumur. Þar kom fyrir að gestir komu tvö sumur í röð einungis til að sjá sólarlagið í Miðfirðinum sem að er engu síðra í Hrútafirðinum.

Sú sýn þar sem vindmyllur munu bera við himininn í vestri mun án efa skaða það útsýni sem fólk vill sjá.

Gott hefði verið ef að íbúar hefðu fengið nánari útlistun á framkvæmdum heldur en á einum fundi fyrir þremur árum síðan. Á þeim tíma hefur fólk líklega ekki haft trú á að úr þessu yrði. Mér finnst líka svar sveitarfélagsins okkar hefði mátt vera betur útlistað en var, miðað við þá sjónmengun sem verður (auk annara atriða sem koma vel fram í öðrum skýrslum sem hafa verið birtar hér í skipulagsgáttinni).

Höfundur: Ingibjörg Jónsdóttir

Sent inn þann: 03.09.2024

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Vindorkugarðurinn Sólheimar – athugasemdir við umhverfismatsskýrslu frá júní 2024
verknúmer: 0508382

Eigendur jarðarinnar Bakkasel í Húnaþingi vestra gera eftirfarandi athugasemdir:

Í rökstuðningi framkvæmda kafla 3.2 er fjallað um þörf á „*aukinni orkuframleiðslu svo að stækkandi samfélag og iðnaður séu sjálfbær, ásamt því að styðja við orkuskipti í samgöngum*“.

Í frétt á Heimildinni 25. mars 2024 kemur fram að fyrirtækið Qair ætli að byggja vindorkuver á Íslandi til framleiðslu á rafeldsneyti sem yrði að mestu leyti flutt úr landi.

Við gerum athugasemdir við að vinna við fyrirhugaðan vindorkugarð í Sólheimum sé komin þetta langt án þess að búið sé að setja fullnægjandi lagaramma um vindorkugarða. Okkur vitanlega hefur ekki verið lögð fram skýr stefna um það hvernig eigi að nýta raforku sem framleidd er á Íslandi.

Stjórnsýsla og kynningar:

Við gerum athugasemdir við að ekki er nein bein kynning til þeirra sem eiga hagsmuni í nærumhverfi, þar á meðal okkar. Í þéttbýli gilda strangar reglur um framkvæmdir og þeir sem geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum fá sent bréf þar sem þeim er gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og þeim gefinn frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir. Það lítur út fyrir að eigendur jarða þurfi að fylgjast mjög náið með öllum fréttum til að fá upplýsingar um hvað er fyrirhugað í þeirra nágrenni þó svo að framkvæmdirnar séu af allt annarri stærðargráðu.

Jörðin Bakkasel í Húnaþingi vestra er eyðijörð sem er eins ósnortin og hægt er miðað við að þarna hafi einhvern tíman verið byggð og þar ríkir kyrrð. Í umhverfismatsskýrslunni er aðal áherslan á byggð og atvinnustarfsemi svo sem landbúnað og ferðaþjónustu. Í skýrslunni virðast aðrir þættir litlu máli skipta. Við gerum athugasemdir við að ekki eru neinar myndir sem sýna áhrif vindorkugarða á Bakkasel sem við teljum að geti verið umtalsverð. Við teljum að vindmyllur muni sjást af jörðinni ásamt því að þar gæti hávaða og titrings frá vindmyllunum. Þar sem jarðrask vegna framkvæmda verður mikið, þar með talið vegna vegagerðar, er ekki ólíklegt að á þurrviðristímum verði moldrok yfir jörðina. Það sem að framan er talið mun eyðileggja upplifun af þeim unaðsreit sem Bakkasel er og rýra gildi svæðisins.

Á myndum má sjá að fyrirhugaður vindorkugarður er staðsettur á mörkum Dalabyggðar og Húnaþings vestra og á einhverjum svæðum fer framkvæmdasvæðið yfir mörk sveitafélaga þ.e. yfir á landsvæði Húnaþings vestra. Samkvæmt okkar upplýsingum hefur ekki verið haft samband við alla hlutaðeigandi jarðareigendur í Húnaþingi vestra vegna þessa þó svo að framkvæmdasvæðið sé teiknað yfir á þeirra land. Þetta getur varla talist eðlileg stjórnsýsla og spurning er hvernig Dalabyggð getur haft skipulagsvald yfir sveitafélaga- og sýslumörk.

Það vekur athygli að það er gerð umhverfismatsskýrsla vegna vindorkugarðanna sérstaklega og síðan á eftir að gera umhverfismatsskýrslu vegna háspennulínu sem flytur raforkuna yfir í tengivirki til

dæmis í Hrútatungu. Það er mjög óeðlilegt að þetta sé ekki sett saman í umhverfismat þar sem það er ljóst að vindorkugarðurinn hefur ekkert gildi nema rafmagnið sé tengt inn á flutningsnet.

Við áskiljum okkur rétt til frekari athugasemda og eftir atvikum til að gera bótakröfu vegna áhrifa sem vindorkugarðar kunna að hafa á jörðina Bakkasel í Húnaþingi vestra.

Kópavogi 3. september 2024

Karólína Þorsteinsdóttir

Fyrir hönd eigenda Bakkasels

Karólína Þorsteinsdóttir

Umsögn - Vindorkugarðurinn Sólheimar, Umhverfismatsskýrsla

Sem hagsmunaaðili í umhverfissvottaðri ferðapjónustu í Hrútafirði síðan 1987 vil ég koma á framfæri eftirfarandi umsögn við skýrslu um umhverfismat vegna mögulegs vindorkugarðs í landi Sólheima í Dalabyggð. Í kafla 5.1 matsins er talað um að þátttaka hagsmunaaðila sé virkt ferli og að tengsl við þá eigi að vera til staðar frá fyrstu stigum framkvæmdarinnar. Í þessari umsögn sýni ég fram á að þvert á móti hefur sá hagsmunaaðili sem sennilega verður fyrir mestum áhrifum, sveitafélagið Húnaþing Vestra, ekki verið hafður með í ráðum. Þetta er þrátt fyrir að hluti framkvæmdasvæðisins sé innan Húnaþings Vestra.

Fyrir utan umhverfi og líffræðilega fjölbreytni, tel ég að mögulegur vindorkugarður í landi Sólheima feli í sér verulega áhættu fyrir samfélög og ferðamennsku í Húnaþingi Vestra.

1) Áhrif á samfélag

Í skýrslunni segir orðrétt (s.132): *“Verkefnið er að mestu staðsett innan sveitarfélagsins Dalabyggðar á Vesturlandi. Að auki er austasti hluti þess innan sveitarfélagsins Húnaþings Vestra”*. Þar sem verkefnið er staðsett á mótum tveggja sveitafélaga má ætla að áhrif í Húnaþingi Vestra verði síst minni og jafnvel meiri eins og ég kem að seinna. Þrátt fyrir þetta er ekki minnst einu orði á samfélagsleg áhrif í Húnaþingi Vestra í kafla 6.4 þar sem reifuð eru einhver áhrif á samfélag í Dalabyggð þó ekki sé farið svo langt að skilgreina beinan ávinning samfélagsins og sveitafélagsins af framkvæmdinni.

2) Áhrif á náttúrusýn og ferðapjónustu

Eins og sjá má af líkanmyndum í Viðauka G er augljóst að sjónmengun (í skýrslunni kallað “sjónleg áhrif”) af garðinum verði í mun meiri í Húnaþingi Vestra en í Dalabyggð. Á svæðum þar sem “fræðilegur sýnileiki” hefur verið skilgreindur í Húnaþingi Vestra eru mun fleiri íbúar en á sambærilegum svæðum í Dalabyggð. Þá er mikil umferð um þjóðveg 1 sem liggur í gegnum Húnaþing Vestra. Í kafla um mótvægisáðgerðir segir að spaðar verði málaðir í gráhvítum lit til að minka sýnileika en á öðrum stað í skýrslunni er tekið fram að einhverjir spaðar verði málaðir svartir til að draga úr líkum að fuglar fljúgi á spaðana. Hér er ákveðið misræmi.

Skýringamynd/tafla í “Samantekt á vægi áhrifa á rekstrartíma” (s. 33) staðfestir að “sjónleg áhrif á dagtíma á útsýnispunkta í allt að 10km fjarlægð frá vindorkugarðinum” séu “veruleg” og “gæti farið yfir samþykkt mörk eða staðla[...]”. Að undanskildum íbúum á Sólheimum (ef einhverjir verða) er óumdeilanlegt að sjónmengun verði hvergi meiri en

við austanverðan Hrútafjörð. Því er það bagalegt hversu fáar líkanmyndir eru frá hinum ýmsu stöðum við fjörðinn í skýrslunni. Mynd H15c sýnir vel hvernig vindmillurnar gnæfa yfir og gjörbreyta ásynd fjarðarins. Sú mynd er tekin af tiltölulega fáförnum stað (Heggstaðaveg númer 702) en engin mynd er frá fjölfarnari stöðum t.d. frá afleggjaranum af Þjóðvegi 1 niður að Reykjaskóla eða af bæjunum Reykjum I - II og Sæbergi sem eru staðsettir í beinni sjónlínu frá vindorkugarðinum hinumegin við Hrútafjörð. Aðrir staðir þaðan sem hefði mátt birta líkanmynd eru bæirnir Akurbrekka, Þóroddsstaðir, Hvals-höfði og Eyjanes. Þá er ekkert minnst á sjónmengun sem ferðamenn og íbúar á Vatnsnesi munu verða fyrir.

Ekkert minnst á áhrif verkefnisins á ferðamannastaði í Húnaþingi Vestra í kafla 7.12.3.4 sem fjallar um áhrif á slíka staði í Dalabyggð. Í kafla 6.4.11.2 er aðeins er tæpt á Borðeyri og Reykjum í Hrútafirði sem “áhugaverðum stöðum”. Ekki er tekið fram að í og við Reykjaskóla hefur verið rekin ferðapjónusta síðan um miðja síðustu öld sem hefur farið ört vaxandi sl. ár. Sá vöxtur hélt áfram sumarið 2024 í árferði þar sem gistinóttum fækkaði á flestum stöðum á landinu.

Í kafla 6.6.5.1 “Núverandi sjónrænt gildi innan rannsóknarsvæðis” er vitnað í skjal sem ber heitið *“Viðhorf ferðapjónustuaðila og útivistariðkenda til nýu virkjunarhugmynda í 4. áfanga rammaáætlunar”*. Þar er gert lítið úr vægi svæðisins fyrir ferðamenn til að réttlæta Sólheima sem illskásta kostinn fyrir staðsetningu vindorkuvera, enda ekki leitað álits neins ferðapjónustuaðila í Húnaþingi Vestra. Hins vegar er ekki tekið fram það sem einnig segir í skjalinu að *“fæstir viðmælendur [sáu] mikinn ávinning í því að byggja vindorkuverið, hvorki fyrir byggð, útivist né ferðapjónustu”*.

Þó að Húnaþing Vestra sé ekki skilgreint sem “heitur reitur” fyrir ferðapjónustu þá er hún nú samt önnur stærsta atvinnugreinin í sveitafélaginu og fer vægi hennar ört vaxandi. Fyrir utan það er gríðarleg umferð er um svæðið. Því er það beinlínis rangt sem kemur fram í kafla 7.12.4.2 um Næmni Viðtakanda að “ferðapjónusta er óverulegur þáttur atvinnulífs á svæðinu”. Eins og fram kemur í Stefnumótun Fyrir Ferðapjónustuna sem unnin var af Hirti Smárasyni fyrir Samtök Sveitafélaga á Norðurlandi Vestra (og reyndar líka í fyrrnefndu skjali vegna rammaáætlunar) felast helstu styrkleikar svæðisins einmitt í því hversu fámennt og ósnortið það er.

Því miður hunsar umhverfismatsskýrslan algerlega þau áhrif sem vindorkugarðurinn gæti haft á upplifun ferðamanna í Húnaþingi Vestra. Af ofangreindu er ljóst að sú sjónmengun sem af honum mun hljóta muni ekki verða til þess að hjálpa uppbyggingu á staðnum sem ósnortnum áfangastað.

3) Aðrar spurningar:

- Hvers vegna var skýrslan aðeins gerð aðgengileg yfir hásumar þar sem helstu hagsmunaaðilar (t.a.m. bændur og fólk í ferðapjónustu) hafa lítið tóm til að lesa

hana vandlega vegna anna (nú eða sumarleyfa)? Hér er töluverður aðstöðumunur en ég er ekki svo illa innrætt að halda því fram að það hafi verið gert viljandi.

- Hvers vegna hefur enginn kynningarfundur verið haldinn í Húnaþingi Vestra síðan 2021?
- Tæpt er á því í skýrslunni að helsta hindrunin sé skortur á lagaramma fyrir mála-flokkinn og tímafrekt leyfisveitingarferli. Má þá ekki bíða með leyfisveitingar á fyrirhuguðum vindorkugörðum þangað til lagarammi í kringum svona mikilvægar framkvæmdir hefur verið settur?
- Af hverju er ekki skoðaður sá möguleiki að nota lægri vindmillur?
- Hver ber ábyrgð á mati og mögulegum endurbótum á vegum frá Grundartanga til Sólheima ef fyrrgreint mat leiðir í ljós að vegakerfið þolir ekki stærð flutningabíla sem flytja vindmillurnar?
- Á blaðsíðu 2 í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að framkvæmdaraðila hafi verið send drög af skýrslunni áður en hún var send til Skipulagsstofnunar sem síðan sendi hana þrisvar til baka áður en hún var gefin út til umsagnar. Hvaða breytingar urðu á skýrslunni í þessu ferli?
- Er tryggt að besta útkoman fyrir umhverfi og samfélag náist með því að umhverfismatsskýrslan sé í höndum Qair sem hefur fjárhagslegan ávinning á vindorkugarðinum? Væri það ekki betra að það væri í höndum óháðra aðila sem gætu þá e.t.v. skilað frumskýrslu á Íslensku? Hversu margar umhverfismatsskýrslur hefur ERM gert fyrir Qair á sl. 10 árum og hversu mörg verkefni hefur ERM unnið á Íslandi?

Ég hvet yfirvöld til að endurskoða farveg þessarar framkvæmdar og skoða aðrar lausnir á sviði endurnýjanlegrar orku sem fela í sér minni áhættu fyrir umhverfi og samfélög á staðnum. Þá er það grundvallarkrafa að lagaramminn sé skýr áður en lengra er haldið.

Þakka ykkur fyrir að taka umsögn mína til umfjöllunar.

Virðingarfyllst,

Kristín Þorsteinsdóttir



Sæberg Hostel, Campground & Cottages

við Reykjaskóla, Hrútafirði

Heimildir:

Viðhorf ferðaþjónustuaðila og útivistariðkenda til nýu virkjunarhugmynda í 4. áfanga rammaáætlunar. Anna Dóra Sæþórsdóttir og Margrét Wendt. Land- og ferðamála-fræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. 2020

Norðurland Vestra – Stefnumótun fyrir ferðaþjónustuna. Hjörtur Smárasón. Saltworks Mars 2023.

Skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sent í gegnum skipulagsgátt

Reykjavík, 30.ágúst 2024

Vindorkuver Sólheimar – kynning á umhverfismatskýrslu

Vinsamleg ábending til Skipulagsstofnunar

Landvernd vill koma því á framfæri að það verður að teljast alvarlegur ágalli við framsetningu kynningarefnis á Skipulagsgátt að þau gögn sem birt voru til kynningar þann 2.7 2024 voru ekki endanleg gögn en frekari gögn voru birt 18.07 á sama stað á samráðsgátt án vitundar umsagnarskrifara. Er það því undir því komið hve oft almenningur fer inn á skipulagsgáttina eftir að fyrstu gögn voru sótt hvenær og hvort viðbótargögn berast hverjum og einum. Umhverfismatskýrsla var uppfærð og fór blaðsíðutal Umhverfismatskýrslu úr 34 bls í 301 blaðsíðu og þurfti því að endurskoða verulega mikið efni. Er það okkar mat að Skipulagsstofnun ætti því að auglýsa þessi mistök sem hafa verið gerð og fresta skilum amk um mánuð.

Inngangur v/ umhverfismatskýrslu

Landvernd hefur kynnt sér efni umhverfismatskýrslu ásamt meðfylgjandi viðaukum. Landvernd hefur umtalsverðar athugasemdir fram að færa enda er hér um að ræða gríðarlegt inngrip í landslag og lífríki á lítt snortinni landslagsheild sem er að auki innan mjög viðkvæms svæðis sem viðeigandi væri að vernda með fjölþættu verndargildi.

Landvernd telur hér verða að taka sérstakt tillit til áhrifa á til víðerni í ljósi áskýndaráhrifa og stærðar áformanna. Fyrirvari á skjali með mögulegum þýðingavillum vegna aðkomu erlendra sérfræðinga getur ekki áskilið fyrirtækinu neinn rétt því það er fyrirtækið sem ber ábyrgð á að koma réttum upplýsingum á framfæri. Við svo stórt og viðamikilt verkefni hlýtur Landvernd að gera þá lágmarkskröfu að fulltrúar fyrirtækisins hér á landi tryggi áreiðanlega þýðingu yfir á íslensku svo komi ekki til eftiráskýringa af hálfu fyrirtækisins ef þykir henta.

Umfang framkvæmda sem sett er hér á svið á Laxárdalsheiði er gríðarmikið og raforkuframleiðsla áætluð 209 MW. Framkvæmdasvæðið þekur 3.208 hektara lands sem er mikið land og þar mun gæta margvíslegra áhrifa enda er ekki aðeins landið stórt og viðkvæmt sem er undir heldur verða spaðar í 200 m hæð. Hér er að mati Landverndar verið að fjalla um svæði sem ætti undir engum kringumstæðum að raska eða vera valkostur vegna margháttaðra umhverfisáhrifa. Þá er full ástæða til að benda á hugtakanotkun er ekki yfir vafa hafin þegar slíkar stóriðnaðarframkvæmdir er líkt við „garða“ sem hefur allt aðra merkingu og græna sem verkefnið ber alls ekki með sér. Landvernd bendir því skýrsluhöfundum og fyrirtækinu á að nota rétt heiti yfir verkefni af þessu tagi t.d. Vindorkuver eða Vindorkuiðnaður.

Þá vill Landvernd koma sömuleiðis á framfæri við skipulagsstofnun að stofnunin kanni til hlítar hvort kröfur um aðferðarfræði við rannsóknir og úrvinnslu gagna í skýrslunni standist skoðun. Þ.e. að allar

Útlistanir fyrirtækisins uppfylli kröfur um innlend og alþjóðleg umhverfisviðmið við vinnslu skýrslunnar. Í því sambandi vill Landvernd benda á fullkomlega óraunhæfar staðhæfingar fulltrúa fyrirtækisins í fréttum RÚV um litaða spaða og ljósabúnað sem ætlað er að halda fuglum frá. Landvernd telur hér að verið sé að vísa til tilraunaverkefna sem ekki hafa raunverulega ekki sannað gildi sitt má þar nefna varðandi aðgerðir í tengslum við fugla og áflugshættu.

Lífriki

Á vef Náttúrufræðistofnunar er Laxárdalsheiði sést glögglega að áformað framkvæmdasvæði QAIR er staðsett inn á viðkvæmu svæði á b hluta náttúruinjakrá samkvæmt [vefsíá NÍ](#).

Hér fremst í [lýsingu NÍ um Laxárdalsheiði](#) kemur fram að svæðið sé tilnefnd vegna fugla. Á heimasíðu NÍ kemur einnig fram

„Á Laxárdalsheiði eru vel gróin heiðarlönd og mikið af vötnum og öðru votlendi. Heiðin er fremur flatlend en fell og fjöll rísa nyrst og syðst á svæðinu. Veiði er víða í vötnum, bæði urriði og bleikja og sauðfé gengur til beitar á heiðinni.“

Helstu ógnir sem Náttúrufræðistofnun telur steðja að svæðinu er virkjun vindorku annarsvegar á Hróðnýjarstöðum og hinsvegar á umræddu svæði að Sólheimum á Laxárdalheiði og þar er einmitt lögð sérstök áhersla á af hálfu stofnunarinnar að búsvæði og farleiðir fugla verði ekki skert.

Landvernd leggur í þessum efnum sérstaka áherslu á að um er að ræða alþjóðlega mikilvægt varpsvæði fyrir himbrima og álfmatti NÍ. Auk þess er að finna á heiðinni fjölda annarra tegunda m.a. mófugla og vaðfugla auk rjúpu en Landvernd vill í þeim efnum nota tækifærið og gagnrýna mjög takmarkaðar rannsóknir á rjúpnastofninum sem flakkar milli heiða í hópum eftir að snjóa fer á heiðarlandinu. Svo virðist sem nær einvörðungu hafi verið fylgst með varplandi rjúpnna en atferli rjúpunnar er með þeim hætti að rjúpan hópar sig að hausti þegar snjó tekur. Þegar svo háttar ferðast rjúpan oft í misstórum hópum og flytur sig milli heiðarlenda eftir veðri og vindum. Því er það mikill áfellingdómur yfir samantekt um rjúpunna að ekki hafi verið gerðar tilhlýðilegar talningar eða vöktun á svæðinu á þeim tíma þegar fuglinn ferðast í hópum og þá þegar áflugshætta er hvað mest. Farleiðir og eða talningar rjúpu um Laxárdalsheiði verða því miður að teljast með öllu ómarktækar vegna skorts að því er virðist á þekkingu m.a. erlendra ráðgjafa á atferli rjúpunnar sem hefur einmitt fallið í miklum mæli fyrir vindorkuspöðum m.a. í Noregi.

Í ljósi þessa gerir Landvernd kröfu um að fullnægjandi rannsóknir og vöktun á rjúpnastofninum fari fram á Laxárdalsheiði á framkvæmdasvæði og nálægð þess.

Haförnin og úrvinnsla gagna

Örninn er langstærsti og jafnframt sjaldgæfasti ránfugl landsins, með yfir 2 m vænghaf, oft nefndur konungur íslenskra fugla. Sérstaða hins íslenska hafarnar er margvísleg ekki síst þar sem þessi tignarlegi fugl var í stórkostlegri útrýmingarhættu og ofsóttur um mjög langt skeið. Með mikilli fyrirhöfn framsýnna manna tókst að forða erninum frá útrýmingu hér á landi og hægt og bítandi hefur stofninn með mikilli vinnu og hugsjónarstarfi náð sér nokkuð á strik. Halda skal til haga að aðeins 20 pör töldust eftir þegar alfriðun hafarnarins var komið á með mikilli eftirfylgni. Svo hart var

gengið að stofninum að þeir fáu fuglar sem eftir voru hafa haldið sig staðbundið við vestanvert landið og þá um leið í mikilli nálægð við áformað framkvæmdasvæði þ.e. við Breiðafjörð en þar eru jafnframt langmestu búvæði hafnarnarins. Í ætisleit svífur Haförnninn víða yfir heiðarlendunum sem þessum og er því ótvíræð áflugshætta. Þá ber svo við að kortlagning farleiða hafnarnarins í nálægð eða yfir framkvæmdasvæðið á Sólheimum er ekki útlistuð með fullnægjandi hætti, en samantekið eitt kort merkt ránfuglar sem hefur mjög breiða skírskotun hefur ekkert gildi. En aðrar fuglategundir eru hinsvegar listaðar niður hver fyrir sig þannig að engum vafa er undirorpið um hvaða fugl er að ræða. Furðu sætir að í skýrslunni kemur fram að trúnaður ríki um gögn sem sýna sérstaklega flugs hafnarnarins yfir og í nálægð við áformað vindorkuver á Sólheimum.

Fyrir liggur að Náttúrufræðistofnun hefur til að verja hafarnarstofnin eðlilega ekki viljað veita upplýsingar um staðsetningar arnarhreiðra endar er fuglinn á hæsta skala á válista en Landvernd telur ekki sömu trúnaðarreglur gilda um farleiðir arnarins en fulltrúar Landverndar hafa oft setið erindi þar sem vísindamenn sýna kort af farleiðum fugla á opinberum vettvangi. Farleiðir arnarins hafa um töluvert árabíl verið skráðar mjög þétt og nákvæmlega með sendibúnað á fuglunum. Þá er sá radíus sem skýrslan gefur er helst til stór en þar kemur fram að innan 10 km radíus séu tvö arnarhreiður. Af þeim upplýsingum verður ekki lesið af neinni tilfinningu um nálægðina. Landvernd gerir því mjög alvarlegar athugasemdir við framsetningu og úrvinnslu gagna sem hljóta að hafa verið afhent QAIR hvað varðar farleiðir hafnarnarins en fulltrúum þess má vera fyllilega ljóst að langstærsta áskorunin er gagnvart hafarnarstofninum.

Áflugshætta hafarnar, rjúpu og annarra fuglategunda.

Margvíslegar upplýsingar er að finna um áflug fugla á vindorkuver ýmist á spaðana sjálfa sem er algengasti árestrarflöturinn en vindorkuturnarnir sjálfir eru einnig árekstrarvaldur m.a. vegna þar sem rjúpahópar fara um að vetri. Eðli máls er breytilegt eftir löndum hvaða tegundir eru í mestri áflugshættu við vindorkuver en í þeim löndum sem við getum borið okkur saman við, líkt og Noregi eru [áhrif á rjúpnastofninn töluverð](#). Ránfuglar eru í hvað mestri áflugshættu og hér á landi horfum við helst á stærri ránfugla sem virðast sérstaklega útsettir og þá er það fálki og fyrst og síðast haförnninn.

Ýmsar kenningar hafa verið uppi um af hverju t.d. haförn er í sérstakri hættu og dregst stundum að vindorkuverum og þá hefur verið nefnt allt frá uppstreymi og eða aðstreymi sem dregur þá að ef nálægðar gætir við spaða en þó er það sem oftast er nefnt er að ef vindorkuspaðar eru í áflugshæð arnarins þá liggur fyrir að hafernir eru í sífelldri leit að fæðu og horfa því oft stöðugt og lengi beint niður í leit að bráð. Þetta veldur því að mati margra sérfræðinga í atferli hafnarnarins að þeir gæta ekki um leið að því sem er beint framundan í flugstefnu enda stafar þeim ekki ógn af öðrum ránfuglum yfirburða sinna vegna og styrks.

[Í þessari grein](#) sem er ein af fjölmörgum áþekktum á ríkisfjölmiðli í Noregi kemur fram að þrátt fyrir þennan mikla dauða hafarna þá sé ekki hægt að treysta því að staðið sé að talningu með ábyrgum hætti á þeim fuglum sem deyja vegna áflogs. Vestan hafs er við [sama vanda að glíma](#). Einnig er fjallað um vandamálið í [myndbandi af áflugi arna](#).

Umræður

Undir þessum lið á bls 8 í við segir eftirfarandi.

„Það verður að minnast á eina aðra tegund sem sást reglulega og var í varpi á mörkum athuganasvæðisins; haförn er á valista sem tegund í hættu (EN, Náttúrufræðistofnun 2018) Hann sást reglulega í sjónarhólstalningum en lét ekki sjá sig meðan á sniðtalningum eða vatnshlotsskoðun stóð. Það eru tveir þekktir hreiðurstaðir innan við 10 km frá verkstað“

Eitt af því stærsta sem við er að fást í málefnum vindorkuiðnaðarins er hversu langt þessi orkugeiri hefur gengið í að viðhalda hálf sannleika og beinlínis rangfærslum sem valdið hafa mikilli upplýsingaóreiðu ekki einvörðungu erlendis heldur og hér á landi með þeim afleiðingum að almenningur sem og stjórnvöld hafa takmarkaðar forsendur til að sannreyna staðhæfingar vindorkufyrirtækja á borð við QAIR.

Um meintar mótvægisáðgerðir QAIR v/ áflugs

Í skýrslu QAIR koma fram áætlanir um mótvægisáðgerðir vegna áflugs og sömuleiðis fór fulltrúi QAIR yfir mótvægisáðgerðir í [tíufréttum sjónvarps þann 13. ágúst síðastl.](#) Þar fór fulltrúi QAIR yfir aðferðir sem fyrirtækið hyggst beita gegn áflugi hafarna. Hér sér Landvernd sig tilknúð að mótmæla slíkum alhæfingum sem fyrirtækið hefur í frammi um mótvægisáðgerðir sem hafa svo auk þess verið teknar inn í skýrslu fyrirtækisins sem á að draga svo úr árekstarhættu að nánast engin fugladauði muni verða eftir þær mótvægisáðgerðir sem fyrirtækið hyggst beita. Hið sannarra í þessum efnum er að fulltrúi QAIR grípur til þess að vitna til mótvægisáðgerða eins og svarta spaða og nú óútskýrt áflugsforðunrataeki – að því best verður heyrt annað hvort einhverskonar geislar eða hljóðfælar.

Á kynningarfundum sem fyrirtækið hefur áður haldið m.a. í Dalabyggð áttu mótvægisáðgerðir hinsvegar að felast í að settur yrði upp búnaður sem stöðvaði vindtúrbínurnar ef fugl kæmi aðvífandi.

Í stuttu máli sagt hefur Landvernd leitað eftir því við m.a. norska sérfræðinga um þá aðferðarfræði sem Friðjón Friðjónsson týnir til í viðtali og hefur það fengist staðfest að ekkert af þessum mótvægisáðgerðum sem að QAIR hefur verið gagnreynt að því marki að tilraunir með hönnun á þessu hafi leitt til þess að vindorkufyrirtæki hafi tekið þessa tækni upp og ekki svo vitað sé í neinu tilfelli í Noregi sem er það land sem hefur gengið hvað lengst í að vinna bug á þessum vanda með margvíslegum tilraunum. Tilvitnun í notkun svartra spaða í Smola í Noregi sem var tilraunaverkefni hefur meðal annars ekki leitt til þess að vindorkufyrirtæki í Noregi hafi tekið upp þessa meintu mótvægisáðgerð og hvað þá aðrar til að fæla frá fugla. Tímabundin tilraun í Smola benti hinsvegar til að möguleika á að fækka áflugi rjúpna umtalsvert en ekki í sama mæli hafarna.

Þá hefur verið bent á að mislitir spaðar valdi margfaldri ásýndartruflun sem skeri í augu þar sem prófað hafði verið.

Hér eins og í fleiri atriðum vill Landvernd óska eftir því að Skipulagsstofnun kanni sannleiksgildi staðhæfinga fyrirtækisins um mótvægisáðgerðir sem vigtaðar hafa verið inn af fullum þunga í framliggjandi umhverfismatskýrslu.

Um heiðarlandið almennt

Laxárdalsheiði er dæmigert vel gróið heiðarland þar sem er ríkt af margvíslegum vistgerðum og öröskuðum vötnum og inn á milli nokkuð samfelldu votlendi þar sem ekki liggja berggangar efst í

jarðlögum. Segja má að íslensku heiðarlöndin séu um margt síðustu lítt snortnu samfelldu votlendissvæði sem Ísland hefur að geyma þar sem láglendi hafa víðast verið ræst fram samhliða iðnbyltingu og hverskyns landbúnaðarafnotum og annari nýtingu lands. Á Íslandi liggja nú miklar kvaðir hvað varðar viðhald og endurheimt á grunni líffræðilegrar fjölbreytni. Það er því gríðarleg áskorun og ögrun við umhverfi og náttúru Íslands þegar ráðast á í gríðarlegt jarðrask með risavaxinn vindorkuver á óröskuðum heiðarlendum.

Rannsóknir á jarðvegi, jarðvegsdýpt á framkvæmdasvæði - losun CO₂

Í skýrslunni virðast jarðvegsrannsóknum mjög ábótavant sem skýrist meðal annars í því að mikil frávik eru í áætlunum um hve mikið efnismagn þarf til í uppbyggingu innviða á framkvæmdasvæðinu vega o.s.frv. Sömuleiðis virðist ekki mikil þekking á jarðlögum að því marki hvað mikið af efninu kunni vera að hægt að nýta í uppbyggingu vega og viðamikilla burðarlaga sem þarf til vegna þungaflutninga innan og í aðkomu svæðisins. Einn af lykilþáttum sem leggja verður áherslu á er að velja land með tilliti til jarðvegsdýptar ekki síst þar sem votlend viðkvæm svæði eru annarsvegar einmitt eins og á Laxárdalsheiði. Það að rjúfa vistkerfi og lífríkt votlendi og vatnasvið með jarðvegskiptum stofnvegaframkvæmdum er gríðarlegt inngrip í náttúru og ögrun við alþjóðlegar skuldbindingar okkar að vernda sérstaklega slík svæði. Að sama skapi losar raskaður jarðvegur kolefni sitt í andrúmsloftið en [Skosk stjórnvöld fara fram á](#) að framkvæmdaraðilar reikni út losun frá jarðvegi sem raskast við vindorkumannvirki. Stærðargráða losunarinnar getur verið margföld við þá losun sem sparast jafnvel þótt öll orka sem úr vindinum vinnst verði notuð í stað jarðefnaeldsneytis. Sérstaklega mikilvægt er að hafa þessar staðreyndir á hreinu þar sem slík verkefni eru oftast en ekki keyrð áfram með þá ímynd að þau stuðli að því að Ísland nái markmiðum sínum í loftslagsmálum.

Um nýjustu drög að stefnu stjórnvalda um vindorku

Landvernd áréttar hér að stjórnvöld hafa ekki samþykkt frumvarp um nýtingu vindorku en í þeim drögum sem fram hafa komið kemur eftirfarandi fram:

Við mat á virkjunarkostum í vindorku skal verkefnisstjórn kanna hvort einstakir virkjunarkostir uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Virkjunarkosturinn komi til með að vera liður í því að ná markmiðum Íslands við orkuskipti og kolefnishlutleysi.*
- Virkjunarkosturinn er innan landsvæðis sem almennt telst vera raskað af mannlegum athöfnum.*
- Virkjunarkosturinn er ekki talinn rýra um of mikilvæga verndarhagsmuni svæða sem njóta verndar að lögum né annarra nærliggjandi svæða sem njóta sérstöðu á landsvísu vegna náttúru-, menningarmínja eða tengdrar atvinnustarfsemi.*
- Virkjunarkostur er ekki á svæði þar sem mikið er um villta fugla sem metnir eru í hættu eða verulegri hættu á válistum eða fuglategundir með hátt eða mjög hátt verndargildi að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands*

(Frumvarp til laga 2023 – 2024 um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku). 5.gr)

Liðir b, c og d útiloka raunverulega með öllu vindorkuframkvæmdir á Laxárdalsheiði.

Tengingar við raforkukerfið og jafnvægisorka.

Landvernd veltir upp því hvort QAIR hafi tryggt sér kaup með samningum um jafnvægisorku sem er

grundvallaratriði fyrir vindorkufyrirtæki að útvega og er forsenda þess að hægt sé að tryggja afhendingaröryggi. Það kemur Landvernd verulega á óvart ef fyrirtækið telur sig hafa aðgang að jafnmiklu vatnsafl og raun ber vitni að þarf til að koma svo vindorkuverkefnið geti átt sér einhverja möguleika rekstarlega séð. Gera má ráð fyrir að Sólheimaverkefnið þurfi amk að hafa til reiðu 50 – 70 MW í vatnsafl í fyrsta áfanga og svo meira ef fullnaðaráform eiga fram að ganga. Landsvirkjun hefur þegar gefið út að þeir hafi ekkert aukreitis afl til reiðu enda yrði það þá fullnýtt í eigin jafnvægisorku gangi áform þeirra eftir um vindorku við Búrfell.

Stjórn Landverndar undrar sig því á hvernig sviðsetning á slíkum vindorkuverkefnum erlendra aðila geti átt sér stað þegar engir samningar eða í það minnsta viljayfirlýsingar liggja fyrir.

Áformuð framleiðsla á rafeldsneyti.

Á Íslandi hafa verið sett 4 - 5 svokölluð rafeldsneytisverkefni á dagskrá sem ekki hafa fengið einhverja fótfestu umfram framlagðar áætlanir sem miða að því að þróa rafeldsneyti án þess að þróun á þeirri tækni hafi náð að sýna fram á að um sé að ræða framtíðarlausn. Landvernd vill í þessu sambandi vitna til orða Orkumálastjóra sem hefur ítrekað að ekki sé góðs viti að geysast fram á völinn með stórtæk verkefni í orkuframleiðslu veðjandi á svokallað rafeldsneyti sem hefur raunverulega ekki náðst að þróa til þess að hægt sé að nýta það með öruggum eða hagkvæmum hætti hvorki á skip hvað þá flugvélar.

Samfélagsáhrif

Vindorkumannvirki af þessari stærðargráðu sem munu hafa slík ásýndaráhrif eru alls ekki privat ákvörðun viðkomandi sveitarfélaga þar sem vindorkunni er ætlað að rísa. Skipulagsstofnun ætti því án nokkurs vafa að kalla eftir viðbrögðum frá íbúum annarra sveitarfélaga sem kunna að verða fyrir áhrifum og fara með verkefnið þar í grenndarkynningu og til sérstakrar umsagnar. Í Noregi hefur það sýnt sig að margir íbúar hafa einfaldlega ekki áttað sig á hversu áhrifin geta verið mikil í mikilli fjarlægð og þá ekki bara við góð birtuskilyrði heldur hafa blikkljós vindorkuvera um nætur oft á tíðum meiri áhrif vegna þess hve þau sjást úr mikilli fjarlægð. Þá ber að nefna að ferðaþjónusta er orðin mjög mikilvæg grein í á Íslandi en vinsælir ferðamannastaðir eru innan áhrifasvæðis vindmyllugarðsins m.t.t. sjónrænna áhrifa hans og þ.a.l. áhrifa á upplifun ferðamanna. Í umhverfismatsskýrslu þarf að meta gildi og aðdráttarafl svæðisins með tilliti til ferðaþjónustu og útivistar, til dæmis með viðhorfskönnunum eða viðtölum við ferðamenn, útivistarfólk, ferðaþjónustuaðila, íbúa og sumarbústaðaeigendur innan skilgreinds áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda.

Umhverfisáhrif almennt.

Vindorkuiðnaðurinn sem hefur fengið að komast upp með að rannsaka umhverfisáhrif með því að hafa eftirlit að mestu með sjálfum sér hefur þráast við þrátt fyrir augljósar staðreyndir að það er umtalsverð mengun á rekstartíma. Það að almennt sé viðurkennt af vindorkuiðnaðinum sjálfum að það þurfi að skipta út vindorkuspöðum á 10 – 15 ára fresti vegna slits og stundum fyrr eftir álagi er aftur á móti ótvíræð sönnun þess að útskipting á spöðum kemur meðal annars og ekki síst til vegna slits á álagsflötum spaðana og af þessum álagsflötum losnar um fjölpátta mengandi efni epoxý og plast sem dreifist í verulegu magni út í ósnortna náttúru og safnast því upp í henni með tímanum. Því miður liggja ekki fyrir heilstæðar rannsóknir á mögulegum mengunarmælingum í jarðvegi umhverfis vindorkuver og minnir Landvernd þar á varúðarreglu umhverfisréttar en áhættan er

sérstaklega mikil á votlendum svæðum. Þá hafa umkvartanir vegna hljóðmengunar síst minnkað eftir því sem framþróun og stækkun vindorkuvera hefur átt sér stað. Að sama skapi hefur skuggaflókt aukist með stærri vindorkuverum og hærri. Engar rannsóknir liggja fyrir um t.d. skuggaflókt á fiskistofna í ám og vötnum sem þarf auk alls annars að taka til sértækrar skoðunar á Laxárdalsheiði. Umhverfisáhrif vegna efnistöku eru gríðarlega óljós og illa að staðið að reikna út áætlaða efnispörf og hve mögulega mikið þarf að sækja í námur út fyrir svæðið. Það bendir eðli máls til ónógra rannsókna hvað þetta varðar.

Vegakerfi og umferð á framkvæmdatíma.

Stjórn Landverndar furðar sig á hversu langt fyrirtækið QAIR hyggst ganga í að ofhlaða vegakerfið frá áætlaðri Grundartangahöfn að áfangastað á Laxárdalsheiði. Á lögnum stundum liggur fyrir að loka þarf þessum fjölfarna vegakafla fyrir annarri umferð. Ekkert liggur fyrir um í skýrslunni hvort íslenskt óburðugt vegakerfi poli þá flutninga sem eru fyrirhugaðir og hvað þá slíkur fjöldi ferða með stóra íhluti sem fram kemur í skýrslunni. Því til viðbótar er ætlast til að vegagerðin geri undanþágu með svokölluðum „Óvenjulegum flutningum“ sem verður ekki túlkað með öðrum hætti en það sé meiri þungi en raunverulega vegakerfið þolir. Þessi undanþága frá þungaflutningum í svo stórtækum mæli getur augljóslega haft dýrkeyptar afleiðingar fyrir vegakerfið. Þá vaknar spurningin hvort fyrirtækið QAIR hyggst endurbyggja þá vegi sem muni skemmast við flutningana og þar að auki greiða þá fyrir nýjar framkvæmdir sem fyllilega er gefið í skyn að þurfi að eiga sér stað vegna þröngra beyjuradíusa og brúa o.s.frv. Landvernd óskar því eftir því að Skipulagsstofnun kalli eftir hvernig samningum og samtali hefur verið háttað milli vegagerðar og fyrirtækisins um framkvæmd þessa og annarra vindorkuframkvæmda. Jafnhliða hlýtur lögregla að þurfa að vera til staðar í þessum gríðarlegu flutningum og fjölda ferða þegar ekki öðrum verður fært að ferðast um þessa fjölförnu vegi vestanlands þegar áætlaðir trukkar með 80 m langa og tuga tonna spaða og túrbínuhús munu fara um það brotakennda vegakerfi sem þar er til staðar. Í þessum efnum verður skipulagsstofnun að kalla eftir skýrum svörum um hverjir beri tilfallandi kostnað sem varðar alla þá þætti sem koma að flutningum frá höfn og að framkvæmdasvæði.

Um ábyrgð niðurrif, endurvinnslu og meðfylgjandi kostnað.

Í kaflanum Endurnýjun eða niðurrif framkvæmdar er lýst nokkuð ítarlega hvernig staðið yrði að slíku með ýmskonar áætlanagerð. Það sem er hinsvegar hvergi fært í texta með beinum orðum er að fyrirtækið QAIR muni bera fulla ábyrgð og kostnað við niðurrif og flutning af svæðinu til endurvinnslu og eða förgunar á erlendum vettvangi. Vísað er til möguleika á endurvinnslu hérlandis sem er eðli máls fullkomlega óraunhæft þar sem endurvinnsla meðal annars á spöðum hefur ekki gengið eftir eins og þó fulltrúar fyrirtækisins hafa alhæft að m.a. á íbúafundi í Dalabyggð fyrir tveimur árum þar sem kom fram í máli þeirra að nú þegar væri fundinn fullnaðarlausn á endurvinnslu þess erfiða hluta sem illa hefur gengið að endurvinna eða endurnýta þ.e. vindorkuspaðarnir sjálfir. Í þessari skýrslu er hinsvegar viðurkennt að ekki sé fundinn fullnaðarlausn við endurvinnslu spaða en gefið í skyn að sú tækni sé handan við hornið og fer sú spámennska saman við aðrar viðlíka yfirlýsingar. Staðan á heimsvísu í dag er að það er að sjálfsögðu verið að reyna að vinna bug á þessu stórtæka vandamáli sem urðun á spöðum í jörðu er. Í þessu sambandi er tilhlýðilegt að nefna að fyrirtæki sem QAIR á í viðskiptum við þ.e. Vestas stefnir að því að framleiða vindmyllur án úrgangs fyrir árið 2040. Nær því öll ríki heims ástunda enn þrátt fyrir margvíslegar tilraunir til endurvinnslu og nýtingu á vindorkuspöðum urðun þeirra er orðið gríðarlegt vandamál og fjarri allri sjálfbærni eða samræmist

grænni starfsemi. Engu að síður hafa samtökin WINDEUROPE sett fram stefnu um að urðun útgangs frá vindmyllum amk innan Evrópu skuli hætt árið 2025 [sjá m.a. hér](#). Í öllum almennum samanburði orkukosta erlendis er nýting vindorku miðuð mest við kolanotkun og svo olíu. Þegar um slíkan samanburð er að ræða meðal ríkja sem hvorki hafa á nægu vatnsafli eða jarðhita að velja er eðlilegt að vindorka komi hagstæðara út.

Að lokum

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við áformin. Þá sérstaklega er varðar meðhöndlun gagna er varðar haförninn sem er á valista. Þá eru mótvægisáðgerðir langt frá því að vera traustvekjandi og einungis vísað í tilraunir sem ekki hafa skilað þeim niðurstöðum sem látið er í veðri vaka. Áformin hafa mikil áhrif á óraskað vistkerfi í heiðarlandi þar sem hætta er á að losun frá landi vegna framkvæmdanna geti orðið mikil og þar með hefðu áformin neikvæð áhrif á markmið Íslands í loftslagsmálum. Þá hafi framkvæmdin neikvæð áhrif á ferðamennsku en vindorkuverið hefur ekki tryggt sér rekstrargrundvöll með tilliti til jafnvægisorku eða kaupenda á orkunni svo hún skili sér til orkuskipta. Landvernd er uggandi yfir áformunum og öllum þeim stórtæku áformum sem uppi eru á borðum á sambærilegum svæðum.

Með vinsemd og virðingu

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir,
formaður Landverndar*



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Vindorkugarðurinn Sólheimar Athugasemdir

3. september, 2024

Hafernir voru friðaðir árið 1913. Nú er talið að um 100 og stofninn því mjög viðkvæmur fyrir truflunum. Gefur auga leið að stórt vindorkuver svo nærri kjörsvæði hafarnastofnsins (Breiðafjörður, Vestfirðir) getur haft mjög alvarleg áhrif á stofninn.

Ísland er skuldbundið að alþjóðalögum til að vernda haferni. Nægir að nefna Samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

Mat á umhverfisáhrifum vindorkugarðs við Sólheima er afar takmarkað hvað áhrif á haferni varðar.

Segir í skýrslunni:

Áhrif á haförn voru talin minniháttar, vegna taps á búsvæði á meðan á byggingarframkvæmdum stendur. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, þar á meðal skilvirkt umhverfiseftirlit framkvæmt af umhverfisstjóra byggingaframkvæmda og endurheimtar búsvæða, myndu eftirstandandi áhrif vera óveruleg. Spáð var fyrir um hugsanlega veruleg áhrif á haförn sökum dauðsfalla af völdum áflugs. Að því gefnu að fuglar séu á framkvæmdasvæðinu frá apríl til október er spáð fyrir um 0,39 áflug á ári.

Hvað eru minniháttar áhrif?

Nokkrar mótvægisáðgerðir verða útfærðar á framkvæmdasvæðinu, sérstaklega til að draga úr áhrifum á haförninn. Á meðal þessara áðgerða er að mála einn spaða á hverri vindmyllu svartan til að fuglar sjái þá betur, en sýnt hefur verið fram á að þetta dragi úr áflugi hafarnar um allt að 70% og dregur líklega úr áflugi annarra tegunda einnig. Á meðal annarra mótvægisáðgerða er að koma á skerðingaráætlun fyrir vindmyllur þannig að vindmyllur sem hafa í för með sér áflugshættu stöðvist þegar ernir nálgast og að hefja rekstrareftirlit, þar á meðal eftirlit með flugi, notkun gervihnattagagna og eftirlit með dýrahæjum. Rekstrareftirlit mun verða notað í sveigjanlegu stjórnunarferli mótvægisáðgerða til frekari upplýsinga fyrir almenna mótvægisnálgun. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða teljast eftirstandandi áhrif minniháttar. Vegna þessa verður áðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni (Biodiversity Action Plan, BAP) þróuð og felur hún í sér ráðstafanir til að vega upp á móti eftirstandandi áhrifum á haförn, þar sem rekstrareftirlit er notað til upplýsinga.

Í [viðauka](#) segir:

Júní 2024

Verknúmer: 0508382

1.4.2.1 Áætluð líkindi áflugs fyrir ár 1

Með NatureScot-töflureikninum (sjá Töflu 4) og þar sem áætlaður hraði hafarnar er 10,2 m/s, spáir líkanið því að 7,3% tilvika þar sem hafernir fljúga í gegnum þekju snúningsflatar spaðanna að meðaltali leiði til áflugs. Þetta fór niður í 6,2% þegar tekið var tillit til þess tíma þegar spaðarnir snúast ekki. Fjöldi fugla sem áætlað er að fljúgi á spaðana í snúningi er 2,83 fuglar á ári ($45,64 \times 6,2\%$). Hér er gert ráð fyrir að fuglar reyni ekki að forðast áflug.


1.4.3.4 Áætluð líkindi áflugs fyrir ár 2

Með NatureScot-töflureikninum (sjá Töflu 4) og þar sem áætlaður hraði hafarnar er 10,2 m/s, spáir líkanið því að 7,3% tilvika þar sem hafernir fljúga í gegnum þekju snúningsflatar spaðanna að meðaltali leiði til áflugs. Þetta fór niður í 6,2% þegar tekið var tillit til þess tíma þegar spaðarnir snúast ekki. Fjöldi fugla í júní sem áætlað er að fljúgi á spaðana í snúningi er 0,98 fuglar ($15,72 \times 6,2\%$) og í júní – maí er hann 17,14 fuglar ($276,21 \times 6,2\%$). Samanlagður fjöldi fugla sem áætlað er að fljúgi á spaðana í snúningi á ári 2 var því 18,12 fuglar. Hér er gert ráð fyrir að fuglar reyni ekki að forðast áflug

Eru þetta ekki háar tölur? Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að *fuglar reyni ekki að forðast áflug*. Í ljósi bágrar stöðu hafarnastofnsins er eitt atvik einu of mikið. Skýrslan er því engan vegin fullnægjandi hvað varðar áhrif fyrirhugaðs vindorkuvers við Sólheima á haferni.

Virðingarfyllst,

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Umsögn og athugasemdir

Vindorkugarðurinn Sólheimum

Skipulagsstofnun óskar eftir athugasemdum við umhverfismat vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar vindorkugarðs í Sólheimum, Dalabyggð.

Undirritaður hefur kynnt sér skýrsluna og tók þátt í kynningu framkvæmdaaðila, Qair Ísland ehf., í Dalabúð í Búðardal, þann 13.ágúst sl.

Vandamálið fyrir flesta þá sem skila inn athugasemd við umhverfisskýrsluna er að staðlar og reglugerðir er snúa að framkvæmdum og losun kolefnis eru annað hvort í vinnslu eða hafa ekki verið innleidd á Íslandi. Þar þar fyrst að nefna viðauka við Landsskipulagstefnu 2015-2026 þar sem fjallað er um loftslagsmiðað skipulag, staðarmótun og landslagsvernd, heilsuvæna byggð og landnotkun. Auk þess er kafla 6.3 í viðaukanum ekki lokið en þar er fjallað um um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag. Allt eru þetta veigamiklir málaflokkar fyrir svo inngripsmikla aðgerð sem vindorkugarðurinn í Sólheimum er.

Í kjölfar Parísarsamkomulagsins frá 2018 ákvað Evrópusambandið að styðja við sjálfbærar fjárfestingar. Í þeim tilgangi voru innleiddar tvær reglugerðir, ESB 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu SFDR (Sustainable Finance Disclosure Regulation) og ESB 2020/852 um svokallað EU Taxonomy eða flokkunarkerfi fyrir fjármálaþjónustu og sjálfbærar fjárfestingar. Þessar reglugerðir voru innleiddar á Alþingi Íslendinga með lögum sem tóku gildi 1.júní 2023. Oftast er talað um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar (nr.25/2023).

Undir sjálfbærni er átt við þrjár stoðir sem notaðar eru til að meta verkefni eða fjárfestingar og eru þær **efnahagur**, **umhverfi** og **samfélag**. Allir þessir þrír þættir þurfa að vera í jafnvægi og mega ekki ganga á hlut hvors annars. Ekki er hægt að horfa einungis á efnahagslegan ávinning ef ekki er tekið tillit til umhverfis- og samfélagsþátta. Að sama skapi er ekki nóg að draga aðeins fram þætti er hafa áhrif á samfélag eða umhverfi o.s.frv.

Undirritaður hefur reynt að skilja hvort framkvæmdaaðilar hafi haft þetta að leiðarljósi við gerð umhverfismatsins. Vinna við umhverfismatið hófst áður en lögín tóku í gildi á Íslandi. Lögín höfðu þó öðlast fullt gildi innan Evrópusambandsins. Framkvæmdaaðili vinnur engu að síður eftir gömlum reglum og sniðmótum sem eru í engu samræmi við þær breytingar sem hafa orðið á sjálfbærnimati á öllum veigameiri fjárfestingum og framkvæmdum innan sambandsins. Sömu viðmið hafa nú einnig gengið í gildi hérlandis.

Vert er að tæpa á fáeinum atriðum varðandi **efnahagslegu áhrifin**. Engar áreiðanlegar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um efnahagslegt umfang framkvæmdarinnar, svo sem hver verði velta, hagnaður og arðsemi fjárfestingarinnar. Hvað skilar sér til sveitarfélagsins og hvað til íslenska ríkisins og hvert verður skattspor fyrirtækisins á Íslandi? Það eina sem hefur komið fram eru upplýsingar úr óbirtu minnisblaði Deloitte sem fjallað var um á [mbl.is \(https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1868167/?t=983378385&t=1725379525.2845087\)](https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1868167/?t=983378385&t=1725379525.2845087). Ekki er þó ljóst hvort hugsanlegar tekjur á bilinu 170-200m skila sér í nettótekjum til sveitarfélagsins þar sem ekki er vitað hversu mikið framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga skerðist á móti. Ekki er heldur búið að klára löggjöf sem skýrir skiptingu þessa tekjustofns á milli ríkis og sveitarfélaga í slíkum framkvæmdum. Sveitarfélagið hefur ekki metið kostnaðinn sem framkvæmdirnar gætu orsakað vegna innviðauppyggingar og það hefur Vegagerðin ekki heldur gert svo vitað sé. Allt eru þetta veigamiklir þættir sem taka þarf tillit til.

Samfélagslegu áhrifin gætu verið margskonar. Þar t.d. að nefna að ekki hefur verið leitað eftir samráði við nágrannasveitafélög sem eiga land að framkvæmdasvæði. Það er varla tilviljun að ekki eru sýndar afstöðumyndir sem sýna hver sjónræn áhrif verða í Hrútafirði, á Borðeyri og Reykjum. Það er sniðið framhjá þessu með myndbirtingum frá Hreggsnesi sem er mörgum kílómetrum norðar. Þetta gerist á sama tíma og verið er að reyna að auka og efla samstarf á milli sveitarfélaga með sameiningum og öðrum hagræðisaðgerðum.

Einnig skal þess getið að þar sem raforkan verður öll flutt á Grundartanga til framleiðslu rafeldsneytis verður mjög lítil virðisaukning af framkvæmdinni á Íslandi. Afar fá störf skapast þar sem orkan er framleidd og

framkvæmdaaðili er ekki með neinar tillögur sem sýna að þeim sé umhugað um að láta gott af sér leiða í sveitarfélaginu.

Umhverfisáhrifin eru margvísleg eins og kemur fram í skýrslunni. Þau eru þó að mestu metin sem lítilsháttar þrátt fyrir að lagðar séu til mótvægisáðgerðir eins og t.d. radarvarnarkerfi sem getur hægt á spöðum eða stoppað. Engar reglur eru til um slík radarkerfi og lítil reynsla eins og forsvarsmenn Qair staðfestu á fundinum í Búðardal. Auk þess er ekkert eftirlitskerfi til staðar á Íslandi og viðurlög sjaldgæf ef kerfið reynist ekki notað rétt á framleiðslutímabili.

Í kaflanum „Viðaukar með umhverfismatsskýrslu, (án viðauki G)“ undir kafla I (<https://skipulagsgatt.is/files/6f3f892f-095c-48d4-b79a-eb5b30beac89>), lið 3.2. um „Umfang matsins“ er upplistun á þeim þáttum sem tekin eru inn í matið. Meðal þeirra eru eftirfarandi atriði:

- Sparnaður á kolefnislosun vegna framleiðslu (út frá flutningi losunar frá mismunandi straumveitum)
- Líftímakostnaður sem tengist framleiðslu og smíði á vindmyllum
- Kolefnistap vegna varaorkuframleiðslu
- Tap á möguleikum kolefnisbindingar í mó
- Tap og/eða sparnaður kolefnis sem bundið er í mó (með upptöku mós eða breytingum á framræslu)
- Kolefnisávinningur vegna fyrirhugaðra umbóta á kjörlendi, eins og endurheimt votlendis.

Í kafla 3.3. „Þættir sem sleppt er í matinu“, er m.a. fjallað um að gengið sé út frá vissum forsendum um að losun á framleiðslutímabili sé einungis 10% af heildarlosun koltvísýringsjafngilda en 85% af losuninni sé vegna efniviðar og framleiðslu vindmyllanna. Ekki er lagt mat á losun vegna framkvæmdanna sem slíkra þar sem framkvæmdaaðilar segja hana undir vissum mörkum eða 25.000t Co2e og séu því fríaðir því að lagt sé mat á þennan hlut losunarinnar. Engar frekari skýringar koma fram um hvaða lagt er til grundvallar í því mati.

Til samanburðar er vert að hafa í huga að öll losun lands á Íslandi er 13.519.000t Co2e skv. *Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda 1990-2020* (<https://ust.is/library/Skrar/loft/NIR/Útdráttur%20NIR%202022.pdf>).

Hönnun undirstaða fyrir vindmyllur er ekki lokið og ríkir mikill óvissa um aðföng við gerð þeirra. Bendir umfangið til þess að á bilinu 2-5 þúsund malarflutningabíla þurfti til að flytja efni frá Hvalfjarðargöngum á Laxárdalsheiði. Þessi þáttur virðist vanmetinn í útreikningum.

Ég óska eftir betri útskýringum á útfærslum í þessum kafla um kolefnislosun. Hann er óljós og stuðst er við erlendar reiknivélar sem ekki hafa verið heimfærðar yfir á íslenskar aðstæður. Auk þess er hætta á að þýðingarvélar hafi gert kaflann torskilinn á íslensku.

Er framkvæmdin við vindmyllugarð á Sólheimum sjálfbær framkvæmd?

Þessari spurningu er erfitt að svara þar sem margar reglugerðir í íslenskum lögum hafa einungis nýlega öðlast gildi. Lög um innleiðingu reglugerða og laga á þessum vettvangi eru einnig enn til umfjöllunar á Alþingi. Ef horft er til þess að umfjöllun um **efnahagslegu þættina** (fyrir utan hugsanleg fasteignagjöld á bilinu 170-230m) er ábótavant, má fullyrða að á engan hátt sé sýnt fram á sjálfbærni framkvæmdarinnar.

Það þykir góður siður í viðskiptum að skoða aðila ítarlega áður en gerðir eru langtímasamningar. Gott er að fara sér hægt og byggja upp traust við móðurfélagið (Qair í Frakklandi) en ekki útibúið (Qair á Íslandi).

Í Frakklandi þar sem móðurfélagið er með höfuðstöðvar voru EU Taxonomy og SFDR innleidd nokkru áður en á Íslandi (EU Taxonomy 12.7.2020 og SFDR 10.03.2021). Í anda góðra viðskiptahátta hefði Qair því fyrir all löngu átt að birta stefnur sínar í sjálfbærnimálum og sýna fram á hvernig þær uppfylla reglugerðir sem tekið hafa gildi í Evrópu. Mér reyndist ekki unnt að nálgast slíkar upplýsingar. Það eru engar fjárhagsupplýsingar á heimasíðu félagsins, ekkert um sjálfbærnivíðmið eða annað sem styður við það að fyrirtækið sé að bjóða upp á sjálfbær fjárfestingatækifæri. Forsvarismaður Qair á Íslandi gat ekki fyllilega staðfest hvort þessar upplýsingar væru til staðar né hvort hann mætti afhenda mér þau gögn sem hann hefur undir höndun.

Ég vil óska eftir því að skoðað verði hvernig Qair Group stendur almennt að sjálfbærnimálum.

Spyrja þarf hvort það ríki samfélagsleg sátt í Dalabyggð og Húnavatnssýslu um framkvæmd sem treystir á

viðkvæmt vegakerfi og raforkuflutninga um flutningskerfi í almannaeigu til þess að orkunni sé breytt í fljótandi form (ammóníak) á Grundartanga og flutt úr landi með skipum. Mun þetta flýta fyrir orkuskiptum á Íslandi? Uppfyllir þetta útflutningsmarkið ríkisstjórnar Íslands sem lesa má um á heimasíðu Íslandsstofu (<https://stefnumotun.islandsstofa.is/>)?

Það væri herkænskubragð í anda Dalamanna og Húnvetninga að hafast ekkert að fyrr en Landsskipulagsstefnan hefur verið uppfærð og nýr lagarammi um vindorkumál verður samþykktur á Alþingi. Það styrkir samningsstöðu sveitarfélaganna og veitir varplandi arnarins grið um sinn.

Árni Alvar Arason
Rekstrarhagfræðingur og landeigandi í Dalabyggð

Höfundur: Árni Alvar Arason

Sent inn þann: 03.09.2024

Viðhengi:

21.1.Athugasemdir vegna umhverfismats.pdf

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Mál nr.852/2024
Dags. 3.9.2024

Vindorkugarðurinn Sólheimum

Skipulagsstofnun óskar eftir athugasemdum við umhverfismat vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar vindorkugarðs í Sólheimum, Dalabyggð.

Undirritaður hefur kynnt sér skýrsluna og tók þátt í kynningu framkvæmdaaðila, Qair Ísland ehf., í Dalabúð í Búðardal, þann 13.ágúst sl.

Vandamálið fyrir flesta þá sem skila inn athugasemd við umhverfisskýrsluna er að staðlar og reglugerðir er snúa að framkvæmdum og losun kolefnis eru annað hvort í vinnslu eða hafa ekki verið innleidd á Íslandi. Ber þar fyrst að nefna viðauka við Landsskipulagstefnu 2015-2026 þar sem fjallað er um loftslagsmiðað skipulag, staðarmótun og landslagsvernd, heilsuvæna byggð og landnotkun. Auk þess er kafla 6.3 í viðaukanum ekki lokið en þar er fjallað um um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag. Allt eru þetta veigamiklir málaflokkar fyrir svo inngripsmikla aðgerð sem vindorkugarðurinn í Sólheimum er.

Í kjölfar Parísarsamkomulagsins frá 2018 ákvað Evrópusambandið að styðja við sjálfbærar fjárfestingar. Í þeim tilgangi voru innleiddar tvær reglugerðir, ESB 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu SFDR (Sustainable Finance Disclosure Regulation) og ESB 2020/852 um svokallað EU Taxonomy eða flokkunarkerfi fyrir fjármálaþjónustu og sjálfbærar fjárfestingar. Þessar reglugerðir voru innleiddar á Alþingi Íslendinga með lögum sem tóku gildi 1.júní 2023. Oftast er talað um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar (nr.25/2023).

Undir sjálfbærni er átt við þrjár stoðir sem notaðar eru til að meta verkefni eða fjárfestingar og eru þær **efnahagur**, **umhverfi** og **samfélag**. Allir þessir þrír þættir þurfa að vera í jafnvægi og mega ekki ganga á hlut hvors annars. Ekki er hægt að horfa einungis á efnahagslegan ávinning ef ekki er tekið tillit til umhverfis- og samfélagsþátta. Að sama skapi er ekki nóg að draga aðeins fram þætti er hafa áhrif á samfélag eða umhverfi o.s.frv.

Undirritaður hefur reynt að skilja hvort framkvæmdaaðilar hafi haft þetta að leiðarljósi við gerð umhverfismatsins. Vinna við umhverfismatið hófst áður en lögin tóku í gildi á Íslandi. Lögin höfðu þó öðlast fullt gildi innan Evrópusambandsins. Framkvæmdaaðili vinnur engu að síður eftir gömlum reglum og sniðmótum sem eru í engu samræmi við þær breytingar sem hafa orðið á sjálfbærnimati á öllum veigameiri fjárfestingum og

framkvæmdum innan sambandsins. Sömu viðmið hafa nú einnig gengið í gildi hérlandis.

Vert er að tæpa á fáeinum atriðum varðandi **efnahagslegu áhrifin**. Engar áreiðanlegar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um efnahagslegt umfang framkvæmdarinnar, svo sem hver verði velta, hagnaður og arðsemi fjárfestingarinnar. Hvað skilar sér til sveitarfélagsins og hvað til íslenska ríkisins og hvert verður skattspor fyrirtækisins á Íslandi? Það eina sem hefur komið fram eru upplýsingar úr óbirtu minnisblaði Deloitte sem fjallað var um á mbl.is. Ekki er þó ljóst hvort hugsanlegar tekjur á bilinu 170-200m skila sér í nettótekjum til sveitarfélagsins þar sem ekki er vitað hversu mikið framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga skerðist á móti. Ekki er heldur búið að klára löggjöf sem skýrir skiptingu þessa tekjustofns á milli ríkis og sveitarfélaga í slíkum framkvæmdum. Sveitarfélagið hefur ekki metið kostnaðinn sem framkvæmdirnar gætu orsakað vegna innviðauppbýggingar og það hefur Vegagerðin ekki heldur gert svo vitað sé. Allt eru þetta veigamiklir þættir sem taka þarf tillit til.

Samfélagslegu áhrifin gætu verið margskonar. Ber t.d. að nefna að ekki hefur verið leitað eftir samráði við nágrannasveitafélög sem eiga land að framkvæmdasvæði. Það er varla tilviljun að ekki eru sýndar afstöðumyndir sem sýna hver sjónræn áhrif verða í Hrútafirði, á Borðeyri og Reykjum. Það er sniðið framhjá þessu með myndbirtingum frá Hreggsnesi sem er mörgum kílómetrum norðar. Þetta gerist á sama tíma og verið er að reyna að auka og efla samstarf á milli sveitarfélaga með sameiningum og öðrum hagræðisaðgerðum.

Einnig skal þess getið að þar sem raforkan verður öll flutt á Grundartanga til framleiðslu rafeldsneytis verður mjög lítil virðisaukning af framkvæmdinni á Íslandi. Afar fá störf skapast þar sem orkan er framleidd og framkvæmdaaðili er ekki með neinar tillögur sem sýna að þeim sé umhugað um að láta gott af sér leiða í sveitarfélaginu.

Umhverfisáhrifin eru margvísleg eins og kemur fram í skýrslunni. Þau eru þó að mestu metin sem lítilsháttar þrátt fyrir að lagðar séu til mótvægisáðgerðir eins og t.d. radarvarnarkerfi sem getur hægt á spöðum eða stoppað. Engar reglur eru til um slík radarkerfi og lítil reynsla eins og forsvarsmenn Qair staðfestu á fundinum í Búðardal. Auk þess er ekkert eftirlitskerfi til staðar á Íslandi og viðurlög sjaldgæf ef kerfið reynist ekki notað rétt á framleiðslutímabili.

Í kaflanum „[Viðaukar með umhverfismatsskýrslu, \(án viðauki G\)](#)“ undir kafla I, lið 3.2. um „Umfang matsins“ er upplýsing um á þeim þáttum sem tekin eru inn í matið. Meðal þeirra eru eftirfarandi atriði:

- Sparnaður á kolefnislosun vegna framleiðslu (út frá flutningi losunar frá mismunandi straumveitum)
- Líftímakostnaður sem tengist framleiðslu og smíði á vindmyllum
- Kolefnistap vegna varaorkuframleiðslu
- Tap á möguleikum kolefnisbindingar í mó
- Tap og/eða sparnaður kolefnis sem bundið er í mó (með upptöku mós eða breytingum á framræslu)

- Kolefnisávinningur vegna fyrirhugaðra umbóta á kjörlendi, eins og endurheimt votlendis.

Í kafla 3.3. „Þættir sem sleppt er í matinu“, er m.a. fjallað um að gengið sé út frá vissum forsendum um að losun á framleiðslutímabili sé einungis 10% af heildarlosun koltvísýringsjafngilda en 85% af losuninni sé vegna efniviðar og framleiðslu vindmyllanna. Ekki er lagt mat á losun vegna framkvæmdanna sem slíkra þar sem framkvæmdaaðilar segja hana undir vissum mörkum eða 25.000t Co_{2e} og séu því fríaðir því að lagt sé mat á þennan hlut losunarinnar. Engar frekari skýringar koma fram um hvaða lagt er til grundvallar í því mati.

Til samanburðar er vert að hafa í huga að öll losun lands á Íslandi er 13.519.000t Co_{2e} skv. [Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda 1990-2020](#).

Hönnun undirstaða fyrir vindmyllur er ekki lokið og ríkir mikill óvissa um aðföng við gerð þeirra. Bendir umfangið til þess að á bilinu 2-5 þúsund malarflutningabíla þurfti til að flytja efni frá Hvalfjarðargöngum á Laxárdalsheiði. Þessi þáttur virðist vanmetinn í útreikningum.

Ég óska eftir betri útskýringum á útfærslum í þessum kafla um kolefnislosun. Hann er óljós og stuðst er við erlendar reiknivélar sem ekki hafa verið heimfærðar yfir á íslenskar aðstæður. Auk þess er hættu á að þýðingarvélar hafi gert kaflann torskilinn á íslensku.

Er framkvæmdin við vindmyllugarð á Sólheimum sjálfbær framkvæmd?

Þessari spurningu er erfitt að svara þar sem margar reglugerðir í íslenskum lögum hafa einungis nýlega öðlast gildi. Lög um innleiðingu reglugerða og laga á þessum vettvangi eru einnig enn til umfjöllunar á Alþingi. Ef horft er til þess að umfjöllun um **efnahagslegu þættina** (fyrir utan hugsanleg fasteignagjöld á bilinu 170-230m) er ábótavant, má fullyrða að á engan hátt sé sýnt fram á sjálfbærni framkvæmdarinnar.

Það þykir góður siður í viðskiptum að skoða aðila ítarlega áður en gerðir eru langtímasamingar. Gott er að fara sér hægt og byggja upp traust við móðurfélagið (Qair í Frakklandi) en ekki útibúið (Qair á Íslandi).

Í Frakklandi þar sem móðurfélagið er með höfuðstöðvar voru EU Taxonomy og SFDR innleidd nokkru áður en á Íslandi (EU Taxonomy 12.7.2020 og SFDR 10.03.2021). Í anda góðra viðskiptahátta hefði Qair því fyrir all löngu átt að birta stefnur sínar í sjálfbærnimálum og sýna fram á hvernig þær uppfylla reglugerðir sem tekið hafa gildi í Evrópu. Mér reyndist ekki unnt að nálgast slíkar upplýsingar. Það eru engar fjárhagsupplýsingar á heimasíðu félagsins, ekkert um sjálfbærniviðmið eða annað sem styður við það að fyrirtækið sé að bjóða upp á sjálfbær fjárfestingatækifæri. Forsvarsmaður Qair á Íslandi gat ekki fyllilega staðfest hvort þessar upplýsingar væru til staðar né hvort hann mætti afhenda mér þau gögn sem hann hefur undir höndun.

Ég vil óska eftir því að skoðað verði hvernig Qair Group stendur almennt að sjálfbærnimálum.

Spyrja þarf hvort það ríki samfélagsleg sátt í Dalabyggð og Húnavatnssýslu um framkvæmd sem treystir á viðkvæmt vegakerfi og raforkuflutninga um flutningskerfi í almannaeigu til þess að orkunni sé breytt í fljótandi form (ammóníak) á Grundartanga og flutt úr landi með skipum. Mun þetta flýta fyrir orkuskiptum á Íslandi? Uppfyllir þetta útflutningsmarkið ríkisstjórnar Íslands sem lesa má um á heimasíðu [Íslandsstofu](#)?

Það væri herkænskubragð í anda Dalamanna og Húnavetninga að hafast ekkert að fyrr en Landsskipulagsstefnan hefur verið uppfærð og nýr lagarammi um vindorkumál verður samþykktur á Alþingi. Það styrkir samningsstöðu sveitarfélaganna og veitir varplandi arnarins grið um sinn.

Árni Alvar Arason
Rekstrarhagfræðingur og landeigandi í Dalabyggð

Vegna: Máls nr. 0852/2024, Vindorkugarðurinn Sólheimar (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Nokkrar athugasemdir við uppsetningu vindtúrbína að Sólheimum í Dalabyggð:

Almennt séð á iðnaðarsvæði ekki að vera staðsett í óbyggðum landsins heldur í jaðri þetbýliskjarna.

Rétt er að benda á að fyrirhugaðar eru aðrir vindmyllugarðar í nágrenninu: Hróðnýjarstöðum í 9 km fjarlægð, í Garpsdal í 30 km fjarlægð, Múli í Borgarbyggð í 31 km fjarlægð, Grjótháls í 42 km fjarlægð.

Gott er að hafa í huga að ef Sólheimar setur fordæmið þá væntanlega fylgja hinir staðirnir á eftir og sjónrænu áhrifin margfaldast með samlegðaráhrifum.

Þá er rétt að halda því til haga að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er oft á tíðum huglægt mat höfunda skýrslunnar sem fá greitt frá framkvæmdaraðilum og þá getur freistingin verið að fegra hlutina.

Það sem vantar í þessa umhverfisskýrslu er að þessar vindtúrbínur eru ekki mannvirki í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur er það þessi stöðuga hreyfing á spöðunum sem er svo svo skaðleg fyrir upplifun almennings af umhverfi sínu.

Þessi stöðuga hreyfing er mikið áreiti og grípur stöðugt athyglina.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að innan við 10 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu eru tvö óðöl hafarna.

Ennfremur segir í skýrslunni að GPS merkingargögn fyrir haförn benda einnig til þess að haförn noti framkvæmdasvæðið og að svæði norðan og vestan við framkvæmdasvæðið gætu verið mikilvægari fæðuöflunarsvæði fyrir haförn.

Væntingar hafa verið um uppgang ferðamennsku í tengslum við upplifun á sagnaheimi Íslendingasagnanna en Dalabyggð, á sér ríka landnámssögu frá 9. og 10. öld og margar sögur tengjast þessu svæði.

Einnig hafa laxveiðimenn heimsótt svæðið og skilð eftir sig verðmæti.

Borðeyri við Hrutafjörð er einnig sérstaklega áhugaverður staður en hann er í um 12 km fjarlægð frá Sólheimum.

Hættan er sú að upplifun væntanlegra ferðamanna skerðist við það að hafa vindorkugarð í nágrenninu sem þýðir að þetta svæði yrði ekki eins verðmæt sölumvara fyrir heimamenn.

Að mínu mati er engin sérstök ástæða fyrir að setja upp vindtúrbínur á Íslandi þó að hagsmunaaðilar segi annað.

Íslendingar eru heimsmeistarar í framleiðslu á raforku og eru langefstir. Næsta þjóð framleiðir um helming af því sem við framleiðum.

Ef miðað er við græna raforku þá er munurinn ennþá meiri því flestar aðrar þjóðir nota olíu, gas og kol sem hluta af sinni raforkuframleiðslu.

Það hefur komið fram í hvað þessi raforka á að vera notuð í en franska Qair fyrirtækið, sem stendur fyrir þessum áformum, hefur upplýst það.

Orkan úr þessu iðnaðarsvæði uppi á óbyggðum verður ekki notuð hérlandis heldur verði hún flutt úr landi og notuð þar.

Raforkan verði þannig notuð til að búa til vetni sem hægt er að flytja úr landi.

Þannig að sú orka verður ekki notuð til dæmis í orkuskipti hér innanlands.

Heyrst hafa raddir erlendis frá að vindmyllugarðar í löndum sem við viljum bera okkur saman við, Norðurlöndunum til dæmis, séu að skila stórtapi, alla vega rekstrarfélagið. Það rekstrarfélag er oftast í eigu eignarhaldsfélags sem er staðsett erlendis, til dæmis á Tortóla eyjum. Það eignarhaldsfélag rukkar rekstrarfélagið um háa þóknun, þannig að arðurinn fer úr landinu.

Við eigum að læra af reynslu vina okkar á hinum Norðurlöndunum.

Það hefur komið fram að áætlaður hagnaður fyrir samfélagið verði ekki eins mikill og framkvæmdaraðilinn vill vera láta. Komið hefur fram hjá formanni starfshóps á vegum Samtaka orkusveitarfélaga að nærsamfélagið njóti ekki arðsins af virkjanaframkvæmdum, til dæmis skerðist jöfnunarsjóður um sambærilega upphæð ef arðgreiðslur berast til sveitarfélaga svo það kemur út á sléttu.

Formaður þessara samtaka, Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, hefur einnig bent á að vindmyllugarður geti haft sjónræn áhrif út fyrir viðkomandi sveitarfélag þannig að heppilegast væri að sveitarfélög hefðu samráð sín á milli áður en ákvörðun verði tekin.

Á það skal bent hér að ef eitt sveitarfélag hefur vald yfir öllum virkjanaframkvæmdum í viðkomandi sveitarfélagi getur það leitt til árekstra við umhverfið og landsmen alla.

Til dæmis gæti sveitarfélag eins og Bláskógabyggð ákveðið að setja upp vindmyllur í grennd við Þingvelli, Gullfoss og Geysi.

Það sjá það flestir að það myndi ekki ganga upp.

Því er nauðsynlegt að stjórnvöld setji fram heilstæða stefnu í uppsetningu vindorkugarða, hvar þeir eigi að vera, hvort þeir eigi að vera í einkaeigu eða í umsjón þjóðarinnar þar sem Landsvirkjun myndi sjá um þessi mál.

Um er að ræða sameiginlega auðlind þjóðarinnar sem nauðsynlegt er að hafa sátt um á meðal þjóðarinnar.

Mál nr. 0852/2024 í Skipulagsgátt

Höfundur: Ólafur Jóhannsson

Sent inn þann: 03.09.2024

Erindi: Umsögn um mat á umhverfisáhrifum fyrir vindorkugarðinn á Sólheimum í Dalasýslu.

Gerðar eru neðangreindar athugasemdir við vindorkugarðinn á Sólheimum. Undirrituð ólst upp á jörðinni Barði í Miðfirði og dvel þar mikið, en foreldar mínir voru bændur á jörðinni. Barð er í rúmlega 20 km fjarlægð í beinni línu frá stysta punkti fyrirhugaðs vindmyllugarðs á Sólheimum í Dalasýslu. Húsið á Barði stendur á fallegu áberandi bæjarstæði nálægt þjóðvegi 1 (sjá mynd 3)

Athugasemdir eru í tveimur liðum eftir neðangreindum köflum

1. Gífurlegar sjónrænar breytingar munu verða á ásýnd Húnaþings vestra

Vindorkugarðurinn á Sólheimum mun hafa gífurlegar sjónrænar breytingar á ásýnd, landslag og upplifun á umhverfi í Húnaþing vestra ef af verður. Þessar breytingar munu hafa áhrif á ferðamenn sem fara um Húnaþing vestra, auk þess sem margir íbúar sveitarfélagsins verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna gífurlegra sjónrænna breytinga á landslagi og umhverfi. Gott dæmi um þetta úr matsskýrslunni eru gatnamótin við Norðurbraut sem eru í rúmlega 24 km fjarlægð frá vindmyllugarðinum (gatnamótin eru um 3 km frá Barði). Samkvæmt myndinni munu mögulega sjást flest allar vindmyllurnar, en þær sjást mismikið, sjá mynd 1. Þegar farið er á hærri punkt á svipuðum slóðum t.d. á bæjarstæðið hjá Saurum beint til móts við Barð, sjást vindmyllurnar mögulega enn betur.



Mynd 1. Sýnir hvernig vindmyllur munu sjást frá gatnamótunum við Norðurbraut. Tekið úr viðauka G._ Líkanmyndir úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar

Áhrif vindmylla eru enn meiri en sést á myndum en skráfurnar verða á hreyfingu og rauð blikkandi ljós munu sjást að næturlagi. Óljóst er hversu margar vindmyllur þurfa að vera með þessi ljós (flugleiðsöguljós). Þótt að framkvæmdaraðilar segjast vera búnir að fækka ljósum geta yfirvöld alltaf krafist þess að þeim verði fjölgað vegna flugöryggis. Þekkt er að þessi ljós geta verið mjög truflandi og hafa áhrif á upplifun í myrkri eða stjörnuþjörtum nóttum í nágengi við vindorkugarða. Ekki kemur fram í skýrslunni hversu langa vegalengd þessi ljós geta haft áhrif.

Sjónrænu áhrifin verða ekki síður mikil á Húnaþingi vestra en í Dalabyggð þar sem vindmyllur munu gnæfa yfir bóndabýli/jarðir í Hrútafirðinum og sjónræn áhrif þeirra munu gnæfa yfir í Miðfjörð, Hvammstanga, Vatnsnes og yfir í Víðidal samkvæmt myndum sem sýna áhrifasvæði í matskýrslunni (mynd 2). Vindmyllur munu líka gnæfa yfir jörðina Barð og munu sjást greinilega þegar keyrt verður suður Þjóðveg 1 frá gatnamótum Norðurbrautar (mynd 3). Áhrifasvæðið er komið inn fyrir mörk Húnaþings vestra. **Það er með ólíkindum að sveitarfélagið Dalabyggð skuli hafa skipulagsvaldið og muni geta tekið ákvörðun um þessa miklu sjónrænu mengun sem íbúar í Húnaþingi vestra verða að þola og um leið hefur Dalabyggð ákvörðunarvald til að skerða lífsgæði þeirra og upplifun á umhverfi.**



Mynd 2. Sýnir fræðilegan áhrifasvæði (blár litur) spaða í hæðstu stöðu. Tekið úr viðauka G_ Líkanmyndir úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar




Mynd 3. Á þessari mynd sést jörðin Barð og Svertingsstaðir sést þar fyrir ofan, myndin er tekin frá Þjóðvegi 1. Á myndinni má jafnframt sjá hluta af lax- og silungsveiðisvæði Miðfjarðarár.

Eins og fram hefur komið munu vindmyllur blasa við frá Þjóðvegi 1 í gegnum Húnaþing vestra. Á heimasíðu Vegagerðarinnar kemur fram að að meðaltali keyra þarna um yfir 3000 farartæki á dag á sumrin en eitthvað færri að vetrarlagi. Í skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum er ekki minnst á þennan þátt. Veiðimenn sem eru að veiða á lax- og silungaveiðisvæðinu munu líka verða varir við vindmyllurnar, sjá hluta af lax- og silungaveiðisvæðinu á mynd 3.

2. Áhrifasvæði

Áhrifasvæði vindorkugarðsins í Sólheimum hefur stækkað frá því að breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 -2016 var gerð. Í upphafi átti áhrifasvæðið að ná í u.þ.b. 20 km fjarlægð og frá stysta punkti vindmyllugarðsins átti að sjást hluta af einni eða tveimur vindmyllum (mynd 4). Íbúðarhúsið á Barði var einmitt staðsett rétt fyrir utan jaðar áhrifasvæðisins við Miðfjarðará. Ekki er fjallað nánar um áhrifasvæði vindmyllugarðsins í nýju aðalskipulagi 2020 – 2030, þó að fjallað sé um vindorkugarðinn í Sólheimum þar. Hins vegar í mati á umhverfisáhrifum kveður við annan tón. Áhrifasvæðið er orðið mun stærra og er hægt að sjá það á mynd 2 sem sýnir fræðilegan sýnileika vindmylluspaða (í efstu stöðu).



Mynd 4. Sýnir áhrifasvæði vindorkugarðs í Sólheimum. Þessi mynd er tekin úr skjali sem varðar breytingu á aðalskipulagið Dalabyggðar fyrir vindorkugarð árið 2004–2016, sjá 8. Viðauka. Heimild: PDF Skjal frá Skipulagsstofnun: Aðalskipulag dalabyggðar 2004-2016. Breytinga vegna vindorkuvers á Sólheimum.

Lokaorð

Það er von mín að vindorkugarðurinn muni ekki rísa í Sólheimum. Mikilvægt er að útbúa regluverk í kringum vindorkugarða og að eignarhald orku haldist hjá íslensku þjóðinni

Mér finnst við hafa verið blekkst eftir að umráðasvæði vindorkugarða í Sólheimum var stækkað án þess að það væri kynnt sérstaklega í Húnaþingi vestra. Einungis ein kynning fór fram í Húnaþingi vestra og hún byggðist á eldra aðalskipulagi. Auk þess má finna ýmsar fullyrðingar í skýrslunni sem spurning er hvort muni standast s.s. að fælur á vindmyllum muni koma í veg fyrir fugladauða og að skuggavörpun vindmylla muni ekki hafa áhrif á laxa í Laxá.

Ef ekki er haldið rétt á spöðunum í svona stórum verkefnum er hætt á að alvarlegur ágreiningur geti myndast í litlum samfélögum þar sem hagsmunir íbúa eru ólíkir.

Rannsaka þarf áhrif vindmylla og vindorkugarða á sérstaka náttúru Íslands og víðerni áður en farið verður að setja niður vindmyllur og þar eru sjónrænu áhrifin ekki undanskilin.

Anna Rósa Böðvarsdóttir

Umhverfis- og líffræðingur, MPM